**HRAFNHILDUR HELGADÓTTIR**

*Skemmtilegast að gera vídeólistaverk*

Nám Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON**

*Syngur í sérpantaða hljóðnema*

Aðeins það besta fyrir Bó á stórtónleikum í Höllinni

FÓLK 42



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. september 2006 — 244. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Vetrarstarf Vinafélagsins

Rumon Gamba, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, verður fyrsti gestur Vinafélags sveitarinnar og ræðir um Malcom Arnold og Sjostakovitsj á fundi þess á morgun.



MENNING 28

### Borgarfulltrúi dekrar við Kleópötru



Björn Ingi Hrafnsson ættleiddi veglausan kettling frá Kattholti.

FÓLK 42

### Haust fyrir fimmtíu árum

„Nú fimmtíu árum síðar stendur breska stjórnin enn með Bandaríkjunum í öllum málum,“ segir Jón Ormur Halldórsson.

Í DAG 20

### Formenn vísa á Hjálmar



Formaður Fram og formaður handknattleiksdeildar félagsins segja deilu Geirs Sveinssonar og Hjálmars Vilhjálmssonar þeirra einkamál og vísar málinu á Hjálmar.

ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTUSAMT SUÐAUSTAN TIL** Í dag verður yfirleitt austan strekkingur en allhvasst með suðurströndinni. Rigning sunnan og austan til, annars skýjað og úrkomulítið en þó víða skúrahætta. Hiti 8-16 stig, hlýjast vestan til.

VEÐUR 4

# Verðbólguskotið yfirstaðið

**Verðbólgan hefur ekki mælst lægri síðan í apríl. Fjármálaráðherra segir nauðsynlegt að neytendur haldi enn að sér höndum. Samtök atvinnulífsins segja að Seðlabankanum beri að lækka vexti.**

**EFNAHAGSMÁL** Útlit er fyrir að verðbólguskotið sem hófst í mars hafi nú náð hámarki og verðbólgan sé nú að hjaðna. Samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær mælist verðbólga síðustu tólf mánaða 7,6 prósent og er heilu prósentustigi lægri en í síðasta mánuði. Verðbólga hefur ekki mælst lægri síðan í apríl.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segist eiga von á áframhaldandi hjöðnun verðbólgunnar og að afleiðingar gengisbreytinga hafi náð hámarki.

„Vísbendingar þess eðlis að verðbólgukúfurinn væri að ná hámarki komu fram fyrr í sumar. Framhaldið er hins vegar undir okkur neytendum sjálfum komið og því að við höldum að okkur höndum,“ segir Árni.

Hann segir verðbólgutölurnar styðja við það sem ríkisstjórnin hefur haldið fram, að aðhaldssemi hafi verið við lýði í ríkisfjármálum og að hún sé að hafa áhrif þótt verðbólguskotið nú sé að mestu leyti til komið vegna gengisbreytinga. „Þá hefur það einnig áhrif að Seðlabankinn hefur verið nokkuð stífur á hávaxtastefnu sinni.“

Hannes G. Sigurðsson, forstöðumaður hagdeildar Samtaka atvinnulífsins, segir það ánægjulegt að minni hækkun reynist á verðbólgunni en gert var ráð fyrir í samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins í júní. „Verðbólgukúfurinn virðist því mun lægri en búist var við og vekur það vonir til þess að við náum verðbólgumarkmiðum mun hraðar en stefnt var að,“ segir Hannes.

**ÞRÓUN VERÐBÓLGU Á ÁRINU**




Tölurnar miðast við verðbólgu síðustu 12 mánuði. Heimild: Hagstofa Íslands

Hann bendir á að ein helstu markmið samkomulagsins, um að hafa áhrif á verðbólguvæntingar, hafi náðst og einkaneysla dregist saman í kjölfarið. Einnig hafi það veruleg áhrif að dregið hafi verulega úr hækkunum á fasteignamarkaði.

Um framhaldið segir hann að ekki sé útlit fyrir hagvöxt á næsta ári, heldur vægan samdrátt en stöðugu verðlagi verði náð á seinni hluta næsta árs.

„Við teljum mjög mikilvægt að Seðlabankinn hækki ekki vexti á fimmtudag og að full ástæða sé til að hefja vaxtalækkunarferli í ljósi þess samdráttar í efnahagslífinu sem er framundan,“ segir Hannes. **- sda / sjá síðu 4 og Markaðinn**



**UMVAFINN FÖGRUM FLJÓÐUM** Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, ungfrú heimur, hlýðir á Lech Walesa, fyrrverandi forseta Póllands, ásamt keppendum í Miss World-keppninni 2006. Unnur Birna lætur af embætti sínu þann 30. september þegar ný stúlka hlýtur titilinn í höfuðborg Póllands, Varsjá. Fulltrúi Íslands í keppninni framundan heitir Ásdís Svava Hallgrímsdóttir. MYND/AFP

Barnamisnotkun á Grænlandi:

## Þriðja hver telpa misnotuð

**GRÆNLAND** Þriðja hver grænlensk telpa verður fyrir kynferðislegri misnotkun af hálfu fullorðins fyrir fimmtán ára aldur. Þetta kemur fram í rannsókn heimastjórnar Grænlands.

„Við höfum lengi vitað að kynferðisleg misnotkun á börnum er mun algengari á Grænlandi en í Danmörku, en það kemur okkur mjög á óvart að vandamálið sé svona útbreitt,“ segir Kuno Sørensen sálfræðingur. **- smk**

TF-SIF sótti hestamann:

## Slasaðist á höfði

**SLYS Þyrla landhelgisgæslunnar, TF-SIF, sótti mann sem féll af hestbaki við Gljúfurleiti norðan Sultartangarlóns, um sjö leytið í gærkvöldi, með þeim afleiðingum að hann meiddist á höfði.**

**Maðurinn var fluttur á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Meiðsli hans eru ekki talin lífshættuleg. - æþe**

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Mannréttindanefnd Reykjavíkur gerir athugasemd við auglýsingu Orkuveitunnar:

# Fullklæddir karlar og léttklæddar dansandi konur

**STJÓRNMÁL** Mannréttindanefnd Reykjavíkur telur sjónvarpsauglýsingu Orkuveitunnar stangast á við mannréttindastefnu borgarinnar. Í bókun nefndarinnar segir að í auglýsingunni komi fram ýktar staðalmyndir kynjanna; fullklæddir karlar velti fyrir sér undrum vísindanna á meðan léttklæddar konur dansi um sem skrautmunir.

Sóley Tómasdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í mannréttindanefnd, segir ýmislegt við auglýsinguna að athuga. Til dæmis sé sungið „Hundrað prósent hlutir til að horfa á þegar konurnar sjást fáklæddar, rétt eins og konur séu hlutir til að horfa á. Þá sé yfirskrift auglýsingarinnar „Svona viljum við hafa það“. Sóley segir Reykjavíkurborg einmitt ekki vilja hafa það svona. „Við viljum að konur og karlar standi jöfn og að konur séu jafn mikils metnir einstaklingar og karlar.“



**SÓLEY TÓMADÓTTIR** Segir ýmislegt við auglýsingu Orkuveitunnar að athuga.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, segist telja að misskilnings gæti hjá nefndinni. Auglýsingin byrji á að karlmaður er að ryksuga. „Það er nú þemað. Hins vegar er hún sett upp í stíl gamalla söngleikja þar sem voru dansmeyjar en það var til að ná tíðarandanum. Það var aldrei ætlunin að draga upp einhverjar staðalímyndir,“ segir Guðmundur og bætir við að þrjár konur en enginn karl hafi komið að gerð auglýsingarinnar af hálfu Orkuveitunnar. **- bþs**

fiskirí
HELGINA 15. - 17. SEPTEMBER 2006

Sérblað fylgir Fréttablaðinu í dag.

## SPURNING DAGSINS



*Agnes, er beinlínis hollt að detta í það með eina Kaldakippu?*

„Það er hollt að fá sér einn kaldan, það er ekki hollt að detta í það.“

Agnes Sigurðardóttir og Ólafur Ólafsson eiga Bruggsmiðjuna sem framleiðir nýjan íslenskan bjór, Kalda. Hann er að sögn hollari en gengur og gerist enda bruggaður úr íslensku vatni.

Forstjóri Persónuverndar segir fólk ekki geta ætlast til að vera nafnlaust á netinu:

# Löglegt að rekja IP-tölur sjálfur

**INTERNET** Vefstjóri spjallborðs íþróttafélagsins Vals braut að öllum líkindum engin lög þegar IP-tala notanda þess var rakin að vinnustað Hjálmars Vilhjálmssonar, varaformanns handknattleiksdeildar Fram.

Í lögum er aðeins kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki megi ekki gefa upplýsingar um hver er skráður fyrir IP-tölu án dómsúrskurðar frá lögreglu. Ef viðkomandi verður sér úti um upplýsingarnar sjálfur, eins og var raunin í máli Vals, hafa engin lög verið brotin.

Notandinn sem um ræðir hafði skapað mikinn usla á spjallborði Vals og þurfti að fjarlægja nokkur innlegg hans vegna þess að þau þóttu of gróf. Vefstjóri rak IP-tölu hans til vinnustaðar Hjálmars.

„Þegar þú skráir þig inn á spjallborð ertu meðvitaður um að þú skilur eftir þig slóð,“ segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar.

„Sá sem fer inn á slíkt spjallborð má ætla að það sem hann skrifar verði rakið til hans. Menn taka vissa áhættu og verða að taka afleiðingum af því ef farið er með þær upplýsingar á annan hátt en menn gerðu ráð fyrir í upphafi.“ - sþs




**SPJALLBORÐIÐ** Notandinn sem um ræðir skapaði mikinn usla á spjallborði Vals. IP-tala hans var rakin til vinnustaðar Hjálmars Vilhjálmssonar, varaformanns handknattleiksdeildar Fram.

Þjónusta hjartalækna:

## Synjað um greiðslur

**HEILBRIGÐISMÁL** Úrskurðarnefnd almannatrygginga hefur í nokkrum úrskurðum sínum staðfest synjun Tryggingastofnunar á að taka þátt í kostnaði sjúklinga vegna þjónustu hjartalækna.

Í úrskurðunum var fjallað um það hvort Tryggingastofnun væri heimilt að taka þátt í kostnaði vegna þjónustu hjartalækna þegar sjúklingar höfðu fengið tilvísun frá heimilislækni eftir að þeir leituðu til hjartalæknisins.

Úrskurðanefndin staðfesti í öllum málunum að greiðsluþátttaka í slíkum tilfellum væri ekki heimil. - jss

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

## Prófkjör í lok október

**STJÓRNMÁL** Stjórn Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, leggur til að sameiginlegt prófkjör verði viðhaft við val á frambjóðendum á lista flokksins í báðum Reykjavíkurkjördæmunum vegna alþingiskosninganna í vor. Lagt er til að prófkjörið fari fram dagana 27. og 28. október.



**GEIR H. HAARDE** Formaður Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúaráðsfundur sem haldinn verður í næstu viku tekur tillöguna til afgreiðslu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengst af haldið prófkjör í Reykjavík til að velja frambjóðendur, utan hvað stillt var upp á lista fyrir kosningarnar 1999. - bþs

Líkamsárás eftir dansleik:

## Karlmaður nefbraut 17 ára pilt

**DÓMSMÁL Mál tæplega 24 ára karlmanns, sem kærður er fyrir líkamsárás, var tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Vesturlands í fyrradag. Maðurinn er ákærður fyrir að hafa ráðist á sautján ára pilt í maímánuði á síðasta ári.**

**Árásin átti sér stað á bifreiðaplaninu framan við Hreðavatnsskála í Borgarbyggð, eftir dansleik aðfaranótt laugardagsins 14. maí. Árásarmaðurinn réðst þar á pilt, sem þá var sautján ára, sló hann hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum að pilturinn féll til jarðar, og sparkaði í höfuð hans þar sem hann lá. Fórnarlambið nefbrotnaði í árásinni.**

**Ákæruvaldið krefst refsingar yfir árásarmanninum og þá fer fórnarlambið fram á skaðabætur upp á rúmlega sex hundruð þúsund.** - æþe

# Sakborningar gætu misst viðverurétt sinn

**Óskað var eftir úttekt dómsmálaráðuneytisins á lögum um meðferð kynferðisbrota gegn börnum fyrr á árinu. Kannað verði hvort breyta eigi formi skýrslutöku. Dómsmálaráðherra segir málið verða til umræðu á fundi Lögfræðingafélags Íslands.**

**DÓMSMÁL** Fulltrúi Barnahúss og umboðsmaður barna sendu dómsmálaráðuneytinu fyrr á þessu ári ósk um úttekt á lögum um meðferð kynferðisafbrotamála gegn börnum. Úttektin beinist að skýrslutöku í kynferðisafbrotamálum og hugmyndir eru viðraðar um að skýrslutaka verði ekki lengur dómsathöfn. Þessi breyting yrði til þess að sakborningar misstu rétt sinn til að vera viðstaddir skýrslutökur yfir börnum.

Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna, segir að með því að gera skýrslutöku að dómsathöfn, í lögum frá 1999, hafi sakborningur möguleika á að búa til skýringar á atburðum eftir að hafa hlustað á skýrslutöku.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir dóms- og kirkjumálaráðuneytið líta svo á að þetta sé eitt þeirra álitamála sem tekið verði til umræðu á kynningarfundi Lögfræðingafélags Íslands sem haldinn verður 22. september næstkomandi.

Helgi I. Jónsson, dómsstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, segir það heyra til undantekninga að sakborningar óski eftir að vera viðstaddir yfirheyrslur barna.

Nokkur umræða hefur verið um áhrif þess að dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur noti ekki aðstöðu til skýrslutöku í Barnahúsi. Helgi segir dóminn hafa komið upp séraðstöðu áður en Barnahús var sett á laggirnar og á síðasta ári fóru 66 yfirheyrslur fram þar. „Við erum með sérmenntaða rannsóknarlögreglumenn í yfirheyrslum yfir börnum og þeir eru fyllilega sambærilegir þeim fagmönnum sem Barnahús hefur yfir að ráða. Við leggjum einnig áherslu á að yfirheyrsla fari fram eins fljótt og unnt er.“

Helgi segir aðeins dæmi um að eitt mál um kynferðisbrot gegn barni hafi tapast fyrir Hæstarétti. „Í þessu máli fóru yfirheyrslur yfir barni fram í Héraðsdómi Reykjavíkur og fann Hæstiréttur að yfirheyrslum tiltekins rannsóknarlögreglumanns. Í þessu máli voru þó fleiri atriði sem urðu til þess að sýknað var í málinu.“

Helgi segir að einnig hafi verið gerðar athugasemdir við yfirheyrslur í Barnahúsi sem sýni að hér sé á ferðinni vandasamt verk og alltaf sé reynt að forðast hnökra á yfirheyrslum.

„Það er staðreynd að yfirheyrslur yfir börnum í kynferðisafbrotamálum ganga yfirleitt mjög vel fyrir sig í héraðsdómi og engin ástæða til að ala á tortryggni í garð aðstæðna okkar til að yfirheyra börn í kynferðisafbrotamálum.“ hugrun@frettabladid.is



**HELGI I. JÓNSSON**



**INGIBJÖRG RAFNAR**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Sérmenntaðir rannsóknarlögreglumenn sjá um yfirheyrslur yfir börnum í kynferðisafbrotamálum og eru þeir sambærilegir þeim fagmönnum sem Barnahús hefur yfir að ráða.



**KRISTJÁN VALDIMAR HENRI JOHN** Myndin er tekin þegar Kristján Valdimar var skírður. NORDICPHOTOS/GETTY

Kristján fær sinn sess:

## Erfðaprinsinn samþykktur

**DANMÖRK** Kristján Valdimar Danaprins, sonur Friðriks krónprins og Maríu krónprinsessu, varð í gær formlega annar erfingi dönsku krúnunnar á eftir föður sínum.

Utanríkisráðherra landsins skrifaði nafn prinsins, fæðingar- og skírnardag ásamt nöfnum skírnarvottanna inn í sérstaka gerðabók sem hefur að geyma erfðaröð dönsku krúnunnar. Er þetta gert samkvæmt lögum landsins frá 1779. Kristján Valdimar krónprins verður eins árs í næsta mánuði. - ks

**SVÍÞJÓÐ**

### Barnslíkum víxlað

Lík sex mánaða barns var nýverið brennt í staðinn fyrir lík fjögurra ára gamals barns, eftir að starfsfólk útfararstofunnar tók óvart rangt lík með sér frá líkhúsi Karólínska sjúkrahússins í Svíþjóð. Þetta er í annað sinn á einu ári sem mistök af þessu tagi eru gerð á sjúkrahúsinu.

**HÉRAÐSDÓMUR**

### Stálu sjónvarpi og óku fullir

Átján og nítján ára piltar voru í gær ákærðir í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að stela sjónvarpi úr íbúð á Akureyri síðastliðið vor. Þeir skiptu liði eftir innbrotið. Báðir voru handteknir sama kvöld, annar var ölvaður undir stýri og hinn ók um bæinn án ökuréttinda.




Meint hryðjuverk í Óðinsvéum í Danmörku:

# Skýrslan fannst í ruslatunnu

**DANMÖRK** Samkvæmt greiningarskýrslu rannsóknarstofu í Kaupmannahöfn fann lögreglan í Óðinsvéum sprengiefnið TATP í víðtækri húsleit sem hún gerði í kjölfar þess að hópur manna var handtekinn fyrr í þessum mánuði, grunaður um að hafa lagt á ráðin um hryðjuverk í Danmörku.

Samkvæmt frétt danska blaðsins B.T. fann vegfarandi skýrsluna í rusli fyrir utan rannsóknarstofuna á laugardag og kom henni til blaðsins.

Að sögn yfirmanns Kemis Beredskab, Frederik Schydt, er um fyrsta eintak skýrslunnar að ræða, en hún hefur síðan verið unnin frekar. Schydt segist ekki hafa hugmynd um hvernig skýrslan endaði í ruslinu og hefur fyrirskipað að allur pappír rannsóknarstofunnar verði framvegis tættur áður en honum er hent.

Samkvæmt frétt Politiken telur verjandi sjömenninganna, sem sitja í fangelsi grunaðir um að hafa skipulagt hryðjuverk, að um leka sé að ræða; það sé líklegra en að starfsfólk virtrar rannsóknarstofu hendi skýrslu í ruslið sem vegfarandi svo rekst á úti á götu.

Efnið TATP er vel þekkt meðal þeirra sem skipuleggja hryðjuverk og var meðal annars notað í sprengingunum í London í fyrra.

Lars Findsen, yfirmaður leyniþjónustu Danmerkur, hefur neitað að tjá sig við fjölmiðla um málið. - smk



**MEINT HRYÐJUVERK** Mennirnir sem grunaðir eru um að hafa skipulagt hryðjuverk voru fluttir í þessum bíl til yfirheyrslna í Óðinsvéum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EXISTA

# Almennt hlutafjárútboð

## stendur til kl.17:00 í dag – skráning á www.kbbanki.is

**Almenningi eru boðnir 65.000.000 hlutir á genginu 21,5 krónur fyrir hvern hlut, samtals að andvirði 1.397,5 milljóna króna. Lágmarksáskrift er 5.500 hlutir að andvirði 118.250 króna og hámarksáskrift er 2.000.000 hlutir að andvirði 43 milljóna króna.**

**Útboðs- og skráningarlýsing** er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus á heimasíðu útgefanda, www.exista.com. Einnig má nálgast hana á www.kbbanki.is. Innbundin eintök liggja frammi hjá Exista að Ármúla 3 í Reykjavík og hjá Kaupþingi banka, Borgartúni 19 í Reykjavík.

**Gjalddagi** kaupanna er 14. september og eindagi 20. september 2006. Greiðsluseðlar verða ekki sendir áskrifendum með pósti en frá 14. september má nálgast greiðsluupplýsingar á áskriftarvef auk þess sem greiðsluseðill birtist í netbanka kaupanda. Greiðslukvittun verður send til áskrifanda eftir að greiðsla hefur borist með réttum hætti.

**Exista** er á meðal öflugustu fyrirtækja landsins og nema heildareignir þess yfir 300 milljörðum króna. Félagið starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga og eignaleigu, m.a. undir merkjum VÍS og Lýsingar. Exista er jafnframt kjölfestufjárfestir í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, þar á meðal Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til frekari uppbyggingar hér á landi og erlendis. Þann 15. september er fyrirhugað að skrá hluti félagsins í Kauphöll Íslands.

Tekið er við áskriftum á www.kbbanki.is.

Ráðgjöf KB banka veitir upplýsingar vegna hlutafjárútboðsins í síma 444 7000 og tölvupósti existautbod@kbbanki.is.

Reykjavík, 13. september 2006

KB BANKI

www.kbbanki.is • Sími 444 7000

## GENGIÐ 12.9.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,99 | 71,33 |
| Sterlingspund | 133,05 | 133,69 |
| Evra | 90,2 | 90,7 |
| Dönsk króna | 12,091 | 12,161 |
| Norsk króna | 10,882 | 10,946 |
| Sænsk króna | 9,755 | 9,813 |
| Japanskt jen | 0,6034 | 0,607 |
| SDR | 104,93 | 105,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
124,5541

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ASÍ segir að ekki sé um verðbólguskot að ræða því verðbólgan sé langvarandi:

# Verðbólgan enn óviðunandi

**EFNAHAGSMÁL** Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir verðbólgutölurnar, sem Hagstofa Íslands birti í gær, jákvæð teikn um að verið sé að draga úr verðbólgu. Hann vill þó ekki meina að verðbólguskot sé liðið hjá því ekki sé rétt að tala um verðbólguskot í þessu samhengi.

„Við höfum búið við langvarandi, mikla verðbólgu, sem er langt yfir verðbólgumarkmiðum Seðlabankans og staðið hefur yfir í um tvö ár. Mælingin nú er jákvæð teikn þrátt fyrir að verðbólgan sé enn algjörlega óviðunandi,“ segir hann.

Hann segir að verðbólgutölurnar séu vísbending um að samningar aðila vinnumarkaðarins hafi haft þau áhrif á verðbólguna sem vonast var eftir, þótt ekkert sé hægt að fullyrða um það enn.

„Auk þess hefur hægst um á fasteignamarkaði eins og búist var við og olíuverð hefur lækkað, en það hefur dregið úr undirliggjandi verðbólguþrýstingi,“ segir Ólafur Darri. - sda



**VERSLUNARFERÐ** Ólafur Darri Andrason segir langvarandi mikla verðbólgu hafa staðið yfir í um tvö ár.

Endurskoðun lánshæfis lokið:

## Einkunn KB banka staðfest

**VIÐSKIPTI** Matsfyrirtækið Moody´s hefur staðfest A1/P-1 lánshæfismat Kaupþings banka en lækkað BSFR einkunn bankans.

BSFR er einkunn fyrir fjárhagslegan styrk og fer hún úr C+ í C. Þar með lýkur endurskoðun á lánshæfismati bankans frá því í apríl. Horfur eru sagðar stöðugar á öllum lánshæfiseinkunnum bankans.

Moody´s segir að einkunnirnar endurspegli góða arðsemi bankans, góða afkomu í grunneiningum og mikil gæði útlánasafns. Þó er tilgreind töluverð áhætta vegna stöðvunar og hve bankinn er háður heildsölufjármögnun. -óká

Breytingar í ríkiskattstjórn:

## Skúli Þórðarson ríkisskattstjóri

**FJÁRMÁL** Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri hefur verið skipaður ríkisskattstjóri. Hann tekur við störfum 1. janúar næstkomandi. Núverandi ríkisskattstjóri, Indriði H. Þorláksson, lætur af embætti þann 1. október næstkomandi. Ingvar Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri gegnir embætti ríkisskattstjóra í millitíðinni.



**SKÚLI EGGER ÞÓRÐARSON.**

Skúli er fæddur árið 1953 og er lögfræðingur að mennt. Áður hefur hann meðal annars verið forstöðumaður tekjuskattsdeildar ríkisskattstjóraembættisins og vararíkisskattstjóri. - sþs

# Leit til konu sinnar er hann hneig niður

**Kona Ragnars Björnssonar, sem lést eftir að hafa verið veitt þungt hnefahögg aðfaranótt 12. desember 2004, sagði mann sinn hafa litið til sín er hann hneig niður. Ákærði ber við minnisleysi. Mikil tilfinningastund var í dómssal í gær.**

**DÓMSMÁL** „Hann horfði til mín skömmu áður en hann fékk þungt högg í andlitið, og í kjölfarið hneig hann niður og komst ekki aftur til meðvitundar,“ sagði kona Ragnars Björnssonar grátandi er hún bar vitni í héraðsdómi. Aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn manni á þrítugsaldri, Lofti Jens Magnússyni, hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Loftur er ákærður fyrir að hafa veitt Ragnari, sem var á sextugsaldri er hann lést, þungt hnefahögg á veitingahúsinu Ásláki í Mosfellsbæ aðfaranótt 12. desember fyrir tæpum tveimur árum. Við höggið kom brot í hálshryggjarlið og slagæð við hálshrygg rofnaði. Olli áverkinn mikilli blæðingu inn í höfuðkúpu sem leiddi til þess að Ragnar lést innan skamms tíma, vegna blæðingar á milli heila og innri heilahimnu.

Kona Ragnars sagðist hafa boðið manni sínum upp í dans skömmu áður en Loftur lamdi hann neðarlega í kjálkann vinstra megin með hnefanum. Ragnar bar því við að hann væri „of þreyttur til þess að dansa“ og ákváðu þau þá að tygja sig heim á leið. Kona Ragnars fór að ná í veski sitt og er þá litið til manns síns, sem staddur var í anddyri staðarins, og horfðust þau í augu þegar Loftur veitti Ragnari banahöggið.

Loftur bar við minnisleysi frá atburðinum en hann var samkvæmt framburði vitna „verulega ölvaður“ þetta kvöld.

Við aðalmeðferð kom fram að Loftur hefði fyrr um kvöldið verið með samkvæmi heima hjá sér þar sem vinir hans og sambýliskona hefðu verið að skemmta sér. Voru margir gestanna uppáklæddir í búninga en flestir þeirra voru komnir á veitingastaðinn þar sem atvikið átti sér stað um miðnætti.

Loftur, sem klæddur var í jólasveinabúning umrætt kvöld, hljóp út af af staðnum eftir að hafa veitt Ragnari hnefahöggið sem dró hann til dauða en kom svo skömmu síðar inn á staðinn aftur. Karlmaður sem bar vitni fyrir dómi, og beið utan við veitingastaðinn í bíl sínum er árásin átti sér stað, sá þegar „maður í jólasveinabúningi“ kom með látum út af staðnum skömmu eftir banahöggið.

Sá vitnið einnig þegar sambýliskona Lofts, sem klædd var í englabúning, kom með honum út af staðnum og spurði „af hverju varstu að þessu?“ Svaraði Loftur því til að hann hefði „skallað sig“, eins og vitnið sagðist orðrétt hafa heyrt Loft segja fyrir utan veitingastaðinn.

Miðað við framburð þeirra vitna sem komu fyrir dóminn vitnaði Loftur til þess þegar sonur Ragnars réðst að honum og skallaði hann eftir að hafa spurt hann í bræði: „Hvað hefurðu gert?“, þar sem Ragnar lá meðvitundarlaus á gólfi veitingahússins. Þetta játaði sonur Ragnars er hann bar vitni fyrir dómi í gær. Aðalmeðferð verður framhaldið í dag.

magnush@frettabladid.is



**ÁKÆRÐI MEÐ VERJANDA SÍNUM** Loftur Jens Magnússon, sem ákærður er í málinu, sést hér hylma andlit sitt með málsgögnum í dómssal í gær. Við hlið hans er verjandi hans, Björn Ólafur Hallgrímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VEITINGASTAÐURINN ÁSLÁKUR** Líkamsárásin átti sér stað um þrjú að nóttu til.



**SELECT** Hnífurinn sem notaður var í árásinni hefur verið fundinn.

Í gæsluvarðhaldi til föstudags:

## Hefur játað verkaðinn

**LÖGREGLUFRÉTT** Annar piltanna sem grunaðir eru um að hafa ráðist á starfsmenn bensínstöðvar Skeljungs í Fellahverfi í Breiðholti aðfaranótt sunnudags hefur játað að hafa stungið öryggisvörð í bakið.

Hnífurinn sem notaður var í árásinni er einnig fundinn. Piltarnir gáfu sig fram við lögreglu síðdegis á mánudag eftir að lögregla birti af þeim myndir sem teknar höfðu verið úr öryggismyndavél á bensínstöðinni. Þeir eru 18 og 19 ára og er talið að þeir hafi ráðist á starfsmennina eftir að þeim var neitað um afgreiðslu í versluninni.

Öryggisvörðurinn þykir hafa sloppið vel þar sem hnífurinn stöðvaðist á rifbeini hans. Öðrum piltinum var sleppt í gær en sá sem játaði var dæmdur í gæsluvarðhald til föstudags. -kdk

Sprengjur í Malmö:

## Fundust áður en þær sprungu

**SVÍÞJÓÐ Tvær íkveikjusprengjur fundust við kosningaskrifstofu sænska Þjóðarflokksins á Gustafs Adolfs-torg í Malmö í gærnótt. Telur lögregla að þeim hafi verið ætlað að springa aðfaranótt þriðjudagsins, að því er kemur fram á fréttavef Dagens Nyheter.**

**Kosningar fara fram í Svíþjóð á sunnudag.** - smk

### LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins í gær um skipstjóra sem slasaðist um borð í frystitogara var ranglega hermt að ekki hefði verið ástæða til að flytja hann á sjúkrahús heldur hefði verið gert að sárum hans í skýli Landhelgisgæslunnar. Hið rétta er að maðurinn var fluttur alvarlega slasaður með þyrlu á sjúkrahús. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

### DANMÖRK

**Ferjur rákust á**

Tvær ferjur skullu saman í mikilli þoku á mánudag í Helsingjaeyri í Danmörku. Fjórir slösuðust en enginn alvarlega þegar Mercandia 4 sigldi á Pernille. Ferjurnar, sem notaðar eru í siglingar milli Helsingjaeyri og Helsingjaborgar í Svíþjóð, skemmdust töluvert í árekstrinum.


BÍLL DAGSINS
TOYOTA AVENSIS 1.8
Nýskr. 06.01 - Beinskiptur - Ekinn 110 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDASAMT OG BLAUTT**

Næstu dagar einkennast af vindi og úrkomu. Við getum sagt að suðurströndin verði einna vindasömust og Suðaustur- og Austurlandið einna blautast. Það eru ekki horfur á að lægi almennt á landinu fyrr en um næstu helgi en þá kann reyndar áfram að verða vindasamt um suðaustanvert landið. Jákvæðu tíðindin eru þau að það er milt og það bjargar berjunum frá skemmdum.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Austan strekkingur. Úrkomulítið. Hiti 11-14 stig.

um hádegi »




» á morgun




5-13 m/s hvassast með suðurströndinni.

» föstudagur




5-13 m/s hvassast með suðurströndinni.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C heiðskírt | London | 25°C skúrir | Alicante | 25°C skúrir |
| Óðinsvé | 20°C hálfskýjað | París | 28°C hálfskýjað | Mallorca | 28°C skúrir |
| Osló | 20°C heiðskírt | Frankfurt | 22°C skúrir | Algarve | 31°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 17°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 27°C hálfskýjað | Krít | 28°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 19°C hálfskýjað | Berlín | 24°C heiðskírt | Las Palmas | 31°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík

# – fegrunarátak í Árbæ

**Laugardaginn 16. september** hefst Fegrunarátak Árbæjar. Íbúar hverfisins ganga til liðs við borgarstarfsmenn við að snyrta hverfið, tína rusl, sópa, hreinsa veggjakrot, hnýta bilað boltanet og bæta girðingar svo eitthvað sé nefnt. Í lokin grillum við og gerum okkur glaðan dag.

Allir – fólk, fyrirtæki og stofnanir – í Árbæ eru hvattir til að taka upp hanskann fyrir hverfið sitt og láta hendur standa fram úr ermum.

## DAGSKRÁ

**Mæting kl. 11 við**

- Ártúnsskóla
- Árbæjartorg við Árbæjarkirkju
- Selásskóla

**Fylkisvöllur kl. 14.00–15.30.**
deginum lýkur með skemmtilegri grillveislu

***Gerum okkur glaðan dag og tökum upp hanskann fyrir Reykjavík.***

Reykjavíkurborg



## KJÖRKASSINN

*Horfðir þú á bikarúrslitaleik Vals og Breiðabliks í knattspyrnu kvenna?*

| | |
|---|---|
| Já | 42% |
| Nei | 58% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú kosið Magna í þættinum Rock Star: Supernova?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Bolli Thoroddsen lætur af starfi formanns Heimdallar:

# Erla og Heiðrún gefa kost á sér

**STJÓRNMÁL** Erla Ósk Ásgeirsdóttir, meistaranemi í stjórnsýslufræðum, og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, meistaranemi í lögfræði, sækjast eftir formennsku í Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Bolli Thoroddsen verkfræðinemi hefur gegnt starfinu undanfarin tvö ár og sækist ekki eftir endurkjöri á aðalfundi Heimdallar síðar í mánuðinum.

Erla Ósk var kosningastjóri Heimdallar í síðustu borgarstjórnarkosningum og situr í framkvæmdastjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna.

Heiðrún Lind hefur verið í stjórn Heimdallar, varastjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna og gegnt starfi framkvæmdastjóra Landssambands sjálfstæðiskvenna.

Kona hefur einu sinni verið formaður í næstum 90 ára sögu Heimdallar, var það Elsa B. Valsdóttir sem var formaður á árunum 1995 til 1997. Aldrei fyrr hafa tvær konur verið í framboði til embættis formanns. **- bþs**



HEIÐRÚN LIND MARTEINSDÓTTIR



BOLLI THORODDSEN



ERLA ÁSGEIRSDÓTTIR

Rofar til á Srí Lanka:

# Viðræður mögulegar

**SRÍ LANKA, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins segist hafa fengið vísbendingar frá stríðandi fylkingum á Srí Lanka um að þær séu reiðubúnar til viðræðna „án nokkurra skilyrða".

Benita Ferrero-Waldner, sem fer með utanríkismál í framkvæmdastjórninni, sagði að vonast væri til að Tamílatígrar og ríkisstjórn Srí Lanka hittust í Ósló í byrjun næsta mánaðar. Markmið fundarins verður þó ekki að leysa sérstök ágreiningsmál, að sögn Eriks Solheim, sáttasemjara Norðmanna, heldur einungis að fá hina fornu fjendur til viðræðna. **- kóþ**

Karlmaður á Akureyri:

# Ákærður fyrir manndráp

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir manndráp af gáleysi er hann keyrði bifreið undir áhrifum áfengis á hús Vífilfells á Akureyri aðfaranótt 4. mars síðastliðinn, með þeim afleiðingum að farþegi í bifreiðinni lést.

Samkvæmt ákæru mældust um 1,8 prómill af áfengi í blóði ákærða eftir að hann ók bifreiðinni á húsið. Auk þess er talið að bifreiðinni hafi verið ekið á tæplega 80 kílómetra hraða norður Hjalteyrargötu uns ákærði missti stjórn á bifreiðinni og hafnaði á húsinu. Talið er að farþeginn, sem var 19 ára gamall, hafi látist nær samstundis vegna áverka á höfði og brjóstkassa. **- mh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hassmoli í óskilum

Lögreglan í Vestmannaeyjum lagði hald á hassmola sem gleymdist á veitingastað í bænum. Lögreglan auglýsti á vef sínum að eigandinn gæti vitjað molans á lögreglustöðina.

## GEIMFERÐIR

### Byrjaðir að vinna

Geimferjan Atlantis lagðist við alþjóðlegu geimstöðina í fyrradag. Byggingaframkvæmdir við hana hófust í gær.

## SÖNGVAKEPPNI

### Hefur trú á sínum manni

Eyrún Huld Haraldsdóttir, sambýliskona Magna Ásgeirssonar, er þess fullviss að maður hennar muni standa uppi sem sigurvegari raunveruleikaþættinum Rockstar Supernova.

# Þjónusta við heimilislausa í uppnámi

**Ótti ríkir meðal þeirra sem þurfa að nýta sér mataraðstoð Kaffistofu Samhjálpar. Forstöðumaðurinn segir fyrirheit hafa komið frá borginni um að nýtt húsnæði myndi finnast. Við það hafi ekki verið staðið og nú ríki alger óvissa um framtíðina.**

**FÉLAGSMÁL** Starfsemi kaffistofu Samhjálpar við Hverfisgötu er í uppnámi. Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, segir ákvörðun hafa verið tekna um að selja húsnæðið þar eð skipulagsyfirvöld hafi þrýst mjög á Samhjálp að selja það og borgin hafi gefið fyrirheit um að útvega nýtt aðsetur. Við þetta hafi ekki verið staðið. Hann segir algera óvissu ríkja um framtíð starfseminnar sem hafi séð heimilislausu og fátæku fólki fyrir máltíðum í 21 ár. Ótti hafi skapast meðal þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda en að jafnaði koma á bilinu 70-90 manns þangað á degi hverjum.

„Við vorum undir miklum þrýstingi af skipulagsyfirvöldum borgarinnar um að selja. Það hefðum við ekki gert nema vegna þess að fyrirheit kom frá borginni um að nýtt húsnæði yrði útvegað. Það hefur ekki verið gert. Það vill víst enginn sjá eða vita af óhreinu börnunum hennar Evu," segir Heiðar sem segist mjög ósáttur við þessa meðhöndlun borgaryfirvalda. Hann ítrekar að þeir sem þurfi að nýta sér þjónustuna sem rekin er á Kaffistofu Samhjálpar sé veikt fólk.

Húsnæði Samhjálpar við Hverfisgötu skiptist í framhús og bakhús. Áætlað er að framhúsið verði rifið af nýjum eiganda í þessum mánuði en útlit er fyrir að starfsemi geti áfram verið í bakhúsinu um einhvern tíma eins og Heiðar segir nýjan eiganda hafa orðað það. Slíkt óvissuástand telur hann með öllu ólíðandi.

> „Það vill víst enginn sjá eða vita af óhreinu börnunum hennar Evu.
>
> **HEIÐAR GUÐNASON,** FORSTÖÐUMAÐUR SAMHJÁLPAR

Óvissa ríkir einnig um áframhaldandi rekstur Konukots sem Reykjavíkurdeild Rauða krossins hefur rekið til þessa fyrir heimilislausar konur í tvö ár. Katla Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins, segir Konukot hafa verið tilraunaverkefni þar sem komið hafi í ljós að konur geti ekki deilt gistiaðstöðu með körlum. Verkefninu ljúki í nóvember en þá taka borgaryfirvöld við rekstrinum þó ekki sé komið í ljós hvernig rekstrinum verði háttað í framtíðinni.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur, segir að verið sé að vinna að því að leita að nýjum lausnum fyrir þessa hópa. Viðræður séu í gangi við Rauða krossinn um framtíð Konukots. Mikil vinna sé einnig í gangi við að leita að hentugu húsnæði fyrir Kaffistofuna. Vonast sé til þess að Kaffistofan geti verið á Hverfisgötu til áramóta en verið sé að athuga aðra kosti. Hennþ þyki staðan óheppileg en segir öruggt að farsæl lausn finnist. **- kdk**




**HEIÐAR GUÐNASON FORTSÖÐUMAÐUR SAMHJÁLPAR** Segir ákvörðun hafa verið tekna um að selja húsnæðið þar sem Samhjálp hafi verið undir miklum þrýstingi af skipulagsyfirvöldum sem ekki vilja lengur hafa heimilislausa á Hverfisgötunni. Húsið hefði þó ekki verið selt nema vegna þess að borgaryfirvöld lofuðu að finna nýtt húsnæði í tæka tíð. Við það var ekki staðið.


**Frönskunámskeið**

**Námskeið hefjast 18. september**

Innritun í síma 552 3870 1.-16. september.

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum

Alliance Française

Netfang : alliance@af.is
veffang : www.af.is

Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.



**Aðalfundur kjördæmisráðs**

Aðalfundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi verður haldinn í kvöld, miðvikudaginn 13. september kl. 20 í húsnæði Samfylkingarinnar að Strandgötu 43 í Hafnarfirði.

Á fundinum verður lögð fram tillaga um flokksval vegna framboðs til Alþingis á næsta ári.

**Samfylkingarfólk er hvatt til þess að fjölmenna.**

**Stjórn kjördæmisráðs**

Samfylkingin


Sýrlenskir öryggisverðir stöðvuðu árásarmenn:

# Fjórir létust í árás á sendiráð Bandaríkjanna í Damaskus

**DAMASKUS, AP** Fjórir menn létust þegar hópur herskárra múslima gerði í gærmorgun tilraun til að ráðast inn í bandaríska sendiráðið í Damaskus, höfuðborg Sýrlands. Þeir voru vopnaðir rifflum, handsprengjum og að minnsta kosti einni bifreið búinni sprengjubúnaði, sem sprengdur var við sendiráðsveggin.

Sýrlenskar öryggissveitir stöðvuðu árásina áður en mennirnir náðu að komast inn fyrir girðingu, sem umlykur sendiráðið og er 2,5 metra há. Einn sýrlenskur öryggisvörður lést í árásinni, auk þriggja árásarmannanna. Að minnsta kosti ellefu manns særðust, þar á meðal kínverskur sendiráðsstarfsmaður, sem stóð uppi á þaki bílskúrs við kínverska sendiráðið, sem er í næsta nágrenni við bandaríska sendiráðið í Damaskus.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Tony Snow, talsmaður Hvíta hússins, sögðust þakklát Sýrlendingum fyrir að stöðva árásina. Bandarísk stjórnvöld hafa ekki haft sendiherra í Damaskus frá því í febrúar á síðasta ári, þegar grunur vaknaði um að sýrlensk stjórnvöld hefðu átt hlut að morði Rafiks Hariri, forsætisráðherra Líbanons. **- gb**



**VIÐ INNGANG SENDIRÁÐSINS** Sýrlenskur lögreglumaður stendur við inngang sendiráðsins þar sem ummerki árásarinnar sjást á rúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# GÆÐAPARKET

## Á VERÐI SEM SLÆR ÖLL MET







*Austurrískt gæðaparket*

***ALLT Á EINUM STAÐ***

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

***FLÍSAR verðdæmi***

| | |
|---|---|
| Hvítar glans veggflísar 15x15 cm | 685 kr/m² |
| Hvítar glans veggflísar 20x25 cm | 895 kr/m² |
| Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm | 895 kr/m² |
| Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm | 996 kr/m² |
| Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm | 996 kr/m² |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað heitir nýi íslenski bjórinn sem er væntanlegur?

2 Í hvaða landi var kosið til þings í fyrsta skipti á dögunum?

3 Hvað nefnist ný starfsþjálfun fyrir áfengissjúklinga?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 78

Viðbragðsáætlun við heimsfaraldri inflúensu:

# Tryggja kauprétt á bóluefni

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningur um kauptryggingu á bóluefni vegna heimsfaraldurs inflúensu verður að líkindum undirritaður að hálfu Íslands á næstu vikum. Þá eru samningar um kaup á hlífðarfatnaði við farsóttum á næsta leiti.

Þetta kemur fram í nýjum sóttvarnarfréttum Landlæknisembættisins, þar sem fjallað er um viðbragðsáætlun við heimsfaraldri, sem ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni var falið að leiða, samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar. Vinnuhópar sem skipaðir hafa verið til að vinna að verkefninu hafa fjallað um það á víðum grunni.

Mikilvægir áfangar hafa náðst á nokkrum sviðum. Keyptir hafa verið til landsins 89 þúsund meðferðarskammtar af inflúensulyfjum. Samið hefur verið um 20.000 skammta til viðbótar á þessu og næsta ári. Haldið verður áfram að auka birgðirnar. Samið hefur verið um neyðarbirgðir af dreypilyfjum sem eiga að duga í slæmum faraldri í þrjá mánuði jafnvel þótt allir aðflutningar til landsins bregðust.

Þetta er nauðsynlegt í ljósi þess að engin framleiðsla er á dreypilyfjum í landinu. Á næstunni verður sett reglugerð um birgðahald nauðsynjalyfja hér. - jss



**LYFJABIRGÐIR** Dreypilyfjabirgðir Landlæknisembættisins eiga eftir að aukast verulega á næstunni.

Tiltekt á Austurlandi:

# Sjálfboðaliðar vinna að tiltekt

**UMHVERFISMÁL** Hópur frá Veraldarvinum hefur verið á Austurlandi í sumar og unnið að tiltekt og þrifum víða í fjórðungnum. Í hópnum eru sjálfboðaliðar víðs vegar að úr heimilnum. Hópurinn hefur verið á Héraðssandi og við Selfljót og í síðustu viku var 15 manna hópur við störf í Mjóafirði við tiltekt og þrif á hafnarsvæðinu. Hópurinn gistir í Neskaupstað og er nú að hefja vinnu í Hjallaskógi við grisjun og stígagerð.

Næsti hópur Veraldarvina er væntanlegur til Fjarðarbyggðar í dag og mun sá hópur vinna við þrif á Eskifirði og Reyðarfirði. -hs




Ekkert lát á ódæðisverkum í Írak:

# Rúmlega fimmtíu drepnir daglega

**BAGDAD, AP** Tvær tylftir manna dóu ofbeldisdauða í Írak í gær og er það nokkuð undir meðaltali ágústmánaðar, en þá lést 51 maður að jafnaði daglega. Mest er ofbeldið í höfuðborginni Bagdad, en í gær létust þar sex og átján særðust eftir að bílsprengja sprakk. Mörg þúsund Bandaríkjamanna og Íraka reyna að gæta friðar og reglu í Bagdad, sem er í blönduðu héraði sjía og súnnía. Því er þar sérlega mikið um erjur, sem og í nágrenni borgarinnar. Fyrir norðaustan Bagdad, nálægt Baqouba-borg, sprakk sprengja við þjóðveg og skildi eftir 24 særða og fjóra til ólífis í gær. Þetta mun hafa verið önnur sprengja dagsins í bænum. Síðastliðinn mánudag var svo árás með sprengjuvörpum og vélbyssum á bænahús sjía, rétt fyrir sunnan Baqouba.

Nokkrum súnníum og sjíum á íraska þinginu tókst þó að sameinast í gær um að krefjast tímamarka við hersetu Bandaríkjamanna í Írak. Verði hún að lögum, verða þau bindandi fyrir ríkisstjórn landsins. - kóþ






**GERT AÐ SÁRUM EINS FÓRNARLAMBSINS** Mynd tekin skömmu eftir slysið í sjúkrahúsinu í Baqouba, norðaustan við Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

# Tölvunám á haustönn
# Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 33.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

1986 - 2006 • 20 ár í fremstu röð

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### Netumsjón MCP
Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 159.900

### MCSA netstjórnun
Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 225 stundir/150 klst. **Verð**: 299.900

### Windows XP Professional MCP
Fyrsti áfangi þinn að MCSA gráðu (70-270).

**Lengd**: 60 stundir/39 klst. **Verð**: 89.900

### Windows Server 2003 MCP
Náðu tökum á netstjórnun strax (70-290).

**Lengd**: 60 stundir/39 klst. **Verð**: 89.900

## .NET forritun

### Visual C# .NET (+ASP) forritun
Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám. Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. kvöldnám
**Verð**: 159.900 • Allt að 5 ára lán

### ASP .NET vefforritun
Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

**Lengd**: 45 stundir/30 klst. kvöldnám
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

## Þekkingarpróf

Taktu þekkingarpróf hjá einu VUE Select prófmiðstöðinni á Íslandi og fáðu alþjóðlega viðurkennda gráðu: GMAT, Cisco, CompTIA, IBM, Microsoft MCP og Microsoft Business Solutions, Novell, SAP, Siebel, TÖK og fleiri.

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhald
Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

### Skrifstofu- og tölvunám
Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám
Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)*

** Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun
Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun
Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 49.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám
Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*
- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 69.990 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur
Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 45.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+
Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla
Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### FrontPage 2003 og Photoshop
Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

**Lengd**: 45 stundir/30 klst, **Verð**: 45.900

### DreamWeaver og Photoshop
Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

**Lengd**: 49 stundir/33 klst, **Verð**: 49.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

### Byrjendanámskeið
Tölvunotkun: Fyrstu skrefin • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

### Access
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • *36 stundir/52.900*

### Word
Word I: Ritvinnsla fyrir byrjendur • *22 stundir/verð 22.500*
Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 16.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 6.900*

### Excel
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 22.500*
Excel II: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk. • *18 st./verð 34.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

### PowerPoint
PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

### Outlook og OneNote
Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
OneNote: Hugmyndavinna og glósur • *9 st./verð 10.900*

### Publisher
Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

### Vefsíðugerð
FrontPage 2003 vefsíðugerð • *22 stundir/verð 24.500*
DreamWeaver MX vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

### Myndvinnsla og grafík
Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop I: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 26.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
Freehand: Grafík, umbrot og auglýs. • *22 st./verð 31.900*
Visio: Grafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

### FileMaker
FileMaker notendanámskeið • *18 stundir/verð 26.500*
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • *27 st./54.900*

### Windows XP
Windows XP fyrir venjulega notendur • *9 st./verð 12.900*

### Verkefna- og tímastjórnun
PRINCE2 verkefnastjórnun • *22 stundir/verð 49.900*
Microsoft Project verkefnastjórnun • *22 st./verð 39.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 14.900*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is



**DANSAÐ Í TAÍVAN** Spænski dansflokkurinn Teatro Espanol de Rafael Aguilar sýnir nú flamengó dans í Taipei, höfuðborg Taívans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fundur afurðastöðva um lækkun eða afnám tollverndar í landbúnaði:

# Hætta á hruni byggðarlaga

**LANDBÚNAÐUR** Verði veruleg röskun í landbúnaði, til dæmis með lækkun eða afnámi tollverndar er hætt við stórfelldri byggðaröskun og í raun hruni byggðar á stórum landssvæðum.

Svo segir í ályktun fundar sem afurðastöðvar í landbúnaði í Norðvestur- og Norðausturkjördæmum efndu til fyrir helgi með fulltrúum verkalýðsfélaga, bænda og sveitarstjórna á svæðinu.

„Góð sátt hefur lengi ríkt um íslenskan landbúnað, enda hefur átt sér stað jákvæð þróun til hagræðingar, vöruframboð hefur stóraukist og framleiðslugæðin eru óumdeild í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði,“ segir enn fremur í ályktuninni. „Hlutfall matvæla af útgjöldum vísitölufjölskyldunnar hefur snarminnkað á nokkrum árum og hlutfall innlendrar búvöruframleiðslu af útgjöldunum nemur nú aðeins 5,6 prósentum. Á sama tíma hefur stuðningur ríkisins til landbúnaðarins minnkað mjög mikið að raungildi sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins.“ Lagt er til að fulltrúar afurðastöðva og bænda vinni með stjórnvöldum að því að auka hagkvæmni og lækkun virðisaukaskatts á matvæli til að ná fram frekari raunlækkun á matvælaverði til neytenda. - jss



**DILKAKJÖT** Fundarmenn vilja að fulltrúar afurðastöðva og bænda vinni með stjórnvöldum að stefnumörkun í landbúnaði.

Borgarfjörður eystri:

# Saurgerlar í drykkjarvatni

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðiseftirlit Austurlands fann í síðustu viku kólígerla í lindarbrunnum sem sjá íbúum á Borgarfirði eystri fyrir neysluvatni. Við frekari eftirgrennslan kom í ljós að frágangi við tvo af sex lindarbrunnum svæðisins væri ábótavant.

Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands, segir að yfirborðsvatn hafi komist í brunnana. Heilbrigðu fólki á ekki að stafa nein hætta af neyslu vatnsins en viðkvæmir gætu fengið niðurgang eða magaverki. Þeim tilmælum er beint til fólks að sjóða allt neysluvatn við þessar aðstæður. - þsj

10% vaxtaauki!



spron www.spron.is

Virkjun háhitasvæða á Reykjanesskaga:

# Óvíssa ríkir um orku fyrir álver

**ORKUMÁL** Vafi leikur á því hvort tímaáætlanir vegna orkuöflunar fyrir álver í Helguvík munu standast, en mikil aðsókn hefur verið í rannsóknar- og nýtingarleyfi á háhitasvæðum Reykjanesskaga í tengslum við fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir.

Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, sagði nýverið í viðtali á NFS að það þyrfti að rannsaka mikið strax á næsta ári ef framkvæmdir við álverið ættu að hefjast á tilætluðum tíma. Umhverfisráðuneytið reiknar þó ekki með að taka afstöðu til málsins fyrr en á árunum 2009 til 2010. Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytisins, segir að vinna við mat á verndargildum háhitasvæða sé þegar hafin og nú standi yfir 2. áfangi rammaáætlunar um virkjanakosti á Reykjanesskaga. „Þetta er heildstætt mat þar sem að við þurfum að taka afstöðu til þess hvernig við viljum hafa þessi mál. Viljum við bara taka út ákveðin svæði sem við sjáum fram á að gefi góða og mikla orku og vera þá bara sammála um að ákveðin svæði séu einfaldlega þess eðlis að það eigi bara að vernda þau.“

Umhverfistofnun skilaði ráðuneytinu nýlega áliti um tilraunarannsóknir á Reykjanesskaga og segir Ingimar það ekkert launungarmál að stofnunin leggist gegn framkvæmdum á svæðinu. Ekki náðist í Júlíus Jónsson vegna málsins þar sem hann er staddur erlendis. - þsj



**HELGI EINARSSON ÁNETJAÐIST SPILAKÖSSUM Á FERMINGARALDRI** Segir ekkert hafa komist að annað en það hvernig hann gæti fjármagnað næsta dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Var heltekinn af spilafíkn

**Sjálfvígshugsanir eru þekktar meðal spilafíkla að sögn yfirlæknis á Vogi. Helgi Einarsson glímdi lengi við spilafíkn. Hann var þjáður af sjálfsvígshugsunum og þekkir örvæntingu spilafíkilsins.**

**SPILAFÍKN** „Ég hugsaði um sjálfsmorð á hverjum einasta degi undir það síðasta. Það komst ekkert annað að í lífi mínu en spilakassinn. Ég hélt að ég kæmist aldrei út úr þessu fari,“ segir Helgi Einarsson. Hann er 23 ára gamall og þekkir örvæntingu spilafíkilsins vel eftir áralanga baráttu við fíknina.

Á fermingaraldri var hann farinn að stunda spilakassa og segir hann ástæðuna hafa verið þá að hann langaði að drýgja vasapeningana sína.

Sautján ára hætti hann í skóla, draumar um framhaldsnám og ferðalög voru látin lönd og leið, enda segir hann ekkert annað hafa getað komist að í huga hans en spil.

„Fíknina varð ég að fjármagna og því þurfti ég að vinna. Launin voru þó venjulega búin viku eftir útborgun. Hugurinn var þó ekki aðeins bundinn við spil á daginn því næturnar fóru yfirleitt í að skipuleggja hvernig ég gæti náð að verða mér úti um peninga næsta dag,“ segir hann hreinskilnislega.

Tuttugu og eins árs gamall leitaði Helgi sér fyrst hjálpar. Þá segir hann stöðuna hafa verið orðna þá að hann hefði verið búinn að svíkja alla í kringum hann og því hefði hann verið algerlega einangraður.

„Fjölskylda mín hélt að ég væri í eiturlyfjum og töldu þunglyndið og kvíðann sem hrjáðu mig á þessum tíma afleiðingar þess. Peningana sem ég fékk sífellt að láni hjá þeim töldu þau renna í neyslu,“ segir Helgi sem viðurkennir að á vissan hátt hafi honum þótt betra að aðstandendur hans héldu það. Spilafíkn hafi verið óþekkt hugtak og því takmarkaðs skilnings að vænta vegna hennar.

Sífelldar sjálfsvígshugsanir urðu þó til þess að Helgi ákvað að reyna komast út úr vítahringnum. Fyrsta skref hans var að mæta á fund sem haldinn var á vegum SÁÁ. Hann hafði verið mjög einangraður um langt skeið í fíkn sinni og því segir hann hafa hjálpað sér mikið að hitta fólk sem hafði verið í sömu sporum og hann þekkti svo vel sjálfur. „Þá loksins sá ég að ég var ekki einn,“ segir Helgi sem útskýrir að í raun hafi honum þótt sem hann hafi verið aleinn í heiminum með spilakassanum svo lengi áður en það gerðist.

Við tók meðferð á Vogi og síðar Staðarfelli. Um það bil nítján mánuðir séu liðnir frá því hann kom aftur út í lífið. „Mér finnst samt eins og það sé rétt að byrja hjá mér núna. Maður var orðinn svo steiktur af því að hugsa ekki um neitt annað en peninga og spil sem engu höfðu þó skilað mér í gegnum árin,“ segir hann en viðurkennir að nokkrum sinnum hafi fíknin látið á sér kræla á þeim tíma. „Ég get samt ekki látið undan fíkninni til þess eins að snú aftur í eymdina.“ - kdk

15% september

afsláttur til 16. september

Fataskápar fyrir fötin þín, tilsniðnir eftir máli án aukakostnaðar.



INNVAL www.innval.is

Hamraborg 1 kópavogi s: 554 4011

FRÍMERKI • UMSLÖG • SEÐLAR • MYNT

Fyrirtækið Thomas Höiland Auktioner A/S í Kaupmannahöfn er stærsta fyrirtækið á Norðurlöndum með uppboð á frímerkjum og mynt og heldur stór uppboð á hverju ári auk þess að vera stöðugt með uppboð á Netinu.



Laugardaginn 16. september n.k. munu sérfróðir menn frá fyrirtækinu verða á Íslandi í leit að efni á næstu uppboð.

Leitað er eftir frímerkjum, gömlum umslögum og póstkortum, heilum söfnum og lagerum svo og gömlum seðlum og mynt.

Boðið er upp á umboðssölu eða staðgreiðsluviðskipti eftir óskum viðskiptavinarins. Þeir verða til viðtals á Hótel Loftleiðum, laugardaginn 16. sept. kl. 10:00-13:00 og geta líka komið í heimahús eftir kl. 14:00.

Nánari upplýsingar veitir Össur Kristinsson í síma 5554991 eða 6984991.

THOMAS HØILAND AUKTIONER A/S

Frímerki · Mynt · Vín · Skartgripir

Muslingevej 40 · 8250 Egå · Tlf. +45 8612 9350

www.thauctions.com · e-mail: tr@thauctions.com

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# LANGÓDÝRUSTU GERVIGÆSIRNAR



**12 skeljar í kassa. 8 á beit, 2 í hvíld og 2 á verði. Festijárnin fylgja með.**

**Aðeins 7.995 fyrir 12 gæsir og festijárn**

**Einnig álftir á aðeins 2.195 • flotgæsir aðeins 1.595 • gerviendur aðeins 595, stél aðeins 495**

**Hvergi betra verð!**



**Aðeins 8.423 á mánuði.**

## Beretta ES 100 Standard White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 7.906 á mánuði.**

## Beretta ES 100 Synthetic White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 7.560 á mánuði.**

## Beretta ES 100 Synthetic Black

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Sellier & Bellot gæsaskot.**

Veiðihornsverð á þessum vinsælu gæsaskotum.

**2 ¾" 42,5gr. hleðsla aðeins 885 pakkinn (25 skot).**

**3" 53gr hleðsla aðeins 1.090 pakkinn (25 skot).**





**Aðeins 5.318 á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Standard

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 5.835 á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Camo

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 5.145 á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Synthetic

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 3.420 á mánuði.**

## Stoeger P350 Synthetic.

Þrengingar fylgja. **Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 3.765 á mánuði.**

## Stoeger P350 Camo

Þrengingar fylgja. **Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Uppgefið heildarverð er með staðgreiðsluafslætti**
**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.**

**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**





**MÓTMÆLI** Fjöldi manna safnaðist í gær saman í Taipei, höfuðborg Taívans, fjórða daginn í röð. Fólkið lét hellidembu ekki á sig fá og mótmælti forseta landsins, Chen Shui-Bian, en fjölskylda hans er sökuð um víðtæka spillingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ferðakaupstefnan Vestnorden er haldin í Laugardalshöllinni:

# Fólk frá 30 löndum sækir ferðakaupstefnu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Vestnorden-ferðakaupstefnan stendur nú yfir í Laugardalshöll. Kaupstefnan er árlegur viðburður þar sem Ísland, Grænland, Færeyjar og Hjaltlandseyjar kynna möguleika sína í ferðaþjónustu fyrir um 550 kaupendum og seljendum frá þrjátíu mismunandi löndum. Hún er haldin til skiptis í aðildarríkjunum fjórum og þykir afar mikilvæg innlendum ferðaþjónustuaðilum þar sem hana sækja allir þeir aðilar sem hingað selja ferðir. Meðal þess sem kom fram við setningu kaupstefnunnar var að fjöldi ferðamanna til þeirra allra hefði aukist á milli ára. Þökkuðu þeir þann árangur meðal annars auknu samstarfi vestnorrænu landanna.



**VESTNORDEN 2006** Ferðakaupstefnan var sett í Listasafni Reykjavíkur í fyrrakvöld.

Magnús Oddsson, ferðamálastjóri Íslands, sagði það fagnaðarefni að fjöldi þátttakenda í kaupstefnunni rísi með hverju árinu. Í máli hans kom einnig fram að hann teldi alls ekkert ólíklegt að ferðamannastraumur til Íslands tvöfaldaðist á næstu tíu árum. Ísland gæti því átt von á allt að einni milljón gesta árið 2016. Magnús sagði enn fremur að lykillinn að velgengni íslenskrar ferðaþjónustu væri dreifing gesta yfir árið svo að hægt væri að þjónusta þá alla með viðunandi hætti. Kaupstefnunni lýkur á hádegi í dag. **- þsj**

BOÐEIND.IS

**Er þér lofað að tölvan geti allt og svo getur tölvan ekki neitt?**
**Boðeind hefur í 19 ár verið sérverslun með tölvubúnað.**
**Fáðu faglega ráðgjöf og kauptu vandaða fartölvu á góðu verði !**



Nú á 30 þús. króna afslætti

~~Verð kr. 139.900,-~~

**Verð nú kr. 109.900,- stgr.**

Bjóðum upp á staðgreiðslulán frá Visa, Master-/Eurocard, Vís, TM og bönkunum meðalgr. ca kr. 3.900,- á mánuð í 36 mánuði

ASUS A6VM
SKJÁR: 15.4" GLARE TYPE TFT HÁSKERPUSKJÁR
ÖRGJÖRVI: PENTIUM MOBILE DOTHAN 735A @ 1.73AG 2MB L2
SKJÁKORT: NVIDIA® GEFORCE™ GO 7300 MEÐ 256MB TURBOCACHE™ MINNI
VINNSLUMINNI: 1GB DDRII 533
HARÐUR DISKUR: 100GB HDD
KORTALESARI: 4 - 1 (MS, MS PRO, SD, MMC)
GEISLADRIF: 8X MULTI SLOT DVD SKRIFARI DUAL DL
STÝRIKERFI: WINDOWS XP PROFESSIONAL
NETKORT: WLAN 802.11B/G - 10/100/1000 LAN
TENGIMÖGULEIKAR: 4X USB 2.0, 1X FIREWIRE, VGA TENGI, TV ÚT, PCMCIA
AUDIO DJ - SPILAÐU GEISLADISKA ÁN ÞESS AÐ RÆSA STÝRIKERFIÐ
RAFHLAÐA: 8 CELLS LI-ION
MEÐ 1.3 MEGA PIXLA VEFMYNDAVÉL & HLJÓÐNEMA
ATH. FARTÖLVUTASKA & OPTICAL MÚS FYLGJA FRÍTT MEÐ
HUGBÚNAÐUR SEM FYLGIR FRÍTT
VÍRUSVÖRN: NORTON SYSTEM WORKS - RAPID RECOVERY
SKRIFARAHUGBÚNAÐUR: NERO 6
DVD HUGBÚNAÐUR: ASUS POWER DVD XP - ACROBAT READER
MYNDVINNSLUHUGBÚNAÐUR: POWER DIRECTOR PRO - MEDIA@SHOW
ASUS WINFLASH - ASUS LIVE UPDATE - ASUS POWER4 GEAR - ASUS PC PROBE
RITVINNSLUHUGBÚNAÐUR: OPEN OFFICE ER FRÍR Á BODEIND.IS

Kauptu aðeins Vista samhæfða tölvu

WINDOWS XP PROFESSIONAL FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM FRÁ BOÐEIND NAUÐSYNLEGT Í SKÓLANN

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ritvillur

**Boðeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061 - sala@bodeind.is**
**Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@bodeind.is**



**FORSETINN ÁVARPAR ÞJÓÐINA** Bush Bandaríkjaforseti sagði stríðið gegn hryðjuverkamönnum ekki vera „átök á milli menningarheima“ heldur „baráttu í þágu siðmenningarinnar“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Brýnir þjóð sína til verka

## Demókratar saka George W. Bush um að nota sjónvarpsávarpið 11. september í pólitískum tilgangi, nú þegar tæpir tveir mánuðir eru í þingkosningar.

**BANDARÍKIN** George W. Bush Bandaríkjaforseti hvetur bandarísku þjóðina til að hætta ekki stríðsrekstri í Írak í miðjum klíðum. Andstæðingar hans í Demókrataflokknum segja hann misnota aðstöðu sína til þess að afla Repúblikanaflokknum fylgis í væntanlegum þingkosningum.

„Bandaríska þjóðin átti betra skilið í gærkvöldi,“ sagði Harry Reid, leiðtogi Demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings.

„Hvaða mistök svo sem gerð hafa verið í Írak, þá væru stærstu mistökin þau að halda að ef við færum burt myndu hryðjuverkamennirnir láta okkur í friði,“ sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti í sjónvarpsávarpi sínu til þjóðarinnar á mánudagskvöldið, daginn sem þess var minnst að fimm ár eru liðin frá árás hryðjuverkamanna á New York og Washington.

„Bandaríkin báðu ekki um þetta stríð og allir Bandaríkjamenn vildu að því væri lokið. Það vildi ég líka. En stríðinu er ekki lokið,“ sagði Bush. „Ef við sigrumst ekki á þessum óvinum núna, þá látum við það börnum okkar eftir að standa frammi fyrir Mið-Austurlöndum þar sem völdin eru í höndum hryðjuverkaríkja og róttækra einræðisherra sem vopnaðir yrðu kjarnorkuvopnum.“

Hann varði hluta tíma síns í að útmála illsku andstæðingsins, sem hann sagði hafa það markmið að koma á fót „róttæku íslömsku heimsveldi þar sem konur eru fangar á eigin heimili, menn eru barðir fyrir að missa af bænastundum og hryðjuverkamenn hafa öruggt skjól til þess að skipuleggja og hefja árásir á Bandaríkin og aðrar siðmenningarþjóðir“.

Hann vék einnig máli sínu að Írak sérstaklega og sagðist oft vera spurður að því hvers vegna bandaríski herinn væri eiginlega í Írak þrátt fyrir að Saddam Hussein hefði ekki borið neina ábyrgð á árásunum 11. september.

„Svarið er að af stjórn Saddams Hussein stafaði greinilega ógn,“ sagði forsetinn. „Heimurinn er orðinn öruggari núna vegna þess að Saddam Hussein er ekki lengur við völd.“

Í síðustu viku staðfesti leyniþjónustunefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings að aldrei hefði nein tengsl verið að finna milli Saddams Husseins og Al Kaída samtakanna, en Bush fullyrti í ræðu sinni að nú hefðu liðsmenn Al Kaída „gengið til liðs við leifarnar af stjórn Saddams og aðra vopnaða hópa til þess að efna til innbyrðis átaka í landinu og reka okkur á brott.“

gudsteinn@frettabladid.is

Pétur Blöndal um skerðingu lífeyrissjóðanna á greiðslum til öryrkja:

# Örorkubyrðin er lífeyrissjóðum of þung

**ALÞINGI** Örorkubyrði er farin að íþyngja lífeyrissjóðunum. Reiknað var með að lífeyrir til öryrkja yrði undir tíu prósentum af heildarskuldbindingum lífeyrissjóðanna en reynslan sýnir að hann er tæplega tuttugu prósent. Sjóðirnir hafa því minna fé til að standa við aðrar skuldbindingar sínar.

Skerðingogniðurfellinglífeyrissjóðanna á lífeyri til öryrkja var rædd á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Pétur Blöndal, formaður nefndarinnar, segir að lífeyrissjóðirnir hafi alltaf haft heimild til að skerða lífeyri til öryrkja sem hafa hærri tekjur en þeir höfðu fyrir örorkumat. Lífeyrissjóðirnir séu nú farnir að beita þessum reglum.

„Örorkubyrðin er farin að þyngjast langt umfram það sem lífeyrissjóðirnir höfðu reiknað með. Það er því minna eftir til að greiða annan lífeyri,“ segir Pétur.

Á fundinum var meðal annars rætt um möguleikana á því að fresta skerðingunum eða breyta reglunum. Einnig var rætt um að tengja launaútreikninga fyrir örorku við launavísitöluna.

Fulltrúar ÖBÍ, vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðanna verða boðaðir á fund nefndarinnar í næstu viku. **- ghs**



**PÉTUR BLÖNDAL** Formaður efnahagsnefndar segir lífeyrissjóði hafa heimild til að skerða lífeyri til öryrkja sem hafa hærri tekjur en þeir höfðu fyrir örorkumat.

Kvartanir í Danmörku:

## Au pair-stúlkum oft þrælað út

**DANMÖRK** Dæmi eru um að au pair-stúlkur í Danmörku séu látnar vinna um hundrað tíma á viku og fái aðeins áttatíu íslenskar krónur greiddar fyrir vinnuvikuna.

Sagt er frá þessu í dagblaðinu 24 tímar. Að sögn blaðsins berast árlega hátt í hundrað kvartanir frá stúlkum til ráðningarstofa vítt og breitt í landinu.

Stúlkurnar kvarta undan miklu vinnuálagi, litlum launum og slæmum aðbúnaði. Þekkt eru dæmi um að au pair-stúlkur hafi verið látnar deila herbergi með gæludýrum fjölskyldunnar. Algengast er að stúlkurnar séu frá Asíu og Austur-Evrópu. **- ks**



**KOFI ANNAN** Aðalritari SÞ líkir ástandinu í Darfúr við ástandið í Rúanda.

Annan eggjar þjóðir heims:

## Harmleikur í Darfúr-héraði

**SÚDAN** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði á fundi öryggisráðs SÞ á mánudag frá skelfilegu ástandi í Darfúr-héraði. Annan sagði að aukin þátttaka súdanska hersins í átökunum gerði illt verra og hvatti þjóðarleiðtoga til að reyna að koma í veg fyrir manngerðar hamfarir á svæðinu.

Annan líkti ástandinu í Darfúr við ástandið í Rúanda á síðasta áratug og spurði hvort þjóðir heims ætluðu sér að horfa upp á nýjan harmleik í Darfúr, eftir að hafa brugðist fólkinu í Rúanda.

Tvær milljónir manna hafa yfirgefið heimili sín í Darfúr-héraði síðan átök brutust út árið 2003. **- kóþ**

Kólumbíski herinn:

## Bílasprengjur víða um borg

**KÓLUMBÍA Liðsforingjar í kólumbíska hernum hafa orðið uppvísir að því að koma fyrir bílasprengjum víðs vegar um höfuðborg landsins, Bogotá. Þetta gerðu þeir í von um að innheimta fundarlaun í gegnum uppljóstrara.**

**Þetta er annað hneykslið á skömmum tíma sem herinn lendir í. Forseti landsins reynir nú allt hvað hann getur til að bæta ímynd hersins, sem er að miklu leyti rekinn með framlögum frá Bandaríkjunum.**

**Ein sprengnanna sprakk í loft upp og féll þá tylft hermanna, ásamt einum borgara.** **- kóþ**

**SKÓLASTARF**

### Skólasetning á Akureyri

Menntaskólinn á Akureyri verður settur klukkan 15 í dag. Nemendur skólans eru nú fleiri en nokkru sinni, um 750 talsins. Tíu bekkjardeildir eru í 1. bekk og nemendur þar um 250 alls. Þar af eru sextán nemendur sem eru að koma beint úr níunda bekk grunnskóla.

**LÖGREGLUFRÉTT**

### Sviptur á staðnum

Lögreglan í Reykjavík tók ökumann á mánudag á áttatíu kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er þrjátíu kílómetrar. Hann var sviptur ökuréttindum á staðnum enda á vel rúmlega tvöföldum hámarkshraða.

www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**VATNSRÁÐSTEFNA** Kínversk kona lítur út um dyr sem notaðar hafa verið undir auglýsingu um vatnsráðstefnu sem fram fer nú í Kína. Um þrjú þúsund sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum sækja ráðstefnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrýstingur á bandaríska þingið vegna olíufundar við Kúbustrendur:

# Viðskiptabann endurskoðað?

**KÚBA** Indverskt olíufyrirtæki hefur skrifað undir samning um olíuleit og rannsóknir norðan við Kúbu í kjölfar bandarískrar skýrslu um að þar kunni að leynast gífurlegar birgðir af olíu og gasi. Kínversk og kanadísk fyrirtæki hafa einnig tryggt sér réttindi á svæðinu, ásamt Norsk Hydro.

Væntanleg olíusvæði eru einungis 80 kílómetra undan ströndum Bandaríkjanna og væri því einkar hagkvæmt að flytja olíuna beint á markað. Bandarísk fyrirtæki eru hins vegar úti í kuldanum vegna hins 44 ára gamla viðskiptabannsins.

Tveir þingmenn Repúblikana lögðu fram frumvarp fyrr í sumar um að stærri olíufyrirtæki yrðu undanþegin viðskiptabanninu, enda þjóni það ekki lengur hagsmunum bandarísku þjóðarinnar að viðhalda ströngu banni.

Kirby Jones, forseti viðskiptaráðs Bandaríkja og Kúbu, segir í viðtali við BBC að þetta sé í fyrsta skipti sem Bandaríkin finni fyrir virkilega neikvæðum áhrifum viðskiptabannsins. Hann segir að nú sé spurning hvort Bandaríkin sitji hjá og horfi upp á olíuna renna til annarra þjóða, eða taki þátt í veislunni. - kóþ



**SAMNINGURINN HANDSALAÐUR** Fidel Rivero, forstjóri olíufélags kúbverska ríkisins tekur í hönd R. S. Butola, framkvæmdastjóra ONGC.

Slapp ómeiddur í Búðardal:

# Sofandi bílstjóri keyrði út af

**LÖGREGLUMÁL Ökumaður slapp ómeiddur eftir að hafa keyrt út af, farið í gegnum girðingu og hafnað í skógræktarlandi við Breiðabólstað í Miðdölum í gær.**

**Að sögn lögreglu virðist sem ökumaðurinn hafi sofið fast undir stýri þegar óhappið varð. Vegfarendur sem komu að fluttu manninn í Hreðavatnsskála þar sem kallað var eftir aðstoð lögreglu. Símasambandslaust var á slysstað.**

**Þetta er annað umferðaróhappið á tveimur dögum í umdæmi lögreglunnar í Búðardal þar sem grunur leikur á að ökumenn sofið undir stýri.** - kdk

Bíræfin innbrotsþjófur:

# Braust inn og stal jólagjöfum

**DÓMSMÁL** Fjörtíu og fimm ára gömul kona hefur verið ákærð fyrir innbrot í íbúðarhúsnæði í Reykjavík á Þorláksmessu í fyrra og stolið þaðan fatnaði, matvælum og jólagjöfum að verðmæti rúmlega tvö hundruð þúsund króna.

Konan var ennfremur ákærð fyrir að hafa sama dag brotist inn í kjallaraíbúð og stolið þaðan fatnaði og tveimur ferðatöskum að óþekktu verðmæti. Þá er hún ákæra að stela ýmsu smálegu úr verslun. Ofangreind mál voru tekin til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. - æþe

Aðdáendur Steves Irwins heitins:

# Hefna sín á skötum

**ÁSTRALÍA, AP** Minnst tíu stingskötur hafa fundist dauðar við austurströnd Ástralíu síðan krókódílamaðurinn geðfelldi Steve Irwin lést af áverkum vegna stungu einnar slíkrar. Sköturnar voru illa farnar og virtist hafa verið misþyrmt. Yfirvöld í Queensland óttast að um „hefndaraðgerðir“ aðdáenda krókódílamannsins sé að ræða.



**MINNINGARATHÖFN** Stingskötudrápin eru ekki anda Steve Irwin.

Talsmaður dýraverndunarsamtaka Steves Irwin lýsti yfir viðbjóði vegna skötudrápanna og sagði að slík hegðun væri „ekki í anda Steves“.

Stingskötur eru mannfælin dýr og að mestu meinlaus, en svara fyrir sig, séu þau áreitt. - kóþ

# Mest hækkun á mjólkurvöru

**Samkvæmt nýrri verðlagskönnun ASÍ hefur verð á matvöru hækkað umtalsvert frá því í upphafi árs. Henný Hinz, hjá verðlagseftirliti ASÍ, segir neytendur vera að borga fyrir verðstríð verslana.**

**NEYTENDUR** „Það sem stendur upp úr er að hér er um að ræða mjög miklar hækkanir á grunnmatvöru, um tugi prósenta, sem ekki er hægt að útskýra með eðlilegum þáttum að okkar áliti,“ segir Henný Hinz, verkefnisstjóri verðlagseftirlits Alþýðusambands Íslands.

Henný segir að þrátt fyrir mikla verðbólgu og þensluástand í þjóðfélaginu sé ekki hægt að útskýra þessa miklu hækkun eins og raun ber vitni með eðlilegum hætti. Hún segir enn fremur að verslanir noti sér ástand líkt og nú er til að lauma verðhækkunum út í verðlagið í þeirri von að þær veki ekki eftirtekt.

„Að mínu mati er skýringuna fyrir hækkuninni helst að finna í því að hér séu verslanirnar að reyna að vinna upp mikið tap sem varð í verðstríðinu í fyrra þar sem verðið var að selja vörur langt undir kostnaðarverði og var verslununum afar erfitt,“ segir Henný og vísar til verðstríðsins á milli lágvöruverðsverslananna í fyrra þegar meðal annars mjólkurlítrinn var seldur á eina krónu á tímabili. „Þetta tímabil kostaði verslanirnar gríðarlega fjármuni og það var alveg ljóst bæði meðan á verðstríðinu stóð og í kjölfarið að einhver þurfti að borga brúsann og nú er komið að því að neytendur eru að gera einmitt það.“

Ef niðurstöður könnunarinnar sem gerð var í síðustu viku eru bornar saman við niðurstöður samskonar verðlagskönnunar sem gerð var í byrjun árs, vekur athygli hversu mikil hækkun hefur orðið á mjólk og öðrum mjólkurafurðum á tímabilinu. Einn lítri af mjólk hefur hækkað um tæp sautján prósent í öllum lágvöruverðsverslunum nema Nettó, en þar hefur lítrinn hækkað um fjórtíu prósent frá því í janúar síðastliðnum. Mjólkurlítrinn kostar nú að meðaltali 75 krónur í öllum verslunum en var á 61 krónu í ársbyrjun. Þá hefur stoðmjólk fyrir ungabörn hækkað um helming, úr 42 krónum í 63 krónur nú. aegir@frettabladid.is



**VERSLUN** Samkvæmt nýrri verðlagskönnun hefur verð á matvöru hækkað umtalsvert síðan í janúar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Útboð opinberra framkvæmda:

# Keldur fengu undanþágu

**RANNSÓKNIR** Veitt hefur verið undanþága til útboðs byggingar öryggisrannsóknarstofu á Keldum, tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði. Útboðið hefur þegar verið auglýst, að sögn Helga S. Helgasonar framkvæmdastjóra.

Stjórnvöld stöðvuðu útboð allra opinberra framkvæmda fyrr á árinu vegna stöðu efnahagsmála í landinu. Áður höfðu þau samþykkt að veita 90 milljónum króna til uppbyggingar öryggisrannsóknarstofu á Keldum vegna yfirvofandi hættu á að fuglaflensa bærist til landsins með farfuglum. Samkvæmt áætlunum átti byggingin að vera tilbúin í febrúar. Fagaðilar sem Fréttablaðið ræddi við, eftir að framkvæmdir stöðvuðust, töldu að hættan á fuglaflensa bærist hingað yrði ef til vill enn meiri á næsta ári en hún var í ár. Helgi segir að útboðið nú nái til fyrri hluta framkvæmdanna, sem er bygging sjálfs hússins. Enn sé verið að vinna í hönnun loftræstingarinnar. Hann kveðst telja að töfin sem varð á útboðinu seinki verkinu ekki um meira en mánuð, gangi nýjar áætlanir eftir.



**GRUNNURINN BÍÐUR** Grunnurinn undir nýju öryggisrannsóknarstofuna er tilbúinn.

„Það er feikilega gott að fá þetta því við verðum aftur í svipaðri hættu og við vorum í ár, þegar farfuglar koma til landsins,“ segir Helgi. „Menn eru mjög ánægðir og þakklátir stjórnvöldum fyrir að hafa sýnt okkur þennan skilning.“ - jss



DANUGLAS 710/720g
98 KR.
BAUNIR/GULRÆTUR
98 KR.
680g
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
HANGIFRAMPARTUR m/BEINI
679 kg KR.
MERKT VERÐ 799KR.
Hugguleg á haustkvöldum...
Vertu kátur
KJARNAFÆÐI
BLÓÐMÖR KÍLÓVERÐ
347 KR.
MERKT VERÐ 579KR.
LIFRARPYLSA KÍLÓVERÐ
359 KR.
MERKT VERÐ 598KR.
Frábært úr frystinum
40% afsláttur við kassann
-það er komið slátur!
2+1 FRESCHETTUR
599 KR.
1200g
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS FOR FREE
FRESCHETTA
PIZZA ROMA
1200g pitsutilboð
Tilboð í viku 37 gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast
ERAN/Landlist
500 ml BÓNUSLÝSI
299 KR.
LÝSI
Kofareyktu sveitabjúgun
SVEITABJÚGU
299 KR.
KÍLÓVERÐ
KARTÖFLUMÚS 500g
4x 125g pokar
4x125g (500g)
159 KR.
BÓNUS Vöfflu duft
VÖFFLUDUFT
159 KR.
500g
PEYTIRJÓMI
129 KR.
250g
Halta
Komið aftur!
BÓNUS kaffi
500 GRÖMM
RABARBARASULTA
159 KR.
900g
Rabarbarasulta
EKKERT BRUÐL
BÓNUSKAFFI
198 KR.
500g
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### Forkastanlegt

**„Þetta er eins ólýðræðislegt og hugsast getur.“**

ÖGMUNDUR JÓNASSON, ÞINGMAÐUR VINSTRI GRÆNNA, SEGIR ÞAÐ FORKASTANLEG VINNUBRÖGÐ HJÁ LANDSVIRKJUN AÐ KREFJAST ÞESS AÐ FARIÐ SÉ MEÐ UPPLÝSINGAR UM ARÐSEMISMAT KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR SEM TRÚNAÐARGÖGN. FRÉTTABLAÐIÐ, 12. SEPTEMBER.

### Lestur í ólestri

**„Ísland stendur langt að baki flestum þjóðum Evrópu. Hér er ekki boðið upp á neina kennsluþjónustu fyrir blind börn.“**

HALLDÓR SÆVAR GUÐBERGSSON, FORMAÐUR BLINDRAFÉLAGSINS, SEGIR MENNTAMÁLUM BLINDRA HÉR Á LANDI MJÖG ÁBÓTAVANT. FRÉTTABLAÐIÐ, 12. SEPTEMBER.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? MARÍA REYNDAL LEIKSTJÓRI

## *Leikstýrir Íslendingum með hreim*



„Það er allt mjög gott að frétta eins og hjá öllum öðrum á Íslandinu góða,“ segir María Reyndal leikstjóri. Hún segir að það sé allt vitlaust að gera hjá sér. „Núna er ég að skrifa handrit með Hávari Sigurjónssyni og sjö útlendingum. Leikritið heitir Bezt í heimi og verður frumsýnt í Iðnó í lok október. Leikhópurinn samanstendur af þessum sjö útlendingum og verkið fjallar um samskipti fólks og hvernig það er að vera útlendingur á Íslandi. Það er gert mikið grín að okkur og þetta verður sýnist mér alveg óhugnanlega fyndin sýning. Útlendingarnir leika Íslendinga svo allir Íslendingarnir í verkinu eru með hreim.“ María er líka á fullu að skrifa handrit að Stelpunum ásamt öðrum, en tökur á þriðju seríu þess vinsæla gamanþáttar hefjast seinna í haust.

En það er ekki bara í vinnunni sem mikið er að gera hjá Maríu; það er líka nóg að stússast heimafyrir. „Sonur minn Jörundur fæddist hér heima í mars og hann er alveg guðdómlegur. Hann hefur skap föður síns og er ljúfur og góður – alveg greinilega ekki frá mér komið. Svo erum við að hugsa um að kaupa okkur nýjan bíl og nýja íbúð.“ María segir þau hjónin ekki vera farin að skoða húsnæði að neinu ráði en ekkert komi til greina nema miðbærinn.

„Annars er hann Magni búinn að yfirtaka líf mitt undanfarið,“ segir María. „Ég hlakka ekkert smá til þegar það ævintýri klárast svo ég geti farið að sofa á nóttunni!“

## SJÓNARHÓLL

FRIÐARSÚLA YOKO ONO Í VIÐEY



MAGNÚS KJARTANSSON TÓNLISTARMAÐUR

### *Hefði farið fyrir 30 árum*

„Við blessum súluna og vonum að af henni stafi friður í allar áttir í nafni Johns Lennon, þess mikla snillings,“ segir Magnús Kjartansson tónlistarmaður um friðarsúlu Johns Lennon sem Yoko Ono hyggst reisa 9. október nk., en væri Lennon lifandi héldi hann þá upp á 66 ára afmæli sitt. Magnús segist ekkert vita um málið nema það sem hann hefur lesið á hraðbergi í blöðum. „Ég hef t.d. ekki séð mynd af blessaðri súlunni ennþá. Maður hefði nú tekið kipp yfir þessum fréttum fyrir 30 árum og líklega farið út í eyju til að vera viðstaddur. Yoko Ono var nú samt aldrei í uppáhaldi enda kom allt annar andi í samstarf Bítlanna eftir að hún lagði Lennon undir sig – eða eigum við að segja; ofan á sig. En hún er samt greinilega í þessu friðarbrölti af fullri einlægni.“

90% HEIMILA NÁ SIRKUS TV

ADSL : RÁS 15
BREIÐBANDIÐ : RÁS 69
DIGITAL ÍSLAND : RÁS 5

EINNIG ER HÆGT AÐ NÁ SIRKUS TV MEÐ VENJULEGU UHF LOFTNETI

SIRKUS TV

# Enginn metingur á milli Þórbergs- og Laxnesssafnanna

**Halldór Laxness og Þórbergur Þórðarson voru höfuðsnillingar íslenskra bókmennta á síðustu öld. Nú hefur báðum verið reist vegleg minnismerki í formi safna. Þorbjörg Arnórsdóttir er forstöðukona Þórbergssetursins en Guðný Dóra Gestsdóttir ræður ríkjum á Gljúfrasteini. Þær hafa hvorugar komið á söfn „keppinautarins“, en það stendur til.**

„Það hefur staðið til lengi að fara á Gljúfrastein,“ segir Þorbjörg í Þórbergssetri. Hún segir að það hafi gengið mjög vel síðan setrið var opnað 1. júlí sl. „Það hafa um 4.000 manns heimsótt okkur og það er gaman að finna hversu sterk tengsl fólk hefur við bækur Þórbergs. Við viljum hafa þetta lifandi safn með starfsemi allan ársins hring og liður í því er hátíðarmálþing sem við höldum helgina 13.-14. október.“

Guðný Dóra á Gljúfrasteini hefur ekki komið í Þórbergssetrið ennþá. „Ég er búin að vera á leiðinni í allt sumar og stefni nú á að komast á hátíðarmálþingið.“ Hús skáldsins á Gljúfrasteini var opnað almenningi fyrir tveim árum og Guðný segir að um 20.000 manns hafi komið í heimsókn. „Næsta verkefni hjá okkur er að bjóða upp á „bók mánaðarins“ þar sem við fáum einhvern skemmtilegan til að fjalla um eina bók Halldórs og spjalla um hana við gesti. Jón Karl Helgason ríður á vaðið og tekur Atómstöðina fyrir núna í september.“

Halldór Laxness og Þórbergur stóðu oft í orðaskaki um hin ýmsu mál á sínum tíma og voru ekki frægir fyrir mikinn kunningsskap.

Bæði Þorbjörg og Guðný blása þó á að samkeppni eða metingur sé á milli safnanna. „Samstarfssamningur er meira að segja í bígerð á milli okkar,“ segir Þorbjörg og Guðný bætir við að þær séu á leiðinni til Svíþjóðar á ráðstefnu rithöfunda- og tónskáldasafna á Norðurlöndunum. „Þarna verða til dæmis fulltrúar frá söfnum HC Andersen, Grieg, Lindgren og Blixen og við getum örugglega lært heilmikið af þessu fólki,“ segir Guðný. Með í för verður fulltrúi frá Gunnarsstofnun í Skriðuklaustri. Þar er sem kunnugt er safn Gunnars Gunnarssonar rithöfundar; þriðja stórmennis bókmenntanna á síðustu öld sem lifir nú á safni.

gunnarh@frettabladid.is



**MINNING ÞÓRBERGS OG LAXNESS LIFIR Á SÖFNUM** Forstöðukonur safnanna segjast báðar á leiðinni að sjá safnið hjá hinni.

## RITHÖFUNDASETUR FRAMTÍÐAR?



**Arnaldssetur**
Í hegningarhúsinu á Skólavörðustíg?



**Vigdísarstaðir**
Að Grandavegi 7?



**Guðbergsstofnun**
Á æskuslóðunum í Grindavík?



**Guðrúnareyja**
Skemmtigarður í Engey þar sem leikarar klæddir upp sem Jón Oddur og Jón Bjarni og Páll Vilhjálmsson skemmta gestum?



**Hallgrímssafn**
Á Kaffibarnum?



**Draumaland Andra Snæs**
Í yfirgefinni virkjun á Kárahnjúkum?

# Pysjueftirlitið vinsælt í Eyjum

Gísli Óskarsson, kennari, fræðimaður og fréttaritari NFS, hefur í áratug stundað sínar eigin lundapysjurannsóknir í Vestmannaeyjum. Brennandi áhugi hans hefur smitað út frá sér og nú í ár er fjórða árið sem Náttúrugripasafnið og Rannsóknarsetrið í Vestmannaeyjum starfrækja sérstakt pysjueftirlit í samvinnu við grunnskólann. Þeir sem finna lundapysjur vigta þær á vigt sem er staðsett utan við Náttúrugripasafnið, skrá þyngd pysjunnar og skrásetja það á þar til gert blað, sem skilið er eftir hjá Náttúrugripasafninu.

„Það er mikill áhugi fyrir þessu hérna og krakkarnir voru á fullu um síðustu helgi,“ segir Gísli. „Það voru um áttatíu krakkar að leita en það fundust bara tólf pysjur. Það segir sína sögu, því það er veruleg fækkun á stofninum í ár. Pysjurnar eru fáar, í léttari kantinum og seinna á ferðinni en vanalega.“

Hverju kennir Gísli um? „Ja, það er nú það. Ef menn þykjast hafa svör þá kvikna bara enn fleiri spurningar. En það eru fjölmargar tilgátur og þar sem lífríkið er gríðarlega fínstillt þá hlýtur þetta að tengjast einhverri röskun þar. Til dæmis lélegum sandsílastofni, sem er 90 prósent fæði lundans hérna, hækkandi hitastigi sjávar, þörungarblóma eða jafnvel tengist þetta eitthvað umbrotum í Kötlu. Svo var vorið kalt og það hefur áhrif.“



**GÍSLI ÓSKARSSON VIGTAR PYSJU** Lundapysjurnar eru færri, léttari og seinna á ferðinni en í meðalári.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P FRIÐRIKSSON

En hvað með kanínurnar í Vestmannaeyjum – eru þær kannski vandamálið? „Kanínurnar?“ hváir Gísli. „Nei, það sjást engar kanínur hér lengur. Það var fljótgert að skjóta þær allar.“

Greinilega ekki það sama í Eyjum, kanína og Séra Lundi!

- gh


skemmtilegri innkaup
meira fyrir minna
Náttura fæðubótaefni
C 500 Vítamín
Náttura fæðubótaefni
C 250 Vítamín
Náttura fæðubótaefni
C 100 Vítamín
Náttura fæðubótaefni
B Vítamín
Náttura fæðubótaefni
E 500 Vítamín
Náttura fæðubótaefni
L- Karnitín til fitubrennslu
Náttura fæðubótaefni
Rautt Kóreu Ginseng
Náttura fæðubótaefni
Q10
Náttura fæðubótaefni
Liðabót - fyrir liðina
Náttura fæðubótaefni
Kalk bætiefni
Náttura fæðubótaefni
Járn með C vítamíni
Náttura fæðubótaefni
Fjölvítamín
Náttura fæðubótaefni
B sterkt vítamín
Náttura fæðubótaefni
Sólhattur
2 fyrir 1
af frábærum vítamínum í nettó
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 14. september til 17. september eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

## Svona erum við

> Skráð fyrirtæki og félög á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: ÁGREININGUR UM VODKA

# *Vodkastríð í Evrópusambandinu*

Aðildarríki Evrópusambandsins greinir nú á um vodka og úr hverju áfengið skuli gert úr. Vodkasérfræðingar sumra landanna segja að gera megi drykkinn úr alls konar landbúnaðarvörum, en aðrir telja að alvöru vodki sé eingöngu gerður úr korni eða kartöflum. Vonast Finnar, sem aðhyllast strangari reglur, til þess að leysa úr ágreiningnum fyrir lok tímabils þeirra í forsæti sambandsins í desember.

### Úr hverju er vodki gerður?

Það fer eftir löndunum úr hverju áfengið er unnið. Helst er vodki gerður úr hveiti í Rússlandi og Svíþjóð, úr byggi í Finnlandi, og rúgi og kartöflum í Póllandi. Annars staðar er hann unninn úr sykurrófum og ávöxtum, þar með töldum vínberjum. Í raun er hægt að eima glæran áfengan vökva úr öllu sem gerjast. Sagan segir að meðan kommúnistatímabilið varði í Póllandi, hafi landsmenn þar notast við kol til að búa til vodka, en ekki tekist að nota hænsni í sama tilgangi. Aukaafurð úr trjákvoðuiðnaðinum í Svíþjóð var einnig eitt sinn notuð. Bragðið fer þó aðallega eftir eimingartækninni sem notuð er og þarf maður að vera afar reyndur vodkadrykkjumaður til að finna bragðmun á vodka sem unninn er rúg, hveiti eða kartöflum.

### Hvaðan kemur vodki?

Orðið „vodka“ kemur úr orðinu „voda“ sem þýðir vatn á pólsku og rússnesku. Drykkurinn er ævaforn, en notkun hans sem bragðlítils áfengis í hanastél hófst í Bandaríkjunum eftir að áfengisbanninu var létt þar á síðustu öld. Vodki barst svo til Vestur-Evrópu eftir síðari heimsstyrjöldina og farið var að eima hann á Norðurlöndunum á áttunda áratugnum.



Síðan hefur drykkurinn hefur notið æ meiri vinsælda og selst hann nú meira í Bretlandi en viskí. Eins vaxa vinsældir hans í Þýskalandi og Suður-Evrópu, en í Svíþjóð og Póllandi aðhyllast færri hann en áður. Enn er hann drukkinn óblandaður með mat í Rússlandi og víðs vegar um Austur-Evrópu, en yngra fólk er farið að blanda hann meir en áður.

## SPURT & SVARÐ

TRYGGINGAFÉLÖG SÖKUÐ UM SVIK



ÞÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR

### *Bílatjón dýrust*

Þóra Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Sjóvá, þvertekur fyrir að tryggingafélög reyni að svíkja almenning. Hún segir Sjóvá leggja áherslu á að afgreiða málin rétt og borgi fólki bætur með bros á vör í yfirgnæfandi fjölda tilfella. Þóra segir alveg skýrt að ekkert samráð sé um ákvörðun iðngjalda en bætir við að íslensk tryggingafélög séu á sama markaðnum.

**Hvað greiðir Sjóvá í bótafjárhæðir árlega?**

„Á síðasta ári voru bókfærð tjón Sjóvá-samstæðunnar 6.587.030.762 sem þýðir að bókfærð tjón eru 18 milljónir hvern dag ársins.“

**Í hvaða flokki eru dýrustu tjónin?**

„Hæstar greiðslur eru greiddar vegna tjóna sem ökutæki valda. Hér er bæði um að ræða munatjón og slysatjón. Næst í röðinni koma tjón vegna almennra ábyrgðartrygginga í atvinnurekstri og brunatrygginga húseigna.“

MARKAÐURINN

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Atvinnumálin eru Akkilesarhæll Perssons í komandi kosningum

**Mikil spenna er í kosningabaráttunni fyrir þingkosningarnar í Svíþjóð á sunnudag. Svo gæti vel farið að jafnaðarmenn misstu völdin, þrátt fyrir að sænskt efnahagslíf sé í góðri uppsveiflu. Óánægja með aðgerðir – eða aðgerðaleysi – stjórnarinnar í atvinnumálum, þreyta á langri valdasetu Görans Persson og fordæmislaus samstaða borgaralegu flokkanna undir forystu ungs og „miðjusækins“ leiðtoga „Nýja Hægriflokksins“ leggst allt á eitt að auka líkur á stjórnarskiptum.**

Jafnaðarmenn eyða miklu púðri í að vara við „óörygginu“ sem landsmenn myndu kalla yfir sig með því að kjósa borgaralegu flokkana til valda. Slíkur hefðbundinn hræðsluáróður gegn „hægrigrýlunni“ virðist þó ekki bíta vel á kjósendur í þetta sinn.

Sænskir stjórnmálaskýrendur sem Fréttablaðið náði tali af í Stokkhólmi eru líka á einu máli um að atvinnumálin séu veikasti flöturinn á málefnastöðu stjórnarinnar. Það, ásamt hinni fordæmislausu samstöðu borgaralegu flokkanna fjögurra – þeir ganga nú í fyrsta sinn til kosninga með sameiginlega stefnuskrá – hefur veikt vígstöðu stjórnarinnar í kosningabaráttunni það mikið að jafnvel vel tímasett hneyksli virðist varla ætla að duga til að jafnaðarmenn haldi völdum.

Þótt hneykslið um innbrot starfsmanna Þjóðarflokksins, eins borgaralegu flokkanna, í innra tölvunet Jafnaðarmannaflokksins hafi varpað skugga á endasprett kosningabaráttunnar virðist það þó lítil áhrif ætla að hafa á það hvor fylkingin hefur betur þegar talið verður upp úr kjörkössunum, ef marka má skoðanakannanir.

### Umbylting á flokkalandslaginu

Henrik Brors, aðalstjórnmálaskýrandi dagblaðsins Dagens Nyheter, segir í samtali við Fréttablaðið að pólitíska landslagið fyrir þessar kosningar sé allt annað en ríkti fyrir þær síðustu, árið 2002. Síðan þá hafi tveir af borgaralegu flokkunum gengið í gegnum mikla umbyltingu, Hægriflokkurinn hafi færst í átt að miðju og Miðflokkurinn – sem á rætur sínar í bændahreyfingunni og átti síðast á tíunda áratugnum þátt í að styðja ríkisstjórn jafnaðarmanna – hefur undir Maud Olofsson færst til hægri, í átt að meiri frjálslyndishugmyndum en hann áður stóð fyrir.

Hinn lánlausi Bo Lundgren, sem farið hafði fyrir Hægriflokknum fyrir kosningarnar 2002, var felldur eftir einhverja verstu útkomu í sögu flokksins, en í stað þess að fá þann fimmtung til fjórðung atkvæða sem flokkurinn er vanur féll fylgið niður í rúm 15 prósent. Við tók Fredrik Reinfeldt, sem að sögn Brors hafði undirbúið yfirtökuna vel.

„Reinfeldt var einn af þeim fáu sem eitthvað kvað að í flokknum sem hafði vogað sér að gagnrýna (Carl) Bildt og nýfrjálshyggjuhugmyndir helztu fylgismanna hans,“ segir Brors. „Uppskriftina að „Nya Moderaterna“ sótti Reinfeldt til efnahagsstefnu Clintons í Bandaríkjunum og „New Labour“ Tonys Blair í Bretlandi. Aðalatriðið var að gera flokkinn „kjósanlegan“ í augum breiðari kjósendahóps og þar með jafnframt að gera flokkinn hæfari til að taka við ábyrgð á ríkisstjórninni,“ bendir Brors á.

### Sátt um grunn velferðarkerfisins

Mikilvæg forsenda fyrir þessari umbyltingu Reinfeldts á Hægriflokknum segir Brors vera þá, að hann sé af þeirri kynslóð Svía sem hafi alizt upp við hið rausnarlega velferðarkerfi og telji sér ekki skylt að halda áfram þeim hörðu hugmyndafræðilegu átökum um það sem fyrirrennarar hans stunduðu. Á spjallfundi á skemmtistaðnum Sturecompagniet í Stokkhólmi á mánudagskvöld staðfesti Reinfeldt þetta í svari við spurningu



**„NÝI VERKAMANNAFLOKKURINN“** Fredrik Reinfeldt er andlit „Nýja Hægriflokksins“ og beitir fyrir sig kosningaslagorðinu „Svíþjóð þarfnast nýs verkamannaflokks“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

áheyranda. „Nú eru einfaldlega aðrir tímar. Samstaða um vissan grunn velferðarkerfisins er eðlileg,“ sagði hann.

Sameiginleg stefnuskrá borgaralegu flokkanna, miðjusækni „Nýja Hægriflokksins“ og „kjörþokki“ hins unga og mjúkmála Reinfeldts hefur gert að verkum að nú standa sænskir kjósendur í fyrsta sinn í langan tíma frammi fyrir skýrum og trúverðugum valkosti við „valdaáskrifendurna“ í Jafnaðarmannaflokknum. Jafnaðarmenn hafa hingað til jafnan getað slegið sér upp á því að vara við „glundroðanum til hægri“.

En í þetta sinn er „glundroðahættan“ á vinstrivængnum. Minnihlutastjórn jafnaðarmanna hefur undanfarið kjörtímabil treyst á stuðning Vinstriflokksins og græningja. Í báðum þessum smáflokkum eru nú uppi kröfur um að fulltrúar þeirra fái sæti í ríkisstjórninni, takist vinstriflokkunum að halda þingmeirihlutanum.

Þannig hafa borgaralegu bandalagsflokkarnir getað varað við því



**SJÓNVARPSKAPPRÆÐUR** Forsætisráðherranefnin Göran Person og Fredrik Reinfeldt tókust á í kappræðum á sunnudagskvöld. Stjórnmálaskýrandinn Henrik Brors telur það munu ráða úrslitum hvort kjósendur taki frekar trúanlega sýn Perssons eða Reinfeldts á stöðu atvinnumálanna í landinu.

að maður eins og Lars Ohly, formaður Vinstriflokksins, gæti orðið fjármálaráðherra ef kjósendur veita borgaralegu flokkunum ekki umboð til stjórnarskipta. Erik Fichtelius, sem um árabil stýrði stjórnmálaskýringaþætti í sænska ríkissjónvarpinu SVT, segir reyndar í samtali við Fréttablaðið að jafnaðarmenn myndu aldrei fallast á að láta undan slíkum kröfum. En þetta atriði geri samstöðu borgaraflokkanna þeim mun þungvægari í kosningunum.

### Eigið gildi stjórnarskipta

Borgaralegu flokkarnir hafa jafnframt lagt áherzlu á eigin gildi stjórnarskipta. Lars Leijonborg, formaður Þjóðarflokksins, lagði áherzlu á þetta á kosningafundi í Gautaborg um helgina, er hann sagði: „Stjórnarskipti eru gagnleg í sjálfu sér. Fólk þarf að gera sér grein fyrir að Jafnaðarmannaflokkurinn er eins og hver annar stjórnmálaflokkur, en ekki það sama og ríkisvaldið.“

Fredrik Segerfeldt, verkefnisstjóri hjá markaðshyggju-hugmyndabankanum Timbro, vísar til nýgerðrar rannsóknar á birtingarmyndum alltumlykjandi valda Jafnaðarmannaflokksins og verkalýðshreyfingarinnar í Svíþjóð til að leggja áherzlu á mikilvægi stjórnarskipta fyrir sænskt lýðræði. Rannsóknin ber yfirskriftina „Einsflokks-ríkið“ (Enpartistaten). Segerfeldt segir jafnaðarmenn, með stuðningi sænska Alþýðusambandsins og annarra stofnana sem tengist flokknum, eyða sem svarar um fimm milljörðum íslenzkra króna í kosningabaráttu sína. Sem hlutfall á hvern íbúa sé það margfalt það sem George W. Bush hefði eytt í sína kosningabaráttu fyrir síðustu forsetakosningar vestra.

### Atvinnumálin í brennidepli

Bandalag borgaralegu flokkanna segist berjast fyrir atvinnuskapandi stjórnarstefnu, sem stjórn jafnaðarmanna hafi í tólf ár sýnt sig að vera ekki fær um. Hún loki meira að segja augunum fyrir vandamálinu, þar sem hún beiti vafasömum tölfræðiaðferðum til að „reikna atvinnuleysið niður“.

Jafnaðarmenn aftur á móti kalla atvinnustefnu borgaralegu flokkanna „öryggisleysisstefnu“, og reyna þannig sem fyrr að útmála „hægrigrýluna“ sem vilji eyðileggja velferðarkerfið.

Í kosningaáróðri jafnaðarmanna er slagorðið „jobben kommer“ áberandi, þ.e. að fleiri störf séu „á leiðinni“, en með þessu er átt við að hagvöxturinn muni fyrr en síðar skapa störf fyrir þá atvinnulausu. Hins vegar verkar slíkt slagorð greinilega nokkuð innantómt á kjósendur, þegar það kemur frá flokki sem stjórnað hefur landinu óslitið í tólf ár. Hann hefur reyndar stjórnað því í 65 af síðustu 74 árum.

Göran Persson hefur í kosningabaráttunni eytt miklu púðri í að vara við því hvað borgaralegu flokkarnir hafi í hyggju, komist þeir að stjórnartaumunum. „Þeir segja það ekki hreint út, en þeir segja í raun þetta: Þú átt ekki að hafa efni á að vera atvinnulaus,“ sagði Persson á kosningafundi í Trollhättan á mánudag.

Reinfeldt og félagar hans í borgaralega bandalaginu segja hins vegar að atvinnusköpun ríkisstjórnar jafnaðarmanna takmarkist við að setja fleira fólk á launaskrá hjá hinu opinbera. Háskattastefnan bæði á laun og sérstaklega á allan sjálfstæðan rekstur, máttur og ósveigjanleiki verkalýðsfélaganna og fleira sem einkenni kerfið eins og það er nú, hindri að ný og arðbær störf skapist í landinu.

Að sögn stjórnmálaskýrandans Henriks Brors mun það sennilega ráða úrslitum í kosningunum hvort kjósendur taki frekar trúanlega sýn Perssons eða Reinfeldts á stöðu atvinnumálanna í landinu og hvað gera skuli í þeim.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# Slappaðu af...

## Mikið úrval af RELAX sófasettum

*Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri*



**Leðurhornsófi** 1+2+1 M75



**Leðursófasett** 3+2+1 8065



**Leðursófasett** 3+2+1 8052



**Leðursófasett** 3+2+1 7251



**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 3217



**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris



**Leðursófasett** 3+1+1 Silví



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany



**Leðursófasett** 3+1+1 B128

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skjólbrekkuyfirlýsingin:

## Möguleg kosningaháttabót

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Í tengslum við fund Samfylkingarinnar í Skjólbrekku um síðustu helgi lýsti flokksformaðurinn því yfir að rétt væri að stjórnarandstöðuflokkarnir mynduðu ríkisstjórn að loknum næstu kosningum. En hvað þýðir slík yfirlýsing þegar til kastanna kemur? Hefur hún eitthvert raunverulegt pólitískt gildi?

Þegar þeirri spurningu er svarað verður að taka tillit til þess að formaður Samfylkingarinnar hefur jafnframt hafnað formlegu kosningabandalagi stjórnarandstöðuflokkanna. Á hinn bóginn hafði formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs lýst áhuga á fastara samstarfi af því tagi.

Skjólbrekkuyfirlýsingin er því í raun og veru staðfesting eða ítrekun á kaffifundi forystumanna stjórnarandstöðunnar á dögunum.

Skoðanakannanir benda eins og sakir standa til þess að mjótt sé á munum milli stjórnarflokkanna annars vegar og stjórnarandstöðuflokkanna hins vegar. Að því leyti eru yfirlýsingar af þessu tagi ekki óraunhæfar.

En í raun réttri fela þær ekki annað í sér en að stjórnarandstöðuflokkarnir heita hver öðrum eins konar forgangssamtölum um stjórnarmyndun, að því gefnu að ríkisstjórnin falli. Í sjálfu sér er þetta afar veik pólitísk binding. Henni verður ekki einu sinni jafnað til forkaupsréttar.

Eigi að síður hefur hún nokkuð pólitískt gildi. Á þessum vettvangi hefur ítrekað verið vakin athygli á mikilvægi þess fyrir þróun lýðræðis í landinu að kjósendur gætu með beinum hætti valið um ríkisstjórn. Á móti því verður ekki mælt að Skjólbrekkuyfirlýsingin er skref í þá veru.

Ólíklegt er að báðir stjórnarflokkarnir séu reiðubúnir til þess að gefa yfirlýsingar af þessu tagi. Það hefði eigi að síður verið æskilegt horft frá þeim sjónarhóli að kosið verði um skýra kosti.

Mikilvægt er á hinn bóginn að hafa í huga að málefnaumræðan á komandi vetri getur auðveldlega ruglað það rím sem hér er verið að setja saman. Stíf Evrópusambandsumræða af hálfu Samfylkingarinnar getur til að mynda veikt þessa stöðu. Loforð um forgangssamtöl gætu þannig orðið nafnið eitt.

Ríkisstjórnin hefur þar á móti gefið fyrirheit um að flytja nokkur þingmál sem líkleg eru til þess að þjappa stjórnarandstöðuflokkunum saman og gera samstarf þeirra líklegra. Ríkisútvarpsfrumvarpið getur til dæmis augljóslega haft veruleg áhrif í þá veru. Litlar fyrirstöður breyta stundum straumfalli.

Aðalatriðið er þó að ekki er útilokað að kjósendur eigi í vændum að velja milli skýrari kosta um ríkisstjórn en oftast nær áður í þingkosningum. Það væri kosningaháttabót.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

BANTHAI Laugavegi 130
Það vantar:
Starfsfólk í sal. - Kvöldvinna
Kokk - Dag- og kvöldvinna
Starfsmann í útkeyrslu á eiginn bíl
Góð Laun í boði
Banthai
Uppl. 896 3536

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kristján fram

Almælt er á Akureyri og víðar að Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, sé á leið í þingframboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Kristján var bæjarstjóraefni sjálfstæðismanna í vor og varði nokkru púðri í að sannfæra kjósendur um að hann byði sig fram til að verða bæjarstjóri næstu fjögur árin og væri þar af leiðandi ekki á leið í þingframboð. Eftir samstarfssamning sjálfstæðismanna við Samfylkinguna er litið svo á að Kristján sé óbundinn af fyrri yfirlýsingu enda fær Samfylkingin bæjarstjórastólinn þegar eitt ár er eftir af kjörtímabilinu.



### Heiðarlegur skattgreiðandi

Skúli Eggert Þórðarson hefur verið skipaður í embætti ríkisskattstjóra, en hann hefur gegnt starfi skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í því embætti gaf hann umsögn sína um birtingu álagningarskráa eftir að kvörtun barst til Persónuverndar. Þar sagði: „Út frá sjónarhóli heiðarlegs skattgreiðanda er birting slíkra upplýsinga að engu leyti athugunarverð. Þvert á móti er honum gefinn kostur á því að fylgjast með hvað samborgarar hans þurfa að greiða til samfélagsins.“ Með sömu rökum má réttlæta birtingu upplýsinga um hvað einstaklingar fá til baka frá hinu opinbera, til dæmis í formi styrkja eða bóta. „Heiðarlegur“ bótaþegi hafi ekki neitt að fela og skattgreiðendur geti þá fylgst með hvað samborgarar fái frá samfélaginu. Skúli Eggert setur nefnilega hagsmuni ríkisins ofar hagsmunum einstaklingsins til að fá að vera í friði með sín persónulegu mál.



### Litlir njósnarar

„Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur tekið til rannsóknar aðila vegna ábendinga sem risið hafa í kjölfar opinberrar birtingar álagningarskráa,“ skrifaði Skúli Eggert jafnframt. Annars hefði líklega ekki komist upp um þau mál. Spurning hvort hann vilji gera fólk að litlum njósnurum fyrir skattyfirvöld, sem klagi nágranna sína fyrir hugsanleg skattsvik. Betur fer á því að eftirlitið sé á hendi sérþjálfaðs starfsfólks sem hefur aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og getur greint þær rétt.

bjorgvin@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## Haust fyrir fimmtíu árum



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Í DAG | Alþjóðamál og stórveldi

*Nú fimmtíu árum síðar stendur breska stjórnin enn með Bandaríkjunum í öllum málum en önnur leiðandi ríki í Evrópu reyna enn að ná saman um öðru vísi stefnu í vaxandi fjölda alþjóðlegra málefna.*

Vilji menn sjá hvernig einstakir atburðir geta breytt heiminum ættu þeir að horfa fimmtíu ár, frekar en fimm ár aftur í tímann. Hryðjuverkaárásin á New York hefur haft mikil áhrif en fullyrðingar um að hún hafi gjörbreytt heiminum eru hins vegar augljóslega rangar. Framleiðslukerfi heimsins og alþjóðleg kerfi í viðskiptum, fjármálum og jafnvel stjórnmálum eru óbreytt. Kína heldur áfram að þróast í efnahagslegt og pólitísk stórveldi og sömuleiðis Indland. Fátt breyttist í málefnum Afríku og ekkert í Suður-Ameríku. Málefni Miðausturlanda eru í sama hnút og áður. Olían frá Persaflóa skiptir enn öllu máli. Enn deyja tugir þúsunda barna á dag úr fátækt. Heimurinn stefnir á óbreyttum hraða inn í mestu umhverfisslys sögunnar.

Atburðir fyrir réttum fimmtíu árum síðan höfðu mun djúpstæðari áhrif. Sumarið 1956 þjóðnýtti egypska stjórnin Súez-skurðinn. Bretar höfðu lengi stjórnað Egyptalandi með beinum eða óbeinum hætti þegar ungir herforingjar undir forustu Nassers bundu enda á gerspillta konungsstjórn landsins og ráku breskan her úr landi. Breska stjórnin sagði skurðinn vera lífæð breska heimsveldisins, sem þá var þó nánast hrunið, og gerði opinbert bandalag við Frakkland og leynilegt bandalag við Ísrael um innrás í Egyptaland. Skurðurinn skipti máli en eins og svo oft í alþjóðamálum skipti fordæmið enn meira máli. Frakkar stóðu í nýlendustríðum í Norður-Afríku. Bretar óttuðust um áhrif sín í Miðausturlöndum og töldu sig ekki geta liðið uppsteyt af þessu tagi. Bandaríkin lögðust hins vegar gegn innrásinni. Stjórn Eisenhowers vissi að íbúar Miðausturlanda og Asíu myndu fordæma innrásina, sem greinilega snerist ekki um annað en þrönga hagsmunagæslu evrópskra stórvelda. Breska stjórnin neitaði að hlusta á ráð Bandaríkjamanna. Á endanum var ekki nóg að endurheimta Súez-skurð fyrir breska heimsveldið, heldur vildu Bretar líka skipta um stjórn í Egyptalandi og sögðu Nasser hættulegan friði í heiminum.

Innrásin gekk vel, enda höfðu Bretar, Frakkar og Ísraelsmenn í sameiningu mikla yfirburði á hernaðarsviðinu. Tylliástæðan fyrir innrás vestrænu stórveldanna var að þau þyrftu að stilla til friðar eftir að Ísraelsmenn höfðu gert innrás í Egyptaland. Þetta er ekki eldri saga en svo að stjórnandi fallhlífasveitanna sem réðust inn fyrir egypsku landamærin var Ariel Sharon. Nasser gat ekki stöðvað innrásarliðið en það gátu Bandaríkjamenn og þeir gerðu það með því að setja Bretum úrslitakosti. Sumir segja að breska heimsveldið hafi endanlega hrunið þessa haustdaga fyrir fimmtíu árum þegar í ljós kom að eitt orð frá forseta Bandaríkjanna dugði til að breskur her yrði dreginn í burtu frá líflínu heimsveldisins. Breskum her yrði ekki framar beitt til að ná markmiðum landsins í heimsmálum nema með samþykki Bandaríkjanna. Síðan hafa Bretar verið í því hlutverki í heiminum sem þeir hafa leikið síðustu árin undir forustu Tony Blair. Eftir innrásina í Írak, stuðning Bandaríkjanna við öfgaöfl í Ísrael og atburði sumarsins í Líbanon er breska þjóðin hins vegar orðin þreytt á þessu hlutverki.

Frakkar lærðu allt aðra lexíu af Súez en Bretar. Þeim varð ljóst að Evrópuríki gætu ekki framar leikið stórt hlutverk í heimsmálum nema þau stæðu saman. Þetta gerðu Þjóðverjar sér einnig ljóst. Súez-stríðið varð til að ýta mjög undir tilraunir manna til stóraukinnar samvinnu ríkja á meginlandi Evrópu. Sem betur fer þróaðist stefna Evrópuríkja í alþjóðamálum í allt aðrar áttir en hún stefndi í fyrir fimmtíu árum. Stefna Bandaríkjanna breyttist hins vegar líka og fór með tímanum að líkjast í mörgum greinum þeirri stefnu sem evrópsku nýlenduveldin höfðu fylgt í heimsmálum. Nú, fimmtíu árum síðar, stendur breska stjórnin enn með Bandaríkjunum í öllum málum en önnur leiðandi ríki í Evrópu reyna enn að ná saman um öðruvísi stefnu í vaxandi fjölda alþjóðlegra málefna, allt frá umhverfisvernd til mannréttinda, stríðsglæpa og málefna einstakra heimshluta.

Þetta haust fyrir fimmtíu árum réðist sovéskur her inn í Ungverjaland. Innrásin var auðvelduð með Súez-stríðinu því leiðandi ríki Evrópu gátu ekki fordæmt innrás Sovétmanna af sjálfsögðum ástæðum.

Þetta haust fæddist arabísk þjóðernisstefna sem nú er að víkja fyrir pólitískum hreyfingum á grunni íslamskrar trúar vegna árangursleysis í Palestínumálinu og mörgum öðrum málum. Þetta haust varð Palestínumálið að alþjóðlegu deiluefni og Bandaríkin urðu ráðandi stórveldi í Miðausturlöndum.

## Vörumerkið Ísland

UMRÆÐAN

Ísland og umheimurinn



HALLA TÓMASDÓTTIR

Alþjóðavæðingin veldur því að nú keppa lönd á einum markaði um neytendur, ferðamenn, fjárfesta og frumkvöðla. Í markaðsvæddu alþjóðasamfélagi er upplýsingaflæði orðið svo mikið að fæstir hafa tíma til að setja sig sérstaklega inn í raunverulegar staðreyndir um eitt land öðru fremur. Ímyndin sem sett er fram af alþjóðlegum fjölmiðlum verður raunveruleiki í hugum flestra. Enda er sjaldnast tími til að vaða í gegnum hafsjó upplýsinga til að kynna sér hvernig hlutirnir eru í raun og veru.

Ísland lenti á fyrri hluta ársins í ólgusjó misskilnings. Misupplýstir fjölmiðlar og greiningaraðilar á alþjóðamarkaði lögðu sitt af mörkum við að skapa ímynd landsins. Gagnrýnin var töluverð og þó að sumt ætti við nokkur rök að styðjast er óhætt að segja að mikið af alþjóðlegri fjölmiðlaumfjöllun í vor var upplifun fremur en raunveruleiki. Afleiðingin varð óróleiki á fjármálamörkuðum, veiking krónunnar og versnandi kjör bankanna, sem skila sér áfram til fyrirtækja og neytenda. Aukið upplýsingaflæði bankanna og menntunarátak í stöðu íslenska hagkerfisins náði eyrum þeirra sem máli skipta og viðsnúningur varð í umræðunni. Ástandið virðist hafa náð einhverju jafnvægi á ný.

Íslendingar hafa skemmtilega sögu að segja. Okkar litla land er með samkeppnishæfustu löndum heims. Við erum rík, með háar meðaltekjur og miklar lífeyriseignir. Vissulega erum við skuldug, en við erum líka ung og erum enn að eignast mörg börn. Rekstrarumhverfi fyrirtækja er hér nokkuð hagfellt með skynsamlegu og hvetjandi skattaumhverfi og vel menntuðum mannauð. Þá eigum við fleiri frumkvöðla en flestir og allt gerir þetta það að verkum að hér er mikil velmegun og lítið atvinnuleysi.

En fyrir hvað stendur Ísland? Hvaða skilaboð ætlum við að senda út í alþjóðlega upplýsingahafið í von um að það laði til okkar neytendur, ferðamenn, nemendur, fjárfesta og frumkvöðla til langframa. Viðskiptaráð ætlar á næstu mánuðum að skapa vettvang þar sem stjórnvöld og viðskiptalíf vinna sameiginlega í „vörumerkinu Ísland“. Það kann að vera okkar verðmætasta en jafnframt vanmetnasta auðlind.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.*

omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ
## INNRÉTTINGAR

omega TILBOÐ!



WLU-150 146x49 sm
Útlit: Eik
Verð stgr. kr. 72.900



WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans
Verð stgr. kr. 76.900



WLU 151 115x48 sm
Útlit: Hvítt háglans
Verð stgr. kr. 69.900



WLU 147 86x48 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik / Hnota
Verð stgr. kr. 49.900



WLU 06A 120x49 sm
Útlit: Hvítt háglans
Verð stgr. kr. 56.900



WLU-149 116 x 49 cm
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Verð stgr. kr. 59.900



WLU 125 45x30 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik
Verð stgr. kr. 26.900



WLU 126 50x40 sm
Útlit: Hvítt háglans / Svart háglans
Verð stgr. kr. 28.900

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Skylda og réttur lögreglu til aðgerða

**UMRÆÐAN**

Fyrri grein lögreglustjóra um aðgerðir lögreglu gegn mótmælendum.

Hlutverk lögreglu í samfélaginu er ítarlega skilgreint í upphafsgrein lögreglulaga. Meginhlutverk hennar er að gæta öryggis í samfélaginu, halda uppi lögum og reglu, tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda auk þess eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Lögreglan gegnir líka því mikilvæga hlutverki að sinna forvörnum, þ.e. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins. Þá sinnir lögreglan einnig því hlutverki að vinna að uppljóstran brota og stöðva ólögmæta háttsemi. Lögreglan á ennfremur að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að og fleira mætti nefna. Þessu hlutverki sinnir lögreglan á öllum sviðum og stigum þjóðfélagsins. Hlutverkinu hefur lögreglan sinnt svo vel að hún hefur undanfarinn áratug verið meðal efstu stofnana þjóðfélagsins þegar kannað er traust til opinberra aðila. Einungis Háskóli Íslands nýtur meira trausts.



STEFÁN EIRÍKSSON

Á undanförnum vikum og raunar misserum hafa vaknað upp spurningar um tilteknar aðgerðir lögreglu í tengslum við atburði, þar sem verið er að mótmæla ákvörðunum yfirvalda og/eða framkvæmdum á vegum einkaaðila. Hafa þar vegist á spurningar um annars vegar heimildir og skyldu lögreglu til aðgerða gegn meintri ólögmætri háttsemi og hins vegar réttur viðkomandi einstaklinga til að tjá skoðanir sínar. Réttur einstaklinga til að tjá skoðanir sínar með mótmælum eða andófi er ótvíræður og óumdeildur. Það er einnig jafn ótvírætt að ekki er unnt að stunda ólögmæta háttsemi í skjóli þess að menn séu að nýta sér stjórnarskrárvarinn rétt til tjáningar.

*Réttur einstaklinga til að tjá skoðanir sínar með mótmælum eða andófi er ótvíræður og óumdeildur. Það er einnig jafn ótvírætt að ekki er unnt að stunda ólögmæta háttsemi í skjóli þess að menn séu að nýta sér stjórnarskrárvarinn rétt til tjáningar.*

**Tvíþætt hlutverk lögreglu**

Þegar kemur að mótmælum eða mótmælaaðgerðum má segja að hlutverk lögreglu sé tvíþætt. Annars vegar að aðstoða þá aðila sem eftir því óska og hafa í hyggju að koma skoðunum sínum, sjónarmiðum og viðhorfum á framfæri með því til dæmis að útvega þeim aðstöðu til sinna athafna, stýra umferð og loka götum til að greiða fyrir mótmælagöngum og þess háttar. Hins vegar er það hlutverk hennar að grípa inn í ef aðgerðir eða mótmæli sem um er að ræða ganga inn á rétt annarra eða raska með öðrum hætti allsherjarreglu eða almannaöryggi.

Skylda lögreglu til að aðstoða mótmælendur í þessu skyni er ótvíræð enda hvílir sú skylda á lögreglu almennt að hjálpa, aðstoða og greiða götu borgaranna eftir því sem við á. Stjórnarskráin verndar með skýrum hætti tjáningarfrelsi og rétt manna til að safnast saman vopnlausir og þurfi aðilar aðstoð frá lögreglu í þessu skyni ber lögreglu að veita þá aðstoð. Skylda lögreglu til að grípa inn í þegar mótmælaaðgerðir fara úr böndunum er einnig skýr og ótvíræð.

Það er mikilvægt að hafa í huga í þessu sambandi að réttur manna til tjáningar og fundahalda er ekki óskoraður eins og á ýmsum hefur mátt skilja að undanförnu í tengslum við umræðu síðustu vikna í fjölmiðlum um aðgerðir mótmælenda á Austurlandi. Í þeirri umræðu hefur oftar en ekki verið ómaklega vegið að lögreglunni í heild og starfsheiðri einstakra lögreglumanna, þar sem ýmsir og í fáeinum tilvikum málsmetandi einstaklingar hafa látið í veðri vaka eða sagt beint út að aðgerðir lögreglu hafi verið allsendis óheimilar eða tilefnislausar.

Stjórnarskráin tryggir vissulega tjáningarfrelsi og rétt manna til að safnast saman en þar er einnig skýrt tekið fram að þessi réttindi eru ekki án takmarkana. Tjáningarfrelsi má setja skorður í lögum í þágu allsherjarreglu og öryggis ríkisins, til verndar heilsu og siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær takmarkanir nauðsynlegar og samræmist lýðræðishefðum. Þá er einnig kveðið á um það í stjórnarskránni að banna megi mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

Hér eru grundvallaratriðin skýr – tjáningar- og fundafrelsi er tryggt samkvæmt stjórnarskrá en það er ekki án takmarkana. Þær takmarkanir eru síðan nánar útfærðar, á grunni þessarar heimildar, í lögreglulögum, nánar tiltekið í þriðja kafla laganna. Þar er mælt fyrir um heimildir lögreglu til aðgerða í þágu almannafriðar og allsherjarreglu. Lögreglan hefur samkvæmt lögunum skýrar heimildir til afskipta af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða til að koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau. Lögreglan getur í þessu skyni tekið í sínar hendur umferðarstjórn, bannað dvöl á ákveðnum svæðum, vísað á brott eða fjarlægt fólk, fyrirskipað stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi og fleira mætti nefna. Allar aðgerðir lögreglu á þessu sviði þurfa engu að síður að vera innan marka meðalhófs og alltaf ber lögreglunni að beita vægasta úrræði sem völ er á hverju sinni.

*Höfundur er lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Pólitísk hryðjuverk?

**UMRÆÐAN**

Málflutningur stjórnmálamanna

Lengst af hef ég staðið í þeirri trú að þeir félagar, Steingrímur Joð og Ögmundur, væru heiðarlegir stjórnmálamenn – að vísu heldur betur íhaldssamir en sjálfum sér samkvæmir og umfram allt heiðarlegir. Nú virðist hafa orðið breyting á og hún svo hraustleg að við liggur að maður taki undir með manni nokkrum er kallaði framferði þeirra félaga síðustu vikur pólitíska hryðjuverkastarfssemi. Þetta eru stór orð en ég hygg að hvorki Steingrímur né Ögmundur séu þær druslur og gungur, svo vitnað sé í mæta menn, að þeir kippi sér upp við slíkan áfellisdóm. En hvað er það í hátterni félaganna sem hefur breyst?

Í raun má segja að þeir hafi gengið í smiðju til Reagan-liðsins en vinnulag þess hóps einkenndist einmitt af því að láta sig sannleikann litlu varða og ráðast á andstæðinga sína með öllum tiltækum ráðum. Skipti þar litlu hvort bornar voru upp lygar eða hæpnar fullyrðingar – andstæðingum var komið í þá stöðu að þurfa að neita ásökunum. Andstyggilegur leikur og ódrengilegur í meira lagi. Tvö nýleg dæmi sýna vinnubrögð félaganna Ögmundar og Steimgríms.

**Opinberar lygar?**

Um það leyti sem hillti undir að Hálsalón yrði fyllt vatni, samkvæmt áætlunum, rjúka þeir félagar til með gífuryrðum og leyfa sér að fullyrða að Valgerður Sverrisdóttir „hafi stungið upplýsingum undir stól“. „Fáheyrt og ráðherra ætti jafnvel að segja af sér,“ drundi í Steingrími, afmynduðum af bræði og hneykslan. Ögmundur lék á lágfiðlu í þessari uppákomu. Miðað við þungann í ásökunum þeirra félaga á hendur Valgerði mátti skilja að þeir hefðu komist yfir glænýjar upplýsingar um feluleik ráðherra. Þeir vissu hins vegar betur og verður ekki annað séð en þeir hafi vísvitandi logið að þjóðinni með heimalagaðar sakir á hendur Valgerði. Staðreyndin er nefnilega sú að þann 14. mars 2003 ræddu Valgerður og Steingrímur opinberlega í sölum Alþingis bréf frá jarðvísindamanninum Grími. Þar vísaði ráðherra til efnis bréfsins og hinnar faglegu afgreiðslu þess. Skrýtinn feluleikur það eða hitt þá heldur.



HJÁLMAR ÁRNASON

Félagarnir heimtuðu fund í iðnaðarnefnd til þess að fletta ofan af meintu samsæri ráðherra. Helgi Bjarnason, fyrrum skrifstofustjóri iðnaðrráðuneytis, upplýsti að umrætt bréf hefði aldrei komist inn á borð ráðherra en fengið nákvæma og faglega umfjöllun færustu sérfræðinga. Voru þeir allir á einu máli um að í bréfi Gríms væri í raun ekkert nýtt – búið væri að skoða athugasemdir hans af sérfræðingum. Þegar sannleikurinn var rekinn ofan í kok á þeim félögum og við blasti að þeir höfðu farið með rangt mál tók næsti þáttur farsans við. Þarna hefðu félagarnir átt að skammast sín og a.m.k. biðja Valgerði afsökunar á ásökunum sínum. En sannleikurinn virðist engu máli skipta. Tilgangurinn helgar meðalið. Í stað þess að skammast sín fyrir lygarnar og ásakanirnar búa þeir til nýtt leikrit sem hefst á því að ögmundur gengur af fundi iðnaðarnefndar og baðar út öllum öngum í fjölmiðlum. Nú er það leynd Landsvirkjunar sem er glæpurinn.

*Ég skil nú betur hvað maðurinn átti við þegar hann vildi kalla framferði Steingríms Joð og Ögmundar pólitísk hryðjuverk.*

**Ódrengileg karlremba?**

Þetta sjónarspil félaganna er í raun broslegt en samt alvarlegra en svo. Menn getur greint á í skoðunum og tekist á með málefnalegum hætti (sem ég taldi lengi að væri einkenni félaganna tveggja). Hitt er grafalvarlegt þegar stjórnmálamenn grípa til svo óvandaðra meðala að þeir beinlínis ljúgi vísvitandi upp á pólitíska andstæðinga sína án þess að blikna. Þá eru menn orðnir ráðþrota. Getur verið að djúp karlremba þeirra leyfi félögunum að koma svona fram við fyrrum iðnaðarráðherra vegna þess að hún er kona (og úr sama kjördæmi og Steingrímur)? Ég skil nú betur hvað maðurinn átti við þegar hann vildi kalla framferði Steingríms Joð og Ögmundar pólitísk hryðjuverk. Þetta er ódrengileg aðferð til að slá pólitískar keilur og á ekkert skylt við málefnalegar rökræður. Í raun minnir þetta á krakka, sem oft má sjá að baki íþróttamönnum í sjónvarpsviðtali – veifandi öllum skönkum til að fanga athygli. Munurinn er þó sá að börnin eru heiðarleg og einlæg í veifum sínum.

*Höfundur er formaður þingflokks Framsóknarflokksins.*

# Óþolandi drottningarviðtöl

**Umræðan**

Pólitísk umræða í fjölmiðlum

Á ríkisstjórnarárum sínum innleiddi Davíð Oddsson fyrrverandi forsætisráðherra þau vinnubrögð að koma ekki í umræðuþætti í ljósvakamiðlum til að ræða tiltekin mál við talsmenn eða flokksformenn annarra flokka. Egill í Silfrinu ræddi þessa afstöðu í einkaviðtali við Davíð og fór forsætisráðherrann mikinn og var með palladóma um sína pólitísku andstæðinga og talaði niður til þeirra. Um einkaviðtöl sín sagði hann: „Ég vek athygli á því Egill að engir minna kollega koma fram í skemmtiþáttum af þessu tagi. Ég hef tekið þátt í þeim gegnum tíðina, ég hef verið síðan 1974 í pólitík og hef tekið minn þátt í þeim það gerir enginn minna kollega í Skandinavíu eða hvar sem er í heiminum“. Athygli vakti að forsætisráðherranum fyrrverandi fannst það ekki upplýsandi að taka þátt í pólitískum umræðum með öðrum forystumönnum eins og fyrirrennarar hans höfðu gert hvert ár voru þetta skemmtiþættir að hans mati.



RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR

Ég hafði tækifæri til að kanna orð forsætisráðherrans um að kollegar hans á Norðurlöndum léku þennan sama leik og aflaði upplýsinga sem hröktu þessa staðhæfingu hans. Þvert á móti tókust norrænir forsætisráðherrar á við foringja stjórnarandstöðunnar í fjölmiðlum þegar svo bar undir og tóku þátt í umræðum með eðlilegum hætti. Um þetta fjallaði ég í grein í febrúar 2001 undir fyrirsögninni: „Davíð mætir bara í drottningarviðtöl“. Þeir sem nú hafa aðgang að norrænum sjónvarpsstöðvum hafa væntanlega tekið eftir því að á Norðurlöndum taka forsætisráðherrarnir þátt í pólitískum umræðum í sjónvarpi.

*Með svona undirlægjuhætti við ráðherrana geta fjölmiðlar vart kallast fjórða valdið í íslensku þjóðfélagi.*

**Yfirgangur ráðherranna**

Smám saman fóru aðrir ráðherrar að dæmi Davíðs. Því skyldu þeir vera að mæta í viðræður við andstæðingana og svara áleitnum spurningum ef þeir gátu komist hjá því? Nú krefjast þeir þess líka að koma einir í viðtöl við fréttamann og undir hælinn lagt hvort viðkomandi hefur þau sjónarmið á reiðum höndum sem brýnast er að ganga á ráðherrann með. Geðþótti virðist jafnvel ráða hvort ráðherra þarf að gera ærlega grein fyrir máli sínu eða hvort áheyrendum er boðið upp á hlýlegt spjall um óréttláta stjórnarandstöðu.

Svo er nú komið að í stórpólitískum málum fær þjóðin að hlýða á einkaviðtöl við ráðamenn og í sama eða næsta fréttatíma eru andstæð sjónarmið sett fram í andarteppustíl í örstuttu innleggi í fréttatíma. Þetta hefur haft mjög neikvæð áhrif á pólitíska umræðu í landinu. Bein skoðanaskipti og umræður í fjölmiðlum milli ráðamanna og stjórnarandstöðu skortir, þannig að staðhæfing stendur gegn staðhæfingu. Þessi þróun er því óheppilegri þar sem stjórnendur svokallaðra kjaftaþátta hafa komið sér upp sínu eigin umræðuliði eða álitsgjöfum sem oft eru áheyrilegt og skemmtilegt fólk en ekki endilega einstaklingar með ábyrgð á máli sem tekið er fyrir eða staðgóða þekkingu á því. Þeir þættir koma því ekki í stað fréttaþátta þar sem talsmenn flokka takast á um pólitísk ágreiningsmál og gera grein fyrir afstöðu flokka sinna til þeirra. Fjölmiðlar verða því að bregðast við þessum yfirgangi ráðherranna.

**Vonsvikin með Geir**

Margir urðu verulega slegnir þegar Valgerður Sverrisdóttir neitaði að mæta öðrum í umræðu um vinnubrögðin varðandi skýrslu Gríms Björnssonar um Kárahnúkavirkjun. Öll sú uppákoma hefur undirstrikað þá óásættanlegu þróun sem hér er gerð að umtalsefni. Forsætisráðherrann brást eins við. Geir hefur valið að halda sig til hlés. Fyrir utan kosningaumræðurnar hefur hann ekki mætt fyrirliða stjórnarandstöðunnar í pólitískri umræðu. Hann fær drottningarviðtöl og setur fram sínar staðhæfingar. Og það er ekki tilkomumikið þegar rætt er um álitaefni sem upp koma varðandi jafn stóra og dýra framkvæmd og Kárahnúkavirkjun þegar nýi forsætisráðherrann breiðir bara út faðminn og talar um að bráðum fari virkjun og álver að mala fyrir þjóðina gull. Fjölmiðlar þurfa að taka sig saman og sinna hlutverki sínu af reisn. Með svona undirlægjuhætti við ráðherrana geta þeir vart kallast fjórða valdið í íslensku þjóðfélagi.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*










## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR NÁM ]

**Mazda** bílar eru vinsælir í ár en mesta söluaukningin hefur orðið á þessari bílategund það sem af er árinu. Alls munu 459 Mazda bílar hafa selst á fyrstu átta mánuðunum, sem er 74,5 prósenta aukning samanborið við sama tímabíl í fyrra.



**Mývatnssveit** – með kostum og kynjum – árbók Ferðafélags Íslands 2006 er komin út. Í henni er fjallað um Mývatnssveit og nánasta umhverfi. Jón Gauti Jónsson landfræðingur ritaði bókina en fuglaljósmyndarinn Jóhann Óli Hilmarsson tók myndir. www.fi.is.

**Dr.** Motoshi Suzuki heldur fyrirlesturinn „Viðbrögð svæðisbundinna stofnana við mannréttindabrotum“ í dag kl. 16.15 í Lögbergi stofu 102. Alþjóðamálastofnun og japanska sendiráðið standa fyrir fyrirlestrinum sem fluttur verður á ensku.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 13. september, 256. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.44 | 13.24 | 20.01 |
| Akureyri | 6.26 | 13.08 | 19.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Hrafnhildur stefnir á að fara í listaháskóla á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Vídeólistaverk heilla

***Hrafnhildur Helgadóttir er nemandi á listnámsbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Hún segir að námið sé skemmtilegt og kennararnir góðir.***

Listnámið í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er þriggja ára nám en hægt er að bæta við einu ári í bóklegum fögum og útskrifast með stúdentspróf. „Flestir bæta þessu ári við sig og ég er að gera það núna og verð stúdent um jólin,“ segir Hrafnhildur.

Hægt er að velja á milli þriggja sviða á listnámsbrautinni. „Brautirnar eru myndlistarbraut, sem ég er á, arkitektasvið og hönnunarbraut þar sem er kennd fatahönnun.“

Hrafnhildur er mjög ánægð á myndlistarbrautinni og segir að námið sé fjölbreytt og kennararnir góðir. „Við lærum grunnteikningu, módelteikningu, anatómíu, myndbyggingu og litafræði. Þegar við erum búin með grunninn förum við svo í verkáfanga þar sem við veljum okkur verkefni sem við vinnum sjálfstætt.“

Vídeólistaverk höfða mikið til Hrafnhildar og hún hefur gert dálítið af þeim. „Þegar maður er búinn með grunninn og fer í þessa frjálsu áfanga getur maður valið sér miðil og ég reyni að gera mest af vídeólistaverkum.“

Hrafnhildur er búin með flesta myndlistaráfangana og er núna að klára það sem hana vantar upp á til þess að ljúka stúdentsprófi. „Núna er ég eiginlega bara í bóklegum áföngum. Ég er reyndar í einum photoshop áfanga en það var eina valið sem ég gat tekið með.“

Eftir áramót ætlar Hrafnhildur svo að taka sér frí frá skóla en hana langar að fara í listnám á háskólastigi næsta vetur. „Ég ætla að sækja um listaháskólann hér og svo langar mig dálítið að sækja um listaháskóla í Skotlandi og á Kúbu. Ég kann reyndar enga spænsku en það er aldrei að vita nema ég noti vorið til þess að læra eitthvað í henni. Það er allt opið,“ segir hún og hlær.

*emilia@frettabladid.is*

## 4x4 ferð Hyundai

ÁRLEG FJÖLSKYLDUFERÐ FARIN ÞANN 16. SEPTEMBER.

Laugardaginn 16. september næstkomandi verður haldið í hina árlegu 4x4 fjölskylduferð Hyundai.

Safnast verður saman í B&L húsinu klukkan 8.30 um morguninn og farið yfir ferðatilhögun og öryggisreglur. Lagt verður í hann stundvíslega klukkan 9.

Áfangastaðurinn er Brautarholt í Skeiðahreppi og verður ekið þangað um Hrunmannaafrétt. Leiðin státar bæði af mikilli náttúrufegurð og skemmtilegum 4x4 akleiðum, sem reyna aðeins á jeppaeiginleikana.

Að vanda verður grillað og brugðið á leik á áfangastað, auk þess sem allir fá smá ferðanesti í bílinn áður en lagt er af stað.

Formlegri dagskrá lýkur klukkan 17, en frá Brautarholti í Skeiðahreppi er ekki nema 30 mínútna akstur til Selfoss, á malbikuðum vegi.

Nánar um ferðina og leiðarlýsinguna á www.bl.is.



Ferðin er tilvalið tækifæri fyrir þá sem eiga fjórhjóladrifsbíla frá Hyundai til að kynnast landinu og hver öðrum.

Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.


3ja ára


6 ára


9 ára



12 ára

HÚSGAGNA HEIMILIÐ
Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

www.design.is @ 2006

**Hreinar rúður** Rain-ex var þróað af bandarísku geimvísindastofnuninni til að nota á glugga geimfara, en nú er hægt að kaupa það á næstu bensínstöð. Berðu Rain-ex á framrúðu bílsins og regndroparnir renna af eins og vatn af gæs.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

VOLVO • FORD • MAZDA • TOYOTA
BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (Rauð gata) • Kópavogi • Sími 557 2540 - 554 6350
CHRYSLER • JEEP • DODGE • SKODA

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

Nýjar upplýsingaveitur á ensku:
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG
Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag



Michael Schumacher er þekktur fyrir elju og ákveðni, enda skartar hann betri árangri en nokkur annar kappakstursmaður sögunnar. Myndin er tekin í Barcelona í fyrra. LJÓSMYND/REUTERS

# Schumacher leggur keppnisskóna á hilluna

***Goðsögn í lifanda lífi hættir á toppi glæsilegs ferils.***

Dagurinn er 10. september árið 2006. Þrjátíu og sjö ára gamall Þjóðverji keyrir í nítugasta sinn fyrstur yfir marklínuna í helstu íþrótt allra bílaíþrótta, Formúlu 1. Hann er klökkur þegar hann kallar upp liðið sitt í talstöðinni og tilkynnir þeim að þetta sé síðasta keppnistímabilið hans. Eftir rúman mánuð lýkur 16 ára ferli Michaels Schumacher sem sigursælasta ökumanni Formúlu 1 frá upphafi.

Michael Schumacher, oft kallaður Schumi eða Shuey, fæddist 3. janúar 1969 í bænum Hürth-Hermülheim í Þýskalandi. Hann á tvö börn með konu sinni, Corinnu Betsch, þau Ginu-Mariu og Mick.

Eins og velflestir miklir ökumenn byrjaði Schumi sem Go-Kart ökumaður. Faðir hans, Rolf, smíðaði fyrstu körtuna fyrir Schumi þegar hann var fjögurra ára gamall og til að geta byrjað að keppa tólf ára, tveimur árum á undan samlöndum sínum, fékk hann uppáskrift frá Lúxemborg. 16 ára gamall var hann kominn á samning og vann sinn annan meistaratitil.

Fjórum árum síðar lá leiðin í Formúlu 3, þar sem hann var kostaður af Willi Weber, og kláraði þriðja á keppnistímabilinu.

Í stað þess að fara þá í Formúlu 3000, sem hefði verið eðlilegt skref, fór Schumacher að keppa á sportbílum. Margir töldu þetta slæmt framaskref en Weber trúði áfram á sinn mann.

Fyrsta keppni Schumachers í Formúlu 1 var í Belgíu 1991 eftir að staða Bertrands Gachet losnaði, en hann var fangelsaður fyrir að sprauta táragasi í andlit leigubílstjóra.

Schumi gekk ekki sem best til að byrja með en þó landaði hann sínum fyrsta sigri ári eftir að hann hóf keppni.

1994 vann Schumacher sinn fyrsta meistaratitil ökumanna, þrátt fyrir að hafa lent í hálfgerðum útistöðum við keppnisyfirvöld yfir tímabilið. Eftir það hefur brautin legið upp á við, ef frá er talið slys í breska kappakstrinum 1999 sem gerði út um það tímabil.

Í dag hefur Schumacher landað sjö meistaratitlum og eftir sigur síðustu helgar gæti hann náð þeim áttunda áður en tímabilinu lýkur, þann 22. október, enda vantar hann aðeins tvö stig upp á að ná Fernando Alonso.

Schumacher hefur getið sér orðspor fyrir blóðhita og ósérhlífni. Hann hefur alltaf unnið hörðum höndum að árangri sínum og með einbeittum vilja hefur hann náð nánast ómannlegri færni í sinni íþrótt. Hann ætlast til þess sama af liðsfélögum sínum og að allt sem liðið gerir miði að því að auka möguleika hans á að ná sem bestum árangri.

Þegar hann tilkynnti almenningi um brotthvarf sitt, af verðlaunapallinum um helgina, héldu liðsfélagar á borðum með áletrunum sem hvöttu hann til að halda áfram. Það þarf engum að dyljast að Schumi hættir á toppnum. Hann ætlar að hvíla sig vel áður en hann ákveður hvert framhaldið verður en segist þó alltaf verða hluti af Ferrari-fjölskyldunni sem hann hefur tilheyrt síðan 1996.

Að sama skapi verður hann alltaf hluti af sögu akstursíþrótta, enda án efa færasti og sigursælasti ökumaður frá upphafi.

einareli@frettabladid.is



Schumi fer ekki leynt með tilfinningar sínar, hvort sem hann er að skamma keppinauta sína eða fagna góðum sigri.

## Schumacher á toppnum



MYND AP

Nokkur af þeim metum sem Michael á í dag* ... og þeir sem komast honum næstir.

| | |
|---|---|
| **Meistaratitlar** | **7** |
| Juan-Manuel Fangio | 5 |
| **Keppnissigrar** | **90** |
| Alain Prost | 51 |
| **Skipti á verðlaunapalli** | **153** |
| Alain Prost | 106 |
| **Stig á ferlinum** | **1.354** |
| Alain Prost | 798,5 |
| **Flest stig á tímabili ('04)** | **148** |
| Nigel Mansell ('92) | 108 |
| **Flestir sigrar á tímabili ('04)** | **13** |
| Nigel Mansell ('92) | 9 |
| **Oftast á ráspól** | **98** |
| Ayrton Senna | 65 |
| **Hröðustu hringir** | **75** |
| *Alain Prost* | *41* |
| **Ráspóll, sigur og hr. hringur** | **22** |
| Jim Clark | 11 |

*eftir keppnina á Ítalíu, 10. sept. © GRAPHIC NEWS

## HVAÐ ER... HJÓLBARÐI?

# Margbrotin uppbygging og torlæsilegar merkingar

Flest dekk sem notuð eru á fólksbíla í dag eru svokölluð radíaldekk, sem vísar til þess hvernig þau eru uppbyggð. Kíkjum á einfalda útgáfu.

Þegar dekkið er sett saman er byrjað á tveimur sterkum vírum sem sjá um að halda lögun dekksins við felguna og koma í veg fyrir að það losni. Svo eru þverofnir belgþræðir lagðir á milli og lögun dekksins fer að koma í ljós. Ofan á belgþræðina, undir bananum eða slitfletinum, eru lögð stálvírbelti, vanalega tvö.

Í hliðarnar koma svo styrktarlag og kantsætisgúmmí sem liggja ofan á vírunum og út eftir belg dekksins. Utan á belgþræðina kemur kantgúmmílag og að innan er hjólbarðinn klæddur með gúmmílagi líka. Þá er bara eftir að klæða dekkið að utan með gúmmílagi, sem í er steypt munstur.



Dekk eru mikil völundarsmíð og á hliðum þeirra má finna ýtarlegar upplýsingar um þau, kunni maður að lesa úr þeim.

Á hliðum hjólbarða er oft mikið magn upplýsinga sem sumum kunna að virðast óskiljanlegar við fyrstu sýn. Venjulega er nafn framleiðanda og dekkjategundar með stærstum stöfum, en einhvers staðar á belgnum má finna talna- og stafarunu á borð við 195/65R15 og svo aðra styttri, til dæmis 91T.

Fyrri runan er þannig byggð upp að „195“ stendur fyrir breidd slitflatar, eða mynsturs, í millimetrum. „65“ er hæð dekksins frá felgu sem prósenta af breidd slitflatar, í þessu tilfelli 65 prósent af 195 mm eða 126,75 mm. „R“ stendur fyrir radial og vísar til uppröðunar burðarlaga í dekkinu. Hinn möguleikinn er diagonal bygging sem er nánast óþekkt orðin í fólksbíladekkjum en þá vantar „R“-ið á hjólbarðann. Loks er svo „15“ sem stendur fyrir felgustærðin, í þessu tilfelli 15 tommur.

Seinni runan vísar til burðarþols og hraðatakmörkunar. Til að finna burðarþolið er „91“ margfaldað með 5,792, hvernig sem á því nú stendur, og fæst þá burðarþolið í kílóum; 527 kg fyrir hvert hjól. Hraðatakmörkin eru lesin út úr bókstanum og er sem hér segir: L=120, M=130, N=140, P=150, Q=160, R=170, S=180, T=190, U=200, H=210, V=240, W=270 og Y=300. Í þessu tilfelli þolir dekkið því 190 km hraða.

Á sumum dekkjum má líka finna stafina M+S eða M&S sem stendur fyrir mold og snjó og gefur til kynna að um hentugan heilsárs- eða vetrarhjólbarða sé að ræða.

Meginreglan í hjólbarðastærðum er sú að því lægri sem belgurinn er, því betur lætur bíllinn að stjórn og því hraðar er hægt að aka honum. Helgast þetta meðal annars af því að sé barðinn hár geta hliðarkraftar haft mikil áhrif á lögun hjólbarðans. Við venjulegar aðstæður ætti slitflöturinn að vera beint undir felgunni en þegar hliðarkraftar eru sterkir getur dekkið svignað þannig að spor slitflatarins lendir út undan felgunni.

Á móti kemur að háir hjólbarðar fjaðra betur og gera bílinn því mýkri í akstri, til dæmis á malarvegum.



Ekki hefur orðið banaslys á Reykjanesbrautinni eftir að hún var tvöfölduð.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samstaða stofnuð

***Ný regnhlífarsamtök áhugafólks um örugga umferð.***

Steinþór Jónsson, hótelstjóri í Keflavík og stjórnarmaður í FÍB, var á sínum tíma hvatamaður að stofnun áhugahóps um örugga Reykjanesbraut.

Reykjanesbraut var á þeim tíma mikill slysavegur og slæm umferðarslys þar allt of algeng. Eftir að sá hluti leiðarinnar sem nú hefur verið tvöfaldaður var opnaður umferð fyrir tveimur árum hefur ekki orðið banaslys á Reykjanesbraut. Áður urðu allt að sex banaslys árlega á brautinni.

Steinþór ritaði grein í Morgunblaðið nýlega. Í henni hvetur hann til þess að stofnuð verði eins konar regnhlífarsamtök sams konar áhugahópa um úrbætur á íslensku vegakerfi alls staðar á landinu og leggur til að opnað verði sérstakt vefsvæði sem verði vettvangur og fundarstaður áhugafólks um örugga umferð og vegabætur sem stuðla að öruggari umferð.

Þetta vefsvæði er nú í vinnslu og er slóðin þangað www.fib.is/samstada. Á þessu nýja vefsvæði er hægt að lesa ofannefnda grein Steinþórs. Spjallrásir eru í vinnslu og munu verða virkar á næstunni ein af annarri. *(www.fib.is)*

# Fjórhjól á götur landsins

***Nú er mögulegt í fyrsta sinn að götuskrá ný fjórhjól og reyndar gömul líka, uppfylli þau ströng skilyrði.***

Í sumar var reglugerð um gerð og búnað ökutækja breytt á þann hátt að fjórhjól geta fengið götuskráningu sem bifhjól. Sú breyting sem orðið hefur snýst þannig fyrst og fremst um það að nú mega þung bifhjól hafa fjögur hjól. Þessi breyting er samevrópsk og gerir framleiðendum fjórhjóla kleift að selja götuskráð hjól, að því gefnu að þau uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til bifhjóla.

Þeir aðilar sem hafa hug á að flytja inn fjórhjól til götuskráningar þurfa að skila inn þeim gögnum sem krafist er almennt um bifhjól.

Hvað varðar skráningu notaðra hjóla þurfa götuskráð fjórhjól að uppfylla sömu kröfur og þung bifhjól. Kröfunum er lýst í reglugerð um gerð og búnað ökutækja og hægt er að ganga úr skugga um sumar af þeim með skoðun á skoðunarstofu. Það verður hins vegar alltaf að framvísa vottorðum frá framleiðanda ökutækjanna fyrir útblástursmengun og hljóðmengun. Kröfurnar sem hjólin þurfa að uppfylla eru þær kröfur sem gilda þegar sótt er um götuskráningu, ekki þegar hjólið var fyrst skráð.



Hægt er að skrá fjórhjól sem bifhjól með fjórum hjólum.

Núgildandi kröfur um útblástursmengun bifhjóla eru frá árinu 2002 sem þýðir að hjól sem eru framleidd fyrir þann tíma geta ekki uppfyllt kröfurnar. En jafnvel þótt fjórhjól hafi verið framleitt eftir 2002 er alls ekki víst að það uppfylli umræddar kröfur enda virðist stærsti hluti framleiddra fjórhjóla ennþá ætlaður einungis til notkunar utan vega.

Ökuskírteini fyrir flokk B (fólksbifreið/sendibifreið) veitir rétt til að stjórna bifhjóli á þremur, fjórum eða fleiri hjólum utanvega, en fyrir götuskráningu þarf ökuskírteini í flokki A (bifhjól).

*(Af vef Umferðarstofu)*

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557





Vika í USA

San Fransisco
21.200*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.
* Verð miðað við gengi 1. maí 2006.

Florida
17.800*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.
* Verð miðað við gengi 1. maí 2006.

Boston
23.300*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.
* Verð miðað við gengi 1. maí 2006.

Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta

www.hertz.is

Hertz
Sími: 50 50 600 • www.hertz.is

## Ferðasögu-samkeppni

SÍÐASTI SKILADAGUR Í FERÐASÖGUSAMKEPPNI ÚTIVERU ER 1. OKTÓBER.

Tímaritið Útivera stendur fyrir ferðasögusamkeppni þessa dagana. Allt frá því blaðið kom fyrst út árið 2003 hefur ríkt sú hefð að birta skemmtilegar, áhugaverðar og fróðlegar ferðasögur fólks. Nú geta lesendur sent inn ferðasögur og eru vegleg verðlaun í boði fyrir þrjár bestu sögurnar. Þá verða sögurnar einnig birtar í tímaritinu að höfðu samráði við höfunda þeirra. Verðlaunin eru meðal annars Íslandsatlas Eddu, útivistarúr, GPS-tæki og margt fleira. Í dómnefnd sitja Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur, Andri Snær Magnason rithöfundur og Jón Gauti Jónsson ritstjóri Útiveru.
Síðasti skiladagur í ferðasögusamkeppnina er 1. október en nánari upplýsingar um uppbyggingu keppninnar er að finna á www.utivera.is.



Sögur af ferðum fólks hafa heillandi yfirbragð.



Bandarísku skíðasvæðin eru paradís fyrir skíðaiðkendur.

# Skíðaparadís utan Evrópu

***Sólin skín þrjú hundruð daga á ári á skíðasvæðunum í Colorado í Bandaríkjunum. Þetta þykja kannski ekki tíðindi, nema nú gefst Íslendingum kostur á að njóta þessara sólardaga í faðmi skíðabrekkna og stólalyfta.***

Úrval-Útsýn býður ferðir á skíðasvæðin í Aspen og Vail í Bandaríkjunum. „Við fórum í fyrsta skipti með íslenska skíðamenn á þetta svæði í fyrra og viðtökurnar voru mjög góðar,“ segir Áslaug Gunnarsdóttir hjá Úrvali-Útsýn. „Í ár fljúgum við í beinu leiguflugi til Denver.“

Bæði svæðin eru í Colorado ríki í Bandaríkjunum. Aspen og Vail eru talin vera glæsilegustu skíðasvæðin þar í landi, fyrir utan góðar brautir og himneskan snjó, eru bæirnir ríkir af veitingastöðum, verslunum heilsulindum, fjörugu næturlífi og annari afþreyingu. „Snjórinn þarna er líka allt öðruvísi en sá í Evrópu. Þar er snjórinn þyngri og blautari en mun meira er um púðursnjó í Bandaríkjunum,“ segir Áslaug. „Einnig er nokkur munur á því að skíða í Bandaríkjunum en í Evrópu. Skíðaiðkendur hafa meira pláss og frelsi á bandarísku svæðunum og leyfist að skíða utan brauta ef vilja. Oftast er skíðamaðurinn einn í heiminum. Einnig er gott skipulag kringum lyfturnar og allar raðir ganga mun hraðar fyrir sig.“

Vail er eitt stærsta samfellda skíðasvæðið í Bandaríkjunum og hefur verið útnefnt eitt besta skíðasvæðið í Norður-Ameríku. Í fjallinu eru þrjú mismunandi skíðasvæði, Front Side með 127 skíðaleiðum , Back Bowl og Blue Sky Basin, 260 hektarar af skíðasvæði umlukið sígrænum trjám. Svæðin eru samtengd og því auðvelt að skíða frá einu svæði yfir í annað.

Aspen er einn frægasti skíðastaður heims og þangað sækir mikið af ríka og fræga fólkinu. Aspen skíðasvæðið nær yfir fjögur fjallasvæði; Aspen Highlands sem er svæði fyrir betri skíðamenn sem vilja krefjandi brekkur, Buttermilk Mountain sem hentar fyrir alla skíðamenn og hefur góða aðstöðu fyrir snjóbrettaiðkendur og Snowmass Mountain sem er fjölbreyttasta skíðasvæðið á Aspensvæðinu og hentar öllum skíðaiðkendum.



Skíðamenn hafa mun frjálsari fætur á bandarísku skíðasvæðunum en þeim evrópsku. Í raun mega þeir skíða hvar sem er innan svæðisins, utan brautar sem innan. Þetta gerir að verkum að brautirnar eru ekki jafn troðnar og víða annars staðar.

Úrval-Útsýn býður upp á níu daga pakkaferð með íslenskri fararstjórn til Aspen og Vail í febrúar. „Við erum byrjuð að bóka og erum með 200 sæti til sölu,“ segir Áslaug. „Salan er að taka við sér þannig ferðin verður væntanlega fullbókuð fljótt.“

*johannas@frettabladid.is*

**Upplýsingar um Aspen og Vail**
www.aspensnowmass.com
http://vail.snow.com/
www.uu.is





Þýskaland er land jólamarkaðanna og bjóðum við nú jólaferð til Würzburg sem er einstaklega heillandi borg og skartar sínu fegursta í desember. Hrein upplifun er að fara á jólamarkaðina sem geyma ótal jólagjafahugmyndir; bragða á jóladrykknum „Glühwein“ og jólastemmingin eykst á hverju horni. Úrval veitingastaða er gott, hótelið þægilegt og staðsett miðsvæðis. Spennandi skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber.

**Verð kr. 64.900 á mann í tvíbýli**
Innfalið: Flug, skattar, gisting í tveggja manna herbergi á 3* hóteli með morgunverði í 3 nætur, ferðir milli flugvallar og hótels, skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber og íslensk fararstjórn.

KYNNTU ÞÉR SÉRFERÐIR FERÐAÞJÓNUSTU BÆNDA

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

# Vetrarbæklingur Bændaferða

***Bændaferðir hafa gefið út sérferðabækling sinn fyrir veturinn 2006 til 2007. Hafnar eru bókanir á ferð til Egyptalands.***

Í nýjum vetrarbæklingi Bændaferða kennir ýmissa grasa sem ferðaþyrstir ættu að kynna sér vel en þetta er í fyrsta sinn sem sérstakur vetrarbæklingur er gefinn út af þeim.

Vetrarferðirnar beinast sérstaklega að skíðaferðum og jólaferðum. Farið verður í jólaferðir til Würzburg í Þýskalandi og glæsilega aðventuferð til Mósel og Rín en þessari ferð var bætt við vegna mikillar eftirspurnar eftir aðventuferðum. Einnig verður farið í jólaferð til Vínarborgar en þar munu tónlist og menning gegna lykilhlutverki undir leiðsögn Diddúar. Farin verður áramótaskíðaferð til Engelberg og skíðaferð til Hinterglemm. Einnig verður farið á gönguskíði í Týról í Austurríki.

Bændaferðir hafa einnig hafið sölu á ferð til Egyptalands þann 18. mars 2007, en vegna gríðarlegs áhuga á þessum áfangastað er uppselt í októberferðina. Að sama skapi hafa Kínaferðirnar verið vinsælar og er nú hafin bókun í ferð þann 19. apríl.

Hvað haust- og vetrarferðum líður gildir hið almenna lögmál um að fyrstur kemur fyrstur fær og er því ráð að bóka sem fyrst.

**- jóa**



Vínarborg verður einn af áfangastöðum Bændaferða um næstu jól.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

90% HEIMILA NÁ SIRKUS TV
ADSL : RÁS 15
BREIÐBANDIÐ : RÁS 69
DIGITAL ÍSLAND : RÁS 5
EINNIG ER HÆGT AÐ NÁ SIRKUS TV MEÐ VENJULEGU UHF LOFTNETI
SIRKUS TV

**Golf fyrir byrjendur** Nú er tilvalið fyrir hjón að skella sér á byrjendanámskeið í golfi til að geta verið tilbúin með kylfurnar næsta vor, en flestir golfklúbbar landsins bjóða upp á slíka kennslu.





Guðni Olgeirsson vonast til að starf nefndar sem vinnur að heildarendurskoðun laga um grunnskóla skili af sér góðri og víðtækri sátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Álit almennings skiptir máli

***Íslendingar eru hvattir til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um endurskoðun grunnskólalaga.***

Sérstök nefnd skipuð af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra vinnur nú að heildarendurskoðun laga um grunnskóla nr. 66/1995, með síðari breytingum. Nokkra athygli vekur að nefndin hefur auglýst eftir athugasemdum frá almenningi, en Guðni Olgeirsson, starfsmaður nefndarinnar, vonast til að ábendingarnar muni veita betri innsýn í málið.

„Nefndin tók til starfa fyrr á þessu ári og hefur verið í samstarfi við hina ýmsu hagsmunaaðila vegna þessarar endurskoðunar,“ útskýrir Guðni. „Við höfum fundað víðs vegar um land með starfsmönnum skóla, foreldrum, fulltrúum sveitarstjórna og nemendum sjálfum í þeirri von að það muni skila af sér sem víðtækustum niðurstöðum.“

Að sögn Guðna hefur nefndin í mörg horn að líta. „Okkur er ætlað að hafa til hliðsjónar nýjustu breytingar á grunnskólalögum, sveigjanleika í skólastarfi, áform um breyta námsskipan til stúdentsprófs og reynsluna af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga sem átti sér stað árið 1996 svo dæmi séu tekin,“ segir hann enn fremur.

„Hingað til höfum við verið í gagngerri gagnasöfnun og nú tekur við úrvinnsla á þeim upplýsingum sem fyrir liggja, en miðað við allt það efni sem við höfum viðað að okkur á þessum tíma er viðbúið að það muni taka nokkurn tíma,“ útskýrir Guðni. „Miðað er að því að nefndin ljúki störfum í ársbyrjun 2007, þannig að okkar bíður stórt og spennandi verkefni sem vonandi mun skila frumvarpi sem góð og víðtæk sátt næst um.“

Almenningi gefst enn færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina eða þar til september á þessu ári, með því að senda tölvupóst á Guðna á netfangið gudni.olgeirsson@mrn.stjr.is.

*roald@frettabladid.is*

# Sálgæsla við lífslok

***Fjallað er um siðfræðileg álitamál á námskeiðum í sálgæslufræðum við Endurmenntun HÍ.***

Námskeið í sálgæslu snertir vandasöm málefni eins og umönnun deyjandi sjúklinga, um rétt sjúklinga og aðstandenda til að hafna meðferð og hvenær rétt sé að hefja ekki eða hætta meðferð. Áhersla er lögð á greiningu raunhæfra dæma og umræður um þau.

Námskeiðið er einkum ætlað fólki sem starfar við kirkjur, heilsugæslu, kennslu, félagsþjónustu og löggæslu. Það er haldið af Endurmenntun í samstarfi við guðfræðideild, heimspekideild HÍ og siðfræðistofnun. Vilhjálmur Árnason prófessor hefur umsjón með því ásamt Salvöru Nordal, forstöðumanni Siðfræðistofnunar. Einnig koma margir gestakennarar við sögu og má nefna Sigurð Guðmundsson landlækni, Sigfinn Þorleifsson sjúkrahúsprest, Ástríði Stefánsdóttur, lækni og dósent, og Ingileif Malmberg sjúkrahúsprest.



Vilhjálmur Árnason heimspekingur er umsjónarmaður sálgæslunámskeiðsins.

Sálgæslunámskeiðið er á meistarastigi og má meta sem hluta af námi til MA-prófs. Það hefst 28. september en umsóknarfrestur rennur út hinn átjánda.

Píanó og hljómborðskennsla
Nótnalestur - tónheyrn - tónfræði
Kennsla fyrir börn, fullorðna, byrjendur og lengra komna.
Kennsla samkæmt námsskrá tónlistarskólanna.
Upplýsingar og innritun í síma: 848-1538 eða 453-5094 eftir kl. 14 - 19.
Staðsetning við Mjódd í neðra Breiðholti.
Píanó - Hljómborðskennslan

# Smíði skartgripa

***Skartgripasmíði er heillandi grein sem kennd verður á námskeiðum í nýjum skóla sem nefnist listnam.is.***



Á helgarnámskeiði er hægt að smíða fjóra til sex hluti, að sögn Ellu.

„Marga dreymir um að læra að smíða skart úr málmi og nú get ég gefið fólki tækifæri til þess,“ segir Ella Rósinkrans kát. Hún stendur á bak við hinn nýja skóla listnam.is. Þar verður unnið úr nýju efni sem nefnist PMC. Það er silfur og gull í mjúku formi sem auðvelt er að eiga við, að sögn Ellu. Skólinn verður með aðsetur í Súðarvogi 26, Kænuvogsmegin, og hann leggur til efni og tæki til smíðinnar. Ella hefur nýlega lokið námi í meðferð þessa nýja efnis í Bandaríkjunum og Japan og aflað sér kennsluréttinda en kveðst áður hafa stundað skartgripasmíði í Suður-Ameríku í tíu ár. Þá var þetta nýja efni hins vegar ekki komið til sögunnar og Ella er beðin að lýsa því aðeins nánar. „PMC er agnir af silfri sem bætt er með bindiefnum og vatni þannig að það verður auðmótanlegt sem leir. Þegar búið er að móta hlutinn er hann brenndur við hátt hitastig, þannig að aukaefnin brenna burt.“ Ella kveðst bjóða upp á grunnnám, framhaldsnám og kennaranám í smíðinni og einnig muni gestakennarar koma í skólann og halda námskeið. Sá fyrsti er Bandaríkjamaðurinn Robert Danick sem kemur í nóvember en hann er þekktur í greininni og hefur mikinn áhuga á Íslandi og skarthefðum víkinga.

**Einstakt enskunámskeið**
Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.




- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

**Mest**
lesna tímaritið*
birta
*Gallup Október 2005

**Þetta er mitt líf!**
Námskeið fyrir konur þar sem tekið verður fyrir:
- Sjálfsmynd og mörk
- Sjálfsvirðing
- Erfitt fólk



Námskeiðið verður haldið föstudaginn **15. sept. kl. 18:00 - 20:00** í Síðumúla 33, 2 hæð til hægri.
Upplýsingar og skráning í síma **694 7997**

Ásta Kristrún Ólafsdóttir - BA, CCDP
Ráðgjafi

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð fljónusta.

**Nýtt** 6. vikna námskeið hefst **4. okt.**
**Nýtt** 6. vikna námskeið **16. okt.**
**SUÐURNES** 3 vikna hraðnámskeið **12. október**
**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja flátttöku félagsmanna sinna á námskei›inu.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 13. september 2006 – 35. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



Gutenberg

samstarf sem skapar verðmæti

Síðumúli 16–18, 105 Reykjavík ı s: 545 4400 fax: 545 4401 ı www.gutenberg.is


Eftir 11. september

Markaðir venjast hryðjuverkum



8



Áhrif viðskiptahallans

Vera kann að krónan braggist fullhratt

10-11

Eignaleigan Lýsing

Nei er stundum besta svarið



14

## Skoða allt sem ekki er venjulegt

Í fjármálageiranum hefur komið fram nokkur gagnrýni á að kaupum Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, í félaginu fyrir helgi hafi ekki fylgt tilkynning til Kauphallar.

KB banki sagði tímasetninguna óheppilega vegna nándar við ársfjórðungsuppgjör og væntanlegrar skráningar Icelandair Group á markað.

Í gær bætti svo Baugur Group sem líkt og Hannes er fruminnherji í félaginu, við hlut sinn í félaginu og keypti fyrir tæpar 510 milljónir króna.

„Þetta fór ekki fram hjá okkur," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, og kveður allt sem þyki óvenjulegt eða veki athygli tekið til sérstakrar skoðunar. Hann segir sömu reglur gilda og í öðrum kauphöllum á Norðurlöndum um stöðvun viðskipta. Þar sé ekki um sjálfvirkt kerfi að ræða þótt bréf hækki hlutfallslega umfram markað, viðskipti séu ekki stöðvuð fyrr en eftir fyrstu skoðun.

## Gáfu út fyrir 18 milljarða króna

Glitnir hefur gefið út víkjandi skuldabréf í Bandaríkjunum fyrir 250 milljónir dala, en það samsvarar um 18 milljörðum íslenskra króna. Kaupendur bréfanna voru að megninu til bandarískir fagfjárfestar.

Að sögn Glitnis var mikil umframeftirspurn eftir skuldabréfunum, en alls óskuðu fjárfestar eftir að kaupa fyrir 1,3 milljarða dala, eða sem samsvarar 93 milljörðum króna.

„Ánægjulegt er að sjá hversu góðar viðtökur útgáfan hlýtur," segir Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Glitnis, og bætir við að með henni styrkist enn frekar eiginfjárstaða bankans. Kjörin sem bankanum buðust eru sögð heldur betri en verið hafa hjá bankanum að undanförnu. **- óká**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Hannes kaupir** | Hannes Smárason, forstjóri FL Group, hefur aukið hlut sinn í félaginu um 1,5 prósent í gegnum Oddaflug ehf.

**Nær yfirtöku** | Mosaic Fashions hefur lokið áreiðanleikakönnun á Rubicon Retail og skrifað undir bindandi samning þess efnis að kaupa öll hlutabréf keðjunnar.

**Í tvennt** | Samkvæmt heimildum er áætlað að skipta Dagsbrún í tvö félög, Og Vodafone og 365, og verða félögin tvö skráð í Kauphöll Íslands en Dagsbrún afskráð.

**Auka umfangið** | Dótturfélag Baugs, Woodward Foodservice, sem sérhæft er í veitingaþjónustu, hefur keypt samkeppnisaðilann DBC Foodservice.



**Ruku út** | Mikil spurn var eftir bréfum í Existu þegar fagfjárfestum var gefinn kostur á að kaupa bréf í félaginu í fyrsta áfanga hlutafjárútboðs félagsins.

**Til Íslands** | Föroya Banki og Föroya Sparikassi hafa uppi áform um að skrá sig í Kauphöll Íslands samhliða skráningu í færeysku kauphöllina.

**Hækka mest** | Hlutabréf í Landsbankanum og FL Group hafa hækkað mest frá byrjun ágúst þegar innlendur markaður náði lægsta gildi sínu.

**Bauð betur** | Bandaríska lyfjafyrirtækið Barr setti fram nýtt yfirtökutilboð í Pliva og hækkaði boð sitt í 820 kúnur á hlut. Actavis býður 795 kúnur.

**Nýtt útboð** | Hlutafjárútboð fer fram í Marel á miðvikudag og fimmtudag þar sem 75 milljón hlutir verða boðnir til sölu á genginu 74 krónur á hlut.

# Dagsbrún skipt upp í tvö rekstrarfélög

### Fjarskiptafélagið Teymi og fjölmiðlafélagið 365 verða skráð í Kauphöll Íslands. Dagsbrún selur fasteignir í sparnaðarskyni.

**Jón Skaftason**
skrifar

Stjórn Dagsbrúnar mun leggja þá tillögu fyrir hluthafafund að félaginu verði skipt í tvö aðskilin rekstrarfélög, Teymi og 365, sem bæði verða skráð í Kauphöll Íslands. Teymi verður stofnað utan um fjarskiptahluta rekstursins og hlutafélagið 365 utan um fjölmiðla- og afþreyingarhlutann. Félögin verða skráð í Kauphöll Íslands í nóvember næstkomandi.

Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, segir félagið hafa stækkað mikið undanfarin misseri og mánuði. Félögin tvö, Teymi og 365, séu nú hvort um sig stærri en Dagsbrún var í upphafi árs „Við teljum möguleika þessara tveggja félaga meiri sitt í hvoru lagi en saman."

Þriðja félagið, K2, verður stofnað utan um þau fyrirtæki sem ekki falla að kjarnastarfsemi hinna tveggja. Teymi og 365 munu þó hvort um sig eiga þrjátíu og fimm prósenta hlut í K2 en aðrir fjárfestar afganginn. Loks hyggst Dagsbrún selja fasteignir í eigu félagsins. Áætlað er að þessar aðgerðir skili sér í lægri skuldastöðu sem nemur samtals þrettán til fjórtán milljörðum króna.

Árni Pétur Jónsson, núverandi forstjóri Og Vodafone, verður forstjóri Teymis. Dótturfélög Teymis verða meðal annars símafélögin Og Vodafone og Sko, færeyska fjarskiptafélagið Kall, Securitas, Kögun, Skýrr og EJS.

Undir hlutafélagið 365 heyra meðal annars 365 fjölmiðlar, Sena, D3, Sagafilm og breska prentsmiðjan Wyndeham. Þá á félagið tuttugu prósenta hlut í Dagsbrun Media Fund, sem stendur að útgáfu danska fríblaðsins Nyhedsavisen.



**AF KYNNINGARFUNDI DAGSBRÚNAR** Rekstri Dagsbrúnar hefur verið skipt í tvennt. Teymi og hlutafélagið 365 verða skráð í Kauphöll Íslands í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rekstur fjölmiðla á Íslandi hefur óneitanlega verið brokkgengur. Ari Edwald, forstjóri 365, telur þó að félagið eigi fullt erindi á markað. „Það má vel vera að það taki tvo til þrjá ársfjórðunga að skapa okkur einhverja sögu. 365 hf. verður gagnsærra sem sjálfstætt félag á markaði og ég geri ráð fyrir að enn skýrari kröfur verði gerðar um rekstrarárangur en áður."

Ari segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um tilteknar breytingar á rekstri 365.

# Verðbólga hefur náð hámarki

### Tólf mánaða verðbólga mælist 7,6 prósent og er undir spám bankanna. Styrkir vaxtastefnu Seðlabankans að mati sérfræðings.

Verðbólgan náði hámarki í síðasta mánuði að mati Þóru Helgadóttur, sérfræðings KB banka. Verðbólga mældist 8,6 prósent á ársgrundvelli í ágúst. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,61 prósent í september og nemur tólf mánaða verðbólga 7,6 prósentum.

KB banki spáði 0,8 prósenta verðbólgu í september og er lækkun tólf mánaða verðbólgu því talsvert meiri en greiningardeild bankans gerði ráð fyrir „Verðbólgan fer líklega aðeins upp aftur og verður milli átta og 8,5 prósent á næsta ársfjórðungi. Á næsta ári lækkar hún síðan nokkuð skarpt," segir Þóra.

Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur Landsbankans, segir niðurstöðuna hagstæða enda hafi krónan styrkst kröftuglega í kjölfarið. Það sé merki um að markaðurinn telji tíðindin jákvæð.

Almennt hefur verið búist við því að Seðlabankinn hækki stýrivexti um fimmtíu punkta nú á fimmtudag. Björn Rúnar telur ólíklegt að verðbólgutölurnar hafi áhrif á þá ákvörðun. „Þessi verðbólguhjöðnun hlýtur að styrkja Seðlabankann í þeirri trú að hann sé að gera rétt. Ég á ekki von á því að bankinn hætti við að hækka vexti, þótt kannski séu örlítið meiri líkur en áður á að hækkunin verði aðeins um tuttugu og fimm punktar." **- jsk**


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,3%*

GBP 6,2%*

USD 5,9%*

EUR 3,6%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst - 1. september 2006.

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 30% |
| Alfesca | 5% | 17% |
| Atlantic Petroleum | -2% | 32% |
| Atorka Group | 2% | -1% |
| Avion Group | -2% | -28% |
| Bakkavör | 0% | 7% |
| Dagsbrún | -4% | -18% |
| FL Group | 8% | 7% |
| Glitnir | -1% | 14% |
| KB banki | 0% | 12% |
| Landsbankinn | 1% | 2% |
| Marel | 1% | 19% |
| Mosaic Fashions | 3% | -5% |
| Straumur | -1% | 6% |
| Össur | -4% | 5% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Horfir til lækkunar

Heimsmarkaðsverð á hráolíu hækkaði lítillega á helstu fjármálamörkuðum í gær og fór í tæpa 66 dali á tunnu. Þar með lauk sex daga samfelldu lækkunarferli á olíuverðinu. Gengissveiflur krónunnar hamla dagsveiflum í olíuverði hér á landi.

Hráolíuverð fór hæst í 78,64 dali á tunnu um miðjan júlí síðastliðinn eftir að Ísraelsher réðst gegn Hizbollah-samtökunum í Líbanon en um sögulegt hámarksverð var að ræða. Í kjölfar vopnahlés á milli stríðandi fylkinga í ágúst lækkaði verðið snarlega og hefur lækkað um 20 prósent síðan þá.

Jónas Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá olíufélaginu, segir eftirspurn eftir eldsneyti og gengissveiflur krónunnar auk heimsmarkaðsverðs á hráolíu stýra eldsneytisverði hér á landi. Þótt verð á eldsneyti hafi lækkað nokkuð síðustu daga á heimsmarkaði þá hafi gengi krónunnar veikst á móti og séu lækkanirnar því ekki jafn miklar hér og erlendis. Á sama hátt hafi gengi krónunnar styrkst um miðjan júlí og því hækkaði eldsneytisverð ekki jafn mikið hér og utan landsteina. **- jab**

# Aldrei minni afli

Heildarafli fyrir fiskveiðiárið 2005/2006 nam tæpum 1,3 milljónum tonna. Þetta er 475 tonnum minna en á fyrra fiskveiðiári, samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskistofu. Meðalafli síðastliðinn 14 ára nemur hins vegar rúmum 1,8 milljónum tonna og hefur aflinn því aldrei verið minni.

Að sögn Fiskifrétta ræðst minni afli helst af minni loðnuafla nú en áður. Veki lítill loðnuafli meiri áhyggjur en aflabrestur fyrir fyrr á árum þar sem óvíst sé um ástæður samdráttarins enda skipti loðna verulegu máli fyrir vöxt og viðgang þorsks og fleiri nytjastofna. **- jab**



**LOÐNA** Loðnuafli var minni á síðasta fiskveiðiári en árið á undan. Lítill loðnuafli vekur áhyggjur enda skiptir loðnan máli fyrir vöxt og viðgang þorsks og fleiri nytjastofna í sjónum. MARKAÐURINN/HARI



**Í KAUPHÖLLINNI Í FRANKFURT** Hér sést verðbréfamiðlari í Frankfurt í Þýskalandi að störfum, en borgin er oft kölluð fjármálamiðstöð Evrópu. Nefnd kannar möguleika á því að laða hingað alþjóðlega fjármálastarfsemi. MARKAÐURINN/AFP

# Leiðin vörðuð að miðstöð fjármála

## Í október er þess vænst að nefnd um alþjóðlega fjármálastarfsemi hér á landi skili tillögum sínum.

Nefnd forsætisráðherra sem skipuð var í nóvember í fyrra til að fjalla um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hér á landi og samkeppnishæfni er langt komin í störfum sínum. Þegar nefndin var skipuð var gert ráð fyrir að hún skilaði tillögum í vor, en samkvæmt heimilidum Markaðarins er allt útlit fyrir að þeim verði skilað í næsta mánuði.

Nefndinni, sem Halldór Ásgrímsson þáverandi forsætisráðherra skipaði, var falið að reifa þau tækifæri sem alþjóðleg fjármálastarfsemi skapaði og þann ávinning sem af henni kynnu að hljótast fyrir efnahags- og atvinnulíf hér.

Meðal þess sem nefndin hefur skoðað eru lög og reglur um fjármálastarfsemi, fjármagnsmarkað, skattheimtu og félagaumsvif með það fyrir augum hvort gera þyrfti umbætur á löggjöf til að ýta undir alþjóðlega fjármálastarfsemi hér. Þá var nefndinni einnig ætlað að undirbúa nauðsynlegar breytingar á lögum- og reglugerðum, væri þeirra þörf.

„Framrás íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi er afsprengi ákvarðana sem teknar voru um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, um frelsi í vaxtaákvörðunum, um einkavæðingu ríkisbanka og um hagstætt skattaumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Því ber brýna nauðsyn til þess að huga að því hvaða ákvarðanir þarf að taka til þess að áframhald geti orðið á þróun fjármálastarfseminnar á Íslandi,“ segir í skipunarbréfi nefndarinnar.

Formaður nefndarinnar er Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, en hún var einnig skipuð Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, Pálma Haraldssyni framkvæmdastjóra, Ásdísi Höllu Bragadóttur, forstjóra BYKO, Jóni Sigurðssyni, sem þá var seðlabankastjóri en er nú iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Hauki Hafsteinssyni, framkvæmdastjóra LSR, Huldu Dóru Styrmisdóttur ráðgjafa, Guðjóni Rúnarssyni, framkvæmdastjóra Sambands banka og verðbréfafyrirtækja, Halldóri B. Þorbergssyni, hagfræðingi Viðskiptaráðs Íslands, og Katrínu Ólafsdóttur, aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík. **- óká**

# Credit Suisse telur Actavis standa vel í samkeppni

## Alþjóðlegi bankinn Credit Suisse er fyrstur erlendra greiningaraðila til að fjalla um Actavis. Bankinn horfir til annarra þátta í verðmati fyrirtækisins en íslenskir bankar hafa gert.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Alþjóðlegi bankinn Credit Suisse telur Actavis vera eitt áhugaverðasta félagið á sviði samheitalyfja og eitt best staðsetta félagið í ljósi stærðarhagkvæmni þess og góðrar stöðu á öllum stærstu lyfjamörkuðum heims. Bankinn fjallar í nýrri skýrslu um sex helstu samheitalyfjafyrirtæki heims. Mælt er með því að fjárfestar kaupi í samheitalyfjafélögum, en í þeim geira segir bankinn vera vaxtartækifæri.

„Greiningin er gríðarlega mikilvæg fyrir Actavis í markaðssetningu þess gagnvart erlendum fjárfestum, en hingað til hafa þeir bara haft við íslenskar greiningarskýrslur að styðjast. Bankinn telur okkur eitt áhugaverðasta félagið á okkar sviði og tæpast hægt að biðja um meira,“ segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri Innri og ytri samskipta Actavis. Hann segir einkar mikilvægt fyrir félagið að fyrsti erlendi greiningaraðilinn hafi nú fjallað um það. „Þá hafa aðrir erlendir greiningaraðilar staðfest að þeir muni greina félagið og eigum við von á að á næstunni komi út skýrslur frá Cazanova, stærsta verðbréfafyrirtækis Bretlands og frá alþjóðlega bankanum Merill Lynch.“

Verðmat Credit Suisse á Actavis er heldur lægra en hjá íslensku bönkunum, eða 58 krónur á hlut sem er um 10 prósentum undir verði á markaði í dag en íslensku bankarnir hafa metið félagið á 68 til 79,5 krónur á hlut. Halldór segir að skýra megi muninn á verðmatinu samanborið við íslensku bankanna með því að Credit Suisse sé fyrst og fremst að horfa til V/H gildis (virði á móti hagnaði) fyrir árið 2007 en að íslensku bankarnir og margir erlendir greiningaðilar horfi einnig til annarra kennitalna eins og EV/EBITDA (virði á móti hagnaði fyrir skatta, fjármagnsliði og afskriftir), framtíðarsjóðstreymis og horfi lengra fram í tímann í sýnum verðmötum. Þó er bent á það í skýrslunni að eðlilegt væri einnig að horfa fram til ársins 2008 en þá segir Halldór að mestu samlegðartækifærin muni koma fram vegna kaupa fyrirtækisins á Alpharma og þá eru kennitölur félagsins mun hagstæðari sem myndi réttlæta talsvert hærra verðmat.

Í greiningunni er varað við of mikilli skuldsetningu Actavis og talið að ef verði af yfirtöku félagsins á Pliva kunni skuldsetning félagsins að verða há til skemmri tíma og varað er við mikilli skuldsetningu til lengri tíma.

„Einnig er ánægjulegt að sjá í verðmatinu að bankinn telur Actavis verðskulda 15 prósenta álag umfram samkeppnina í ljósi réttrar stefnu, góðs vaxtar, öflugs stjórnendateymis og þeirra miklu samlegðartækifæra sem bankinn telur að enn eigi eftir að koma í ljós,“ bætir Halldór við og segir að á næstu þremur til fjórum árum sé stefnt að því að ná 25 prósenta EBITDA framlegð, samanborið við rúmlega 20 prósent á árinu 2006. Þá er stefnt að því að nýjum lyfjaumsóknum í Bandaríkjunum fjölgi úr 30 á þessu ári í um 40 á því næsta. „Þessar tölur eru góð vísbending um frekari vöxt á markaðnum og eru fá fyrirtæki sem eru að leggja inn eins margar nýjar umsóknir um ný lyf á markaðnum.“




**FORSÍÐA SKÝRSLU CREDIT SUISSE** Í glænýrri skýrslu sem dreift var á markaðsaðila í gær fjallar Credit Suisse um samheitalyfjafyrirtækin Hikma, Zentiva, Krka, Gedeon Richter, Actavis og Stada.






## Hlutafjárútboð Marel hf. hefst í dag miðvikudaginn 13. september klukkan 9:00 og stendur til klukkan 16:00, fimmtudaginn 14. september 2006

Seldir verða 75 milljónir nýrra hluta í Marel í útboði. Útboðið er þrískipt; útboð til forgangsréttarhafa, fagfjárfesta og almennings. Útboðsgengið er 74 krónur á hvern hlut. Heildarsöluvirði hluta í útboðinu er 5.550 milljónir króna.

Marel hf. hefur gefið út lýsingu og hægt er að nálgast hana á vef Marel, www.marel.is, Landsbankans, www.landsbanki.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf., www.icex.is. Innbundin eintök liggja frammi hjá Marel hf, Austurhrauni 9, Garðabæ og hjá umsjónaraðila, Landsbanka Íslands hf. Hafnarstræti 5, 3. hæð, Reykjavík. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að kynna sér efni lýsingarinnar.

Áskriftum í útboði til forgangsréttarhafa og almennings er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Forgangsréttarhafar hafa fengið lykilorð sent í pósti sem þeir nota við skráningu á áskrift sinni. Áskrifendur í almenna hluta útboðsins skrá inn kennitölu sína og netfang og fá um hæl sent lykilorð sem þeir nota við skráningu á áskrift sinni. Hámarksfjöldi hluta sem hægt er að skrá sig fyrir í almenna hluta útboðsins eru 10.000 hlutir. Skráning í útboðinu er skuldbindandi.

Fagfjárfestar skila inn bindandi áskrift á þar til gerðum áskriftar-eyðublöðum sem hægt er að nálgast á vef Landsbankans, www.landsbanki.is. Áskriftir í þessum hluta útboðsins skulu berast, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. Hafnarstræti 5, 3. hæð, Reykjavík, fax 410 3007. Hafi áskriftareyðublað verið sent með faxi skal fjárfestir engu að síður senda frumritið í pósti til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans.

Forgangsréttarhafar og fagfjárfestar hafa fulla heimild til þátttöku í almenna útboðinu án tillits til þátttöku þeirra í öðrum hlutum útboðsins.

---

**Ráðgjafar Landsbankans munu veita upplýsingar um útboðið og aðstoða við skráningu í síma 410 4040 til klukkan 20:00 miðvikudaginn 13. september og til klukkan 16:00 fimmtudaginn 14. september. Jafnframt mun Þjónustuver Landsbankans aðstoða fjárfesta við skráningu í útboðinu í síma 410 4000 á meðan útboðinu stendur.**

Landsbankinn

Marel

# SPRON 40 milljarða virði

Það eru ekki einvörðungu hlutabréf sem hafa hækkað skarpt á síðustu vikum því stofnfjárbréf í SPRON tóku við sér seinni hlutann í ágúst. Frá því í byrjun ágúst nemur hækkun bréfanna um fjórðungi og má sennilega ætla að gott sex mánaða uppgjör sparisjóðsins hafi ráðið þar miklu um. Einnig er ljóst að SPRON hagnast verulega á skráningu Existu á markað í næstu viku en sjóðurinn er þriðji stærsti hluthafinn í Existu. Reikna má með að nokkru muni á markaðsvirði bréfanna og bókfærðu virði þeirra.



**HILDUR PETERSEN, FORMAÐUR STJÓRNAR SPRON** Gengi stofnfjárbréfa hefur hækkað eins og virði hlutabréfa. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Markaðsvirði SPRON er því 39,3 milljarða virði ef miðað er við gengið 3,9 á hvert stofnfjárbréf.

- hh

# Fjárfest í Matthew Williamson

Baugur hefur eignast minnihluta í breska tískufyrirtækinu Matthew Williamson, með það að leiðarljósi að styrkja félagið til sóknar á erlendri grundu.

Tískufyrirtækið var stofnað árið 1997 og hefur vaxið ört í höndum stofnenda. Joseph Velosa, forstjóri Matthew Williamson og annar stofnenda, segir að innkoma Baugs muni einkum gefa fyrirtækinu færi á að sækja inn á Bandaríkja- og Evrópumarkað.

Velta Matthew Williamson er um einn milljarður króna það sem af er ári. Félagið selur vörur sínar til 160 tískuverslana um allan heim og rekur auk þess flaggskipsverslun í Mayfair í Lundúnum. Félagið stefnir að því að auka sölu í gegnum eigin verslanir.

Kaupin fara fram í gegnum dótturfélag Baugs, Venture Business Unit, sem hefur verið að fjárfesta í smærri tískumerkjum eins og hátísku kvenfataframleiðandanum PPQ.

- eþa



**ÖRT VAXANDI TÍSKUFYRIRTÆKI** Innkoma Baugs í eigendahóp Matthew Williamson gerir tískufyrirtækinu kleift að sækja fram á við.

# Risakauphöll góður kostur

## NASDAQ hefur sýnt OMX áhuga. Niðurstöðu að vænta úr sameiningarviðræðum Kauphallarinnar og OMX fyrir árslok.

Sameining Kauphallar Íslands við norrænu kauphallasamstæðuna OMX, NASDAQ-markaðinn í New York og Kauphöllina í Lundúnum er góður kostur, að mati Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallarinnar.

Kauphöllin hefur átt í viðræðum um sameiningu við OMX, en orðrómur hefur verið uppi um að NASDAQ hyggist taka yfir OMX. NASDAQ á nú þegar fjórðungshlut í Kauphöllinni í Lundúnum og er búist við því að fullri yfirtöku verði brátt lokið. Sú staða gæti því komið upp að Kauphöllin yrði útibú alþjóðlegrar risakauphallar á Íslandi.

„Íslendingar hafa fjárfest langmest í Bretlandi og Bandaríkjunum auk Norðurlandanna. Á þessum mörkuðum eru svipuð viðhorf og vinnubrögð þannig ég hef ekkert nema gott um það að segja ef að sameiningu yrði,“ segir Þórður Friðjónsson.

Þórður telur augljóst að sýnileiki skráðra félaga verði meiri eftir því sem markaðssvæðið er stærra, auk þess sem auðveldara verði að laða að erlenda fjárfesta „Hér yrði þó eftir sem áður kauphöll sem starfar samkvæmt reglum íslenskra stjórnvalda. Okkar hagsmuna yrði gætt gaumgæfilega í hvers konar samstarfi.“



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON, FORSTJÓRI KAUPHALLAR ÍSLANDS** Þórður telur sameiningu NASDAQ, LSE, OMX og Kauphallarinnar góðan kost. Stærra markaðssvæði auðveldi íslenskum fjárfestum að laða að erlent fjármagn.

Viðræður við OMX eru vel á veg komnar, að sögn Þórðar, og má vænta niðurstöðu fyrir árslok.

-jsk



**STARFSMENN VIÐ FRAMKVÆMDIR Á KÁRAHNJÚKUM** Tekjuskattsinneign orkufyrirtækja myndast vegna mismunar á afskriftahraða fastafjármuna í skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum hins vegar.

# Orkufyrirtækin færðu 20 milljarða skatt til tekna

## Skattainneign orkufyrirtækja myndast einkum vegna mismunar á bókfærðu virði eigna og skulda og skattalegu verði þeirra. LV átti 82 milljarða króna í ónotaðan skattalegan frádrátt.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Á fyrri hluta ársins tekjufærðu orkufyrirtækin þrjú, Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur, tekjuskatt að upphæð 21,3 milljarðar króna en þar til um síðustu áramót voru fyrirtækin undanþegin greiðslu tekjuskatts.

Skattainneignin myndast með tvenns konar hætti. Annars vegar tekjufærðu orkufyrirtækin 18 eða 26 prósenta tekjuskatt vegna taprekstrar á tímabilinu en samanlagt töpuðu þau 11,6 milljörðum króna eftir skatta á fyrri hluta ársins. Neikvæð afkoma er að mestu leyti rakin til gengistaps af erlendum lánum. Dró reiknuð skattaeign verulega úr taprekstri LV og OR og skilaði HS réttu megin við núllið en tap félaganna fyrir skatt nam um 33 milljörðum króna.

Hins vegar verður til skattainneign vegna mismunandi afskriftahraða á skattalegu verði eigna og skulda og bókhaldslegu verði þeirra en afskriftir eru hægari í skattalegu tilliti. Eignir hjá orkufyrirtækjum eru afskrifaðar á 20-100 árum þannig að afskriftir eiga sér stað yfir langan tíma. „Þegar afskrifað er hraðar skattalega en bókhaldslega myndast skattsskuldbinding til framtíðar sem kemur þá inn sem kostnaður í rekstri en hins vegar hefur verið afskrifað hraðar í bókhaldi OR en skattalega á undanförnum árum, sem myndar þá skattalega eign,“ segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR.

Reiknaða skattinneignin er eignfærð í efnahagsreikning en mótbókunin kemur í rekstrarreikning. Áætla stjórnendur OR að inneignin hafi numið tveimur milljörðum króna en hún liggur ekki nákvæmlega fyrir. „Óvissan helgast af því að þetta er eignir áratugi aftur í tímann sem er verið að meta upp til afskriftastofns í þessu skattalega umhverfi samkvæmt ákveðnum reglum. Menn hafa verið að viðra leiðir fyrir skattayfirvöld að samþykkja um hvernig þetta sé metið.“

Landsvirkjun átti í lok júní um 82 milljarða króna í ónotaðan skattalegan frádrátt. Fyrirtækið tekjufærði skattainneign að fjárhæð 16,1 milljarður á fyrri hluta ársins en hefði getað tekjufært um 21 milljarð miðað við heimildir skattalaga. Að sögn Stefáns Péturssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs LV, voru öll varúðarsjónarmið höfð til hliðsjónar við þetta mat. „Okkar mat er að þetta sé eign sem við getum nýtt okkur á næstu árum.“

**AFKOMA ORKUFYRIRTÆKJANNA Á FYRRI HLUTA ÁRSINS***

| | Hagnaður fyrir skatt | Hagnaður eftir skatta |
|---|---|---|
| Hitaveita Suðurnesja | -450 | 1.066 |
| Landsvirkjun | -22.959 | -6.490 |
| Orkuveita Reykjavíkur | -9.854 | -6.180 |
| Alls | -33.263 | -11.604 |

** í milljörðum króna*


14,2%

Nafnávöxtun í ágúst 2006: 14,2% á ársgrundvelli.*

SJÓÐUR 9
BESTA ÁVÖXTUN PENINGAMARKAÐSSJÓÐA Á ÍSLANDI Í ÁGÚST

Sjóður 9 fjárfestir aðallega í ríkisverðbréfum, bankavíxlum, innlánum og stuttum skuldabréfum. Hann sveiflast mjög lítið og hentar því sérlega vel fyrir skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu.

KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:
- Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun
- Eignastýring í höndum sérfræðinga
- Ávallt innleysanlegir

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.



Sjóður 9 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð

GLITNIR




Hjá Jónum Transport er aðalmarkmiðið að varan komist til skila á réttan stað, í réttu magni og á réttum tíma. Við bjóðum heildarþjónustu í flutningum á sjó og í lofti, til og frá Íslandi. Nýttu þér trausta og persónulega þjónustu okkar.

Jónar Transport

# Spá lækkun á verði málma

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) greindi frá því í úttekt sinni á horfum í málmiðnaði í síðustu viku að verð á málmum hefði náð hámarki og líkur væru á að það lækkaði um allt að 60 prósent á næstu fimm árum.

Í úttektinni kemur fram að verð á málmum á borð við ál, kopar og stál hafi hækkað um heil 180 prósent á síðastliðnum fjórum árum og séu málmarnir á yfirverði. Líkur sé á að verð á kopar lækki um allt að 57 prósent á tímabilinu en álverð um 35 prósent. Spá IMF er þvert á væntingar fyrirtækja í málmframleiðslu, sem búast við stöðugu verði á málmum og hækkun frekar en lækkun. - jab



**ÁL** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að verð á áli muni lækka um 35 prósent á næstu fimm árum. MARKAÐURINN/VILHELM

# Íranskur banki á svörtum lista

Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur sett íranska ríkisbankann Saderat á svartan lista vestanhafs. Að sögn Stuarts Levey, yfirmanns deildar innan bandaríska fjármálaráðuneytisins sem sér um mál er tengjast hryðjuverkastarfsemi og fjármálanjósnum, er bankinn grunaður um að hafa millifært fjármuni til hryðjuverkasamtaka.

Saderat-bankinn hefur ekki haft formlega starfsemi í Bandaríkjunum en honum hefur verið kleift að flytja peninga til og frá Bandaríkjunum.

Levey sagði í síðustu viku að fjármálastofnanir í Bandaríkjunum hefðu skorið á öll samskipti við bankann, sem er einn sá stærsti í Íran, vegna færslna á tugmilljónum Bandaríkjadala til ýmissa hryðjuverkasamtaka, meðal annars Hezbollah-samtakanna í Líbanon, í gegnum árin.

Kvartanir vegna þessa hafa hvorki borist frá ráðamönnum í Íran né forsvarsmönnum bankans vegna þessa, að sögn breska ríkisútvarpsins, BBC.

Viðmælendur útvarpsins segja hins vegar að bankinn hafi þjónað mikilvægu hlutverki sem milliliður fyrir viðskipti Írana við markaði víða um heim. - jab



**STUART LEVEY** Levey segir íranska bankann Saderat hafa séð um millifærslur á fjármunum til hryðjuverkasamtaka. MARKAÐURINN/AFP



**MICHAEL DELL, STOFNANDI DELL** Bandaríska fjármálaeftirlitið hefur gert athugasemdir við bókhald tölvuframleiðandans Dell síðastliðin fjögur ár. MARKAÐURINN/AP

# Fleiri vandræði hjá Dell

Bandaríski tölvuframleiðandinn Dell hefur frestað útgáfu á afkomutölum fyrirtækisins fyrir annan fjórðung ársins. Ástæðan er athugasemdir sem bandaríska fjármálaeftirlitið (SEC) gerði við bókhald fyrirtækisins síðastliðin fjögur ár.

Að sögn Michaels Dell, stjórnarformanns og stofnanda Dell, vinnur fyrirtækið með fjármálaeftirlitinu og eru stjórnendur tilbúnir að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að svara öllum athugasemdum eftirlitsins fljótt og örugglega.

Michael Dell sagðist ekki geta sagt fyrir um hvað rannsókn fjármálaeftirlitsins þýddi fyrir fyrirtækið en stefnt væri að því að kynna uppgjörið eins fljótt og auðið væri.

Athugasemdir fjármálaeftirlitsins auka enn á vandræðasúpu tölvuframleiðandans en í síðasta mánuði þurfti fyrirtækið í varúðarskyni að innkalla fjórar milljónir rafhlaða frá Sony sem voru í fartölvum fyrirtækisins. Var það einhver mesta innköllun á tölvubúnaði fram til þessa.

Gengi bréfa í Dell hefur ekki farið varhluta af vandræðunum en það féll um 3,7 prósent á markaði vestra í kjölfar fréttanna á mánudag og stendur nú í 20,85 dölum á hlut. - jab

# Góð launahækkun hjá forstjóra Ford

## Vonast er til að nýr forstjóri Ford snúi viðvarandi taprekstri bílaframleiðandans í hagnað.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Stjórn bandaríska bílaframleiðandans Ford greindi frá forstjóraskiptum hjá fyrirtækinu í síðustu viku. Bill Ford, langafabarn stofnandans, mun láta af störfum sem forstjóri en Alan Mulally, fyrrum forstjóri flugvélaverksmiðjunnar Boeing, tekur sæti hans. Ford mun engu að síður halda sæti sínu sem stjórnarformaður fyrirtækisins.

Ford launar Mulally ríkulega fyrir forstjóraskiptin. Hann fær 2 milljónir bandaríkjadala eða rúmlega 142 milljónir íslenskra króna í árslaun auk bónusa og kaupréttarákvæði upp á 4 milljónir hluta í bréfum Ford. Þar að auki fær hann 18,5 milljónir dala eða ríflega 1,3 milljarða íslenskar krónur fyrir það eitt að taka starfið að sér.

Til samanburðar námu árslaun Mulallys hjá Boeing 825.000 dölum eða 59,2 milljónum króna og er hækkunin við tilfærsluna því rúmlega tvöföld. Ofan á launin bættist svo við bónusgreiðslur og kaupréttarákvæði.

Fjárhagsvandi Ford er ærinn og horfir fyrirtækið til þess að Mulally nái að snúa afkomu fyrirtækisins til betra horfs. Ford tapaði 1,3 milljörðum bandaríkjadölum eða rúmum 90 milljörðum íslenskra króna á fyrstu sex mánuðum ársins og lét Bill Ford, fráfarandi forstjóri fyrirtækisins, hafa eftir sér að hagræða þyrfti verulega í rekstrinum. Dró hann í efa að hann væri rétti maðurinn til að stýra fyrirtækinu inn í framtíðina og var því afráðið að leita eftirmanns hans.




**TVEIR FORSTJÓRAR FORD** Alan Mulally, verðandi forstjóri Ford, ásamt Bill Ford, fráfarandi forstjóra fyrirtækisins, á blaðamannafundi í síðustu viku. MARKAÐURINN/AP






**RUPERT MURDOCH** Fjölmiðlasamstæða fjölmiðlamógúlsins Ruperts Murdochs greiðir leigu fyrir íbúð hans í New York.

# Greitt undir fjölmiðlamógúl

Bandaríska fjölmiðlasamsteypan News Corporation, sem er í eigu ástralska fjölmiðlakóngsins Ruperts Murdochs, er sögð greiða leigu fyrir íbúð hans í nánunda við Central Park í New York í Bandaríkjunum.

Murdoch, sem flutti í íbúðina í maí, er langt frá því að vera á flæðiskeri staddur. Fyrirtæki hans á meðal annars dagblöðin The Times og New York Post auk vefsvæðisins MySpace og Fox-fréttastöðvarinnar, svo fátt eitt sé nefnt. Fékk hann 25 milljónir Bandaríkjadala, tæpa 1,8 milljarða íslenskra króna, í laun og aðrar greiðslur á síðasta ári.

Breska dagblaðið Telegraph segir íbúðina ekki af verri endanum en um er að ræða þakhýsi í Trump-byggingunni við Park Avenue í New York og nemur leigan jafnvirði tæpra 3,6 milljóna íslenskra króna á mánuði.

Murdoch seldi íbúð sína á Manhattan fyrr á árinu og mun vera að endurnýja aðra íbúð í New York sem hann keypti af Laurence Rockefeller, syni bandaríska auðkýfingsins John D. Rockefeller, fyrir tveimur árum fyrir jafnvirði tæpra 3,2 milljarða íslenskra króna.

Dagblaðið hefur eftir talsmanni fyrirtækisins að það greiði leiguna einungis þar til endurbótum á hinni nýju íbúð Murdochs lýkur. Hafi fjölskylda hans þurft að flytja í hús þeirra í Los Angeles vegna þess og dvelji hann fjarri henni langdvöldum starfsins vegna. - jab

# DAGBÓK 2007

## – því þinn tími er dýrmætur




**Tímastjórnunardagbók**
*vika á* opnu

**Stjórnendadagbók**
dagur á síðu

**Viðskiptadagbók**
3 gerðir

**Þjónustudagbók**
dagur á síðu

**Vasadagbók**
3 gerðir

Gerum magntilboð í dagbækur!



**Kristjana Þ. Jónsdóttir viðskiptastjóri veit allt um dagbækurnar okkar. Pantaðu bækling með ítarefni um dagbækur á kristjanaj@oddi.is**

Pantanasími
**515 5100**

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

**Oddi skrifstofuvörur • Höfðabakka 3 • 110 Reykjavík • Sími 515 5100 • Fax 515 5101 • sala@oddi.is • www.oddi.is**

# Hlutabréfamarkaðir venjast hryðjuverkaárásum

**Enginn hefði getað látið framhjá sér fara á mánudaginn að fimm ár voru liðin frá hryðjuverkaárás á Bandaríkin. Allir miðlar kepptust við að rifja upp atburði dagsins sem breytti heimsmyndinni á augabragði. Markaðurinn lætur ekki sitt eftir liggja í umræðunni og skoðar hvaða áhrif árásirnar höfðu á hlutabréfamarkaði um heim allan og hvaða lærdóm fjárfestar hafa dregið af þeim.**



**REYK LEGGUR FRÁ RÚSTUM TVÍBURATURNANNA MORGUNINN EFTIR HRYÐJUVERKAÁRÁSIRNAR ÞANN 11. SEPTEMBER** Síðan 11. september hafa viðbrögð markaða við hryðjuverkum sífellt orðið minni og skammvinnari. Fjárfestar virðast því hafa lært það af hryðjuverkunum að vernda sig betur gegn ógæfu, af hvaða tagi sem er, og geyma ekki öll eggin í sömu körfunni.

Óvissa um horfur í efnahagslífinu og hræðsla við hvað koma skyldi var það sem einkenndi andrúmsloftið um heim allan eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin þann 11. september 2001. Ótti einstaklinga við flug og kröfur um aukið öryggi farþega bentu til þess að fyrirtæki í rekstri tengdum ferðaþjónustu myndu fara illa.

Fyrstu viðbrögð fjárfesta voru því hálfgert óðagot og strax í kjölfar árásanna varð snörp lækkun á hlutabréfamörkuðum um heim allan. Flestir markaðir voru þó merkilega fljótir að rétta aftur úr kútnum og höfðu náð fyrri gildum innan nokkurra vikna. Því er ekki hægt að segja að áhrif á hlutabréfamarkaði hafi verið veruleg, að minnsta kosti ekki þegar til lengri tíma er litið.

### BANDARÍSKAR VÍSITÖLUR ÞOKAST UPP Á VIÐ

Á þeim fimm árum sem liðin eru frá falli Tvíburaturnanna hafa flestar bandarískar hlutabréfavísitölur þokast upp á við. Dow Jones-vísitalan og Standard & Poor's vísitalan hafa báðar bætt við sig tæpum nítján prósentum frá því 11. september. Dow Jones, sem náði sínu lægsta gildi þann 9. október 2002, eða 7286,27 stigum, hefur verið á stöðugri uppleið síðan í mars árið 2003. Í maí á þessu ári náði hún 11.642,65, hæsta gildi sínu á síðastliðnum sex árum, einungis hundrað punktum frá meti sínu. Nasdaq-vísitalan hefur á sama tímabili hækkað um 28 prósent. Þrátt fyrir að þessar hækkanir séu ekki gríðarlegar segja sérfræðingar þær endurspegla hlutabréfamarkaði sem stjórnast ekki lengur af hræðslunni við hryðjuverkaárásir.

### FJÁRFESTAR AÐLAGAST HÆTTUNNI

Eftir hverja hryðjuverkaárás frá því 11. september, í Tyrklandi í nóvember 2003, eftir Madríd í mars 2004 og London 2005, hefur sama mynstrið endurtekið sig. Hlutabréfavísitölur hafa tekið snarpar dýfur en náð sér tiltölulega fljótt á strik aftur. Það tók þær flestar til að mynda minna en einn dag að jafna sig eftir hryðjuverkaárásirnar á London.

Síðan 11. september hafa viðbrögð markaða við hryðjuverkum sífellt orðið minni og skammvinnari. Þessi örlagaríki dagur virðist því hafa leitt það af sér að fjárfestar taka nú hryðjuverkabreytuna með í reikninginn, markaðirnir eru farnir að þekkja áhrifin sem ódæðin hafa og eru fljótari að hrista þau af sér. Fjárfestar virðast því hafa lært það af hryðjuverkunum að vernda sig betur gegn ógæfu, af hvaða tagi sem er, og geyma ekki öll eggin í sömu körfunni.

**Íslenski hlutabréfamarkaðarinn lækkaði í kjölfar árásanna líkt og aðrir markaðir en áhrifin voru skammvinn, lækkanirnar voru litlar og gengu hratt til baka.**

### FLUGIÐ FÉKK ÞYNGSTA HÖGGIÐ

Ein var sú atvinnugrein sem varð fyrir meiri áhrifum af 11. september en flestar aðrar. Það var ferðaþjónustan og þá sér í lagi bandarísku flugfélögin. Nú, fimm árum síðar, eru bandarísk flugfélög enn að berjast í bökkum við að ná aftur fyrri hæðum, þrátt fyrir að Bandaríkjamenn séu nú farnir að fljúga meira en þeir gerðu fyrir árásirnar. Árið 2005 flugu 738 milljónir Bandaríkjamanna um loftin blá sem var tíu prósentum meira en á metárinu 2000. Sérfræðingar segja að atburðirnir þennan örlagaríka dag hafi einungis orðið til þess að flýta óumflýjanlegu ferli. Það sem þá greinir hins vegar á um er að hve miklu leyti má kenna hryðjuverkunum um vanda iðnaðarins og að hve miklu leyti þau hefðu hvort sem er átt sér stað af efnahagslegum og samkeppnislegum ástæðum, á borð við hækkandi olíuverð og hin nýju lággjaldaflugfélög.

Hvort sem er, þá hristi 11. september verulega upp í iðnaðinum og þá sérstaklega í gömlu hefðbundnu flugfélögunum á borð við American Airlines, Delta Air Lines, United, Continental, Northwest og US Airways, og varð þeim hvatning til að hrinda í framkvæmd breytingum sem enn eru að ganga í gegn. Þessi sex flugfélög sögðu samtals upp hundrað þúsund manns, einungis mánuði eftir árásirnar og kyrrsettu stærri og eldri gerðir flugvéla sem voru ekki eins sparneytnar á bensín og aðrar. Það var óumflýjanlegt fyrir þau að bregðast við samkeppni frá nýjum fyrirtækjum á markaði og þá sérstaklega frá lággjaldaflugfélögunum. Hvort sem flugfélögin hefðu verið nauðbeygð eða ekki til að fara út í þessar breytingar eru flestir sammála um að umfang breytinganna og hraði var mun meiri en hefði orðið ef árásirnar hefðu ekki komið til. Þrátt fyrir að mörg af þessum stóru og voldugu fyrirtækjum eigi enn í vök að verjast hafa þau gert ýmislegt til að hagræða í rekstri og orðið samkeppnishæfari.

### ÓVERULEG ÁHRIF Á ÍSLAND

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn lækkaði í kjölfar árásanna líkt og aðrir markaðir en áhrifin voru skammvinn, lækkanirnar voru litlar og gengu hratt til baka. Á þessum tíma var markaðurinn að koma út úr fimmtán mánaða lækkunarferli. Hlutabréfaverð var því hagstætt og auk-innar jákvæðni tók að gæta í efnahagslífinu sem þetta áfall náði ekki að snúa við.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir að hér heima hafi áhrifin í raun verið öfug á fyrirtæki í þeim rekstri sem sköðuðust hvað mest í Bandaríkjunum, eins og til að mynda flugfélögin. Langtímaáhrifin á þau voru í raun og veru jákvæð. Hafi það meðal annars komið til af því að litlu flugfélögin þóttu ekki eins hættuleg eða eins líkleg skotmörk og þau stóru og þekktu. „Kalt á litið í þessu hefur Ísland stundum notið góðs af hræðslunni í þessu hryðjuverkasamhengi. Ferðamenn hafa síður viljað fara á átakasvæði, til að mynda til Mið-Austurlanda, og þar sem Ísland er exótískt land í þeirra augum hafa örugglega margir komið hingað í staðinn.“

**Byggt á blaðagreinum á vefsíðum CNN, Business Week og Vefvísi Landsbankans.**





# Tæknidagar 2006

**Áhugaverð og glæsileg sýning helguð fjarskiptum og upplýsingatækni í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá lagningu sæsímastrengs til Íslands og símalínu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur.**

### Fjarskipti og upplýsingatækni

## Hvað ber framtíðin í skauti sér?

### sýning og fyrirlestrar í Öskju - náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands

### 14. - 16. september

Fjöldi merkra sýnenda: Síminn, Og Vodafone, Microsoft, Orkuveita Reykjavíkur, Flugmálastjórn, Nýherji,Hnit, Rafhönnun, Stiki, Vista, CCP, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík. Margir athyglisverðir fyrirlestrar um nútíð og framtíð fjarskipta- og upplýsingatækninnar.

Verkfræðingafélag Íslands

Tæknifræðingafélag Íslands

Síminn

Microsoft

EJS

Rafhönnun

Orkuveita Reykjavíkur

VISTA

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS

SAMSÝN

og vodafone

### Dagskrá Tæknidaga 2006:

#### Fimmtudagur 14. september

Fundarstjóri: **Jón Arnarson**, *Tæknistjóri Nortek ehf og varaformaður TFÍ*

14:00 Setning - **Sturla Böðvarsson**, *Samgönguráðherra*
14:30 Flugmálastjórn - **Arnór B. Kristinsson**, *„Nýjungar hjá Flugmálastjórn"*
15:00 Hnit - **Kristinn Guðmundsson**, *framkvæmdastjóri Samsýnar, „Kort og rauntímakerfi"*
15:30 Háskólinn í Reykjavík - **Hannes Högni Vilhjálmsson**, *„Notkun félagslegra vitvera í tungumálakennslu"*
16:00 Rafhönnun - **Magnús Hauksson**, *„Munu örmerki auðkenna allar vörur og menn í framtíðinni?"*
16:30 Stiki - **Ragnheiður K. Guðmundsdóttir**, *„Upplýsingaöryggi"*

#### Föstudagur 15. september

Fundarstjóri: **Björn Karlsson**, *Brunamálastjóri og varaformaður VFÍ*

14:00 Vista - **Andrés Þórarinsson/Hallur Birgisson**, *„Aðgengilegar umhverfismælingar"*
14:30 Microsoft - **Gísli Ólafsson**, *„Digital Living"*
15:00 CCP - **Halldór Fannar Guðjónsson**, *„Grafíkin í EVE"*
15:30 Háskóli Íslands - **Ebba Þóra Hvannberg**, *„Aðgengi blindra að stærðfræði með hjálp tölvu"*
16:00 Orkuveita Reykjavíkur - **Guðmann Bragi Birgisson**, *„Ljósleiðaravæðing heimilanna - lausn til framtíðar"*
16:30 Nýherji - **Þorvaldur Einarsson**, *„Stafræn veröld - framtíðarsýn á stýringar fyrir heimili og fyrirtæki"*
17:00 Síminn - **Sæmundur Þorsteinsson**, *„WiMAX - Háhraðafjarskipti fyrir dreifbýli"*

#### Laugardagur 16. september

Fundarstjóri: **Ólafur Pétur Pálsson**, *dósent við Verkfræðideild HÍ*

10:30 CCP - **Halldór Fannar Guðjónsson**, *„Grafíkin í EVE"*
11:00 Orkuveita Reykjavíkur - **Georg Aspelund Þorkelsson**, *„Ljósleiðaravæðing heimilanna - lausn til framtíðar"*
11:30 Vista - **Andrés Þórarinsson/Hallur Birgisson**, *„Aðgengilegar umhverfismælingar"*
12:00 Nýherji - **Halldór Jón Garðarsson**, *„Stafrænar myndavélar: Hvað ber að hafa í huga"*
12:30 Stiki - **Svavar Ingi Hermannsson**, *„Þráðlaus net - ekki er allt sem sýnist"*

Fundarstjóri: **Bergþór Þormóðsson**, *formaður TFÍ*

13:30 Háskóli Íslands - **Steinn Guðmundsson**, *„Greining á Alzheimersjúkdómnum með heilaritum"*
14:00 Microsoft - **Gísli Ólafsson**, *„Digital Living"*
14:30 Síminn - **Sæmundur Þorsteinsson**, *„WiMAX - Háhraðafjarskipti fyrir dreifbýli"*
15:00 Rafhönnun - **Magnús Hauksson**, *„Munu örmerki auðkenna allar vörur og menn í framtíðinni?"*
15:30 Hnit - **Kristinn Guðmundsson**, *framkvæmdastjóri Samsýnar, „Kort og rauntímakerfi"*
16:00 Flugmálastjórn - **Arnór B. Kristinsson**, *„Nýjungar hjá Flugmálastjórn"*
16:30 Háskólinn í Reykjavík - **Björn Þór Jónsson**, *„Leitið og þér munuð finna ... myndir?"*
17:00 Tæknidögum slitið - **Steinar Friðgeirsson**, formaður VFÍ

### Allir velkomnir - ókeypis aðgangur

**fimmtudag 14. sept. kl. 14 - 18, föstudag 15. sept. kl. 13 - 18 og laugardag 16. sept. kl. 10 - 17.**

**Nánar á www.vfi.is og www.tfi.is**



**FLOTI NÝRRA BÍLA BÍÐUR TOLL-AFGREIÐSLU** Ungur maður lætur sig dreyma um nýja jeppa í Sundahöfn í Reykjavík, innan um fjölda bíla sem verið er að flytja inn til landsins. Einkaneysla á borð við bílakaup hefur vegið þungt í viðskiptahalla þessa árs og síðasta og spurning hvort lát verði á. MARKAÐURINN/GVA

# Vera kann að krónan braggist

Viðskiptahallinn er meiri en nokkru sinni. Hagfræðingar hafa þó ekki af honum stórfelldar áhyg mikill, en benda á að helst hafi hann áhrif á gengi krónunnar. *Óli Kristján Ármannsson* ræddi v viðskiptum við útlönd, áhrif hans og framtíðarhorfur.

Viðskiptahalli þjóðarinnar við útlönd hefur aldrei verið meiri en í ár og þó var metár í fyrra. Sérfræðingar hafa þó ekki teljandi áhyggjur af hallanum, enda hagvöxtur mikill og þjóðin standi því vel undir þessu.

Helst er að hallinn hafi áhrif á gengi krónunnar þannig að hún veikist og gengissveiflur kalla jú á ákveðinn óstöðugleika. Þá er öllum þeim sem láta sig efnahagsmál varða í fersku minni sú umræða um íslenska hagkerfið sem fór í gang í útlöndum í byrjun ársins. Þar stöldruðu greiningardeildir banka og fjölmiðlar sumir við viðskiptahallann og töldu ljóst að hér væri allt á hraðri niðurleið. Sú var þó ekki raunin og hefur með nokkru átaki, bæði stofnana og fyrirtækja hér heima, tekist að leiða umræðuna inn á aðra braut, að hér njóti hagkerfið nokkurrar sérstöðu í smæð sinni og því eðlilegt að þar sjáist sveiflur.

**STÓRIÐJAN VEGUR ÞUNGT**

En hvað er viðskiptahalli? Jú, hann myndast þegar tekjur þjóðarinnar af útflutningi nægja ekki til að greiða fyrir kostnað af innflutningi hennar. Þann halla þarf að fjármagna, annað hvort með því að ganga á eignir landsmanna eða með því að taka erlend lán.

Mikil og langvinn skuldasöfnun getur vissulega verið ávísun á fjárhagslega erfiðleika síðar meir, en þó skiptir eðli viðskiptahallans máli. Ef til dæmis er verið að flytja inn mikið af fjárfestingavöru sem leggur grunn að meiri útflutningi síðar er það jákvætt, enda lagt í kostnað sem síðar skilar sér í tekjum. Vel heppnuð fjárfesting borgar niður skuldsetninguna sem henni fylgir. Síður eftirsóknarvert er talið ef flutt er inn mikið af neysluvöru. Slík þróun er talin geta verið ávísun á langvinna skuldasöfnun erlendis og endað með greiðsluerfiðleikum, gengislækkun og skertri getu til að flytja inn vörur þegar fram í sækir. Hér hefur vegið þungt fjárfesting vegna stóriðju, en einnig mikil neysla almennings. Hún er þó ekki talin jafnslæm og virst hefði getað í fyrstu, enda hafi gengi krónunnar verið hagstætt margvíslegum innkaupum. Neyslan dragist hratt saman þegar gengið verði óhagstæðara, það sýni sagan okkur. Núna velta hagfræðingar þó fyrir sér hvort krónan braggist of hratt.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka, segir að með upptöku evrunnar myndi viðskiptahallinn hætta að skipta máli. „Viðskiptahallinn er fyrst og fremst bagalegur af því að hann getur skapað ýmis seljanleikavandamál á gjaldeyrismarkaði vegna þess að það þarf að fjármagna hann með einhverjum hætti. Þar fyrir utan þarf



**ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON** „Skynsemi og fyrirhyggja í ákvarðanatöku einstaklinga varðandi eigin hag leiðir oftast af sér bestu niðurstöðu fyrir efnahagslífið í heild. Þannig hefur íslenskt efnahagslíf sýnt sig að vera afar sveigjanlegt þegar kemur að því að fyrirtæki og einstaklingar bregðist við gengisbreytingum.“



**ÁSGEIR JÓNSSON** „Það er hægt að hafa viðskiptahalla töluverðan ef vöxtur erlendra skulda er ekki meiri en vöxtur landsframleiðslu. Núna er hagkerfið búið að vaxa um 50-60 prósent á síðustu tíu árum og í þeim samanburði má segja að það sem þótti mikið í erlendum skuldum þá þykir kannski ekki mikið núna.“



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR** „Krónan hefur styrkst frá því hún var hvað veikust á árinu og alveg ljóst að ef hún verður sterk áfram gætum við þurft aðra gengislækkun 2008 eða 2009 til að fá utanríkisviðskiptin nær jafnvægi.“






# t fullhratt

## ggjur, enda er hér hagvöxtur ið sérfræðinga um halla á

viðskiptahalli ekkert að vera slæmur, hann getur til dæmis verið vísbending um að fjárfesting sé meiri en sparnaður. En svo getur hann náttúrlega líka þýtt að neysla sé meiri en sparnaður. Einn og sér er viðskiptahallinn ekki sjálfstætt vandamál nema af því að hann getur haft áhrif á krónuna," segir hann og bendir á að fjárfesting í stóriðju á Austurlandi sé risavaxin og vegi þungt í hallanum. „Það er hægt að hafa viðskiptahalla töluverðan ef vöxtur erlendra skulda er ekki meiri en vöxtur landsframleiðslu. Núna er hagkerfið búið að vaxa um 50-60 prósent á síðustu tíu árum og í þeim samanburði má segja að það sem þótti mikið í erlendum skuldum þá þykir kannski ekki mikið núna."

### HALLI ÚTI ÚR KORTI

Ásgeir segir aðaláhyggjuefni manna tengt viðskiptahalla um þessar mundir vera að fjármögnunin í formi erlendra lána sé sveiflukenndari en útflæðið, sem sé nokkuð stöðugt og jafnt. „Núna er gríðarmikill vaxtamunur við útlönd og með þennan mikla halla þýðir það að krónan verður óstöðug svo lengi sem þetta ástand varir, væntanlega eitthvað fram á næsta ár." Ásgeir segir að búist sé við nokkuð hröðum samdrætti viðskiptahallans á næsta ári með lokum stóriðjuframkvæmda, auk þess sem byggingariðnaðurinn vegi líka þungt þegar þar hægi á. „Svo er einkenni á Íslandi varðandi varanlegar neysluvörur, af því að við flytjum inn bíla og neysluvörur er skynsamlegt að kaupa þessar vörur þegar gengið er hátt og nota þær meðan gengið er lægra," segir hann og segir ráð gert fyrir svipuðum samdrætti í einkaneyslu og varð 2001 til 2002 þegar viðskiptahalli snerist við. „En í því sambandi hafa þó ýmsir af því áhyggjur að krónan sé að styrkjast of hratt aftur. Við hefðum viljað fá þessa aðlögun fram að fullu þannig að fólk hætti að kaupa í bili."

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, segir viðskiptahallann orðinn mun meiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi árs. „En það er auðvitað mikilvægt að skoða samsetningu hallans. Eru þessar vörur sem við flytjum inn þess eðlis að þær auki framleiðslugetuna og auki getu þjóðarbúsins til að standa undir lánum, eða er þetta eitthvað allt annað?" Hún segir hins vegar alveg ljóst að viðskiptahalli upp á 25 prósent af vergri landsframleiðslu sé alveg úti úr korti. „Við höfum verið að tala um að viðskiptahalli upp á allt að þrjú prósent sé eðlilegur í landi eins og okkar þar sem þjóðin er ung og vöxtur mikill. Tveggja prósenta viðskiptahalli þýðir í raun óbreytta skuldastöðu gagnvart útlöndum," segir hún.

Þá segir Edda Rós ekkert benda til þess í raun að hallinn hverfi í bráð, þótt vissulega muni hann lækka hratt. Greiningardeild bankans gerir ráð fyrir að hann verði um 16-17 prósent af vergri landsframleiðslu í ár og svo um eða undir tíu prósentum á næsta ári. „Krónan hefur styrkst frá því hún var hvað veikust á árinu og alveg ljóst að ef hún verður sterk áfram gætum við þurft aðra gengislækkun 2008 eða 2009 til að fá utanríkisviðskiptin nær jafnvægi." Hún segir þó að sveiflur sem þessar séu nokkuð sem þjóðin hafi valið sér, enda feli þær í sér mikinn sveigjanleika. „Við erum alltaf að taka í notkun nýja framleiðsluþætti og þenja kerfið til hins ítrasta. Mikill viðskiptahalli er merki um að innlendri eftirspurn sé að stórum hluta beint út úr landinu, sem hjálpar vissulega til við að draga úr þenslunni hér heima. Í rauninni notum við svo krónuna og sveiflurnar í henni til að ná jafnvægi á nýjan leik." Hún segir ljóst að sveiflur gjaldmiðilsins muni vekja á ný umræður um vænleika þess að taka upp evru. „En það er mikilvægt að menn átti sig á því að það þýðir ekkert að fara inn í evruna með þær aðferðir og sveiflur sem við höfum valið okkur. Sérstaða Íslands er meðal annars hátt atvinnustig. Í meiri gengisstöðugleika fengjum við líklega sveiflur í atvinnustigi í stað sveiflna í verðbólgu og kaupmætti. Að óbreyttu væri í það minnsta erfiðara að halda fullri atvinnu. Stöðugleiki í gengi og atvinnustigi næst ekki samtímis nema með gjörbreyttri hagstjórn og ég sé ekki að það sé að fara að gerast."

### SEGIR HÆGJA Á NEYSLUNNI

Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir að varðandi stærð viðskiptahallans hér um þessar mundir sé gott að hafa í huga að hann sé stór sem hlutfall af landsframleiðslu vegna þess hve hagkerfi okkar er lítið og framkvæmdirnar sem hér hafa verið í gangi stórar í samhengi við það. Hann bendir á að í mörg hundruð sinnum stærri hagkerfum landa beggja vegna Atlantsála þyrfti mikinn fjölda slíkra framkvæmda til að framkalla viðskiptahalla sem væri þá jafnstórt hlutfall af landsframleiðslu og komið hafi hér fram að undanförnu. „Þá er gott að hafa í huga að þessar framkvæmdir eru tímabundnar. Þegar þeim lýkur dregst innflutningur hratt saman og útflutningur eykst mikið. Við það mun viðskiptahallinn minnka hratt og verða mun minni eftir fáein ár," segir hann og bendir einnig á samspil gengis krónunnar og vöruinnflutnings. Gengið hafi verið hátt og fólk nýtt sér það til ferðalaga eða til að flytja inn bíla og hvers kyns neytendavöru. „Bjartsýni landsmanna og vilji til að takast á við auknar skuldir hefur einnig byggst á því að flestir hafa atvinnu og kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist mikið undanfarin ár, sem og verðmæti fasteigna þeirra og hlutabréfa. Nú er útlit fyrir að tekið hafi að hægja á þessari þróun, meðal annars vegna lækkunar á gengi krónunnar, og það muni einnig hafa þau áhrif að viðskiptahallinn dragist saman á komandi árum."

### SKYNSEMI OG FYRIRHYGGJA

Þá bendir Þorsteinn á að fyrirtæki hafi einnig skuldsett sig til að fjárfesta í aukinni framleiðslugetu, bæði hér og í útlöndum, oft með því að kaupa önnur fyrirtæki. „Útrásin hefur haft mikil áhrif og íslensk fyrirtæki eru farin að selja vörur og þjónustu á stórum alþjóðlegu mörkuðum. Eignir fyrirtækjanna hafa aukist, oft meira en skuldir þeirra. Vera má að íslensk fyrirtæki framleiði í auknum mæli erlendis og flytji vörur til landsins," bendir hann á, en sem dæmi um slíka þróun má nefna fatnað 66° Norður og plastpoka Plastprents. „Alþjóðavæðing framleiðslunnar getur því aukið viðskiptahallann. Áhrifin eru þó ekki einhlít. Um leið eru eignir landsmanna að aukast erlendis og arður af þeim er talinn til tekna í viðskiptajöfnuðinum."

Þorsteinn segir viðbúið að síðar sjáist aftur svona sveiflur í ytra jafnvægi þjóðarbúsins, en þær verði vonandi ekki eins stórar og verið hafi. „Stóriðjuframkvæmdunum fylgdu nýjungar á fjármálamarkaði sem juku tímabundið á þensluna. Skynsamleg tímasetning frekari stóriðjuframkvæmda ætti að gera þær mun viðráðanlegri," segir hann. Þorsteinn telur ekki heldur sérstaka ástæðu til að ætla að breytileiki gengis krónunnar verði meiri í framtíðinni en verið hafi til þessa. „Verðmæti gjaldmiðils sem er fljótandi á alþjóðlegum fjármálamarkaði er ákvarðað af flæði fjármagns, m.a. vegna skammtíma stöðutöku, alþjóðaviðskipta og beinna erlendra fjárfestinga," segir hann og bendir á að núorðið séu allir markaðir opnir og alþjóðlegir og þátttakendur frjálsir til að bregðast við á skjótan og rökrænan hátt. „Skynsemi og fyrirhyggja í ákvarðanatöku einstaklinga varðandi eigin hag leiðir oftast af sér bestu niðurstöðu fyrir efnahagslífið í heild. Þannig hefur íslenskt efnahagslíf sýnt sig að vera afar sveigjanlegt þegar kemur að því að fyrirtæki og einstaklingar bregðist við gengisbreytingum. Þá má minna á að íslensku bankarnir eru vel reknir og með góða eiginfjárstöðu og reglur og eftirlit á fjármálamarkaði eru á við það besta sem gerist annars staðar. Því er það metið sem svo að efnahagslífið geti vel staðið af sér tímabundið ójafnvægi og umtalsverðar gengisbreytingar," segir hann.

**Hér hefur vegið þungt fjárfesting vegna stóriðju, en einnig mikil neysla almennings. Hún er þó ekki talin jafnslæm og virst hefði getað í fyrstu, enda hafi gengi krónunnar verið hagstætt margvíslegum innkaupum. Neyslan dragist hratt saman þegar gengið verði óhagstæðara, það sýni sagan okkur. Núna velta hagfræðingar þó fyrir sér hvort krónan braggist of hratt.**

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ný félög og nýtt hlutafé á hlutabréfamarkaði.

# *Hraustlegri eftir rigningarsumar*

**Hafliði Helgason**

Exista lýkur í vikunni sölu hlutafjár vegna skráningar félagsins í Kauphöll Íslands. Skráningin er tvímælalaust góð fyrir markaðinn og Kauphöll Íslands. Marel mun einnig klára útboð nýrra hluta í vikunni.

Eftirspurn eftir þessu hlutafé virðist ætla að verða mikil og ber það vott um að markaðurinn komi ágætlega undan köldu vori og rigningarsumri. Uppgjör fyrirtækja hafa verið nokkuð góð og því margt sem styður markaðinn þessa dagana. Enn er þó talsverð óvissa um almennar efnahagshorfur og stefna krónunnar er óviss.

Þegar krónan féll hratt á fyrri hluta ársins hafði það talsverðar afleiðingar fyrir hlutabréfamarkaðinn. Talsvert var um skuldsett kaup á hlutabréfamarkaði með fjármögnun í erlendri mynt. Fallið hafði þau áhrif að margir neyddust til að selja bréf sín og hlutabréfamarkaðurinn lækkaði í línulegu samhengi við veikingu krónunnar. Líklegt er að frekari veiking krónu hefði minni áhrif á hlutabréfamarkað nú, þar sem færri skuldsettir spákaupmenn eru á leikvellinum.

Hitt er svo annað að markaður er sálfræðilegt fyrirbæri. Almenn stemning ræður miklu um verðlagningu og harðari lending hagkerfisins en búist er við nú getur leitt af sér svartsýni á markaði sem hefur áhrif á alla eignamarkaði.

Það er mikilvægt fyrir markaðinn og fyrir almenning í landinu að sem flestir nýti þann kost sem hlutabréf eru til að ná sem bestri ávöxtun á sinn sparnað. Af þeim sökum getur verið skynsamlegt að nýta sér útboð fyrirtækja og kaupa í útboðum eins og þeim sem nú standa yfir. Sennilega verður þó aldrei of brýnt fyrir fólki að hlutabréf eru langtímafjárfesting og sveiflur jafnan miklar. Þolinmæði er mikil dyggð á markaði og fyrir utan þá sem verja lunganum af lífi sínu í að fylgjast með horfum á markaði er skynsamlegast að láta skammtímasveiflur sér í léttu rúmi liggja. Lykilatriði almenns fjárfestis í hlutabréfum er að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem viðkomandi hefur bæði trú á rekstri fyrirtækjanna og lykileigendum og stjórnendum.

**Það er mikilvægt fyrir markaðinn og fyrir almenning í landinu að sem flestir nýti þann kost sem hlutabréf eru til að ná sem bestri ávöxtun á sinn sparnað ... Sennilega verður þó aldrei of brýnt fyrir fólki að hlutabréf eru langtímafjárfesting og sveiflur jafnan miklar. Þolinmæði er mikil dyggð á markaði og ... skynsamlegast að láta skammtímasveiflur sér í léttu rúmi liggja.**

Marel er ágætt dæmi um félag sem hefur á undanförnum árum náð góðum árangri og þeir sem átt hafa bréf fyrirtækisins frá því að það kom á markað hafa ávaxtað sitt pund vel. Sú vegferð hefur ekki verið án áfalla og lækkana. Þeir sem hafa haldið ró sinni hafa hins vegar notið góðrar ávöxtunar. Marel og Exista eru lofandi félög og ekkert bendir til annars en að framtíð þeirra sé björt. Sala á hlutum í þessum félögum verður vonandi til þess að áhugi almennings á hlutabréfakaupum glæðist. Til langs tíma litið er það hagur allra.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI VERÐUR CAPACENT



Capacent Ráðningar (áður IMG Mannafl Liðsauki) er stærsta ráðningarstofa landsins og leggur mikla áherslu á trúnað við umsækjendur og fyrirtæki.

Ráðgjafar Capacent Ráðninga beita faglegum vinnubrögðum og starfa eftir ákveðnum verkferlum sem tryggja gæði þjónustunnar.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartún 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 www.capacent.is

# Þrír forstjórar í fyrirtæki?

ORÐ Í BELG



**Ólafur Ísleifsson** lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Eftir að krónan var sett á flot snemma árs 2001 fengu ákvarðanir Seðlabanka Íslands í peningamálum stóraukna þýðingu. Fagleg umgjörð þessara ákvarðana hefur ekki breyst að sama marki.

Undanfarin misseri hafa stýrivextir bankans verið hækkaðir hvað eftir annað í því skyni að hemja verðbólgu og eru nú 13,5%, hærri á Íslandi en nokkurs staðar á byggðu bóli nema kannski í löndum á borð við Brasilíu. Sambærilegir vextir á evrusvæði eru um þessar mundir 3% og 5,25% í Bandaríkjunum. Vaxtamunur gagnvart útlöndum nemur þess vegna 8-10%. Þrátt fyrir þessar aðgerðir bankans féll krónan umtalsvert í febrúar og mars á þessu ári og landsmenn hafa ekki bitið úr nálinni með verðbólgu sem er meiri en víðast annars staðar á Vesturlöndum.

Stýrivextir hafa eðli máls samkvæmt mest áhrif á fyrirtæki sem háð eru innlendu skammtímafé og heimili sem draga á eftir sér skammtímaskuldir á borð við yfirdrátt í bönkum. Þarf naumast að efast um þungar búsifjar þessara fyrirtækja og heimila af völdum hávaxtanna. Á hinn bóginn er þorri lánsfjár verðtryggður og aðeins í lausu samhengi við stýrivexti sem að eðli eru skammtímavextir. Stærri fyrirtæki nota erlent lánsfé í verulegum mæli og snerta stýrivextir ákvarðanir þeirra í þessu efni ekki nema óbeint.

Þráfaldlega hefur verið á það bent af hálfu innlendra jafnt sem erlendra aðila sem fjalla um íslensk efnahagsmál að skort hafi á samræmingu á stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum og peningamálum. Svo er að sjá að Seðlabankinn standi einn í ístaðinu gagnvart verðbólguþrýstingi í efnahagslífinu, stundum að því er virðist án þess að staldrað hafi verið við og nytsemi peningastefnunnar íhuguð í ljósi þess árangurs sem hún hefur skilað. Af hálfu stjórnvalda hafa verið teknar ákvarðanir sem ganga þvert á verðbólgumarkmið bankans og nægir að nefna skipulagsbreytingar á húsnæðislánamarkaði með ríkistryggðum 90% lánum til íbúðakaupa og firnamiklar framkvæmdir af hálfu ríkis og sveitarfélaga og aðila sem njóta ábyrgðar ríkisins á lánsfé. Seðlabankinn hefur í ræðu og riti gert glögga grein fyrir verðbólguáhrifum þessara ákvarðana.

Reynslan sýnir að hækkanir stýrivaxta einar og sér hrökkva skammt og enn síður þegar stjórnvöld róa ekki í sömu átt í viðleitni til að skapa jafnvægi í efnhagslífinu. Þarf naumast að koma á óvart að aðgerðir seðlabanka einar og sér hrökkvi skammt við aðstæður eins og ríkt hafa hér á landi.

Seðlabankanum er falið mikið vald með heimild til að beita stýrivöxtum í hagstjórnarskyni. Stjórn peningamála er mikilvægur þáttur hagstjórnar og er viðtekið að hún skuli einkennast af gagnsæi og trúverðugleika enda ætlað að hafa áhrif á markaði og á væntingar almennings og fyrirtækja. Hið mikla vald sem bankanum er falið dregur síst úr ábyrgð hans og kallar á að stjórn bankans og vinnubrögð hans öll einkennist af faglegri þekkingu á sviði peningamála og hagstjórnar.

Víða um lönd ríkir það viðhorf að fjölskipuð nefnd sé best til þess fallin að tryggja að sem víðust sjónarmið séu reifuð áður en ákvörðun er tekin. Af hálfu bankans hefur ítarleg grein verið gerð fyrir fyrirkomulagi slíkra ákvarðana, t.d. í grein Þórarins G. Péturssonar staðgengils aðalhagfræðings, Útfærsla verðbólgumarkmiðsstefnu víða um heim, í Peningamálum 2004/1. Við íslenskar aðstæður mætti hugsa sér að peningamálanefnd væri skipuð bankastjóra Seðlabankans og aðalhagfræðingi auk tveggja til þriggja valinkunnra hagfræðinga utan bankans.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur frá upphafi verið skipuð þremur bankastjórum. Fyrir því kunna að hafa verið þau rök að með þeim hætti væri leitast við að tryggja víðtæka samstöðu um stefnu og ákvarðanir bankans. Sést glögglega af vali bankastjóra gegnum tíðina að stjórnmálaflokkarnir hafa viljað eiga fulltrúa í stjórn bankans auk fulltrúa í bankaráði. Nú hafa mál skipast svo að hvorki Alþýðuflokkurinn, forveri Samfylkingar, né Framsóknarflokkurinn treysta sér til að tilnefna menn beint í bankastjórnina. Tveir af þremur bankastjórum eru starfsmenn bankans og starfa e.t.v. líkt og aðstoðarbankastjórar eða aðstoðarmenn bankastjóra. Bankinn er ágætlega mannaður og hefur aðgang að þekkingu, reynslu og hæfileikum þessara starfsmanna sinna eins og annarra án þess að haldið sé uppi þriggja manna bankastjórn. Af verkefnum bankans verður heldur ekki ráðið að þörf sé á þremur forstjórum frekar en í fyrirtækjum almennt.

Sjálfsögð er sú krafa að faglega sé staðið að ráðningu seðlabankastjóra og tryggt með þeim hætti að hæfasti einstaklingurinn sé ráðinn. Liggja þurfa fyrir þær kröfur sem gerðar eru til bankastjóraefna og hvaða þættir verði lagðir til grundvallar við ákvörðun um málið. Þá þarf að tryggja að frambærilegir einstaklingar sæki um stöðuna, að sambærilegt og ítarlegt mat verði lagt á umsækjendur og að ákvörðun um ráðningu verði tekin á málefnalegum grundvelli í ljósi hæfis umsækjenda.

Nauðsyn á breytingum í þessu efni sést af því að þegar síðast var skipað í bankastjórn fyrir nokkrum vikum var starfið ekki auglýst, engar kröfur settar fram, ekkert gert til að kalla eftir hæfileikaríkum umsækjendum. Stöðunni var þannig ráðstafað þvert á viðurkennd nútímaviðhorf um aðferðir við skipan í opinber embætti.

Forsendur sem kunna að hafa verið fyrir þriggja manna bankastjórn í Seðlabankanum eru brostnar. Valdið sem bankanum er falið kallar á að strangar kröfur séu gerðar til þeirra sem með það fara. Einn seðlabankastjóri á að vera ábyrgur fyrir málefnum sem bankanum er trúað fyrir. Eðlilegt væri að fjölskipuð peningamálanefnd kæmi að ákvörðunum um vaxtastefnu bankans. Ákvarðanir hennar eiga að vera gagnsæjar og öllum aðgengilegar í fundargerðum eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og fleiri hafa ítrekað bent á.

**Nauðsyn á breytingum í þessu efni sést af því að þegar síðast var skipað í bankastjórn fyrir nokkrum vikum var starfið ekki auglýst, engar kröfur settar fram, ekkert gert til að kalla eftir hæfileikaríkum umsækjendum. Stöðunni var þannig ráðstafað þvert á viðurkennd nútímaviðhorf um aðferðir við skipan í opinber embætti.**

STARFSMANNAMÁL

## Þjálfun spyrla

Algengt er að fólk sem sér um ráðningar í fyrirtækjum biðji aðra starfsmenn um aðstoð við atvinnuviðtölin. Þetta er gert til þess að fá betri yfirsýn yfir umsækjendur og til þess að fleiri geti dæmt um hæfni þeirra. Sá ókostur getur hins vegar fylgt því þegar margir koma að viðtölum að auðvelt er að flækja málin.

Sumir velja þann hæfasta samkvæmt kröfum um hæfni og menntun, aðrir velja til dæmis þá sem líkjast þeim sjálfum mest. Í slíkum tilfellum þar sem margir koma að viðtali er gott að búa til góða starfsgreiningu og hafa hana til hliðsjónar í viðtali.

Starfsgreiningin tekur fram helstu kunnáttu, menntun og reynslu sem æskileg er fyrir starfið. Spyrlar þurfa líka að vera sammála um starfsgreininguna áður en viðtöl hefjast svo hægt sé að vinna með hana sem viðmiðun. Með slíkum undirbúningi er hægt að koma í veg fyrir árekstra á milli yfirmanna og starfsmanna sem standa að ráðningum og síðast en ekki síst ráða hæfasta starfsmanninn til starfa.

Nauðsynlegt er að þjálfa samskiptahæfni spyrla og þjálfa hæfni þeirra til þess að ráða hæfasta starfsmanninn. Þjálfun spyrla þarf því m.a. að innihalda eftirfarandi þætti:

- *Að forðast að spyrja spurninga sem ekki tengjast starfinu*
- *Að forðast að taka skjótar ákvarðanir um umsækjendur*
- *Að forðast að setja upp staðalímyndir um umsækjendur*
- *Að forðast að leggja of mikla áherslu á fáa þætti*
- *Að reyna að hafa andrúmsloftið afslappað*
- *Að hafa viðtalið skýrt*

Einnig þurfa spyrlar að læra að spyrja opinna spurninga sem krefjast meiri svara en „já“ eða „nei“ og vera óhræddir við að þaulspyrja, þ.e. að spyrja nánar út í smáatriði til að fá nákvæmari svör. Mikilvægt er að spyrlar verði ekki fyrir áhrifum utanaðkomandi þátta sem ekki tengjast starfinu og geri sér grein fyrir fordómum og öðrum mögulegum þáttum sem geta haft áhrif á viðtalið.



**Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Hvers vegna forvarnir?

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá



Eftirfarandi skilgreiningu á merkingu orðsins forvörn er að finna í íslensku orðabókinni. „Forvörn (oftast í ft.), ráðstafanir til að koma í veg fyrir sjúkdóm, slys eða önnur áföll". Svo einfalt er það nú.

Forvarnir birtast okkur með ýmsum hætti og oftast sem eðlilegur og sjálfsagður hluti af daglegu lífi okkar sem við þurfum ekki að gefa ítarlegan gaum til þess að takast á við. Aðrar forvarnir eru þess eðlis, að þær krefjast umhugsunar, vinnu og kostnaðar. En það að takast á við þær aðgerðir sem kunna að vera eðlilegar og nauðsynlegar til þess að forvarnirnar geti staðið undir nafni er háð vilja og skilningi þeirra sem framkvæma skulu. Fjölmargar forvarnaraðgerðir eru ákvarðaðar með lögum og reglum opinberra aðila þar sem einstaklingar og fyrirtæki eru skylduð til þess að hafa uppi forvarnir. Þegar hætta eða ógn er augljós og fyrirséð þá grípa flest okkar til einhverra aðgerða til að koma í veg fyrir að tjón verði eða draga úr tjóni. Í kjölfar alvarlegra slysa og tjónsatburða verður oftast mikil almenn umfjöllun um mikilvægi og gildi forvarna og til hvaða ráðstafana hefði mátt grípa til þess að koma í veg fyrir eða draga úr afleiðingum þeirra. Stundum er þá gripið til aðgerða en oft fjarar umræðan út án þess að nokkuð sé að gert.

Skilningur stjórnenda og forráðamanna fyrirtækja á gildi forvarna til þess að tryggja áfallalausan rekstur hefur aukist á síðari árum. Það hefur margoft sýnt sig að þar sem forvarnir eru hafðar í hávegum skilar það sér í betri rekstrarafkomu. Slys og önnur ófyrirséð áföll sem trufla rekstur tilheyra þá fortíðinni og viðhorf starfsmanna allra er miklum mun jákvæðara. Þannig má segja að samnefnari sé á milli öflugs og trausts rekstrar og öflugs forvarnarstarfs.

Nýlega heimsótti greinarhöfundur framleiðslufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu þar sem unnið er með ýmis eldfim efni en jafnframt er þörf á logsuðuvinnu í tengslum við nokkra þætti framleiðslunnar.

Þegar stjórnandi fyrirtækisins var inntur eftir eldhættunni sem af þessu stafaði var svarið skýrt og einfalt. „Við vinnum enga logsuðu hér. Hún er öll unnin annars staðar." Þótt þetta hefði í för með sér aukinn kostnað skapaði þessi ráðstöfun það öryggi hvað eldhættu varðaði sem stjórnendur fyrirtækisins vildu að starfmenn þess og rekstur byggi við. Viðhorf stjórnenda þessa fyrirtækis endurspeglaði umhyggju fyrir rekstrinum og starfsmönnum.

Þegar öllu er á botninn hvolft eru forvarnir spurning um viðhorf. Viðhorf sem verður til vegna hugsunar, þekkingar, reynslu en ekki síst ábyrgðar.

Í byrjun júní opnaði Sjóvá í samvinnu við nokkur fyrirtæki svokallað Forvarnarhús. Slíkt hús er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi en á sér fyrirmyndir að hluta m.a. frá Noregi. Húsinu er ætlað að vera samnefnari fyrir forvarnarstarf sem á að leiða til fækkunar slysa og tjóna bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Forvarnarhúsið og sú starfsemi sem rekin verður í tengslum við það opnar nýjar leiðir til að vekja áhuga og skilning einstaklinga svo og starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja á mikilvægi markvissra forvarna. Þar fer fram fræðsla þar sem lögð er rík áhersla á upplifun. Upplifun er sterk aðferð til að hafa áhrif á viðhorf fólks en það er einmitt viðhorf fólks til hinna ýmsu áhættuþátta í umhverfi okkar sem þarf að breyta.

Umferðin á Íslandi leiðir árlega til þess að mannslíf tapast auk fjölda slasaðra, svo ekki sé minnst á það gífurlega eignatjón sem verður. Reiknað hefur verið út að árlega kosti umferðarslys þjóðfélagið nokkuð á þriðja tug milljarða króna með beinum og óbeinum hætti. Það gefur auga leið að öflugt forvarnarstarf skilar miklum ávinningi fyrir þjóðfélagið. Ekki má líta á þá fjármuni sem varið er til forvarna sem kostnað heldur sem fjárfestingu sem skilar hagnaði vegna færri slysa og annarra tjóna.

Skilningur á þessu er því sem betur fer að aukast en það er enn langt í land að ásættanlegur árangur hafi náðst. Forvarnarvinna er eilífðarverkefni og á að vera sjálfsagður og eðlilegur partur af daglegu lífi okkar því eins og getið er í upphafi þessarar greinar merkir orðið forvörn „ráðstafanir til að koma í veg fyrir sjúkdóm, slys eða önnur áföll". Svo einfalt er það nú.

**Andrés Andrésson**
**Fulltrúi fyrirtækjasviðs Sjóvár**


NÁMSKEIÐIÐ

# STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Okkar vinsælasta nám, Stjórnendur framtíðarinnar, er markviss stjórnenda- og leiðtogaþjálfun sem yfir tvö hundruð stjórnendur hafa sótt á undanförnum árum. Í náminu taka þátttakendur alþjóðleg stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn.

**Námið skiptist í eftirfarandi hluta**
- Stjórnandinn og stjórnunarhæfileikar, stjórnendamat og sjálfsskoðun.
- Viðtöl og skilvirk endurgjöf.
- Streitu- , álags- og tímastjórnun.
- Framkoma, tjáning og ræðumennska.
- Kúnstin að taka ákvörðun.
- Árangursríkt samstarf (hópstarf).
- Mannauðsstjórnun – að stjórna fólki.
- Skapandi hugsun.
- Hlutverk stjórnandans: Breytingastjórnun.
- Stjórnun í alþjóðaumhverfi.
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit.

**Áherslur í þjálfun hjá CAPACENT**
- Þjálfunin sé hagnýt og taki mið af þeim aðstæðum sem þátttakendur þekkja
- Þátttakendur fái þjálfun í þeim þáttum sem verið er að kenna
- Efnistök séu í tengslum við íslenskan raunveruleika

Námið hefst í Reykjavík 12. október í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og á Akureyri 16. nóvember í samstarfi við Símenntun Háskólans á Akueyri.

**Lengd:** 90 klst.
**Verð:** 300.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

**Ávinningur þátttakenda og fyrirtækja er:**
- Yfirgripsmikil þekking, þjálfun og skilningur á stjórnun og hlutverki stjórnenda.
- Aukin hæfni þátttakenda við stjórnun fólks.
- Aukið öryggi þátttakenda um eigin stjórnunaraðferðir og framkomu.
- Aukinn skilningur þátttakenda á eigin hegðun og hvernig hún hefur áhrif á fólk.
- Tengslanet við aðra stjórnendur.



capacent

# Nei er stundum besta svarið

**Eignaleigan Lýsing varð á dögunum tuttugu ára. Ólafur Helgi Ólafsson hefur starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi, þar af síðustu fjórtán ár sem framkvæmdastjóri. Hann segir rekstrarumhverfið allt annað í dag, enda þurfi fyrirtæki í landinu að sæta mun minni afskiptum ríkisvaldsins. Ólafur tjáði *Jóni Skaftasyni* að sín stærsta áskorun væri að tryggja áframhaldandi vöxt, en halda fyrirtækinu um leið „smáu“.**



**ÓLAFUR HELGI ÓLAFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI LÝSINGAR** Ólafur segir rekstrarumhverfi fyrirtækja allt annað nú en fyrir tuttugu árum. „Við þurftum að senda Seðlabankanum afrit af öllum samningum, sérstaklega í erlendri mynt. Þar var þessu öllu safnað saman og sett í möppur og upp í skáp. Ég vissi nú aldrei hvað var gert við þetta allt saman.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eignaleigan er aldagamalt rekstrarform. Á fyrstu auglýsingu Lýsingar kom fram að eignaleiguformsins hefði fyrst verið getið á steintöflum Súmera fyrir fjögur þúsund árum. Atvinnugreinin er rótgróin bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum en varð ekki raunhæf hér á landi fyrr en Þorsteinn Pálsson, þáverandi fjármálaráðherra, veitti eignaleigum undanþágu frá söluskatti með reglugerð í febrúar 1986. Lýsing var ein fjögurra eignaleiga sem stofnaðar voru það ár.

Stofnendur voru Landsbanki Íslands, Búnaðarbankinn, Sjóvá-Tryggingafélag Íslands og Brunabótafélag Íslands. Bankarnir áttu fjörutíu prósenta hlut hvor en tryggingafélögin tíu prósent. „Á stofnfundinum var ákveðið að félagið skyldi heita Lýsing. Ég held nú að nafnið hafi elst ágætlega,“ segir Ólafur Helgi Ólafsson framkvæmdastjóri.

Stjórnin var skipuð sex mönnum; tveimur frá hvorum banka og einum frá tryggingafélögunum. Ólafur segir vissulega sérstakt að enginn oddamaður hafi verið í stjórn. Bankarnir hafi skipst á um stjórnarformennskuna og ávallt hafi verið lögð áhersla á að vinna hlutina í sátt og samlyndi. „Þetta leggur þær kvaðir á framkvæmdastjóra að undirbúa mál vel fyrir fundi og að vera ekki að hleypa einhverjum álitamálum inn. Við höfum alltaf reynt að vinna í ró og spekt.“

**„Keppinautarnir hermdu strax eftir og nú er svo komið að nánast öll fjármögnun einkabíla fer fram með eignaleigusamningum. Þessi hefðbundnu lán sem voru ráðandi eru nánast að hverfa enda bílasamningarnir ódýrari, meðal annars vegna þess að af slíkum samningum eru engin stimpilgjöld.“**

**ALLT ANNAÐ REKSTRARUMHVERFI**

Ólafur gegndi í fyrstu starfi fjármálastjóra Lýsingar en tók við starfi framkvæmdastjóra árið 1992. Hann segir ýmislegt hafa breyst frá fyrstu árum fyrirtækisins. Ekki síst hafi orðið breytingar á því umhverfi sem fyrirtækjum í landinu er búið. „Það var gríðarlega mikil skriffinnska fyrstu árin. Við þurftum að senda Seðlabankanum afrit af öllum samningum, sérstaklega í erlendri mynt. Þar var þessu öllu safnað saman og sett í möppur og upp í skáp. Ég vissi nú aldrei hvað var gert við þetta allt saman.“

Ólafur segir þetta þó ekki eina dæmið um undarleg afskipti ríkisvaldsins. Hann nefnir sérstaklega skattheimtu af erlendri lántöku. „Árið 1987 voru sett lög þar sem allt að sex prósenta skattur var settur á erlendar lántökur. Þetta átti víst að sporna gegn erlendri skuldasöfnun þjóðarinnar.“

Ólafur segir eignaleigur hafa verið litnar hornauga fystu árin. Þess misskilnings hafi gætt að leigurnar væru einungis fyrir þá sem hefði verið úthýst úr bankakerfinu. „Þetta viðhorf hefur náttúrlega breyst með tímanum. Stærri fyrirtæki með skynsama fjármálastjóra gera sér nú grein fyrir kostum þess að vera með ákveðinn hluta af sínum rekstrarfjármunum í eignaleigusamningum.“

Lýsing lagði í upphafi mesta áherslu á að þjónusta fyrirtæki og gerir raunar enn í dag. Ólafur segir Lýsingu oft hafa verið legið á hálsi að vera ekki nægilega jásinnuð við öllum umsóknum. „Það er nú frekar tilkomið vegna umhyggju okkar fyrir viðkomandi aðilum. Við viljum að leigutakinn sé betur settur eftir að hafa átt viðskipti við okkur. Að annað hvort sparist fé eða tekjur verði til sem réttlæti gerninginn. Stundum er besta þjónustan að segja nei.“

Lýsing hóf árið 1997 að bjóða upp á fjármögnun einkabíla fyrir einstaklinga, fyrst íslenskra fyrirtækja. „Keppinautarnir hermdu strax eftir og nú er svo komið að nánast öll fjármögnun einkabíla fer fram með eignaleigusamningum. Þessi hefðbundnu lán sem voru ráðandi eru nánast að hverfa enda bílasamningarnir ódýrari, meðal annars vegna þess að af slíkum samningum eru engin stimpilgjöld.“

**SJÁLFSTÆÐI ÞRÁTT FYRIR HRÆRINGAR**

Árið 2001 keypti Búnaðarbankinn aðra eigendur út og varð Lýsing þá eitt dótturfélaga bankans. Síðar rann Búnaðarbankinn inn í Kaupþing og úr varð KB banki. KB banki seldi síðan Lýsingu til VÍS árið 2002. Fyrr í vor keypti Exista VÍS og heyrir Lýsing því nú undir fjármálaþjónustufélagið Exista, sem einmitt verður skráð í Kauphöllina föstudaginn næstkomandi.

Ólafur Helgi segir Lýsingu hafa haldið sjálfstæði sínu gegnum allar þessar hræringar. Máli sínu til stuðnings nefnir hann að viðskiptavinir Lýsingar skiptist í nokkuð jöfnu hlutfalli á viðskiptabankanna, þrátt fyrir augljós eignatengsl við KB banka. „Lýsing hefur alltaf starfað sjálfstætt og á eigin forsendum. Þetta sjálfstæði er bein afleiðing þeirrar velgengni sem við höfum notið. Við höfum alla tíð lagt áherslu á viðskiptavininn frekar en eignarhaldið.“

Ólafur neitar því ekki að komið hafi til tals að Lýsing yrði deild í KB banka. Hann segir hins vegar að strax þegar einkavæðing bankanna stóð fyrir dyrum og óvissa ríkti hvort Lýsing myndi lenda Landsbanka- eða Búnaðarbankamegin hafi sú ákvörðun verið tekin að velta sér ekki upp úr eignarhaldinu. „Maður á að skipta sér af því sem maður getur haft áhrif á. Svo er bara að vera nægilega skynsamur til að gera sér grein fyrir því hvenær maður getur einhver haft áhrif og hvenær ekki.“ Hann segir að á þessum tuttugu árum hafi eigendur Lýsingar aldrei reynt að hafa afskipti af rekstrinum sem talist gætu óeðlileg.

Ólafur segir starfsmenn Lýsingar hafa fylgt sömu hugmyndafræði frá upphafi. Reynt hafi verið að starfa með viðskiptavininum og ná niðurstöðu öllum til hagsbóta. Hann seilist í gamla rykfallna möppu sem á stendur „1987: Samningar 1 til 10“. „Það eru nokkur fyrirtæki hér sem hafa verið með okkur alveg frá upphafi. Gámaþjónustan byrjaði til að mynda með tvo til þrjá gáma en er nú stærsta fyrirtæki landsins á sínu sviði. Það er nákvæmlega þetta sem við viljum; stofna til langtímasambands. Hugsunarhátturinn „við og þeir“ er algerlega bannaður. Við stöndum saman í þessu stríði.“

**ÞARF AÐ TROÐA SNJÓINN**

Ólafur telur að velgengni fyrirtækja eigi að meta yfir lengra tímabil; á fimm til tíu ára grunni en ekki einungis síðasta þriggja mánaða uppgjöri. „Mér hefur nú oft fundist furðulegt þegar blaðamenn og greiningardeildir hrópa upp yfir sig vegna góðra milliuppgjöra. Velgengni fyrirtækja er ekki endapunktur heldur vegferð, rétt eins og hamingjan.“

Hagnaður Lýsingar nam tæplega sjö hundruð milljónum króna á síðasta rekstrarári. Markaðshlutdeild fyrirtækisins á eignaleigumarkaði er um fjörutíu og fjögur prósent. Keppinautarnir Glitnir og SP-fjármögnun skipta restinni milli sín.

Ólafur telur að bjart sé fram undan hjá Lýsingu, enn sé rúm til stækkunar. Hann segist einkum líta til fasteignafjármögnunar, en Lýsing hafi gert marga slíka samninga það sem af er ári. Þó sé mikilvægt að fyrirtækið vaxi ekki fram úr sjálfu sér. „Það þarf að troða snjóinn. Þegar fyrirtæki stækka gliðna boðleiðir. Áskorunin er sú að vaxa en halda fyrirtækinu smáu um leið. Of stór fyrirtæki eiga það til að breytast í stofnanir.“

Spurður hvort ekki standi til að hefja starfsemi erlendis segist Ólafur ekki geta neitað því að þreifingar hafi átt sér stað og nefnir sérstaklega Danmörku í því sambandi. „Við erum alltaf með augun opin. Ég held að það sé alls staðar pláss fyrir fyrirtæki með okkar hugsunarhátt. Útrás bankanna hefur sýnt okkur hverju snerpa og nýr hugsunarháttur geta áorkað.“







Bókanir á www.gbferdir.is og í síma 534-5000

WWW.ICELANDAIR.IS

Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

ÞJÓNUSTA Í ÞÁGU ÚTFLYTJENDA Í 20 ÁR

Húmor í alþjóðaviðskiptum

14. september
kl. 8.30-10.00

Útflutningsráð heldur fræðslufund fimmtudaginn 14. september kl. 8.30-10.00 í Borgartúni 35, Húsi atvinnulífsins, 6. hæð.

Fundurinn ber yfirskriftina Húmor í alþjóðaviðskiptum. Fyrirlesari verður Rafn Kjartansson frá Háskólanum á Akureyri.

Fundurinn er öllum opinn og þátttaka ókeypis.

Skráning fer fram í síma 511 4000 eða á www.utflutningsrad.is.

20
1986-2006

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

# Ný ofurtölva tilbúin eftir tvö ár

**Eftir tvö ár lítur öflugasta tölva í heimi dagsins ljós en hún mun gera líkön í læknisrannsóknum.**

Bandaríski tölvurisinn IBM hefur fengið leyfi til að smíða hraðvirkustu tölvu í heimi í rannsóknarstofu bandaríska orkumálaráðuneytisins í Los Alamos í Nýju-Mexíkó. Áætlað er að tölvan, sem hefur fengið vinnuheitið Roadrunner, verði fjórum sinnum hraðvirkari en BlueGene/L, sem IBM smíðaði og er heimsins hraðvirkasta tölva nú um stundir.

Í tölvunni verða 16.000 hefðbundnir ofurörgjörvar og jafn margir örgjörvar sem notaðir eru í nýju PlayStation 3 leikjatölvunni frá Sony og þykja þeir hraðvirkustu um þessar mundir. Jafn margir örgjörvar eru í BlueGene/L ofurtölvunni en ástæðan fyrir aukinni getu nýju tölvunnar er sú hversu örgjörvarnir sem munu prýða leikjatölvuna eru öflugir.

Þá standa vonir manna til að ofurtölvan Roadrunner geti framkvæmt eitt petaflopp (1 Pflop/s) útreikninga á sekúndu en slíkt jafngildir þúsund billjón (þúsund x milljón x milljón) útreikningum á sekúndu. Til samanburðar getur BlueGene/L og sú hraðvirkasta nú um stundir framkvæmt 136,8 teraflopp (TFlop/s) eða 136,8 billjón útreikninga á sekúndu.

Á meðal þess sem ofurtölvan mun gera er að búa til líkan til að greina fyrirbyggjandi áhrif próteins gegn sjúkdómum á borð við Alzheimer.

Reiknað er með að smíði Roadrunner-tölvunnar ljúki eftir tvö ár.

- jab



**NÝ OFURTÖLVA Á LEIÐINNI** Bandaríski tölvurisinn IBM segir tvö ár þar til fyrirtækið verði tilbúið með nýja öfurtölvu. Hún er talsvert öflugri en þessar gömlu tölvur frá IBM. MARKAÐURINN/HEIÐA

Hyundai hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.

Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study
Problems per 100 Vehicles
Lower score indicates higher initial quality

| Rank | Nameplate | Problems |
|---|---|---|
| 1 | Porsche | 91 |
| 2 | Lexus | 93 |
| 3 | Hyundai | 102 |
| 4 | Toyota | 106 |
| 5 | Jaguar | 109 |
| | Industry Average | 124 |

Source: J.D. Power and Associates 2006 Initial Quality Study[SM] (IQS)

Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000
Getz
- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar

Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur



Frá kr. 2.290.000
SONATA
- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér

## FÓLK Á FERLI

**MAGNÚS ÁRNI MAGNÚSSON,** aðstoðarrektor Háskólans á Bifröst, hefur verið



ráðinn til starfa hjá Capacent. Magnús Árni mun starfa innan ráðgjafasviðs Capacent. Verkefni hans þar verða á sviði sviði almennrar stefnumótunar innan einkageirans, félagasamtaka og opinberrar stjórnsýslu. Þá mun Magnús gegna veigamiklu hlutverki við samhæfingu ráðgjafar og rannsókna innan Capacent. Magnús hefur starfað sem aðstoðarrektor Viðskiptaháskólans á Bifröst frá 2001 og veitti jafnframt viðskiptadeild skólans forstöðu sem deildarforseti frá 2003 til 2005 þegar hann tók við sem deildarforseti nýstofnaðrar félagsvísinda- og hagfræðideildar. Hann hlaut mat sem dósent við skólann vorið 2003. Magnús er með M.Phil. gráðu í Evrópufræðum frá Cambridge-háskóla í Englandi, MA-gráðu í þróunar- og alþjóðahagfræði frá University of San Francisco og BA í heimspeki frá Háskóla Íslands. Hann er kvæntur Sigríði Björk Jónsdóttur listfræðingi og eiga þau þrjú börn.

**STEFÁN B. GUNNLAUGSSON** er nýr sérfræðingur hjá Íslenskum verðbréfum.



Stefán er fæddur árið 1970. Hann útskrifaðist sem sjávarútvegsfræðingur hjá Háskólanum á Akureyri 1995 og lauk MSc-gráðu í fjármálahagfræði frá Háskólanum í Stirling í Skotlandi 1997. Frá 1997 til 2003 starfaði Stefán sem sérfræðingur hjá Landsbankanum á Akureyri. Frá 2003 hefur Stefán verið lektor við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri. Samhliða störfum sínum hjá ÍV er Stefán áfram lektor við Háskólann á Akureyri. Eiginkona Stefáns er Linda Benediktsdóttir og eiga þau eina dóttur.

**TINNA JÓHANNSDÓTTIR** hefur verið ráðin framkvæmdastjóri SMÁÍS – samtaka myndrétthafa á Íslandi, í stað Hallgríms Kristinssonar sem farinn er til starfa hjá svæðisskrifstofu MPA – Motion Picture Association í Brussel. Samtökin mynda kvikmyndahús, helstu útgefendur kvikmynda- og sjónvarpsefnis, sjónvarpsstöðvar og helstu dreifingaraðilar tölvuleikja á landinu; 365 Ljósvakamiðlar, RÚV, Skjárinn, Bergvík, Myndform, Sam-Félagið og Sena. SMÁÍS er samstarfsaðili MPA hér á landi. Tinna starfaði áður hjá Íslenska sjónvarpsfélaginu – Skjá einum og 365 – Sirkusmiðlum, við framleiðslu- og framkvæmdastjórn.

# Fyrsti íslenski myntrúllusjálfsalinn

Landsbankinn hefur sett upp myntrúllusjálfsala í Smáralind, þann fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Sjálfsalinn gerir starfsmönnum verslana, veitingastaða og annarra fyrirtækja kleift að nálgast skiptimynt á þægilegan og fljótlegan hátt – án þess að bíða í röð til að komast að hjá gjaldkera.

Myntrúllusjálfsalinn tekur við peningaseðlum í skiptum fyrir myntrúllur. Fyrst um sinn verða myntrúllurnar afgreiddar í vélinni án þóknunar þar sem um nýjung er að ræða hér á landi. Sjálfsalinn er staðsettur í göngugötu á efri hæð Smáralindar og er því ekki bundinn afgreiðslutíma útibúsins.



**FYRSTUR** Jón Björnsson, betur þekktur sem Jón fiskur í Nóatúni, var meðal fyrstu kaupmannanna í Smáralind til að nýta sér myntrúllusjálfsalann. Hjá honum standa Theódóra Þorsteinsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar, og Guðrún S. Ólafsdóttir, útibússtjóri Landsbankans í Smáralind.



**„HAFSJÓR TÆKIFÆRA”** Glitnir stóð í síðustu viku fyrir alþjóðlegri sjávarútvegsráðstefnu í Halifax í Kanada undir yfirskriftinni „Hafsjór tækifæra”. Þetta er í þriðja sinn sem Glitnir heldur slíka ráðstefnu. Fulltrúar helstu sjávarútvegsfyrirtækja Evrópu, Asíu, Norður-Ameríku og Suður-Ameríku sóttu ráðstefnuna sem er hugsuð sem vettvangur fyrir skoðanaskipti um fjárfestingar og viðskiptaþróun í alþjóðlegum sjávarútvegi. Yfir 100 þátttakendur frá um 60 alþjóðlegum sjávarútvegsfyrirtækjum sóttu ráðstefnuna að þessu sinni. Á myndinni eru nokkrir valinkunnir menn sem tóku þátt í ráðstefnunni.

## FÓLK Á FERLI



**Frosti Ólafsson** hefur verið ráðinn í starf hagfræðings Viðskiptaráðs Íslands. Hann útskrifaðist með BS-gráðu í hagfræði við Háskóla Íslands árið 2006 og stundaði skiptinám við Macquarie University í Sydney árið 2005. Hann hefur jafnframt unnið sem aðstoðarkennari við Háskóla Íslands í dæmatímum í tölfræði og rekstrarhagfræði. Frosti er stúdent af hagfræðibraut Menntaskólans í Kópavogi. Áður en Frosti tók til starfa hjá Viðskiptaráði starfaði hann hjá Landsbankanum, fyrst sem sérfræðingur í greiningardeild og síðan hjá gjaldeyris- og afleiðumiðlun bankans.



**Halldór Benjamín Þorbergsson,** sem verið hefur hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands síðan á fyrri hluta ársins 2005, hverfur til annarra starfa innan samstæðu Milestone ehf. Þar mun hann starfa við fjárfestingar, meðal annars hjá Sjóvá. Halldór er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík.



**Magnús Stephensen** hefur tekið við stöðu aðstoðarforstjóra XL Leisure Group, dótturfyrirtækis Avion Group. Magnús hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaþróunar Avion Group frá stofnun félagsins. Phil Wyatt verður áfram forstjóri XL Leisure Group. Magnús er 33 ára og er menntaður í hagfræði og alþjóðaviðskiptum frá University of Colorado. Magnús er í sambúð með Bergljótu Þorsteinsdóttur og eiga þau saman þrjá syni. XL Leisure Group er ný sameinuð afkomueining innan Avion Group og tekur til dótturfélaga innan Avion Group í þremur heimsálfum. Félögin starfa öll á sviði leiguflugs og ferðaheildsölu og þjónusta ferðaskrifstofur víðs vegar um heim. Mestu umsvif hinnar nýstofnuðu samsteypu eru í Evrópu en XL Leisure Group hefur innan sinnan vébanda fyrirtæki sem ráða yfir flugrekstrarleyfum í sex löndum og býður samsteypan upp á flug til yfir eitt hundrað áfangastaða í öllum byggðum heimsálfum. Áætlanir XL Leisure Group gera ráð fyrir veltu upp á tvo milljarða Bandaríkjadala miðað við heilt rekstrarár.




# Bjóða fólki í þjóðhagfræðinám

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands býður öllum áhugamönnum um hagfræði og efnahagsmál að sækja háskólafyrirlestra í þjóðhagfræði sér að kostnaðarlausu.

Er þetta annað árið í röð sem viðskipta- og hagfræðideild býður þjóðinni að sækja fyrirlestrana, en í fyrra sóttu að jafnaði um 30 manns fyrirlestrana auk skráðra nemenda.

„Við gerum þetta af því að þarna er á ferðinni efni sem gott er fyrir alla að hafa einhverja innsýn í og kjörið tækifæri fyrir deildina til að láta gott af sér leiða og vekja um leið athygli á því góða starfi sem innan hennar er unnið,“ segir Friðrik Már Baldursson, forseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans, en námskeiðið hófst í síðustu viku. Hann bætir við að Þorvaldur Gylfason prófessor, sem kennir námskeiðið, hafi í fyrra átt hugmyndina að því að opna það öllum. Kúrsinn heitir Þjóðhagfræði I og er byrjendanámskeið í þjóðhagfræði þar sem ekki er krafist sérstaks undirbúnings. Ekki þarf að skrá sig heldur nægir að mæta í fyrirlestrana í sal eitt í Háskólabíói. Nánari upplýsingar er að finna á vef viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans, *www.hi.is*. - óká



**FRIÐRIK MÁR BALDURSSON** Friðrik Már er forseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.



USA AUKAHLUTIR
Eigum fyrirliggjandi aukahluti á Ameríska bíla. Til afgreiðslu strax.
Bílanaust 535 9000
Akureyri • Egilsstöðum • Hafnarfirði • Höfn • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi
2397/TAKTÍK / 11.9.'06

Tölvukælar
Fyrir tækni- og tölvurými
ís-húsið 566 6000

Betri leið til að vinna á tímaskorti
“Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi.”
Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.
“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.
Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða
Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.
NÝTT!! 6 vikna námskeið 4. okt.
NÝTT!! 6 vikna námskeið 16. okt.
Suðurnes 3 vikna hraðnámskeið 12. okt.
Náðu árangri með okkur í haust og skráðu þig á hraðlestrarnámskeið Hraðlestrarskólans.
Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400
Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið
HRAÐLESTRARSKÓLINN
VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Vantar diskapláss?
HITACHI DATA SYSTEMS
Þessi er 2 Terabyte og stækkanleg í 42!

Hitachi Data Systems hafa undanfarin ár verið leiðandi framleiðandi á diskastæðum fyrir stórfyrirtæki. Nú hefur fyrirtækið einbeitt sér að lausnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem sameina hábróaða tækni, stækkanleika, hátt þjónustustig og gott verð. Afhendingartími á lausnum frá Hitachi er mjög skammur (oftast innan við vika) og 12 mánaða viðhaldssamningur er alltaf innifalinn.
HDS framleiðir diskastæður sem henta öllum stærðum fyrirtækja. Nánari upplýsingar eru á: www.hds.com eða í síma 575 9200.
Verð 833.222* m.vsk
Hitachi Tagmastore WMS100 iSCSI
- Single Controller
- 2 x 2 ISCSI interfaces með 2 GigE ports.
- 2 TB SATA diskar (4 x 500 GB) stækkanleg í 42 Tb
- 512 MB Cache
- 12 mánaða viðhaldssamningur
iSCSI sameinar tvo samkiptastaðla (SCSI og TCP/IP) sem gerir þér kleift að tengja diskastæður við netkerfi þitt á einfaldan og hagkvæman hátt og nýta þar með núverandi fjáfestingu í netkerfi fyrirtækisins betur.
Tölvuþjónustan SecurStore - 575 9200
HITACHI DATA SYSTEMS TrueNorth Partner Gold
* Verð sem miðast við gengi DKK þann 24.08.06. Athugið að 19" skápur sem sýndur er á mynd er ekki innifalinn í verði.

Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR


Eldbakaðar handverkspizzur af bestu gerð!
Leiðin að hjarta manneskjunnar er í gegnum magann
Eldbakaðar pizzur | Speltpizzur | Kaffihús | Súrdeigsbeyglur og samlokur
Heilsuvafningar og súpur | Kósí krá á kvöldin
REYKJAVÍK PIZZA COMPANY
„Skemmtistaður bragðlaukanna“
Laugavegi 81 - 101 Reykjavík - Sími 561 3838
Grafíska smiðjan ehf. 2006

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**820** kúnur á hlut sem bandaríska lyfjafyrirtækið Barr er tilbúið að greiða fyrir Pliva.

**2.350** milljóna króna virði kaupa Oddaflugs, eignarhaldsfélags Hannesar Smárasonar, á 1,5 prósenta hlut í FL Group.

**21,5** krónur sem fagfjárfestar greiða fyrir hlutinn í Existu en hlutafjárútboð fór fram fyrir helgi.

## BANKAHÓLFIÐ



### Þið líka Brútusar

Staksteinar Moggans eru oft mikið skemmtiefni, þótt misjafnt sé hvort slíkt sé meiningin.

Í vikunni var almenn skemmtun í fjármálaheiminum, þegar höfundur Staksteina barði á hinum prúðu bræðrum í Bakkavör fyrir að hafa leyft sér að tala um að íslenskt bankakerfi hefði orðið fyrir árás erlendra og innlendra aðila. Staksteinahöfundur spurði sárhneykslaður hverjir innlendir hefðu staðið að slíkri árás. Nú er það almenn skoðun í fjármálageiranum að þarna hafi verið átt við Morgunblaðið, en ekki skal þeirri sýn haldið á lofti hér.

Einhver gárunginn tók sig til og endurorðaði umvöndun Staksteina í eina hótun sem hljóðaði svo án leyfis höfundar. „Þið þarna Brútusar! Ef þið hafði ekki vit á að halda ykkur saman mun ég taka bjálkann úr eigin auga og berja ykkur með honum!“

### Hvað varð um Nyhedsavisen?

Enginn skortur var á stórtíðindum á kynningarfundi Dagsbrúnar, sem haldinn var í Salnum í Kópavogi. Tilkynnt var að félaginu yrði skipt í tvennt og að nýju félögin tvö, fjarskiptafélagið Teymi og fjölmiðlafyrirtækið 365, yrðu skráð í Kauphöll Íslands nú í nóvember. Annað ekki síður athyglisvert var að ekki var minnst einu orði á Danmerkurævintýri Dagsbrúnar – fríblaðið Nyhedsavisen. Hér með upplýsist að tuttugu prósenta hlutur Dagsbrúnar í Dagsbrun Media Fund, sem stofnaður var utan um útgáfu Nyhedsavisen, verður í eigu hlutafélagsins 365.

### Gamlar fréttir verða nýjar

„Er hægt að versla ódýrt á Íslandi?“ er spurt í nýrri frétt á vef Landssambands kúabænda og vitnað til samanburðar á matvöruverði á Norðurlöndum. Þegar betur er að gáð virðist þó eitthvað brogað við þetta allt saman því vitnað er í þriggja ára gamla könnun sem birtist fyrir margt löngu á vef Haga, sem á Hagkaup, Bónus, Aðföng, Zöru, Debenhams, Top Shop, Hýsingu, Útilíf, 10-11 og Ferskar Kjötvörur. Þar hafði forstjóri fyrirtækisins, þann 12. nóvember 2003, sett íslenskar tölur inn í niðurstöður verðkönnunar danska dagblaðsins Politiken um verð á 15 mjög algengum vörutegundum í 8 Evrópulöndum. Gott hjá nauti.is að benda okkur á að fyrir þremur árum var verð á mjólk, osti og smjöri ekki með því dýrasta sem gerðist í Evrópu.






Reykjavíkurborg

**Leikskólar Menntasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir yfirmönnum í eldhús í eftirfarandi leikskóla:**

**-Furuborg, v/Álandi, sími 553-1835**

**-Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995. Um er að ræða 50% stöðu eftir hádegi.**

**-Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970**

**-Njálsborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860. Um er að ræða 80-100% stöðu**

**-Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290/587-4816**

**-Sólhlíð, Engihlíð 8, sími 551-4870**

**-Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085/694-6621**

**-Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040**

**Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.menntasvid.is**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 13 - 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19 við afgreiðslu og þrif. Gæti hentað skólafólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

SUBWAY

**Dagvinna-Hringbraut**

**Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða hlutastarf, vinnutími 10-17, virka daga. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum.**

**Nánari upplýsingar gefur Júlía í s. 696 7019.**

**Wilson pizza leitar eftir vönum pizzabakara.**

**Ertu með góða reynslu í pizzabakstri ? Vantar þér vinnu/ert þú í vinnu og ert ósátt/ur við vinnutíma og laun ? Wilson pizza býður uppá sveigjanlegan vinnutíma og góð laun fyrir rétta fólkið.**

**Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza. Gnoðarvogi 44 eða í síma 581 1515.**

**Óskum eftir smiðum og verkamönnum**

**Úti og innivinna, næg vinna framundan.**

**Upplýsingar í síma 892 9661.**

**Kaffi Mílanó**

**Óskum eftir fólki í fullt starf í sal 20 ára og eldri sem fyrst. Góð laun fyrir duglegt fólk. Skemmtilegur vinnustaður. Upplýsingar á staðnum Café Milanó, Faxafeni 11.**

**ATVINNA Í MOSFELLSBÆ**

Óskum eftir starfsfólki af báðum kynjum í móttöku, þrif og eftirlit. Vinnutími að jafnaði frá 08:00 á morgnana en getur þurft að vera sveigjanlegur einhverja daga vikunnar. Nánari upplýsingar í síma 897 1012, Lárus.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Potrzebujemy ludzi do pracy w fabryce ryb od zaraz duzo pracy informacje tel.520-7308

**Vantar aðstoðarmann**

í vélsmiðju. Upplýsingar í síma 897 2206.

Háseta vantar á 15 t, hraðfiskibát. Gerður út frá Patreksfirði á línuveiðar. Uppl. í s. 898 3959 / 456 5580.

Járnabindingar. Vanur maður óskast til GG Járnaverktaka. s: 6920367

Sölumaður óskast til starfa í heildverslun í kópavogi. Hluta eða fullt starf. Um er að ræða sölu á vörum fyrir málmiðnað. Nánari uppl. í síma 699-2121

Starfsfólk óskast í kaffiteríu. Vaktavinna. Umsóknir sendist á perlan@perlan.is

**Bón og þvottur**

Óskum eftir verkstjóra og vönum mönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Starfsmaður óskast til að sjá um söluturn í Rvk. Vinnutími er frá 9-18 virka daga og 10-16 á laugardögum. Reglusemi og reynsla æskileg og þarf að geta unnið sjálfstætt. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Uppl. í síma 664 7408.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**Múska er týnd!**

Múska slapp út úr húsi á Kársnesbraut, úti á tanga, um miðjan júlí. Annars býr hún í Ljósheimum í Reykjavík. Hún er eyrnamerkt: 05H055. Vinsamlega látið eftir henni og látið vita í s. 697 6620. Fundarlaun.

## Tilkynningar

Opinn kynningarfundur um hlutafjárútboð Marel hf. verður haldin þriðjudaginn 12. september kl. 17:00 í höfuðstöðvum Marel að Austurhrauni 9. Allir velkomnir. Marel hf.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Skráðu þig á póstlista á veitingastadir.is og þú getur unnið gjafabréf á veitingastaði.

Fyrirlestur Helga Valdimarssonar læknis í kvöld. Maður lifandi, Borgartúni.

## Einkamál







Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

# FASTEIGNIR

**Seljavogur 3 - 233 Höfnum Reykjanesbæ**



Frum

***Til sölu fasteignin að Seljavog 3, 233 Höfnum Reykjanesbæ. Stærð 145 fm.***

Eignin er mikið endurnýjuð, nánast öll sem ný.

Þak, gluggar, innréttingar, gólfefni, hluti af lögnum eldhús og bað, allt alveg nýtt. Sólpallur með heitum potti. Tilvalið tækifæri að eignast glæsilega eign á góðu verði, í rólegu umhverfi. Laust fljótlega. **Verð 20.9 milljón.**

***Uppl.veitir Kristín í síma 698 0518***

www.remax.is

RE/MAX

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

www.remax.is

SAGA FASTEIGNIR

**Hlíðasmára 14 - S. 414 8800**

Guðmundur Þórðarson hdl & löggiltur fasteignasali

## Reynimelur - 107 Reykjavík



Frum

Mjög góð 70 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð í nýlega standsettu húsi. Eignin er vel staðsett og fallegt útsýni til Bessastaða frá suður svölum. Mjög snyrtileg stór hvít eldhúsinnrétting, parket á stofu. Séð um öll þrif á sameign. Stutt í alla þjónustu. Frábær staðsetning í Vesturbænum. **Verð aðeins 18,8 millj.**



***HRINGDU Í SVEINBJÖRN FREY FASTEIGNARÁÐGJAFA SAGA FASTEIGNA TIL AÐ SKOÐA ÞESSA FALLEGU EIGN Í SÍMA 895-7888 eða 552-6060***

**Saga Fasteignir ehf. - Sími 414 8800 - www.sagafasteignir.is**

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## ESKIHOLT - GBÆ. EINBÝLI



Nýkomið í einkasölu glæsilegt tvílyft einbýli m. innbyggðum bílskúr. Samtals ca 300 fm. Frábær staðsetning og útsýni. Arinn í stofu.

**Góð eign. Verð 69 millj.** No.116928

## GRJÓTÁS - GBÆ.



Frum

Í einkasölu mjög gott parhús á 2 hæðum m/innb bílskúr samtals um 199,4 fm á þessum góða stað í Ásahverfinu í Gbæ. Skipting eignarinnar: geymsla, bílskúr, hol, stofa, borðstofa, eldhús og baðh. 3 svefnherb., sjónvarpshol, 2 svalir, baðherbergi og þvottahús.

**Frábær stðasetning. Verð 55,5 millj.**

## ÁSBÚÐ - GBÆ.



Í einkasölu mjög gott raðhús á 2. hæðum m/innb. bílskúr samt. um 166,3 fm. Eignin skiptist í forstofu, hol, baðherb., 2 góð herb, geymslu og bílskúr. Á efri hæð er stofa, borðstofa, eldhús, hol, hjónaherb., barnaherb., baðherb. ásamt geymslulofti. Gólfefni eru parket og flísar. **V. 38,5. millj.**

**Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi, sími 896 0058.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

allt atvinna
Alla sunnudaga





RE/MAX MJÓDD

## Arnarheiði 7a

Hveragerði
Bókið skoðun

**Verð: 21 900 000**
Stærð: 114
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1997
Brunabótamat: 18 900 000
Bílskúr: nei

Mjög gott hús í rólegu og barnvænu hverfi Nánari lýsing:komið er inn í forstofu með fataskáp og þaðan inn í gang með 2 góðum herbergjum á vinstri hönd og á hægri hönd er rúmgott hjónaherbergi og ný standsett baðherbergi hol er við hliðina á eldhúsi. Eldhús með hvitri innréttingu og ágætis borðkrók björt og góð stofa.


Jónas Örn
Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550


Eyþór
Sölufulltrúi
**6922609**
eythor@remax.is

---

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Endurbygging Útnesvegar frá Háahrauni að Saxhóli í Snæfellsbæ.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **13. október 2006.**

**Skipulagsstofnun**

---

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Setbergsskóli

**Vegna forfalla vantar kennara í Setbergsskóla til að kenna myndmennt og smíði til áramóta.**

Upplýsingar gefur Guðríður Óskarsdóttir, skólastjóri í síma 565 1011 gudosk@setbergsskoli.is

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

---

## Styrkir úr Húsafriðunarsjóði

HÚSAFRIÐUNARNEFND RÍKISINS auglýsir eftir umsóknum til Húsafriðunarsjóðs fyrir árið 2007, vegna endurbóta á friðuðum eða varðveislverðum húsum.

**Veittir eru styrkir til að greiða hluta kostnaðar vegna:**

1. Undirbúnings framkvæmda, áætlanagerðar og tæknilegrar ráðgjafar.

2. Framkvæmda til viðhalds og endurbóta.

Ennfremur eru veittir styrkir til húsakannanna, byggingarsögulegra rannsókna og útgáfu þeirra.

Styrkveitingin er háð því að farið sé eftir þeim upplýsingum, áætlunum, hönnuðum og iðnmeisturum sem Húsafriðunarnefnd ríkisins samþykkir.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 1. desember 2006 til Húsafriðunarnefndar ríkisins, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík, á rafrænum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Húsafriðunarnefndar: www.husafridun.is.

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 570 1300 eða 570 1303.

**Húsafriðunarnefnd ríkisins,**
**5. september 2006**

---

SAGA FASTEIGNIR
*Hlíðasmára 14 - S. 414 8800*
*Guðmundur Þórðarson hdl & löggiltur fasteignasali*

## Reynimelur - 107 Reykjavík


Frum

Mjög góð 70 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð í nýlega standsettu húsi. Eignin er vel staðsett og fallegt útsýni til Bessastaða frá suður svölum. Mjög snyrtileg stór hvít eldhúsinnrétting, parket á stofu. Séð um öll þrif á sameign. Stutt í alla þjónustu. Frábær staðsetning í Vesturbænum. **Verð aðeins 18,8 millj.**


***HRINGDU Í SVEINBJÖRN FREY FASTEIGNARÁÐGJAFA SAGA FASTEIGNA TIL AÐ SKOÐA ÞESSA FALLEGU EIGN Í SÍMA 895-7888 eða 552-6060***

**Saga Fasteignir ehf. - Sími 414 8800 - www.sagafasteignir.is**

---

# Smiðir

## Kraftafl ehf auglýsir

**Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu**

**Upplýsingar í síma 840 1616**

---

RE/MAX
www.remax.is

---

# Bifreiðaumboðið B&L

## ...leitar að starfsmönnum



### Sölumaður varahluta

**Starfssvið**
Sala varahluta
Ráðgjöf

**Hæfniskröfur**
Þekkingu á bílum
Hagnýta reynslu
Lipurð í mannlegum samskiptum
Stundvísi
Helst reyklaus

### B&L Bílaspítalinn Hafnarfirði

**Starfssvið**
Bílasmíði

**Hæfniskröfur**
Lærður bifreiðasmiður
Lipurð í mannlegum samskiptum
Stundvísi
Helst reyklaus

### B&L fólksbílaverkstæði

**Starfssvið**
Viðgerðir á fólksbílum

**Hæfniskröfur**
Lærður bifvélavirki
Lipurð í mannlegum samskiptum
Stundvísi
Helst reyklaus

*Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 17. september nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.*

**B&L er eitt stærsta og virtasta bifreiðaumboð landsins, stofnað árið 1954.**
Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir bílaframleiðendurna Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og einnig Arctic Cat vélsleða. B&L er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu.
Alls starfa 115 manns hjá fyrirtækinu.

B&L
Með bílinn handa þér

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

**B&L var í 9. sæti í Fyrirtæki ársins,** árlegri könnun sem VR gerir meðal félagsmanna sinna og er því meðal fyrirmyndarfyrirtækja ársins 2006. B&L, sem er í flokki stærri fyrirtækja, var í 14. sæti í síðustu könnun og hefur því hækkað sig um 5 sæti á milli ára. **Það reyndist B&L jafnframt vera með bestu niðurstöðuna, í samanburði við önnur bílaumboð í flokki stærri fyrirtækja. Það umboð sem kom næst B&L var í 16. sæti.**

**B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is**

**HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER - RENAULT TRUCKS - IRISBUS - ARCTIC CAT**

# TOPP 5: JIM HENSON

Flestir tengja nafn Jims Henson við Prúðuleikarana, brúðuhóps sem naut fádæma vinsælda í sjónvarpi víða um heim á áttunda og níunda áratugnum. Þegar þessi stórmerki listamaður lést hins vegar ótímabærum dauðdaga árið 1990, skildi hann eftir sig óteljandi kvikmyndir og þætti og margt af því tengdist Prúðuleikurunum ekki með neinum hætti. Enn er verið að framleiða efni undir nafni Hensons þótt sumum þyki það ekki standast samanburð við verk meistarans sjálfs. Hér eru fimm bestu myndir fyrirtækisins.

**1.The Dark Crystal (1982)** Jen fær það erfiða hlutverk að lagfæra aldagamlan kristal með það fyrir augum að koma á jafnvægi í veröld sinni og stilla til friðar. Einstakt listaverk í alla staði sem sýndi og sannaði að Henson gat meira en að tala í gegnum sokk.

**2.The Great Muppet Caper (1981)** Önnur bíómyndin um Prúðuleikarana segir frá því þegar froskurinn Kermit, björninn Fossi og viðundrið Gunnsi rannsaka dularfullt skartgriparán í Bretlandi. Stórskemmtileg mynd með fjölda þekktra (mennskra) leikara í aukahlutverkum.

**3.The Witches (1990)** Byggir á einni vinsælustu sögu rithöfundarins Roalds Dahl um lítinn dreng sem kemst að raun um að nornir eru til í raun og veru og eru jafn vondar, ef ekki verri en sögurnar segja. Góð saga, leikur og húmor gera myndina að góðri skemmtun.

**4.The Labyrinth (1986)** Eigingjarnri stúlku verður að ósk sinni þegar svartálfakonungur (leikinn af David Bowie) rænir bróður hennar en sér eftir öllu saman og leggur af stað í björgunarleiðangur. Flott mynd sem líður lítillega fyrir tónlist Bowies, sem er ekki upp á sitt besta.

**5.The Muppet Christmas Carol (1992)** A Christmas Carol, skáldsaga Charles Dickens um iðrun og yfirbót, fær skemmtilega með hjá Henson-fyrirtækinu þar sem Prúðuleikararnir leika á als oddi. Michael Caine er sannkallaður senuþjófur sem Skröggur gamli.



## VISSIR ÞÚ...

... að Michael Jackson er fæddur 29. ágúst 1958 og er því nýlega orðinn 48 ára gamall?

... að hann heitir í raun Michael Joseph Jackson?

... að hann fæddist í Gary, Indiana?

... að hann byrjaði söngferil sinn sjö ára gamall sem aðalsöngvari The Jackson 5?

... að hann tók upp fyrsta sólólagið sitt árið 1971 en var þó enn í hljómsveitinni?

... að sólóferillinn hófst fyrir alvöru 1979?

... að formlega sagði hann skilið við systkini sín í hljómsveitinni árið 1984?

... að á ferli sínum tók Jackson upp og framleiddi best seldu plötu allra tíma, Thriller, sem seldist í yfir 51 milljón eintaka?

... að Thriller hlaut þréttán Grammy verðlaun?

... að þrettán laga Jacksons hafa komist í fyrsta sæti á vinsældalistum í Bandaríkjunum?

... að Jackson hefur fengið fjölda tilnefninga og verðlauna á fjörutíu ára söngferli sínum?

... að hann hefur tvisvar verið tekinn inn í „Rock and Roll Hall of Fame", í fyrra skiptið sem söngvari Jackson 5 árið 1997 og síðar undir eigin nafni árið 2001.

... að á árunum 1988 til 2005 bjó Jackson á búgarði sínum Neverland Ranch?

... að þar byggði hann skemmtigarð og dýragarð fyrir fátæk og veik börn?

... að hann hélt oft náttfatapartí á búgarði sínum fyrir börnin?

... að þessi athöfn vakti mikla athygli fjölmiðla þegar kom í ljós að sum börnin sváfu í rúmi söngvarans?

... að þetta kom fyrst í ljós þegar Jackson var ákærður fyrir barnamisnotkun árið 1993?

... að þau urðu á ný að fjölmiðlafári árið 2003 í frægri heimildarmynd?

... að heimildarmyndin heitir Living with Michael Jackson?

... að réttað var á ný yfir Jackson vegna ákæru um barnamisnotkun árið 2005?

... að söngvarinn var fundinn saklaus í því dómsmáli?

... að hægt er að fá að vita meira á www.michaeljackson.com

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Hreinsar loftið
Eyðir lykt
Drepur bakteríur









**Kröftug ryksöfnun.** Ryðfrí stálblöð safna á sig ryki og öðrum óhreinindum í stað hefðbundins filters. **Öflugt jónastreymi.** Gefur frá sér mínus hlaðnar jónir sem hjálpa til við að eyða bakteríum, ryki, mengun, veirum og frjódufti. Heldur herbergisloftinu hreinu og bætir heilsuna. **Bakteríudrepandi útfjólublár lampi.** Útfjólubláa ljósið drepur ýmsa sýkla og bakteríur. **Áhrifamikil lyktareyðing.** Tækið eyðir lykt auðveldlega svo sem reykingalykt, matarlykt og fúkalykt. **Ljóshvatasía.** Ljóshvati er efni sem sýnir hvötunarviðbrögð þegar ljós skín á það. Þessi sía eyðir lífrænum efnasamböndum eins og köfnunarefnisoxíði, úrgangsgasi, ýmsum bakteríum, vondri lykt o.s.frv. **Þrjú skref.** HI, MED og LOW stillingar og Turbo stilling fyrir mismunandi aðstæður. (Blá ljós sýna stillingu). **Gaumljós.** Ljós sýna hvort þrífa þarf filterinn (stál blöðin) eða hvort tækið þarfnast annars viðhalds. **Falleg og hentug hönnun.** Tækið er afar vel hannað bæði með útlit og notagildi í huga. **Orkusparandi hönnun.** Vegna orkusparandi hönnunar notar tækið aðeins 28W á klst.

ECC Skúlagötu 63 – Sími 511 1001

**Ný sending komin.**

www.ecc.is

ECC

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.097 **-0,07%** **Fjöldi viðskipta:** 325 **Velta:** 3.913 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Vinnslustöðin | +7,14% | FL Group | -1,46% |
| Bakkavör | +1,66% | Landsbankinn | -1,16% |
| Marel | +1,28% | Dagsbrún | -0,82% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,90 +0,15% ... Alfesca 4,80 +0,63% ... Atlantic Petroleum 572,00 +0,00% ... Atorka 6,30 -0,79% ... Avion 32,80 +0,00% ... Bakkavör 55,20 +1,66% ... Dagsbrún 4,87 -0,82% ... FL Group 20,20 -1,46% ... Glitnir 20,00 +1,01% ... KB banki 830,00 -0,36% ... Landsbankinn 25,60 -1,16% ... Marel 79,00 +1,28% ... Mosaic Fashions 18,00 +0,56% ... Straumur-Burðarás 16,80 +0,00% ... Össur 121,00 +0,83%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kjalar ehf. og Ker hf. sameinuð

Unnið er að sameiningu Kers hf. og Kjalars ehf. hf. í eitt fjárfestingarfélag. Í tilkynningu kemur fram að við breytinguna verði Egla hf. dótturfélag í 100 prósenta eigu hins sameinaða félags.

„Markmiðið er að efla og hnitmiða starfsemina með áherslu á frekari uppbyggingu utan Íslands en þegar hafa verið stofnuð dótturfyrirtæki í Hollandi og Englandi. Gert er ráð fyrir að hið sameinaða félag taki til starfa í næsta mánuði undir nafni Kjalars. Eignir hins sameinaða félags eru 90 milljarðar króna og eru þær helstu eignarhlutur í Kaupþingi banka hf., í Alfesca hf., í Samskipum hf., í fasteignafélaginu Festingu ehf. og ýmsum öðrum félögum,“ segir þar jafnframt.



**HJÖRLEIFUR JAKOBSSON** Hjörleifur er nýráðinn forstjóri sameinaðs félags Kers og Kjalar sem kemur til með að starfa undir nafni Kjalar.

Hjörleifur Jakobsson hefur verið ráðinn forstjóri Kers hf. og verður forstjóri hins sameinaða félags. Hann var áður forstjóri Olíufélagsins ehf. en lét þar af störfum 1. mars síðastliðinn.

Hjörleifur lauk verkfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1981 og meistaraprófi í vélaverkfræði frá Oklahoma State University 1982.

Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers hf., hefur ákveðið að láta af störfum og hverfa til nýrra verkefna. Hann hefur verið forstjóri félagsins frá árinu 2003 og veitti því forystu á miklum uppgangstímum. „Guðmundi eru þökkuð vel unnin störf fyrir félagið og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi,“ segir í tilkynningu um sameininguna. **- óká**

# Brú II fjárfestir í netsímatækni

Brú II Venture Capital Fund hefur keypt hlut í VoIP-netsímafyrirtækinu SunRocket.

„SunRocket er ört vaxandi fyrirtæki á sviði VoIP símaþjónustu fyrir almenning. Fyrirtækið var stofnað árið 2004 og er í dag eitt stærsta VoIP símafyrirtækið í heiminum. Heildarfjármögnun í þessari lotu nam 33 milljónum dollara og var gerð í samstarfi við BlueRun Ventures, MayField Fund, Varma Mutual Pension Insurance Company, The Grosvenor Fund og fleiri,“ segir í tilkynningu Brúar II.

Brú II fjárfestingarsjóðurinn einbeitir sér að óskráðum og ört vaxandi fyrirtækjum, en fjárfestar eru Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf., Gildi lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífiðn, Lífeyrissjóður Austurlands, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Saxhóll hf. og Tryggingamiðstöðin. Frekari upplýsingar er að finna á vefnum *www.bru.is*. **- óká**



**LÍFEYRISSJÓÐURINN GILDI** Hrein eign lífeyrissjóðanna nam um 1.350 milljörðum króna í lok júlí.

# Hrein eign lífeyrissjóða rýrnar

Hrein eign lífeyrissjóðanna nam um 1.350 milljörðum króna í lok júlí síðastliðins og lækkaði um rúma 8,4 milljarða milli mánaða, samkvæmt tölum frá Seðlabankanum.

Eign sjóðanna í erlendum verðbréfum dróst saman um þrjú prósent milli mánaða og má rekja þá lækkun til veikingar krónunnar á tímabilinu. Eignir lífeyrissjóðanna í innlendum hlutabréfum lækkuðu um 1,5 prósent í júlí.

Hrein eign lífeyrissjóðanna hefur aukist um ellefu prósent frá áramótum og er það tæpum tveimur prósentum betri ávöxtun en á sama tímabili í fyrra. **- jsk**

# Eitt númer í tveimur símum

Og Vodafone hefur tekið í notkun þjónustu sem gerir GSM-notendum kleift að hafa eitt símanúmer í tveimur símtækjum.

Þjónustan nefnist Aukakort og hentar þeim sem eru með BlackBerry-tæki fyrir tölvupóstsamskipti og GSM-þjónustu í vinnu en vilja hafa léttari og smærri GSM-síma utan vinnutíma.

Í tilkynningu frá Og Vodafone er haft eftir Gísla Þorsteinssyni, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins, að um mikið hagræði sé að ræða fyrir þá GSM-notendur sem nota fleiri en eitt GSM-símtæki því nú geti þeir haft eitt símanúmer í stað tveggja. **- jab**



TUPAC SHAKUR LÉST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1996

*Ég óttast ekki dauðann. Ég óttast að endurholdgast og snúa aftur til þessarar jarðvistar.*

***Hvort ótti rapparans hefur ræst skal ósagt látið en hann var aðeins 25 ára þegar hann lést eftir skotárás nokkrum dögum fyrr.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. SEPTEMBER 1913

## *Barnabókahöfundur fæðist*

Rithöfundurinn Roald Dahl fæddist þennan dag árið 1916 í suðurhluta Wales en foreldrar hans voru norskir. Dahl er hvað þekktastur fyrir barnabækur sínar um Kalla og sælgætisgerðina, Jóa og risaferskjuna og Matthildi, og margar bóka hans hafa verið kvikmyndaðar.



Roald átti erfiða æsku. Hann missti föður sinn og systur aðeins þriggja ára gamall og sætti síðar ofbeldi í heimavistarskóla. Eftir skóla ferðaðist hann víða, fór meðal annars með leiðangri til Nýfundnalands og vann síðar í Tansaníu. Hann gekk til liðs við flugher Bandaríkjanna í síðari heimsstyrjöldinni og flaug meðal annars til Grikklands og Sýrlands en var skotinn niður yfir eyðimörk í Líbíu árið 1942 og slasaðist lífshættulega.

Fyrstu bókina sína, The Gremlins, skrifaði Dahl fyrir Walt Disney árið 1943 en löngu síðar var sagan kvikmynduð. Hann skrifaði nokkrar skáldsögur en árið 1960 hóf hann að skrifa sögur fyrir börnin sín sem síðan urðu gríðarvinsælar meðal barna jafnt sem fullorðinna um heim allan. Dahl skrifaði flestar bækur sínar á bóndabæ fjölskyldunnar. Hann skrifaði tvo tíma að morgni og tvo tíma síðdegis milli þess sem hann sinnti bústörfum. Roald Dahl lést árið 1990, þá 74 ára gamall.

## MERKISATBURÐIR

**1894** Frídagur verslunarmanna er haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í Reykjavík.

**1940** Ítalir ráðast inn í Egyptaland í síðari heimsstyrjöld.

**1971** Uppreisnin í Attica-fangelsinu í Bandaríkjunum lýkur. 43 fangar og fangaverðir látust í átökunum.

**1980** Tveir ungir menn klífa norðvesturvegg Skessuhorns í Skarðsheiði sem þangað til var talinn ókleifur.

**1981** Borgarfjarðarbrúin er vígð. Brúin er 520 metrar og stóðu framkvæmdir í sjö ár.

**1992** Guðrún Helgadóttir fær norræna barnabókaverðlaunin fyrir bókina Undan illgresinu.

---



†

*Elsku pabbi, tengdapabbi og afi okkar,*

**Erling Ólafsson**

múrari,

sem lést laugardaginn 2. september, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 15. september kl. 15.00.

**Guðrún Rut Erlingsdóttir** **Gunnar Magnússon**
**Örn Erlingsson** **Kristín Einarsdóttir**
**Björk Erlingsdóttir** **Sverrir Jónsson**
**og afabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Ólöf Helga Guðnadóttir**

húsстjórnarkennari, Aratúni 38, Garðabæ,

sem lést föstudaginn 8. september, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju föstudaginn 15. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Jóhanna Guðný Benediktsdóttir**
**Rósa Kristín Benediktsdóttir** **Gunnar Jónatansson**
**Hildur Benediktsdóttir** **Björn Þór Guðmundsson**
**Hrönn Benediktsdóttir** **Hörður Bjarnason**
**Ingvar, Pétur Smári, Guðni Bergur, Sunna Hrund, Hilmar Benedikt og Brynjar Kári.**
**Viðar Guðnason.**

---





†

*Yndislega dóttir okkar og barnabarn*

**Bryndís Eva Hjörleifsdóttir**

Heiðarbóli 10, Keflavík,

lést á Barnaspítala Hringsins miðvikudaginn 6. september. Útför verður gerð frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 18. september kl. 12.00.

**Bergþóra Ólöf Björnsdóttir** **Hjörleifur Már Jóhannsson**
**Björn Viðar Björnsson** **Birna Oddný Björnsdóttir**
**Jóhann Guðnason** **Sóley Vaka Hjörleifsdóttir**
**Hjörleifur Örn Gunnarsson.**

**Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnast Bryndísar Evu er bent á Barnaspítala Hringsins.**

---




Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði

Sími: 565-2566

www.englasteinar.is




**ANDRI ÞÓR** Málaraiðnin reynir bæði á tækni og sköpunargáfu, til dæmis með tilliti til litasamsetninga.

ANDRI Þ. ARINBJARNARSON: NÝR NORÐURLANDAMEISTARI MÁLARANEMA

# Málaði sig á toppinn

„Þetta er rosa gaman,“ segir Andri Þór Arinbjarnarson, nýbakaður Norðurlandameistari málaranema. Alls öttu fimm keppendur – einn frá hverju landi – kappi á Norðurlandamótinu, sem fram fór í Kaupmannahöfn dagana 21. til 26. ágúst. Var það samdóma álit dómnefndarmanna að verkefni Andra væru leyst best af hendi.

„Hver keppandi fékk til umráða nýsmíðaðan bás með þremur hliðum úr gifsplötum og einni hurð. Einn vegginn átti að veggfóðra, lakka hurðina og gólflista, sparsla í allt gifsið. Einum veggnum er skipt í tvennt þar sem á að hafa skreytingu fyrir neðan og skilti fyrir ofan. Þriðja vegginn áttum við svo að skreyta eftir eigin höfði,“ segir Andri og segir að málaraiðnin snúist fráleitt um það eitt að þekja málningu á vegg. „Faginu fylgir ýmsu sem þarf að huga að auk þess em þetta reyndi á sköpunargáfuna, allt frá munstri að litavali, enda veltur stigagjöfin á aferð og litasamsetningu.“ Tíminn til að leysa verkefnið var sem svaraði einni vinnuviku eða 38 klukkustundum.

Val á keppendum fer þannig fram að á hinum Norðurlöndunum eru haldnar landskeppnir milli skóla. Hér á landi er málaraiðn aðeins kennd í Iðnskólanum í Reykjavík og þar tilnefna kennarar keppandann með hliðsjón af námsárangri og varð Andri fyrir valinu.

Hann segir að sigurinn sé sér mikil hvatning, jafnvel þótt hann starfi ekki sem málari nema á sumrin. „Ég er búinn að söðla um og er núna kominn í frumgreinadeild í Háskólanum í Reykjavík. Þetta er millistig iðnmenntunar og þess að komast á háskólastig. Ég stefni á tækni- eða verkfræðinám. Þetta er bara gott veganesti og byr í seglinn.“

bergsteinn@frettabladid.is




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## AFMÆLI



**Jón Þórarinsson** tónskáld er 89 ára.



**Jón Ásgeir Sigurðsson** útvarpsmaður er 64 ára.



**Edda Björgvinsdóttir** leikkona er 54 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1739** Grigory Potemkin áhrifamaður í Rússlandi og ástmaður Katrínar II keisaraynju.



**1857** Milton S. Hershey súkkulaðiframleiðandi.



**1894** J.B. Priestley rithöfundur.



**1819** Clara Josephine Schumann tónskáld.



**1918** Ray Charles tónlistarmaður.

# Betri vextir á yfirdrætti fyrir alla

Vertu viss um að þú sért að fá bestu vextina!

EINN TVEIR OG ÞRÍR 312.133

Sæktu um...

www.s24.is

...og þú hagnast

Sætún 1 • Sími 533 2424






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Samfélagsmein í sýndarveruleika

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** FYLGIST MEÐ APARÉTTARHÖLDUM YFIR TÖLVULEIKJUM.



Ungur maður tók um daginn upp á þeim óskunda að stinga nýfundinn kuningja sinn í bakið, að sögn til þess að prufa hvernig það væri að drepa mann. Allt er þetta mál vitaskuld hið dapurlegasta og það á líka við um viðbrögðin við fréttinni af þessu brjálaða uppátæki.

Rætur illvirkisins eru sagðar liggja í óhóflegri tölvuleikjanotkun gerandans og þar með er málið afgreitt. Tölvuleikir eru uppspretta alls ills og það verður því sjálfsagt að ganga í það að uppræta þá. Kvikmyndir hafa löngum verið hafðar fyrir þessari sömu sök; fólk er allt af að drepa og meiða náungann þegar það grípur skyndileg löngun til þess að umbreyta fantasíunni á hvíta tjaldinu í raunveruleika. Þetta getur ekki verið svona einfalt.

Þetta nýja íslenska sakamál minnir um margt á frægt bandarískt mál frá árinu 1924 þegar ungmenninn Leopold og Loeb myrtu sér yngri skólafélaga til þess eins að athuga hvort þeir gætu framið hinn fullkomna glæp. Þetta var löngu fyrir daga PlayStation og internetsins en samt fengu drengirnir þessa flugu í höfuðið. Alfred Hitchcock gerði kvikmyndina Rope nokkru síðar en hún var lausbyggð á uppátæki þeirra félaga. Þar mótaði raunveruleikinn skáldskapinn en ekki öfugt.

Leopold og Loeb voru á sínum tíma dregnir fyrir dómstóla fyrir ódæðisverkið. Sjálfur Clarence Darrow var fenginn til að verja þá. Darrow, sem er ekki síst þekktur fyrir varnartakta sína í Aparéttarhöldunum, bjargaði sakborningunum frá rafmagnsstólnum með því að draga samfélagið til ábyrgðar og benda á að það hlyti eitthvað að vera að umhverfi sem slíkir einstaklingar spryttu upp úr.

Ætli þetta eigi ekki jafn vel við í dag? Það er eitthvað að okkur ef við getum ekki staðist utanaðkomandi áreiti af þessu tagi og þetta hlýtur að vera spurning um að rækta garðinn sinn og börnin sín og treysta þannig girðingarnar á milli ímyndunar og raunveruleika.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# 8 HUGMYNDIR AÐ VINNUAÐSTÖÐU





MARGT SMÁTT



DAVÍÐ ODDSSON












Í HEIMSÓKN HJÁ GERÐI KRISTNÝJU





# NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT!

BERGÞÓRA OG JÓEL

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

! **Kl. 11.00**
*Halla Gunnarsdóttir sýnir málverk og skúlptúra í galleríi Turpentine við Ingólfsstræti. Opið frá þriðudögum til föstudaga frá 12-18 og laugardaga kl. 11-16.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Upprennandi djassveisla

Jazzhátíð Reykjavíkur hefst hinn 27. september og á morgun hefst miðasala á 19 hljómleika hátíðarinnar. Um næstu helgi verða sérlegir upphitunartónleikar þar sem hljómsveitin TYFT leikur á Nasa. Sveitina skipa Hilmar Jensson gítarleikari, Jim Black á trommum og Andrew D'Angelo sem leikur á bassaklarinett og saxófón. Fyrr í vikunni kom út diskur frá þeim félögum sem ber heitið „Meg Nem Sa" og kemur hann út hjá Skirl Records í New York. Eins og á fyrri diskum þeirra félaga þá ægir öllu saman, rokki, djassi, rafhljóðum og frjálsum spuna en það er mál manna að TYFT sé hljómsveit sem berja þarf augum á tónleikum.

Meðal erlenda gesta á Jazzhátíðinni í ár eru söngvarinn og tónskáldið Kurt Elling en hvar á dögunum kosinn djasssöngvari ársins af tímaritinu Downbeat. Elling mun heldur tónleika 30. september en Kvintett Eyjólfs Þorleifs og Andrésar Þórs hitar upp.

Hægt er að kaupa miða á midi.is, og í BT- og Skífuverslunum. Miðar verða jafnframt seldir á tónleikastað svo lengi sem ekki er uppselt á tónleikana og á midi.is. Hægt er að kaupa miða á staka viðburði ásamt því að hægt er að kaupa tvær tegundir af pössum, en þar er annars vegar um að ræða passa á alla viðburði hátíðarinnar eða passa á fimm viðburði að eigin vali. Nánari upplýsingar má finna á www.jazz.is.



**JAZZSÖNGVARINN KURT ELLING** Var nýlega kosinn jazzsöngvari ársins af tímaritinu Downbeat.




**> Dustaðu rykið af...**

rithöfundinum **Patrick Süskind.** Metsölubókin **Ilmurinn: saga af morðingja** kom þýska höfundinum á kortið en kvikmynd byggð á bókinni verður frumsýnd í Þýskalandi í vikunni. Færri þekkja hins vegar hinna stórskemmtilegu sögu **Dúfuna**, sem kom út í þýðingu **Hafliða Arngrímssonar** árið 1992.

## NÝJAR Á NÁTTBORÐIÐ

Skáldsagan **Stutt ágrip af sögu traktorsins á úrkraínsku** sló í gegn í Bretlandi þegar hún kom þar í fyrra og fer nú mikinn á metsölulistum víðar í Evrópu. Sagan var tilnefnd til Booker- og Orange-bókmenntaverðlaunanna í Bretlandi. Í bókinni segir af tveimur systrum sem þurfa að standa saman þegar faðir þeirra, sem er komin af léttasta skeiði, tekur saman við úkraínska fegurðardís sem þeytist inn í líf þeirra „eins og bleik og dúnmjúk handsprengja". Ást gamla mannsins á nautnasjúku og brjóstgóðu ljóskunni er líka til trafala vegna þess að sá gamli er að skrifa sögu traktorsins á úkraínsku.

Höfundur hennar, Marina Lewycka, er af úkraínskum ættum en fæddist í flóttamannabúðum í Þýskalandi. Hún er nú búsett á Englandi. Edda gefur bókina út en þýðandi er Guðmundur Andri Thorsson.




**DÚNMJÚK HANDSPRENGJA**
Stutt ágrip af sögu traktorsins á úkraínsku.



**LEITIN AÐ LANDINU FAGRA**
Úrval bréfa Vesturfarans Jóns Jónssonar frá Mýri.

Bókaútgáfan Hólar gefur út bókina **Leitina að landinu góða, úrval bréfa Vesturheimsfarans Jóns Jónssonar frá Mýri í Bárðardal**, í samvinnu við Mýrarmannafélagið. Landneminn Jón Jónsson frá Mýri fluttist til Vesturheims árið 1903 með tíu börn sín, kona hans var þá látin og elsta dóttirin tók við búi hans á Mýrum. Jón gerðist fyrst landnemi í suðvestur-Manitoba en tók sig enn upp vorið 1906 og fluttist vestur til Vatnabyggða í Saskathchewan og bjó þar til dauðadags árið 1935.

Öll ár sín vestanhafs skrifaði Jón reglulega heim til Íslands, mest til dóttur sinnar og tengdasonar á Mýri, og er bréfasafn hans óhemjumikið að vöxtum. Þar segir hann fréttir af fólkinu í Vesturheimi og hefur uppi hugleiðingar um hvað kæmi Íslandi best, einkum íslenskum bændum. Hann var áfram um að kenna mönnum nýja tækni, en samtímis hafði hann þungar áhyggjur af pólitísku ástandi í heiminum. Bréf hans eru magnaður vitnisburður um íslenska alþýðumenningu og íslenska alþjóðahyggju.

Ritstjóri bókarinnar er Heimir Pálssonar lektors í íslensku við Uppsalaháskóla í Svíðjóð, en með honum í ritnefnd voru Jón Aðalsteinn Hermannsson og Jón Erlendsson.

Sjöunda bóki Hennings Mankell um rannsóknarlögreglumanninn Kurt Wallander er komin út á íslensku. Spennusagan **Skrefi á eftir** segir af ráðgátu tengdri morði á samstarfsmanni Wallanders þar sem fáar vísbendingar liggja á lausu. Wallander er illa fyrir kallaður vegna heilsuleysis en samur við sig og kemst fljótt á spor kaldrifjaðs byssumanns. Henning Mankell er einn vinsælasti spennusagnahöfundur heims og hafa bækur hans notið mikillar hylli hérlendis. Útgefandi er bókaforlagið Edda en þýðandi bókarinnar er Vigfús Geirdal.




**SKREFI Á EFTIR**
Sjöunda bókin um Kurt Wallander.




Norska metsölubókin **Berlínaraspirnar** eftir Anne B. Ragde kemur einnig út hjá Eddu í þýðingu Péturs Ástvaldssonar en bókin skaut meðal annars Da Vinci lyklinum aftur fyrir sig á vinsældalistum þar í landi. Sagan segir af sálarstríði fjölskyldu einnar í Þrándheimi þar sem ættmóðirin liggur fyrir dauðanum en eiginmaður hennar, þrír synir og sonardóttir þurfa að takast á við fortíðina til þess að geta hafið nýtt líf. Fólkið á fátt sameiginlegt en reynir að finna sameiginlegan takt í tilverunni.

**BERLÍNARASPIRNAR**
Norsk metsölubók um leitina að sameiginlegum takti.

Svavar Þór Guðmundsson sagnfræðingur hefur tekið saman bókina **Þættir úr sögu Bessastaðaskóla 1805-1846**. Skólinn hefur löngum verið sveipaður dulúð og leyndardómi en í ritinu er leitast við að varpa ljósi á hið daglega líf skólasveina og lærimeistara þeirra og efnið þannig nálgast á persónulegri hátt en áður hefur verið gert þannig að lesandinn fái innsýn í veruleika fræðimanna og piltanna er þar stunduðu nám, t.d. Sveinbjarnar Egilssonar, Jónasar Hallgrímssonar og Benedikts Gröndal. Auk þess gefur bókin lýsingu á húsakosti, kennurum og öðrum aðstæðum skólapilta á Bessastöðum. Bókaútgáfan Hólar gefur ritið út. **- khh**




**LÍF SKÓLASVEINA** Fræðslurit um sögu Bessastaðaskóla.



**RUMON GAMBA, AÐALSTJÓRNANDI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS** Ræðir um verk Sjostakovitsj og Malcolm Arnold á fyrsta kynningarfundi Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Nýjungar og náin kynni

**Markmið Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands er að efla áhuga á starfi sveitarinnar og samstarf og tengsl þeirra sem bera hag hennar fyrir brjósti. Félagið stendur fyrir kynningarfundum um valda tónleika og á morgun verður fyrsti fundur vetrarins þar sem Rumon Gamba, aðalstjórnandi sveitarinnar, kynnir efnisskrá kvöldins fyrir forvitnum hlustendum.**

Rumon Gamba tók við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september árið 2002 og er þetta ekki í fyrsta sinn sem hann ræðir við gesti kynningarkvöldanna. „Ég mun tala frá hjartanu eins og ég geri venjulega," segir Rumon góðlátlega en sjaldheyrð viðfangsefni fimmtudagstónleikanna eru honum hugstæð - 12. sinfónía Dimítrí Sjostakovitsj og 5. sinfónía breska tónskáldsins Sir Malcolm Arnold. „Sjostakovitsj er eitt af mínum uppáhaldstónskáldum og það hefur verið mjög áhugavert að beina sjónum sínum að verkum hans eins og við höfum gert undanfarið," segir Rumon og bætir því við að brátt fari að sjá fyrir endann á Sjostakovitsj-maraþoninu sem hófst fyrir fjórum árum þegar fyrstu þrjár sinfóníur hans voru fluttar.

Rumon segir að sinfónían sé mjög áheyrileg og ekki flókin við fyrstu hlustun. „Við munum kafa dýpra og reyna að skilja það sem hann var að skrifa í samhengi við söguna. Þegar Sjostakovitsj samdi þetta verk var hann nýlega genginn til liðs við Kommúnistaflokkinn og var skikkaður til að semja verk til dýrðar Lenín. Nú mörgum árum síðar vitum við að þetta verk hans er næstum kaldhæðnislegt og það bælir niður mikilfengleika harðstjórans, í verkinu eru mikið af vísbendingum um persónulega sýn tónskáldsins á heiminn."

Rumon Gamba segir síðara verk tónleikanna vera visst mótvægi við duldar meiningar Sjostakovitsj en 5. sinfónía Malcolm Arnold fjallar einnig um missi. Rumon hefur flutt mörg verka hans og starfað með tónskáldinu sem nú fagnar brátt 85 ára afmæli sínu en Rumon bendir þó á að íslenskir hlustendur þekki fremur til smærri og léttari verka hans. „Hann samdi þessa sinfóníu eftir að hafa misst vini sína, tónlistarfólk sem dó ungt, en þetta verk dregur upp mynd af þeim missi," segir Rumon og bætir við að verkið sé mjög tært og hafi skýran boðskap eða sögu fram að færa.

Stjórnandinn vonast til þess að fólk nýti tækifærið og mæti á kynningarfundinn enda eru þeir hugsaðir til þess að opna eyru gestanna enn betur, þar gæti einnig verið von á líflegum umræðum því verkin hafa bæði sögulegar og pólitískar vísanir.

Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig með því að senda póst á vinafelag@sinfonia.is og á skrifstofu Sinfóníuhljómsveitarinnar. Kynningarfundir félagsins fara fram í Sunnusal Hótels Sögu og hefjast jafnan kl. 18.

Rumon mun síðan leggja land undir fót ásamt sveitinni á föstudag en Sinfónían heldur tónleika í íþróttamiðstöðinni í Egilsstöðum kl 19.30. Á tónleikunum verður lögð áhersla á stutt og fjölbreytt verk. „Við leikum brot af því sem við höfum verið að fást við síðustu tvær vikur," útskýrir Rumon en verkin spanna langan tíma í sögu tónbókmenntanna og eru eftir jafn ólíka höfunda og franska rómantíkerinn Hector Berlioz, fyrrgreindan Arnold og Jón Múla Árnason. Í vetur er einnig stefnt á heimsókn til Akureyrar.

Sinfóníuhljómsveitin bryddar upp á nýjungum þetta starfsárið og stendur í fyrsta sinn fyrir kammertónleikaröð í Listasafni Íslands sem fengið hefur yfirskriftina Kristall. „Þetta er frábært framtak því það er mikilvægt fyrir þróun sveitarinnar að halda slíka tónleika," segir Rumon Gamba sem hvatt hefur félaga sveitarinnar til þess að leika kammermúsík. „Við erum með frábæra listamenn í Sinfóníunni og nú gefst þeim tækifæri á að spila saman í nýju samhengi," segir hann en þegar leikið er án stjórnanda reynir meira á samvinnu fólks. „Fólk þarf að hlusta og horfa hvert á annað og deilir því músíkinni á annan hátt." Fyrstu kammertónleikarnir verða á laugardaginn og verða þá flutt verk eftir Händel og Beethoven og meðal flytjenda í listasafninu verður Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari, Einar Jóhannesson klarinettuleikari og Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari.

Nánari upplýsingar um vetrarstarf sveitarinnar og Vinafélagsins er að finna á heimasíðunni www.sinfonia.is.

kristrun@frettabladid.is


CIAO!
ÍTALSKI BOLTINN ER
MÆTTUR Á SKJÁSPORT
SKJÁRSPORT HEFUR TRYGGT SÉR RÉTTINN Á ÚTSENDINGUM FRÁ ÍTÖLSKU KNATTSPYRNUNNI Í VETUR. NÚ GETURÐU FYLGST MEÐ VEL GREIDDUM HEIMSMEISTURUM OG HEIMSKLASSA LEIKMÖNNUM AC, INTER, ROMA, FIORENTINA OG MEIRA AÐ SEGJA JUVENTUS – ÞVÍ SÝNT VERÐUR BÆÐI FRÁ SERIE A OG SERIE B.
FYLGSTU MEÐ ÍTALSKA OG ENSKA BOLTANUM Á SKJÁSPORTI Í VETUR.
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA Í SÍMA 800 7000
EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS
SKJÁRSPORT
Nú nærðu SKJÁSPORTI í gegnum Skjáinn og Digital Ísland

# Ungur maður drukknar

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Sumardagur**

Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins

**Höfundur** Jon Fosse / **Þýðing** Hjálti Rögnvaldsson / **Tónlist** Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir / **Leikmynd og búningar** Martin Eriksson / **Lýsing** Rainer Eisenbaum / **Leikstjóri** Egill Heiðar Anton Pálsson / **Leikarar** Kristbjörg Kjeld, Anna Kristín Arngrímsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson.



**SUMARDAGUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU** „Ljóðrænn textinn líður um loftið án sýnilegs markmiðs."

Við erum í heimsókn hjá eldri konu. Gamlir ljótir húsmunir. Hún sýnir okkur slæðsmyndir úr fortíðinni. Gólfborð lýst neðanfrá. Handan við gagnsæ gluggatjöld sést í bakgrunni út á bláan fjörð. Konan byrjar að segja okkur frá. Það er þessi sumardagur fyrir mörgum árum þegar ungi maðurinn hennar fer á bátskel út á fjörð og kemur ekki aftur sem er örlagadagurinn í lífi hennar og allt frá þeim degi er hún föst í viðjum þessa atburðar úr fortíðinni og ekkert í spilunum sem bendir til þess að hún nái nokkru sinni að losna þaðan. Lífið heldur bara áfram utan við hennar heim. Hennar heimur er kyrrstæður. Gamla húsið við fjörðinn sem þau keyptu og hann ætlaði alltaf að gera upp en ekkert varð af því.

Hlín Agnarsdóttir leiklistarráðunautur eyðir mörgum dálksentimetrum í leikskrá til að útskýra fyrir okkur hvers konar höfundur Jon Fosse sé. Hversu umdeildur og hve ólíkar skoðanir hinir og þessir hafa á honum. Hann hefur hlotið ýmsar vegtyllur og sagt að fá ef nokkur leikskáld slái tón sem hljómar svipað og sá sem sleginn er í verkum hans. Hann ku sækja stílbrögð í smiðju Becketts, Pinters og annarra.

Þó finnst mér eins og ekki ósvipaðan tón sé að finna í seinustu leikritum Jökuls Jakobssonar, (Dómínó, Klukkustrengir, Kertalog) þrástef um einfalt fólk fast í gráum hversdagsleikanum að leita einhvers sem helst væri að finna í þess eigin ranni. Þessar sífelldu vangaveltur um leiðina til sjálfs sín sem hver og einn verður að finna á eigin spýtur verða í þessu verki að síendurteknu þrástefi með nokkrum tilbrigðum. Ljóðrænn textinn sem líður um loftið án sýnilegs markmiðs. Án dramatískrar uppbyggingar, án rökrænnar framvindu, eins og „...öldurnar sem brotna og brotna".

Konan í leikriti Jons Fosse (Kristbjörg) þýtur fram og aftur í frásögninni, endurtekur og endurtekur og það gera hinir líka þegar þeir fara að tínast inn á sviðið einn og einn. Karlarnir með fádæma asnalegar hárkollur og unga konan með svo einstaklega ljót gleraugu (eins og áttu að hafa verið í tísku í þessari fortíð) sem gerðu lítið annað en að gera Margréti Vilhjálmsdóttur að viðundri fremur en alvöru kvenpersónu sem áhorfendum var ætlað að hafa samúð með. Ef það var þá ætlunin. Kannski er því einmitt þveröfugt farið í þessari túlkunarleið listamannanna. Vinkonan, bæði sú eldri (Anna Kristín) og yngri, (Katla Margrét) fékk þó að vera glæsileg og vel til höfð á sviðinu en bæði Katla Margrét og Kjartan voru einskonar „kómískur léttir" þegar ljóðrænan ætlaði að svæfa mann.

Leikritið er fyrirsjánlegt frá byrjun og ég verð að viðurkenna að ég var farinn að líta á klukkuna og bíða eftir því að aðalpersónan fengi loksins að vita að ungi maðurinn væri að öllum líkindum drukknaður. Ég var ekki viss í leikslok hvort Jon Fosse er svona hrikalega gott leikskáld eða ég svona ofboðslega vitlaus og ónæmur að skynja ekki þessa fádæma hryjandi og dýpt í textanum og allar þær duldu meiningar sem þar var að finna. Kannski hefði ekki átt að flytja textann svona yfirmáta melódramatískt. Að minnsta kosti voru hughrifin minni en ég bjóst við. Of lengi mallað áfram í lága drifinu og fyrir vikið náði verkið aldrei að rísa í neinar hæðir og þrástefið varð leiðigjarnt á köflum.

Í svona texta leynast svo margar gildrur sem erfitt er fyrir leikarana að sniðganga af því að hann hefur ekki neitt rökrænt áframhald í hugsun og tilfinningu. Leita þarf logandi ljósi að einhverju sem liggur miklu dýpra en að gráta ofan í hálf hefað brauðdeig ef takast á að láta svona verk lifa. Vissulega áttu leikararnir ágæta spretti inni á milli en því miður þá náði hvorki verkið né leikararnir að heilla mig í þetta skiptið.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

10 11 12 **13** 14 15 16

**Miðvikudagur**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Jakob Frímann Þorsteinsson**, aðjúnkt við **Kennaraháskóla Íslands,** heldur erindi á vegum **Félagsvísindatorgs Háskólans á Akureyri** og fjallar um **gildi útivistar** og hugmyndafræði sem vænlegt er að byggja á þegar unnið er með fólk og útivist. Fyrirlestur fer fram miðvikudaginn stofu L101 á Sólborg við Norðurslóð.

### SÝNINGAR

☐ 11.00 Sumarsýning **Listasafns Íslands, Landslagið og þjóðsagan**, geymir verk úr eigu safnsins þar sem viðfangsefnið er þjóðsagnaarfur og landslagslist íslenskra myndlistarmanna, allt frá **Jóni Stefánssyni** til **Georgs Guðna**. Safnið er opið frá 11-17.

☐ 11.00 Samsýningin **Mega vott** stendur yfir í **Hafnarborg**. Myndlistarkonurnar **Anna Eyjólfsdóttir**, **Ragnhildur Stefánsdóttir**, **Rúrí**, **Þórdís Alda Sigurðarsdóttir** og **Jessica Stockholder** eiga verk á sýningunni. Safnið er opið alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11-17, á fimmtudögum er opið frá kl. 11-21 sýningunni lýkur mánudaginn 2. október.

☐ 12.00 **Halla Gunnarsdóttir** sýnir málverk og skúlptúra í galleríi **Turpentine** við **Ingólfsstræti**. Opið frá þriðudögum til föstudaga frá 12-18 og laugardaga kl. 11-16.

☐ Finnska listakonan **Linda Bondestam** sýnir barnabókamyndskreytingar í anddyri **Norræna hússins.** Sýningin er opin alla virka daga kl. 9-17 og um helgar frá kl. 12-17 fram til 2. október.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
Frumsýning 15. september uppselt
2. sýning 16. september örfá sæti laus
3. sýning 22. september
4. sýning 23. september
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00.
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

Brottnámið úr kvennabúrinu – w. a. mozart
BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt. kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN


AUSTURBÆR
afgangar
AFGANGAR
Fim. 14. sept. kl. 21.00 Örfá sæti laus
Fös. 15. sept. kl. 21.00 Örfá sæti laus
Fim. 21. sept. kl. 21.00
HAFIÐ BLÁA Fékk áhorfendaverðlaun grímunar 2006.
Sun. 17. sept. kl. 13.30 sæti laus
DREKASKÓGUR
Lau. 16. sept. kl. 14.00 miðaverð kr. 800 sæti laus
Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími: 551 4700

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 24/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14
VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
FOOTLOOSE
Fös 22/9 kl. 20 Lau 23/9 kl. 20
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20
ALLIR Í LEIKHÚSIÐ
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI
Áskriftarkort á 5 sýningar á 9.900.
Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
PINA BAUSCH
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Água í Borgarleikhúsinu.
Sun 17/9 kl. 20 UPPS.
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.
Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.
MEIN KAMPF
Lau 23/9 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20
Fös 29/9 kl. 20
MIÐASALA HAFIN.
ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Sun. 17/9 örfá sæti laus, fös. 22/9. lau. 23/9. Aðeins fáar sýningar í haust.
FAGNAÐUR eftir Harold Pinter.
Sun. 24/9 kl. 21:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 21:00. Aðeins fáar sýningar í haust.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 14:00, sun. 8/10 kl. 14:00, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 15/9 uppselt, lau. 16/9 uppselt, sun. 17/9 uppselt, fim. 21/9 örfá sæti laus, fös. 22/9 örfá sæti laus, lau. 23/9 örfá sæti laus, lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00. fim. 5/10 kl. 20:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 20:00.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.
Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.
Nánari upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.
KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

10% vaxtaauki!

spron
www.spron.is

# Drekar í Napóleonsstríðunum

Nýsjálenski leikstjórinn Peter Jackson er með nýja ævintýramynd á prjónunum. Eftir að hafa heillað bíógesti heimsins með aðlögun sinni á Hringadróttinssögu og hrætt líftóruna úr öðrum með King Kong ætlar Jackson að horfa til himins og gera bardagamynd með drekum í aukahlutverki. Fréttavefur The Guardian í Bretlandi greinir frá því að Jackson hafi heillast af sögum Naomi Novik, sem kenndar eru við Téméraire, en persóna í þeim bókum er samnefnt skrímsli. Jackson segir bækurnar blanda saman þeim bókmenntagreinum sem hann heillast hvað mest af, sögulegri skáldsögu og fantasíu, en hann segist ekki geta beðið eftir því að sjá dreka gera loftárásir í Napóleonsstríðunum. Sögurnar gerast á þeim tíma og segja af breska sjóliðsforingjanum Will Laurence, sem verður fyrir því óláni að finna drekaegg, en sá fundur vindur allverulega upp á sig.

Upplýst er einnig að Jackson hafi í hyggju að kvikmynda metsölubókina Svo fögur bein eftir Alice Sebold og er tökur á henni fyrirhugaðar á síðari hluta næsta árs. - khh



**LEIKSTJÓRINN PETER JACKSON** Hrífst af ævintýrum og epík og ætlar að gera drekamynd.

# Menning og markaður

Páll Skúlason, prófessor og fyrrum rektor Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur í boði Stofnunar Sigurðar Nordals á morgun í tilefni af 120 ára afmælis dr. Sigurðar Nordals. Fyrirlesturinn nefnist „Menning og markaðshyggja: Er menningarboðskapur Sigurðar Nordals samrýmanlegur nútímamarkaðshyggju?“

Páll Skúlason varði doktorsritgerð sína um túlkunarfræði franska heimspekingsins Paul Ricours við Kaþólska háskólann í Louvain í Belgíu 1973. Hann var ráðinn lektor í heimspeki við Háskóla Íslands 1971 og síðan prófessor 1975. Páll var kjörinn háskólarektor 1997 og gegndi því starfi til ársins 2005.

Fyrirlesturinn verður fluttur í Norræna húsinu og hefst kl. 17 á morgun. - khh



**PÁLL SKÚLASON PRÓFESSOR** Ræðir um menningarboðskap Sigurðar Nordals í erindi sínu á morgun.





**HEILRÆÐAVÍSUR OG HUGLJÚF SÖNGLÖG** Sönghópurinn Veirurnar kominn á stafrænt form.

# Stemning

Sönghópurinn Veirurnar gefur út geisladiskinn Stemmningu sem geymir átján íslensk og erlend sönglög. Diskurinn er gefinn út í minningu Jóhanns Péturs Sveinssonar.

Hópurinn hefur starfað stopult í átján ár en upphaflega var um að ræða lítinn hóp frændfólks og vina sem söng með Skagfirsku söngsveitinni í Reykjavík. Fyrir sjö árum gekk stjórnandinn Þóra Fríða Sæmundsdóttir til liðs við hópinn og síðan hefur hann haft reglubundnar æfingar en þetta er fyrsti diskurinn sem hópurinn gefur út.

Á diskinum heyrast til dæmis lög á borð við „Hættu að gráta hringaná“ og „Fagurt er um sumarkvöld við sæinn“. Upptökustjóri var Sigurður Rúnar Jónsson en meðleikarar Kristinn Örn Kristinsson og Katrín Pálmadóttir. - khh


„EKKI HUGSA. DANSAÐU!“
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
Miðasala 568 8000 www.id.is
[ íd ]

MR SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson





Sýningar í Landnámssetri í september og október

Miðvikudagur 13. september kl. 20 Uppselt
Föstudagur 15. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 16. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 17. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 23. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 24. september kl. 16 Uppselt
Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 28. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti

LEIKHÚSTILBOÐ: Tvírétttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag



REYKJAVIK JAZZ

Stórtónleikar
Kurt Elling
ásamt Laurence Hobgood Trio
Háskólabíó 30.september

*Kurt Elling var nýlega kosinn “Male Vocalist of the year” af gagnrýnendum Downbeat*

Fyrir tónleika Kurt Elling leikur
**Eyjólfur Þorleifs/Andrés Þór kvartett**
Kvartettinn skipa þeir Eyjólfur Þorleifs, Andrés Þór Þorgrímur Jónsson og Einar Valur Scheving

Miðasala hefst 14.sept.:
www.midi.is
verslunum Skífunnar og BT úti á landi.

**Allar nánari upplýsingar um þessa tónleika og aðra viðburði á Jazzhátíð Reykjavíkur 2006 er að finna á**
**www.jazz.is**





"Hugely talented."
THE NEW YORK TIMES

"Elling is arguably the most interesting and innovative jazz singer to come along in years."
ARTIE SHAW

"The most flamboyantly creative male jazz singer to emerge in the last decade."
S.F. CHRONICLE

"...in an era when bona fide jazz singers are in perilously short supply... Elling seems hellbent on rewriting the definition of what jazz singing is all about."
CHICAGO TRIBUNE

"A musical phenomenon."
THE GUARDIAN (UK)

"Elling freestyles over complex jazz compositions with the ease of butter over hot corn... Elling is a vocal experience."
HITS!

"(possibly) the greatest jazz singer of all time."
JAZZ REVIEW (UK)

"Elling is a cool breeze in the desert of male jazz singers. Elling sings, scats, does vocalese, tells stories and reads poetry in a baritone voice that bounces from sweet to tangy."
PHILADELPHIA DAILY NEWS

GLITNIR
olís
VISA








# Handtekinn í London

Poppstjarnan Jay Kaye var handtekinn af lögreglu í London aðfaranótt þriðjudags eftir að hann réðst að ljósmyndara fyrir utan næturklúbb þar í borg. Lögregla færði Jay, sem er söngvari hljómsveitarinnar Jamiroquai, á lögreglustöð þar sem honum var veitt viðvörun. Söngvarinn var æfur við ljósmyndara sem hann sagði hafa setið fyrir sér fyrir utan klúbbinn. Ljósmyndararnir halda því hins vegar fram að þeir hafi verið að bíða eftir Lindsay Lohan sem skemmti sér á sama klúbbi. Vitni á staðnum segja söngvarann hafa slegið til eins ljósmyndara og kýlt annan þrisvar í höfuðið.



**JAY KAYE** Kýldi ljósmyndara þrisvar.

# Semur kynningarstef fyrir stórmyndir í Hollywood

**Veigar Margeirsson býr í Los Angeles þar sem hann semur tónlist fyrir kvikmyndir. Hann er væntanlegur til Íslands til að semja tónlist fyrir kvikmyndina Kalda slóð.**



**VEIGAR MARGEIRSSON** Hefur starfað í Los Angeles við gerð tónlistar fyrir „trailera“.

Veigar Margeirsson hefur komið sér vel fyrir í Los Angeles en er væntanlegur til landsins á næstu dögum þar sem hann hefur verið ráðinn til að semja tónlistina við íslensku sakamálamyndina Köld slóð.

Veigar var kominn í upptökuverið sem er bak við húsið hans í Englaborginni þegar Fréttablaðið náði tali af honum og fyrsta spurningin snerist að sjálfsögðu um annan Íslending sem hefur verið að gera það gott þar vestra, Magna Ásgeirsson.

„Jú, fólk stoppar mann og spyr hvort ég þekki eitthvað til hans,“ svarar Veigar og hlær. „Ég hef fylgst vel með honum og sit límdur fyrir framan skjáinn á morgun þegar úrslitin verða kunngjörð,“ bætir hann við. Veigar var að leggja lokahönd á tónlist fyrir sjónvarpsmyndina Great American Christmas sem sýnd verður á NBC um jólin. „Þetta er svona raunveruleika-kvikmynd þar sem fylgst verður með fjölskyldum að halda jólin vítt og breitt um Bandaríkin,“ segir hann.

Veigar hefur getið sér gott orð fyrir gerð tónlistar við svokallaða „trailera“ sem notaðir eru við að kynna væntanlegar kvikmyndir í sjónvarpi og í kvikmyndahúsum. Meðal mynda sem hafa notið góðs af tónlist Veigars má nefna The Da Vinci Code, Batman Begins og nú síðast Lady in the Water. „Þetta er mjög knappur tími sem ég hef til að vinna þetta, bara eins og í slorinu heima á sumrin í gamla daga,“ útskýrir Veigar. „Þú hefur afskaplega stuttan tíma til að gripa áhorfendann, aðeins nokkrar sekúndur,“ segir hann en bætir við að misjafnlega mikið sé lagt uppúr þessu kynningarmyndbrotum sem geti verið dýrkeypt mistök. „Góðar myndir eru stundum með lélega „trailera“ og öfugt,“ segir hann.



**KÖLD SLÓÐ** Myndin verður frumsýnd í desember og mun Veigar semja tónlistina við hana.

Veigar segist hafa lesið svokallaðan „synopsis“ fyrir Kalda slóð sem er úrdráttur á því hvað myndin fjalli um. „Ég sé úr henni á næstu dögum en hún virðist vera mjög kraftmikil, sjónrænt séð,“ segir hann. „Annars þarf ég bara rétt að lesa byrjunina og þá er ég farinn á flug,“ segir Veigar.

freyrgigja@frettabladid.is

# Mjónur bannaðar á Spáni

Spænsk stjórnvöld hafa nú sett upp ákveðnar reglur fyrir tískuvikuna í Madríd sem mun síðar í þessum mánuði. Þau hafa bannað of mjóum fyrirsætum að taka þátt í tískuvikunni og eru búin að setja upp ákveðna þyngdarstaðla fyrir fyrirsæturnar sem þær þurfa að uppfylla ef stúlkurnar vilja sýna á tískuvikunni. Öllum módelskrifstofum á Spáni hafa nú verið send bréf sem tilkynnir þeim að bannað sé að bóka fyrirsætur sem uppfylla ekki þessi þyngdarskilyrði.

30% af stúlkunum sem sýndu í fyrra uppfylla ekki þessi þyngdarskilyrði sem er í formi BMI töflunnar eða „Body Mass Index“ sem er samþykktur staðall frá Heilbrigðis eftirlitsstofnuninni. Miklar gagnrýnisraddir heyrðust á síðustu tískuviku í Madríd þar sem fyrirsæturnar þóttu svo skuggalega mjóar að fatnaðurinn hékk utan á þeim.

Í Suður Evrópu er einmitt hæsta tíðni í heiminum á átröskunarsjúkdómum á borð við lystarstol og lotugræðgi. Þetta er því gott framtak og þróun á Spáni sem vonandi smitast og breiðist út í tískuheiminum.



**BANNAÐ AÐ VERA OF MJÓR** Þessi fyrirsæta fær að öllum líkindum ekki að taka þátt í tískuvikunni á Spáni þar sem aðstandendur hennar vilja að ímyndin vikunnar verði frískleg og hraustleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# KOMDU ÞÉR Í BESTA FORM LÍFS ÞÍNS!

sími: 594 9666 – www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á landsins mesta úrval námskeiða!

Fyrsti sérútbúni innanhús herþjálfunarvöllur á Íslandi

heilsuakademían

### Fólk á besta aldri
Fjölbreytt námskeið fyrir 60 ára og eldri.

### Rope Yoga
Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar hug, líkama og sál.

### Lífsstílsnámskeið
Fyrir konur og karla. Fjölbreytt og persónuleg þjálfun.

### Mömmuþrek
Í form eftir barnsburð. Fjölbreyttar æfingar og góður félagsskapur.

### Scifi
Scientific fighting.
Scifi brennsla.
Kali.

### Dans
Dansskóli Birnu Björns: freestyle, jassballet, hip hop og söngleikjadans fyrir börn og unglinga.

### Fit-Pilates
Fit-Pilates þjálfar djúpvöðva líkamans án hamagangs.

### Yoga
Grunnnámskeið í yoga.
Kraftyoga.
Besta úr báðum áttum. (Hatha Yoga og Rope Yoga).

## Herþjálfun
**Nýtt á Íslandi!**
Sérútbúinn herþjálfunarvöllur innanhúss.

### Sundnámskeið
**Mosfellsbær**
Ungbarnasund.
Sund fyrir leikskólabörn.
Skriðsund fyrir fullorðna.

### Eitt L.Í.F.
Námskeið fyrir börn og unglinga yfir kjörþyngd.






**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| LITTLE MAN | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 B.I. 7 ÁRA |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| MIAMI VICE | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 og 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA |

KVIKMYNDAHÁTÍÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| ANGEL A | kl. 6 | FACTOTUM | kl. 10 |
| WINTER PASSING | kl. 6 | ENRON: THE SMARTEST | |
| THE BOOK OF REVELATION | kl. 6 | GUY IN THE ROOM | kl. 10 |
| DAVE CHAPELLE´S BLOCK PARTY | kl. 8 | THREE BURIALS OF | |
| TSOTSI | kl. 8 | MELQUIADES ESTRADA | kl. 10.10 |
| VOLVER | kl. 8 | | |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MY SUPER EX-GIRLFRIEND | kl. 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 |
| LITTLE MAN B.I. 12 ÁRA | kl. 6 |
| YOU, ME & DUPREE | kl. 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað







**SNOW PATROL** Hljómsveitin Snow Patrol er komin á toppinn í Bretlandi í þriðja sinn.

# Aftur á toppinn

Breska hljómsveitin Snow Patrol er aftur komin á topp breska vinsældalistans með plötu sína Eyes Open.

Þetta er í þriðja skiptið sem platan fer á toppinn þar frá því hún kom út 1. maí síðastliðinn. Hefur hún selst í 800.000 eintökum í Bretlandi frá útgáfudegi, sem er nálægt þrefaldri platínusölu.

Þessar auknu vinsældir eru ekki síst laginu Chasing Cars að þakka, en lagið er í mikilli spilun hvarvetna og er í 6. sæti í Bretlandi.

Snow Patrol er á tónleikaferðalagi um Bandaríkin um þessar mundir og er Chasing Cars komið í 7. sæti Billboard-listans.






# Fagmennskan í fyrirrúmi

**Rokksveitin Brain Police sendir frá sér sína fjórðu plötu, Beyond the Wasteland, í dag. Freyr Bjarnason ræddi við trommarann Jón Björn Ríkharðsson, eða Jónba, um nýja gripinn.**



**BRAIN POLICE** Frá vinstri: Jens Ólafsson, Búi Bendtsen, Hörður Ingi Stefánsson og Jón Björn Ríkharðsson.

Síðasta plata Brain Police, Electric Fungus, kom út fyrir tæpum tveimur árum og fékk hún mjög góðar viðtökur. Þótti hún uppfull af þéttu eyðimerkurrokki og sýndi og sannaði að Brain Police var orðin alvöru rokksveit.

**Betri í alla staði**

Jónbi er hæstánægður með nýju plötuna og segir hana besta verk Brain Police til þessa. „Þetta er rökrétt framhald af síðustu plötu en er í rauninni betri í alla staði,“ segir hann. „Hún er aðeins öðruvísi gítarlega séð vegna þess að við erum með nýjan gítarleikara [Búa Bendtsen] en hún er virkilega vel unnin og hljómar rosalega vel. Hún er eiginlega bara næsta skref upp á við. Við eyddum tveimur dögum í æfingahúsnæði áður en við fórum í stúdíó, þannig að við fórum þangað 100% vissir um hvað við vorum að fara að gera.“

**Tveir bjórar á sautján dögum**

Beyond the Wasteland var tekin upp og hljóðblönduð á aðeins sautján dögum, sem telst ekki mikill tími í dag. Svíarnir Stefan Boman og Chips K., sem hafa m.a. unnið með Kent, Sahara Hotnights og The Hellacopters, stjórnuðu upptökum og ber Jónbi þeim vel söguna. „Þeir unnu vinnuna sína gríðarlega vel og það var mjög gaman að vinna með þeim. Þeir unnu þetta virkilega fagmannlega og komu hingað bara til að vinna. Þeir fengu sér einn bjór áður en upptökur hófust og síðan einn bjór þegar þeir voru búnir. Þeir voru alveg meirihattar,“ segir Jónbi, greinilega óvanur slíkum vinnubrögðum.

Býst hann fastlega við að Svíarnir taki einnig upp næstu plötu Brain Police og hugsanlega muni upptökur fara fram í Svíþjóð í algjörri ró og næði.

**Tónleikaferð um Þýskaland**

Útgáfutónleikar vegna plötunnar voru haldnir í Skífunni í gærkvöldi. Sveitin ætlar að rúnta um landið í framhaldinu og spilar næst í Bíóhöllinni á Akranesi 21. september. Kvöldið eftir verður hún á Kaffi Amsterdam, hinn 29. á Sjallanum og á Kaffi Króki síðasta kvöld mánaðarins.

Hinn 5. október er síðan ferðinni heitið til Þýskalands í tónleikaferð sem stendur yfir fram í nóvember. Meðal annars munu þeir félagar spila í Berlín, Köln og á tónlistarhátíð í Aldenburg. Í byrjun næsta árs er stefnan síðan sett á Bandaríkin, enda ætti „stoner-rokk“ Brain Police að falla vel í kramið þar í landi.

# Fær jörðin brátt ekki nóg?

**KVIKMYNDIR**

**[ UMFJÖLLUN ]**

Jörðin sem við byggjum er einstakt fyrirbæri. Lífríkið byggir allt sitt á svo hárfínni formúlu að lítið má út af bregða svo allt fari fjandans til en ekki er víst að formúlan gangi lengur upp ef ekkert verður að gert.

Þetta er að einhverju leyti sú heimspeki sem birtist í kvikmyndinni An Inconvenient Truth þar sem fyrrum forsetaframbjóðandinn Al Gore fer yfir sviðið og bregður upp svartri mynd af ástandi jarðarinnar. Að mati Gore er stærsta vandamálið hækkandi hitastig jarðarinnar vegna gróðurhúsaáhrifa en valdamiklir „efasemdarhópar“ telja þetta bara „kenningu“ sem enn á eftir að sanna. Þessir hópar hafi greiðan aðgang að fjölmiðlum sem dreifa þessum áróðri út á meðal fólksins sem gerir Gore og öðrum náttúruverndarsinnum mjög erfitt fyrir. Hann reynir að sýna fram á að þessi efasemdarhópur hafi rangt fyrir sér, áhrif gróðurhúsalofttegunda séu staðreynd og að við sjáum þess þegar merki, meðal annars í breyttu veðurfari.

An Inconvenient Truth er að mestu leyti fyrirlestur Gore í áhorfendasal en svo er brugðið upp myndbrotum og ljósmyndum af ferðalögum hans í baráttu sinni fyrir vitundarvakningu í umhverfisvernd. Stundum missir leikstjórinn David Guggenheim sig í dýrkun á sögumanni með þeim afleiðingum að þetta gætu verið bútar úr kosningamyndbandi fyrir Gore. Guggenheim notast enn fremur við atvik úr persónulega lífi Gore til útskýringar á baráttu hans með misjöfnum árangri. Sonur Gore lenti til að mynda í alvarlegu bílslysi og var vart hugað líf en þannig reynir hann að útskýra að það sé aðeins til ein jörð, sem verði að bjarga.

An Inconvenient Truth er nauðsynleg vekjaraklukka fyrir okkur



**AN INCONVENIENT TRUTH SÝND Á IFF-HÁTÍÐINNI**

LEIKSTJÓRI: DAVIS GUGGENHEIM

**Niðurstaða:** An Invconvenient Truth er nauðsynleg kvikmynd sem ætti að vekja sérhvern mann til umhugsunar um umhverfi sitt.

þótt hún sé á köflum full „bandarísk“ með öllu sem því fylgir. Margt sem þarna er sagt og sýnt ætti hins vegar að vekja sérhvern mann til umhugsunar um hvort jörðin og nátttúran fái brátt ekki nóg af átroðningi mannfólksins.

Freyr Gígja Gunnarsson




## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP | kl. 4 - 6:10 - 8 - 10:10 | B.i. 7 |
| STEP UP VIP | kl. 5:05 - 8 - 10:10 | |
| UNITED 93 | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | B.i.14 |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| YOU, ME AND DUPREE | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| LADY IN THE WATER | kl. 6:15 - 8:20 - 10:30 | B.i. 12 |
| 5 CHILDREN AND IT M/- ensku tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 8:20 | B.i. 12. |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| BÍLAR M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |

## SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 7 | |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | |
| THE ANT BULLY M/- ensku tal | kl. 6 - 8 | Leyfð | |
| LADY IN THE WATER | kl. 8:10 - 10:30 | B.i. 12 | DIGITAL |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10 | B.i. 12 | DIGITAL |

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 | leyfð |
| LITTLE MAN | kl. 8 - 10 | leyfð |
| YOU, ME AND DUPREE | kl. 10:10 | B.I.12 |

## SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MAGNAVAKA | kl. 10 | leyfð |
| STEP UP | kl. 6 - 8 | |
| MAURAHRELLIRINN- M/- Ísl tal | kl. 6 | leyfð |
| UNITED 93 | kl. 8 - 10 | B.I.12 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




| | | |
|---|---|---|
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 | Leyfð |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

**Kvikmyndahátíð**

| | | |
|---|---|---|
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 10:15 | B.i.16 |
| Renaissance | kl. 5:45 - 8 | B.i.12 |
| A cock and bull story | kl. 10:30 | Leyfð |
| Down the valley | kl. 5:45 | B.i.16 |
| The Libertine | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| Looking for Comedy in the Muslim world | kl. 5:55 | Leyfð |
| The Sisters | kl. 8 | B.i. 12 |
| Where the Truth Lies | kl. 10:15 | B.i.12 |

HAGATORGI • S. 530 1919


# Hættir í sjónvarpi

Leikkonan kynþokkafulla Eva Longoria ætlar að segja skilið við sjónvarpið eftir að þátturinn Desperate Housewives lýkur göngu sinni.

Longoria, sem er 31 árs, segist elska sjónvarpsmiðilinn og þá rútínu sem fylgi honum. Engu að síður vill hún hætta eftir að þættinum lýkur.

„Ég myndi aldrei hætta í Desperate Housewives. Ég hef mjög gaman af því að leika bæði í sjónvarpi og kvikmyndum en ég myndi aldrei leika í öðrum sjónvarpsþætti á eftir Desperate Housewives," sagði hún.

Longoria, sem leikur Gabrielle Solis í þættinum, sést næst á hvíta tjaldinu í myndinni How I Met My Boyfriend´s Dead Fiancee á næsta ári. Fyrsta stóra kvikmyndahlutverk hennar var í The Sentinel á móti Michael Douglas, sem kom út fyrr á þessu ári.

Þriðja þáttaröðin af Desperate Housewives hefst í Bandaríkjunum hinn 24. september.



**DESPERATE HOUSEWIVES** Longoria, lengst til vinsti, mun ekki leika í öðrum sjónvarpsþætti en Desperate Housewives.



**Á MÓTI SÓL** Alltaf jafn hressir og sérstaklega nú eftir velgengni Magna í Rock Star.

# Á móti sól með byr í seglin

Hljómsveitin Á móti sól nýtur greinilega góðs af velgengni söngvarans Magna Ásgeirssonar, sem hefur gert góða hluti í Rock Star: Supernova. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur sala á plötum hljómsveitarinnar aukist meðfram sigurgöngu Magna og þá mun Sena vera að íhuga að setja tvær plötur sem fyrirtækið gaf út árin 2001 og 2003 aftur í framleiðslu.

Þórir Gunnarsson, bassaleikarinn knái, var staddur í Los Angeles þegar Fréttablaðið náði tali af honum og spurði hann út í nýja sigurgöngu hljómsveitarinnar. „Já, við höfum eitthvað frétt af þessu," sagði hann, augljóslega spenntur, enda verða úrslitin í þættinum tilkynnt annað kvöld og þá kemur í ljós hvort meðlimir sveitarinnar þurfi að leita að nýjum söngvara. „Við þurfum ef til vill að fara að panta fleiri eintök," bætir hann við og hlær.

Þórir var „ættleiddur" af fjölskyldu Magna í nokkra daga en henni var sem kunnugt er boðið til Los Angeles af Icelandair til að veita Magna stuðning á síðustu metrunum. „Við vonumst til að hitta hann bráðum," bætir Þórir við en sagðist ekki vera farinn að örvænta ef Magna skyldi vera boðið gull og grænir skógar eftir að þátttöku hans lýkur. „Magni kemur bara til liðs við okkur þegar hann er laus."

Heimir Eyvindarson, umboðsmaður og hljómborðsleikari Á móti sól, sagðist kannast við að sala á plötunni hefði aukist en ekki fjórfaldast eins og sumir fréttavefir hefðu haldið fram. „Ef síðasta plata okkar hefði farið í 36 þúsund eintök væri ég búinn að frétta af því," sagði hann og hló en bætti því við að útlendingar væru farnir að sýna sveitinni áhuga og hefðu jafnvel reynt að prjóna sig í gegnum íslenska heimasíðu sveitarinnar. „Við höfum fengið mann til að þýða hana og hann ætti að vera búinn að klára verkefnið," bætti hann við.

freyrgigja@frettabladid.is

# Ekki útdauðir enn

**[ TÓNLIST ]**
**UMFJÖLLUN**

Þó að hljómsveitin New York Dolls hafi verið stofnuð árið 1971 er nýja platan hennar, One Day It Will Please Us to Remember Even This, aðeins þriðja hljóðversplata sveitarinnar. Hinar tvær fyrri voru New York Dolls sem kom út árið 1973 og Too Much Too Soon sem kom ári seinna. New York Dolls var á meðal fyrirrennara New York-pönksins. Hún lagði upp laupana árið 1977 og byrjaði ekki aftur fyrr en vorið 2004 þegar Morrissey bað hana að spila á Meltdown-tónlistarhátíðinni í London sem hann sá um það árið.

Allir eftirlifandi meðlimir hinnar upprunalegu New York Dolls spila á nýju plötunni. Allir er samt kannski ekki rétta orðið því að þeir David Johansen söngvari og Sylvain Sylvain gítarleikari eru einir eftir. Fyrsti trommarinn, Jerry Murcia, dó af blöndu eiturlyfja og áfengis árið 1972. Johnny Thunders gítarleikari dó af of stórum heróínskammti 1991, trommari númer tvö, Jerry Nolan, fékk hjartaáfall og dó sama ár og bassaleikarinn Arthur Kane dó úr hvítblæði fyrir tveimur árum.

Tónlist The Dolls var undir miklum áhrifum frá Rolling Stones og breska glysrokkinu. Þó að það séu liðin rúm þrjátíu ár frá því að síðasta plata með nýju efni kom út hljómar sveitin á nýju plötunni eiginlega alveg eins og á hinum fyrri. Þetta er hrátt blúsrokk litað af pönki og þungarokki. Það merkilega við það er að þessi tónlist hljómar fersk enn í dag. Skýringuna má kannski finna í þeirri staðreynd að seinni tíma sveitir hafa leitað grimmt í rokksöguna, þ.á m. til New York Dolls. Rokkbransinn gengur í hringi. Ágæt plata þó að gæðunum hraki aðeins á seinni helmingnum.

Trausti Júlíusson



**NEW YORK DOLLS**
ONE DAY IT WILL PLEASE US TO REMEMBER EVEN THIS

**Niðurstaða:** Endurkomuplata þessarar goðsagnakenndu sukksveitar verður að teljast ágætlega heppnuð. Það fara fáar sveitir betur með skítugt pönkskotið Stones-rokk en New York Dolls.

# Bubbi spilar á Nasa

Bubbi Morthens heldur áfram tónleikaröð sinni á Nasa á fimmtudagskvöld eftir stutt hlé. Að þessu sinni flytur Bubbi plötuna Sól að morgni, en á henni er meðal annars að finna lagið Kveðja sem hefur notið mikilla vinsælda.

Tónleikar Bubba annað kvöld hefjast klukkan 21 og fer miðasala fram á Nasa. Næstu tónleikar kóngsins verða í byrjun október, þá aðrir í nóvember og tónleikaröðinni lýkur með Þorláksmessutónleikunum vinsælu.



**BUBBI MORTHENS** Spilar plötuna Sól að morgni í heild sinni á Nasa annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




## Ísland mætir Lúxemburg í kvöld

Íslenska landsliðið í körfubolta mætir í kvöld Lúxemburg í B-deild Evrópukeppninni en leikurinn verður í Keflavík. Ísland hefur ekki riðið feitum hesti frá þeim tveimur leikjum sem liðið hefur leikið til þessa. Ísland tapaði fyrir Finnum á heimavelli fyrir viku síðan og um síðustu helgina tapaði íslenska liðið fyrir Georgíu ytra. Leikurinn í kvöld er því gríðarlega mikilvægur og óhætt er að segja að ef þessi leikur tapist sé öll nótt úti. Lúxemborgarar hafa sömuleiðis tapað báðum sínum leikjum til þessa. Leikurinn er því gríðarlega þýðingarmikill fyrir íslenska liðið. Leikurinn er eins og áður sagði í Keflavík og hefst hann kl. 20.00. Fjölmennum nú á leikinn og hvetjum strákana okkar til sigurs.



**sport**

sport@frettabladid.is

ÍVAR INGIMARSSON: SKORAÐI SITT FYRSTA ÚRVALSDEILDARMARK Á MÁNUDAGINN Í SIGURLEIK READING

# *Man ekki eftir að hafa skallað boltann*

Ívar Ingimarsson hefur leikið alla leiki Reading í ensku úrvalsdeildinni á þessari leiktíð og virðist vera búinn að festa sig vel í sessi hjá liðinu. Ívar skoraði sigurmark Reading á mánudaginn þegar liðið sigraði Manchester City á heimavelli, 1-0. Markið skoraði Ívar með skalla en í sömu andrá og hann skallaði boltann koma varnarmaður Manchester City og skallaði í höfuð Ívars. Við þetta vankaðist Ívar og hann segist ekkert muna eftir því að hafa skallað að marki.

„Varnarmaður þeirra, Distin, var aðeins á eftir mér og ég veit ekki hvort hann skallaði í gagnaugað á mér eða hvort öxlin á honum fór í mig, en ég vankaðist í smá tíma. Ég sá bara stjörnur en það var mjög fínt að fá að frétta það eftir á að boltinn hefði farið í markið. Ég man ekkert eftir að hafa skallað boltann en svo kom James Harper, liðsfélagi minn, til mín brosandi og hristi mig til og þá áttaði ég mig á því hvað hefði gerst,“ sagði Ívar um markið góða.



„Ég er mjög ánægður með þetta. Gott að fá markið, halda hreinu og fá þrjú stig, þannig að þetta er frábært fyrir okkur. Okkur veitir ekkert af því að fá eins mörg stig og við getum fengið,“ sagði Ívar.

Reading hefur nú fengið sex stig úr fyrstu fjórum leikjunum og Ívar er nokkuð sáttur við þá byrjun. „Byrjunin hefur bara verið ágæt og að vera komnir með sex stig eftir fjóra leiki er bara nokkuð gott. Það skiptir gríðarlega miklu máli að byrja vel í þessari deild og við höfum núna unnið báða okkar heimaleiki en tapað báðum útileikjunum. Vonandi förum við bara að ná í stig á útivelli líka,“ sagði Ívar og bætti því við að markmið Reading væri að halda sæti sínu í deildinni. „Markmiðið er að halda sætinu í deildinni og að gera það vel. Eftir gott tímabil í fyrra er sjálfstraustið mjög gott í liðinu en við vitum alveg að við erum í úrvalsdeild núna og það er erfiðara.“



**FERNANDO ALONSO** Er ekki sáttur við keppinaut sinn Michael Schumacher og keppnislið hans, Ferrari.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fernando Alonso:

## Schumacher er óheiðarlegur

**FORMÚLA Heimsmeistarinn í formúlu 1, Fernando Alonso, gagnrýnir Michael Schumacher í viðtali við spænska blaðið Marca. „Michael Schumacher er óheiðarlegasti ökumaðurinn í sögu Formúlu 1 og sá ökumaður sem hefur fengið flestar refsingar,“ sagði Alonso.**

**Alonso, sem er tveimur stigum á undan Schumacher í keppni ökumanna, segir einnig að Schumacher og Ferrari njóti forréttinda í Formúlu 1. „Það er mikil pólitík í formúlunni. Schumacher er sigursælasti ökumaðurinn í sögu keppninnar og hefur oft notið góðs af því. Ferrari-liðið hefur svo oft farið yfir strikið að það er ólýsanlegt,“ sagði Alonso.** - dsd

# Þetta er ekki málefni Fram

**Guðmundur B. Ólafsson, formaður Fram, segir deilu Geirs Sveinssonar og Hjálmars Vilhjálmssonar ekki koma Fram við. Hafi Hjálmar á annað borð gert það sem hann sé sakaður um sé það hans eigið mál enda hafi hann ekki verið að mæla fyrir hönd félagsins. Formaður handknattleiksdeildar segir málið ekki stórt.**

**HANDBOLTI** Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Geir Sveinsson, fyrrum landsliðsfyrirliði, sakað Hjálmar Vilhjálmsson, varaformann handknattleiksdeildar Fram, um að fara huldu höfði á spjallborði Valsmanna þar sem hann hafi reynt að skapa óróa með ummælum sínum og hafi einnig haldið því fram að hann væri gallharður Valsari. Sumt af því sem Hjálmar er ásakaður um að hafa skrifað á síðunni er það gróft að Valsmenn urðu að fjarlægja það af síðunni.

Notandi að nafni „Rieg“ á spjallsíðu Vals var rakinn inn í fyrirtæki Hjálmars en framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir Hjálmar vera eina manninn í fyrirtækinu í fyrirtækinu sem hafi áhuga og vit á handbolta. Geir heldur því fram að Hjálmar hafi játað fyrir sér verknaðinn þegar hann gekk á hann með



**FORMAÐURINN RÓLEGUR** Kjartan Ragnarsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, segir ásakanirnar í garð varaformannsins ekki merkilegar.

málið. Hjálmar vildi ekki ræða málið við Fréttablaðið en sagði sögu Geirs ósanna.

Fréttablaðið setti sig í samband við formann Fram, Guðmund B. Ólafsson, en Geir gekk á hans fund á sínum tíma og fór fram á afsökunarbeiðni frá Hjálmari fyrir sig og Val.

„Geir Sveinsson talaði við mig en í sjálfu sér kom ekkert út úr því. Ég sagði við hann að ef þetta væri rétt þætti mér það mjög leitt fyrir hönd félagsins,“ sagði Guðmundur, sem talaði við Hjálmar í kjölfarið. „Við ræddum saman og það samtal er á milli okkar. Annars er verið að bera sakir á Hjálmar og þetta kemur í sjálfu sér Fram ekkert við. Ég hef engar sannanir um eitt eða neitt og Hjálmar verður að svara því til sjálfur hvort þessar ásakanir séu sannar.“

Guðmundur segir að honum finnist ekki eðlilegt að menn séu að tjá sig á öðrum spjallsíðum, en þeir sem það geri verði að standi fyrir sínu sjálfir.

„Aðalstjórn félagsins mun ekkert gera í þessu máli en handknattleiksdeildin hlýtur að ræða þetta á sínum fundi þar sem um er að ræða varaformann deildarinnar. Annars er þetta ekki málefni Fram. Ef Hjálmar er að skrifa það sem hann er sakaður um þá er hann að skrifa það persónulega og ekki fyrir hönd félagsins á neinn hátt. Þannig að þetta er í sjálfu sér Fram óviðkomandi,“ sagði Guðmundur.

Kjartan Ragnarsson, formaður handknattleiksdeildar Fram,



**HVAÐ GERIR HJÁLMAR?** Hjálmar Vilhjálmsson, varaformaður handknattleiksdeildar Fram, hefur enn ekki tjáð sig um ásakanir Geirs Sveinssonar í sinn garð. Hann sést hér í leik með Fram gegn Val fyrir tveim árum síðan.

vildi lítið tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær.

„Ég vísa þessu máli bara á Hjálmar enda hef ég ekkert kynnt mér það. Hjálmar hlýtur að geta svarað fyrir sig,“ sagði Kjartan en eftir að blaðamaður hafði kynnt málið fyrir Kjartani sagði hann: „Mér finnst þetta ekki stórar ásakanir og málið ekki stórt. Þetta er alfarið mál Hjálmars og þú verður að tala við hann.“

henry@frettabladid.is

Hvað skrifaði „Rieg“ á spjallborð Vals?

# Talar frjálslega um peningamál leikmanna Valsliðsins

**HANDBOLTI** Á heimasíðu Vals má enn finna nokkur bréf skrifuð af „Rieg“ og Fréttablaðið hefur einnig undir höndum spjallþráð sem hefur verið eytt af síðunni en í honum fer „Rieg“ mikinn. Við skulum byrja á að draga út nokkur ummæli í þræðinum sem var eytt en „Rieg“ stofnaði hann 23. maí 2006, skömmu eftir að Ernir Hrafn Arnarsson hafði gengið í raðir Vals. Fram var eitt þeirra liða sem vildi fá Ernir í sínar raðir.

*„Nú frétti ég að stjórnin bauð honum (Erni, innsk., blm) gull og græna skóga á sama tíma og okkar efnilegustu strákar spila nánast fyrir skóna og smánarlegan bónus. Hvað er verið að meina með þessu að borga Erni rúmlega þrisvar sinnum meira en Fannar og Elvar fá samtals. Þetta kalla ég ekki að fá til liðsins menn á réttum forsendum. Svo er algert lágmark að standa í skilum við þá leikmenn sem eru hjá okkur áðuren stórir samningar eru gerðir við unglinga. [...] Ég tel þetta ekki*



**FJARLÆGT** Hér sést hluti af svari „Rieg“ til Arnar Franzsonar, föðurs Ernis Arnarsonar. Stór hluti þessa svars er í greininni sem fylgir þessari mynd.

*rétta vettvanginn til að nefna tölur nákvæmlega en þetta er alveg pottþétt svona. Ernir var í viðræðum við Stjörnuna og faðir hans gaf sterklega til kynna hvað hann fengi hjá Val og meira að segja Stjörnumönnum þótti það mikið. Ég veit alveg hvað Fannar, Elvar og Ingvar eru að fá og það er í engum tengslum við þetta [...] það er skandall hvernig stjórnin*




**AF HVERJU FÆR BALDVIN BORGAÐ?** „Rieg“ tjáir sig hér um launamál Baldvins Þorsteinssonar.

*hefur komið fra við Loutoufi og það er líka skandall hve seint og illa vissum leikmönnum hefur verið greitt. Svo eru menn bara með stæla þegar núverandi leikmenn vilja fá smá hækkun. [...] það er annað sem gerir mig ósáttann. Hvernig Óskar Bjarni kom fram í Fréttablaðinu þegar tilkynnt var um Erni. Af ummælum Óskars að dæma hefur hann mun meiri trú á þessum Erni heldur en okkar strákum, sem ég tel að séu meira efni ef eitthvað er. Enda kemur þetta fram í samningnum sem stjórnin gerir við Erni sem er margfaldur á við aðra samninga við stráka af svipuðu reyki.“*

Þegar þarna er komið við sögu stígur Örn Franzson, faðir Ernis Hrafns, inn í umræðuna og útskýrir sína hlið mála þó honum sé það ekki að skapi þar sem ásakanirnar komi frá manni sem þori ekki að koma fram undir nafni. „Rieg“ var fljótur til svars.

*„Ég fer ekki ofan af því að samningurinn hans Ernis er miklu hærri en hjá öðrum leikmönnum Vals á svipuðum aldri. [...] svo er það alveg óþolandi að í hvert skipti sem einhver Valsmaður gagnrýnir stjórn félagsins þá er hann orðinn óvinur. [...] ég get engann veginn sætt mig við að vel menntaður maður eins og þú (Örn Franzson., innsk. blm) skulir skrifa á spjall okkar Valsmanna og efast um heilindi mín sem Valsmanns [....] byrjaði nú á að ganga í Val og segja af þér sem fjölmiðlafulltrúi Aftureldingar áður en þú kemur á þetta spjall og hraunar yfir menn sem hafa stutt Val í gegn súrt og sætt og það án þess að sonur þeirra sé að fá milljónir í laun (á samningstímanum). [...] virðingarfyllst, RIEG, stuðningsmaður Vals síðan 1981.“*

„Rieg“ tjáir sig einnig á spjallsíðu Vals þegar Baldvin Þorsteinsson hafði framlengt samning sinn við Valsmenn.

*„Mér finnst nú samt skrítið að þessi afkomandi kvótagreifa númer 1 skuli þurfa að fá borgað frá klúbbi sem veltir minna á ári en fyrirtæki pabba hans fyrir hádegi á einum góðum degi. Mér bara finnst þetta og tel að við hefðum ekki átt að láta það eftir Óskari að sleikja upp slóslóðann eftir hann Baldvin til að fá hann til baka. Við höfum helling af ungum ferskum rétthentum Valsmönnum sem hafa vanist því að vinna fyrir hlutunum innan sem utan vallar.“*

- hbg


515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
Í KVÖLD KL. 18:30
MAN. UTD.
CELTIC
MEISTARADEILD EVRÓPU
UEFA
CHAMPIONS LEAGUE
ÍKVÖLD
KL. 18:30
Man. Utd. - Celtic
Lyon - Real Madrid Sýn Extra
Hamburg - Arsenal Sýn Extra 2
AIG
sýn
besta sætið

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
MAGNAÐ VERÐ
ÚRVAL LJÓSAPERA
39 KÚLUPERUR E14
39 PERUR E27
39 KERTAPERUR E14
Verð frá: 295 SPARPERUR E27
2 stk. 195 HALOGENPERUR G4
2 stk. 295 HALOGENPERUR R75
2 stk. 395 HALOGENPERUR MR16
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 11:00 - 17:00
VIÐ FELLSMÚLA
108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

Stórfurðulegt atvik átti sér stað í brasilísku deildakeppninni:

# Mark boltastráks var dæmt löglegt

**FÓTBOLTI** Eitt furðulegasta atvik síðari ára í knattspyrnuheiminum átti sér stað í brasilísku 3. deildinni á sunnudag. Þá áttust við Santacruzense og Atletico Sorocabana í spennandi leik sem stóð 1-0 fyrir síðarnefnda liðið þar til á 89. mínútu. Þá komst framherj Santacruzense að nafni Samuel í ágætt skotfæri en skaut framhjá. Þegar markvörðurinn ætlaði að taka útspark og beið eftir að fá bolta frá boltastráknum eins og venja er gerði boltaguttinn sér lítið fyrir og rakti boltann framhjá markverðinum og rúllaði knettinum yfir línuna. Þetta hefur hann væntanlega gert í gremju sinni.

Dómari leiksins sá boltann í markinu og ákvað að dæma markið löglegt. Dómarinn sá ekki boltastrákinn en eftir að hafa ráðfært sig við aðstoðarmann sinn sem sá ekkert athugavert við atvikið var markið dæmt löglegt. Leikmenn Atletico mótmæltu þessu af öllum mætti en dómarinn, kona að nafni Silvia Regina de Oliveira, lét ekki haggast. Þökk sé jafnteflinu hélt Santacruzense tveggja stiga forskoti á Atletico á toppi deildarinnar.

„Ég skaut bara boltanum," sagði Samuel sem var ekki með mikið samviskubit vegna málsins. „Ef dómarinn dæmdi markið löglegt er það hennar vandamál, ekki mitt." Þrátt fyrir að „markið" náðist á myndband getur brasilíska knattspyrnusambandið að eigin sögn ekki ógilt úrslit leiksins.

Dómarinn var þegar orðin þekkt í Brasilíu fyrir að vera fyrsta konan sem dæmdi deildarleik þar í landi. Hvaða áhrif þetta hefur á stöðu kvenna í dómarastétt Brasilíu er ekki vitað.

Hægt er að skoða myndband af þessu merkilega atviki á vefsíðunni espnbrasil.uol.com.br með því að smella á „videos".

- esá

# Barcelona skoraði fimm

**Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fór af stað í gærkvöldi með miklum látum. Meistarar Barcelona hófu titilvörnina með því að skora fimm gegn Levski Sofiu á heimavelli en annars skoruðu þrjú önnur lið fjögur mörk í sínum leikjum.**

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Barcelona hófu titilvörn sína í Meistaradeild Evrópu með miklum glæsibrag er liðið vann 5-0 sigur á Levski Sofiu frá Búlgaríu á heimavelli sínum, Camp Nou. Eiður Smári Guðjohnsen lék síðasta hálftímann í liði Börsunga en náði ekki að skora.

Þrjú önnur lið, Roma, Valencia og Bayern München, skoruðu fjögur mörk í sínum leikjum en steindautt var í leikjunum í C-riðli, riðli Liverpool, þar sem báðum leikjunum lauk með markalausu jafntefli.

Ein óvæntustu úrslit kvöldsins urðu í Portúgal þar sem heimamenn í Sporting frá Lissabon gerðu sér lítið fyrir og unnu 1-0 sigur á Ítalíumeisturum Inter Milan. Þar var það Marco Caneira sem skoraði mark heimamanna í síðari hálfleik með glæsilegu skoti utan teigs en Toldo varði skot hans í slána og inn. Frakkinn Patrick Vieira fékk svo að líta rauða spjaldið í leiknum eftir fremur fólskulegt brot á Alecsandro sem lá óvígur eftir viðskipti þeirra.

Börsungar sýndu hvers þeir eru megnugir með léttum 5-0 sigri á Levski frá Sofiu en leikurinn var sá fyrsti hjá búlgörsku liði í Meistaradeild Evrópu. Fimm leikmenn skoruðu mörkin fimm í leiknum og sýnir það hversu gríðarlega góðum mannskap Frank Rijkaard hefur á að skipa.

Í hinum leik A-riðils unnu Englandsmeistarar Chelsea 2-0 sigur á Werder Bremen og máttu þakka fyrir að Miroslav Klose skoraði ekki í leiknum en hann fékk að minnsta kosti tvö góð færi til þess.



**TÖFRAMENN** Ronaldinho og félagar í Barcelona léku á als oddi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

En Michael Essien og Michael Ballack voru á skotskónum í gær og skoraði sá síðarnefndi úr víti.

Rafael Benitez stjóri Liverpool geymdi marga sína bestu leikmenn á bekknum er liðið lék gegn PSV Eindhoven í Hollandi í gær og má hann ágætlega vel við una að hafa náð í stig á erfiðum útivelli. Framundan er líka erfiður leikur gegn Chelsea í ensku úrvalsdeildinni og veitir honum ekki af því að lykilmenn liðsins verði upp á sitt besta í þeim leik.

Fernando Morientes skoraði þrennu fyrir Valencia er liðið vann Olympiakos á útivelli í gær en lið hans vann leikinn, 4-2. Roma og Bayern München skoruðu einnig fjögur mörk í sínum leikjum og fóru heldur illa með andstæðinga sína.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Gríðarleg eftirvænting er í Bretlandi fyrir viðureign Manchester United og Celtic:

# Stórleikur á Old Trafford í kvöld

**FÓTBOLTI** Í kvöld fara fram fyrstu leikir í E-, F-, G- og H-riðlum Meistaradeildar Evrópu. Margir áhugaverðir leikir eru á dagskrá en augu flestra Íslendinga beinast eflaust að leikjum ensku liðanna. Arsenal á erfiðan leik fyrir höndum gegn Hamburg en á Old Trafford mætast bresku risarnir Manchester United og Celtic í leik sem gengur undir heitinu „Baráttan um Bretland".

Mikil vinátta hefur ríkt í gegnum tíðina á milli Manchester United og Celtic og hafa liðin ósjaldan mæst í vináttu- og góðgerðarleikjum. Gordon Strachan, stjóri Celtic, lék lengi vel með Manchester United og hann býst við mjög erfiðum leik fyrir sína menn. „Við erum að fara að mæta mörgum af bestu leikmönnum í heiminum í dag. Að leika gegn Manchester United í Meistaradeild Evrópu er skref upp á við frá því að spila með landsliði sínu, þetta er hærra plan. Við þurfum að hafa heppnina með okkur en ég hef aldrei vitað um lið sem fer á Old Trafford og þarf ekki að hafa heppni með sér til að vinna leikinn," sagði Gordon Strachan.



**JENS LEHMANN** Hefur haldið markinu hreinu í 763 mínútur í Meistaradeild Evrópu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Arsenal heimsækir þýska liðið Hamburg í kvöld en hvorugt þessara liða hefur staðið undir væntingum það sem af er tímabilsins. Arsenal hefur ekki enn unnið leik í ensku úrvalsdeildinni, hefur leikið þrjá leiki, gert tvö jafntefli og tapað einum leik. Hamburg hefur sömuleiðis leikið þrjá leiki og gert jafntefli í þeim öllum. Jens Lehmann fær í kvöld tækifæri til að bæta við metið sem hann á, en hann hefur haldið markinu hreinu í 763 mínútur í Meistaradeild Evrópu. „Hamburg eru mjög líkamlega sterkir og munu stanslaust reyna að sækja á okkur," sagði Arsene Wenger.

Meðal annarra áhugaverðra leikja í kvöld má nefna viðureign Lyon og Real Madrid og þá er FC København frá Danmörku að taka þátt í Meistaradeild Evrópu í fyrsta sinni en liðið fær Benfica í heimsókn á Parken í Kaupmannahöfn. Mikil eftirvænting er í Danmörku fyrir leiknum og hefur umræðan töluvert snúist um það að ekki má selja öl á Parken á meðan leiknum stendur, en nýjar reglu Knattspyrnusambands Evrópu kveða á um það að ekki má lengur selja áfengi á alþjóðlegum knattspyrnuleikjum.

- dsd



**CESC FABREGAS** Hefur náð langt þrátt fyrir ungan aldur. Hér hefur hann stungið Ousmane Dabo, leikmann Manchester City, af. NORDIC PHOTOS/GETTY

Cesc Fabregas:

## Semur við Arsenal til átta ára

**FÓTBOLTI „Þeir verða ekki mikið lengri samningarnir," sagði Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, og átti þar við þann átta ára samning sem Spánverjinn Cesc Fabregas sem mun senn skrifa undir samkvæmt stjóranum. Fabregas er ekki nema 19 ára gamall og þegar orðinn fastamaður í spænska landsliðinu og var í sumar orðaður við Real Madrid. En hann segist vera ánægður í London. „Þetta eru mikil verðlaun fyrir okkur því við fengum hann aðeins 16 ára gamlan," sagði Wenger en Fabregas var fenginn til Arsenal frá Barcelona.** - esá

Yossi Benayoun:

## Ánægður hjá West Ham

**FÓTBOLTI** Fyrirliði landsliðs Ísraels og leikmaður West Ham, Yossi Benayoun, segir að hann muni senn skrifa undir nýjan fimm ára samning við félagið. Hann hefur í ensku pressunni verið orðaður við Liverpool og Arsenal. „Ég hef aldrei sagt að ég vilji fara en það er eðlilegt að vangaveltur um slíkt birtist í fjölmiðlum. En ég er mjög ánægður hjá West Ham og er búið að ganga frá nýjum fimm ára samningi sem ég mun skrifa undir,¿ sagði Ísraelinn í gær. - esá

Sænski boltinn:

## Stórsigur Gautaborgar

**FÓTBOLTI Hjálmar Jónsson og félagar í IFK Gautaborg unnu í gær góðan útivallasigur á BK Häcken í sænsku úrvalsdeildinni í gær. IFK komst í 4-0 áður en heimamenn klóruðu í bakkann. Hjálmar lék allan leikinn fyrir IFK en Ari Freyr Skúlason, leikmaður Häcken, var ekki í leikmannahópi liðsins. Emil Hallfreðsson kom inn á sem varamaður er lið hans, Malmö, tapaði 3-1 á útivelli fyrir Helsingborg.** - esá

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Meistaradeild Evrópu*

**A-RIÐILL**

CHELSEA-WERDER BREMEN 2-0
1-0 Essien (24.), 2-0 Ballack, víti (68.).
BARCELONA-LEVSKI SOFIA 5-0
1-0 Iniesta (7.), 2-0 Giuly (39.), 3-0 Puyol (49.), 4-0 Eto¿o (58.), 5-0 Ronaldinho (90.).

**B-RIÐILL**

SPORTING LISSABON-INTER 1-0
1-0 Caneira (64.).
BAYERN MÜNCHEN-SPARTAK MOSKVA 4-0
1-0 Pizarro (47.), 2-0 Santa Cruz (51.), 3-0 Schweinsteiger (71.), 4-0 Salihamidizic (84.).

**C-RIÐILL**

PSV-LIVERPOOL 0-0
GALATASARAY-BORDEAUX 0-0

**D-RIÐILL**

ROMA-SHAKTAR DONETSK 4-0
1-0 Taddei (67.), 2-0 Totti (76.), 3-0 De Rossi (79.), 4-0 Pizaro (90.).
OLYMPIAKOS-VALENCIA 2-4
1-0 Konstantinou (28.), 1-1 Morientes (34.), 1-2 Morientes (39.), 2-2 Castillo (66.), 2-3 Albiol (85.), 2-4 Morientes (90.).



**THIERRY HENRY** Verður ekki með Arsenal í kvöld en meiðslin eru þó ekki alvarleg. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meiðsli hjá Arsenal:

## Henry ekki með í kvöld

**FÓTBOLTI Franski sóknarmaðurinn Thierry Henry mun ekki leika með Arsenal í kvöld þegar liðið mætir þýska liðinu Hamburg í Meistaradeild Evrópu.**

**Henry kom meiddur til baka eftir landsleikina í síðustu viku en lék þó með Arsenal á laugardaginn í ensku úrvalsdeildinni. Henry fann aftur fyrir þessum meiðslum á æfingu í gær og ákveðið hefur verið að hann leiki ekki með liðinu í kvöld.**

**Arsene Wenger, stjóri Arsenal, býst samt við því að Henry verði klár um næstu helgi þegar Arsenal mætir Manchester United á útivelli.** - dsd

Ben Thatcher hjá Man. City:

## Átta leikja bann

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Ben Thatcher var í gær dæmdur í átta leikja bann af aganefnd enska knattspyrnusambandsins fyrir fólskulega árás á Pedro Mendes, leikmann Portsmouth. Hann fékk einnig fimmtán leikja bann sem er skilorðsbundið í tvö ár. Manchester City hafði þegar sjálft sett Thatcher í sex leikja bann og dregið af honum laun í sex vikur. - esá

FIFA veitti máli Garðars Jóhannssonar ekki undanþágu:

# Náði að vera atvinnumaður í Noregi í 26 klukkustundir

**FÓTBOLTI** Garðar Jóhannsson hefur eins og alkunna er snúið aftur heim eftir stutta dvöl í Noregi og lék með Val gegn Grindavík á mánudagskvöldið. Hann var í ágúst seldur til Fredrikstad í Noregi en þar sem hann hafði þegar leikið með tveimur félögum, Val og KR, á almanaksári FIFA, sem hófst þann 1. júlí síðastliðinn er hann ekki löglegur með þriðja liðinu fyrr en í júlí á næsta ári. Tæknilega séð var Garðari heimilt að semja við Fredrikstad en hann fengi ekki leikheimild með liðinu fyrr en á næsta ári.

Fredrikstad sótti um undanþágu vegna Garðars til FIFA en því var synjað. Alþjóðlegi félagaskiptaglugginn lokaði um síðustu mánaðamót og opnar aftur þann 1. janúar næstkomandi og segir Garðar í samtali við Fréttablaðið að verið sé að vinna í því að fá undanþágu fyrir félagaskipti hans til Noregs þá.

„Staðan í þessu máli er þannig að nú er verið að bíða til að sjá hvort FIFA veitir þessu máli undanþágu þannig að ég geti farið út í janúar," sagði Garðar. Hann skrifaði undir þriggja og hálfs árs samning við Fredrikstad í síðasta mánuði en varð að rifta honum. „Það var eina leiðin til að ég fengi að spila aftur með Val. En þetta er skelfilega svekkjandi og afar leiðinlegt mál. Ég náði að vera atvinnumaður í ekki nema 26 klukkustundir. Ég vona að sá tími lengist á nýju ári," sagði Garðar.

Forráðamenn Fredrikstad vilja fá Garðar en segjast ætla að endurskoða málið ef núverandi undanþágubeiðni verði hafnað. „Ef þetta dregst enn meira á langinn ætla þeir að sjá til. Þetta er mikil óvissa og við verðum bara að sjá til."

Garðar var seldur til Vals frá KR um miðjan júlí síðastliðinn. Áður en hann fór til Noregs hafði hann skorað fjögur mörk í fjórum leikjum fyrir Val en leikirnir verða að óbreyttu sjö talsins þegar keppnistímabilinu lýkur. - esá



**GARÐAR JÓHANNSSON** Hér í leik með Val gegn Grindavík á mánudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JIMMY BULLARD** Er með slitið krossband. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meiðsli í ensku deildinni:

## Tímabilið búið hjá Bullard

**FÓTBOLTI** Líklegt þykir að Jimmy Bullard, leikmaður Fulham, verði ekki meira með á þessari leiktíð eftir að læknir Fulham-liðsins skýrði frá því í gær að krossband væri slitið í leikmanninum. Hann verður því líklega frá í allt að níu mánuði.Bullard þótti leika mjög vel með Wigan á síðustu leiktíð en hann gekk í raðir Fulham í sumar og hefur verið að banka á dyrnar hjá enska landsliðinu að undanförnu. - dsd

Martin O'Neill verslar:

## Didier Agathe til Aston Villa

**FÓTBOLTI Aston Villa fékk í gær kantmanninn Didier Agathe til liðs við sig. Leikmaðurinn var samningslaus og því þarf Aston Villa ekki að borga krónu fyrir hann. Agathe hefur verið að æfa með Aston Villa undanfarið eftir að Celtic leysti leikmanninn undan samningi í síðasta mánuði.**

**„Agathe er ekki hérna til að fylla upp í hópinn. Hann er hér vegna þess að hann er góður leikmaður og hungraður í að spila og standa sig vel fyrir Aston Villa," sagði O'Neill.** - dsd



**MARKASKORARAR BLIKA** Hér fyrir miðri mynd eru þær Greta Mjöll Samúelsdóttir og Ólína Viðarsdóttir sem skoruðu mörk Breiðabliks í gær. Hér fagna þær sigri á Val í Meistarakeppni KSÍ fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Breiðablik vann frækinn sigur á HJK Helsinki í gær:

# Greta Mjöll þaggaði í Finnunum

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann í gær frækinn sigur á HJK Helsinki í Evrópukeppni félagsliða en keppni í riðli Íslands fer fram í Finnlandi. Fyrirliðinn Ólína G. Viðarsdóttir kom Blikum yfir í síðari hálfleik en heimamenn jöfnuðu metin skömmu síðar. Það var svo Greta Mjöll Samúelsdóttir sem tryggði Breiðabliki sigur í leiknum með einni af síðustu snertingum leiksins.

Guðmundur Magnússon, þjálfari Blika, var vitaskuld kampakátur og stoltur af sínu liði þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. „Þetta var afskaplega ljúft. Leikurinn var erfiður enda finnska liðið hörkugott. En við agaðan og góðan leik og áttum þetta skilið."

Hann segir leikinn hafa verið mjög jafnan. „Liðin skiptust á að sækja þó að við höfum ef til vill aðeins haldið okkur til baka í fyrri hálfleik. Í þeim síðari færðum við okkur svo framar á völlinn og vorum mikið með boltann," sagði Guðmundur. Ólína skoraði fyrsta mark leiksins með góðu skoti á 60. mínútu og lið Helsinki jafnaði metin þrettán mínútum síðar.

„Við fengum svo góða og hraða skyndisókn á 93. mínútu þar sem kom fyrirgjöf frá hægri inn á teig þar sem Greta Mjöll kom og afgreiddi knöttinn í netið. Svo var tekin miðja og leikurinn strax flautaður af. Finnnar voru mjög ósáttir og það sló algera þögn á áhorfendur. Ég held að fáir hér hefðu trúað þessu en við höfðum allan tímann trú á sjálfum okkur."

Næsti leikur verður á morgun gegn Evrópumeisturum Frankfurt sem vann 6-0 sigur á Universitetet Vitebsk frá Hvíta-Rússlandi. Tvö lið komast upp úr hverjum riðli og má því segja að sigur Blika í dag hafi verið afar mikilvægur. Frankfurt verði að teljast líklegur sigurvegari og baráttan um 2. sætið standi á milli hinna liðanna. Þar stendur Breiðablik vel.

„Ég sá Hvít-Rússana spila við Frankfurt í dag og er kannski ekki mikið að marka þann leik. En ég tel að finnska liðið sé ef til vill aðeins sterkara," sagði Guðmundur. - esá







**Sirkus kemur á föstudögum!**

Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólki og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Well, you see, this is the problem with terrorists. They're really inconsiderate when it comes to people's schedules.“**

Svar: Harry (Arnold Schwarzenegger) í True Lies frá 1994.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON VARÐ VITNI AÐ ROSALEGUM FÓTBOLTADEGI.

# *Stórhættulegt en gaman*

Síðastliðinn laugardagur var rosalegur því alls voru níu erlendir fótboltaleikir í beinni útsendingu þennan eina og sama dag. Hver hefði trúað því að svona lagað væri mögulegt fyrir svona fimmtán árum þegar einn leikur í enska boltanum var í boði á laugardögum í boði Bjarna Fel?

Dagurinn leit svona út: Everton og Liverpool öttu kappi um morguninn. Eftir það spiluðu Arsenal og Middlesbrough, þar sem reyndar var hægt að horfa á fjóra aðra leiki á sama tíma, og síðan var röðin komin að Manchester United taka á móti Tottenham. Ekki nóg með þetta því strax á eftir var komið að Barcelona að spila við Osasuna í spænska boltanum. Á eftir honum var síðan Atletico Madrid-Valencia.

Flesta þessa leiki horfði ég á með öðru auganu eða sá hluta af á meðan ég reyndi að nýta daginn í eitthvað nytsamlegt, þó svo að vissulega hefði verið freistandi að sitja sem fastast í sófanum allan daginn.

Eins og úrvalið er í dag getur verið stórhættulegt að hafa gaman af fótbolta, því ef maður missir sig getur maður sokkið ansi djúpt og gleymt því að maður sjálfur á líf. En mikið asskoti hefur maður það samt gott.



**ARSENAL-MIDDLESBROUGH** Alls voru níu erlendir leikir í beinni útsendingu þennan eina og sama dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



▶ **20.15** *Drama*

ER



▶ **22:20** *Drama*

STRONG MEDICINE



▶ **21.30** *Spenna*

GOST WHISPERER



▶ **20.10** *Heimild*

KRÓKALEIÐIR Í KÍNA



▶ **09.00** *skýringar*

FRÉTTAVAKTIN

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni **18.25** Sígildar teiknimyndir (29:30) **18.32 Líló og Stitch (47:49) 18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.15 Bráðavaktin (4:22)**
**21.00 Kokkar á ferð og flugi (5:8)**
**21.30 Litla-Bretland (4:8)** (Little Britain I) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna. e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sjónvarpið 40 ára (9:21)** Efni úr safni Sjónvarpsins.
**22.30 Íþróttakvöld**
**22.45 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir.

**23.10** Vesturálman (20:22) **23.55** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (94:145) **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine (2:22) **12.00** Hádegisfréttir

**12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (8:28) **13.30** How I Met Your Mother (6:22) **13.55** Medium (14:16) **14.40** Las Vegas (15:24) **15.25** Blue Collar TV (21:32) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (4:22)** (Simpson fjölskyldan)
**20.05 Veggfóður**
**20.50 Oprah (96:145)** Að þessu sinni fjallar Oprah á áleitinn hátt um heimilisofbeldi.
**21.35 The Inside (3:13)** (Nýliðinn)
▶ **22.20 Strong Medicine (3:22)** (Samkvæmt læknisráði) Marge kemst í mikið uppnám þegar hún sér Hómer daðra við tvær konur og ákveður að kanna hvort hún sé hætt að vekja áhuga hjá eiginmanninum. Eftir heiðarlega tilraun sem svæfir Hómer ákveður hún að gera dramatískar breytingar á útliti sínu.

**23.05** Big Love (2:13) (Bönnuð börnum) **23.55** Autopsy (7:10) (e) (Bönnuð börnum) **0.40** Daddy and Them **2.20** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **3.55** The Inside (3:13) **4.40** Strong Medicine

### SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (The Label Maker)
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 South Park** Ótrúlega vinsælir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone sem unnið hafa til fjölmargra verðlauna.
**21.00 Blowin/ Up** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
▶ **21.30 Ghost Whisperer** Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með aðalhlutverkið í þessari spennuþáttaröð.

**22.20 Smallville** (Fragile)Frábærir þættir. **23.10** Insider **23.35** Rescue Me (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.35** Made in L.A. (2/3) (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 All About the Andersons**
▶ **20.10 Krókaleiðir í Kína (1/4)** Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feðgum á ferð um Kína. Heimir Sverrisson ákvað í vetur að gera eitthvað öðruvísi fyrir son sinn Daníel þar sem hann stendur á tímamótum í lífinu. Daníel varð 16 ára í sumar og af því tilefni ákvað Heimir að taka son sinn í ferðalag þar sem hann fengið aðra sýn á lífið.
**21.00 America's Next Top Model VI**
**22.00 Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn**
**22.30 Rock Star: Supernova – tónleikarnir**

**23.30** Sugar Rush **0.00** Rock Star: Supernova – úrslitaþáttur **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið
▶ **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskr

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþrótta réttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða. **13.** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitun lausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Frontline 2006** (Frontline / World 5 Israel / Bosnia)
**22.10 Fréttir** Fréttir og veður
**22.40 Hrafnaþing**

**23.20** Kvöldfréttir **0.20** Fréttavaktin **3.20** Fréttavaktin **6.20** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Good Girl (Bönnuð börnum) **8.00** Miss Lettie and Me **10.00** Cat in the Hat, The **12.00** The Commitments (e) **14.00** Miss Lettie and Me **16.00** Cat in the Hat, The **18.00** The Commitments (e) **20.00 The Good Girl** (Góða stelpan) Bönnuð börnum. **22.00 Who is Cletis Tout?** (Hver er Cletis Tout?) Bönnuð börnum. **0.00** Bark! **2.00** Innocence **4.00** Who is Cletis Tout? (Bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum (e) **14.00** Chelsea – Charlton (e) **16.00** Arsenal – Middlesbrough (e) **18.00** West Ham – Aston Villa (e) **20.00 Everton – Liverpool (e) 22.00 Að leikslokum (e)** Leiksskipulag, leikkerfi, umdeild atvik og fallegustu mörkin eru skoðuð frá ýmsum hliðum og með nýjustu tækni. **23.00** Portsmouth – Wigan **1.00** Dagskrárlok

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **17.00** Sexiest Bad Girls **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Hilary Duff Revealed **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **23.00** Sexiest Rock Stars **0.00** Hilary Duff Revealed **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **2.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops!

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og end sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

EIGINMAÐUR OG HROTTI!

Er hægt að breyta ofbeldismanninum?
Ekki missa af Opruh í kvöld kl. 20:50



GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**VEGGFÓÐUR** **STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Vala snýr aftur



Lífsstíls- og hönnunarþátturinn Veggfóður hefur á ný göngu sína á Stöð 2. Þátturinn er sem fyrr í umsjá Völu Matt og Hálfdans Steinþórssonar og munu þau halda uppteknum hætti við að kynna það allra nýjasta og ferskasta í hönnun, lífsstíl og arkítektúr. Vala og Hálfdan taka hús á smekkvísum Íslendingum, sem luma á ýmsum góðum ráðum þegar kemur að hönnun heimilisins og skemmtilegum lausnum.

Í fyrsta Veggfóðursþætti vetrarins lítur Vala í nýtt hús Ellýar Ármanns, sjónvarpsþulu og ritstjóra. Ellý er yfir sig ástfangin og er nýbúin að innrétta húsið ásamt sambýlismanni sínum, Frey Einarssyni. Sólveig Eiríksdóttir sýnir okkur nýtt hús sem hún er að klára að hanna. Þá verður einn allra skrýtnasti sumarbústaður landsins skoðaður, ný Hótel Borg verður skoðuð og margt fleira.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | | | | 6 | | | |
| | | | | 9 | 3 | | | |
| 7 | | | 1 | 5 | | | 6 | |
| | 3 | 6 | 4 | | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | | 8 | | | 2 | 1 | 5 | |
| | 4 | | | 7 | 1 | | | 9 |
| | | | 5 | 2 | | | | |
| | | | 3 | | | | 1 | 8 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 5 | 4 | 3 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 5 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 4 | 3 | 9 | 5 | 6 | 1 | 7 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 |
| 5 | 2 | 4 | 1 | 8 | 3 | 6 | 9 | 7 |
| 3 | 7 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 4 |



**18.30** *Knattspyrna*

MEISTARADEILD EVRÓPU

SÝN besta sætið

**7.00** Meistaradeild Evrópu **7.40** Meistaradeild Evrópu **8.20** Meistaradeild Evrópu **9.00** Meistaradeild Evrópu

**15.50** UEFA Champions League **17.30** Enska mörkin 2006-2007 **18.00** Meistaradeildin – upphitun

**18.30 UEFA Champions League 06/07** (Meistaradeild Evrópu) Bein útsending frá leik Man.Utd og Celtic í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

**20.40 Meistaradeild Evrópu** (Meistaradeildin með Guðna Bergs) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Mörkin, tilþrifin, brotin umdeild atvik og margt fleira.

**21.20 UEFA Champions League 06/07** (Meistaradeild Evrópu)Útsending frá leik Lyon og Real Madrid í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn var í beinni útsendingu á Syn Extra

**23.20** UEFA Champions League 06/07 **1.20** Meistaradeild Evrópu

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 8.00 Fréttir 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.15 Óvissuferð – allir velkomnir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20 Hádegisfréttir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Vítt og breitt 14.03 Útvarpssagan: Inferno 14.30 Miðdegistónar 15.03 Sögur af sjó og landi 16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 18.50 Dánarfregnir 19.00 Vitinn 19.30 Laufskálinn 20.20 Norrænt 21.00 Út um græna grundu 21.55 Orð kvöldsins 22.10 Veðurfregnir z22.15 Ferðin sem aldrei var farin 23.05 Fallegast á fóninn

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.10 Geymt en ekki gleymt 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn 1.10 Glefsur 2.03 Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN

NÝTT!

Í fyrsta veggfóðursþætti vetrarins kíkjum við í heimsókn í nýtt hús Ellýar Ármanns ritstjóra og fyrrum sjónvarpsþulu. Sólveig Eiríksdóttir mun sýna okkur nýtt hús sem hún er að klára að hanna og fræðir okkur einnig um öll þau íslensku blóm sem hægt er að borða, svo sem rósir, stjúpur og fífla. Við sjáum án efa frumlegasta sumarbústað landsins sem er búinn til úr flugvél og skoðum nýja hönnun á Hótel Borg, ásamt mörgu fleira.

SKRÝTNASTI SUMARBÚSTAÐUR LANDSINS OG RÓSABLÖÐ Í SALATIÐ

Veggfóður í kvöld kl. 20:05



**HRÓSIÐ FÆR ...**



*... Davíð Smári Harðarson sem lést hefur um 45 kíló og miðlar reynslu sinni nú með líkamsræktarnámskeiðum.*

# Sungu í gyðingafermingu í London

Stúlknasveitin Nylon hefur gert það gott í Englandi upp á síðkastið enda hafa þær til að mynda verið að hita upp fyrir hina vinælu bresku strákahljómsveit Westlife og stúlknabandið Girls Aloud. Ekki nóg með að þær séu á fullu að kynna nýju plötuna sína í Bretlandi því þær voru á dögunum fengnar til að troða upp í fermingu í Lundúnum. Um var að ræða fermingu að hætti gyðinga eða „Bar mitzvah“ þar sem öllu var tjaldað til að óskum fermingarbarnsins.

„Við vorum bókaðar af umboðsskrifstofunni okkar úti í þessa veislu,“ segir Alma en stúlkan sem var að fermast er mikill aðdáandi íslensku sveitarinnar. „Stelpan vissi ekki af þessu þannig að við komum óvænt inn í ferminguna og sungum tuttugu mínútna prógramm. Svo spjölluðum við aðeins við fermingarbarnið sem var himinlifandi yfir uppátækinu,“ segir Alma og bætir því við að hún hafi aldrei séð aðra eins fermingu en hún var haldin í einbýlishúsi fjölskyldunnar og auk Nylon var plötusnúður og dansarar til að halda uppi stuði í veislunni.

„Við værum alveg til í að taka svona uppákomar að okkur aftur því þetta var rosa gaman og öðruvísi en að vera á tónleikum. Miklu persónulegra.“

Nylon-stúlkurnar eru staddar hér á landi þessa dagana en munu halda aftur út um helgina þar sem þær munu hita upp fyrir hljómsveitina McFly þar til í október en þá tekur við önnur hljómleikaferð með hljómsveitinni Journey South.

„Það er heilmikil vinna framundan en þetta er svo gaman að við finnum varla fyrir því,“ segir Alma að lokum. - áp



**NYLON-FLOKKURINN** Er ekki bara að troða upp í hljómleikahöllum því stúlkurnar voru fengnar til að syngja í fermingu að hætti gyðinga um daginn í Lundúnum að ósk fermingarbarnsins.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** viðbót **6** dreifa **8** tilvera **9** knæpa **11** austurland **12** vondur **14** unna **16** skóli **17** andi **18** for **20** óreiða **21** jurt.

**LÓÐRÉTT**
**1** plöntutegund **3** býli **4** ógætinn **5** að **7** árviss **10** fiskur **13** suss **15** vingjarnleiki **16** starfsgrein **19** guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** ábót, **6** sá, **8** ævi, **9** krá, **11** al, **12** illur, **14** elska, **16** fg, **17** sál, **18** aur, **20** rú, **21** gras.
**LÓÐRÉTT: 1** eski, **3** bæ, **4** óvarkár, **5** til, **7** árlegur, **10** áll, **13** uss, **15** alúð, **16** fag, **19** ra.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Kaldi
2. Svartfjallalandi
3. Ekron

**Mest** lesna tímaritið*

birta

*Gallup Október 2005



**AÐEINS ÞAÐ BESTA FYRIR BÓ** „Góður söngvari skilar sér alltaf betur eftir því sem hljóðneminn er betri og Bjöggi er nú þekktur fyrir að geta sungið þannig að þetta getur aldrei verið nema til bóta. Hann gerir sér grein fyrir þessu og veit að þetta skiptir máli enda hefur hann mikinn áhuga á míkrófónum og á ansi myndarlegt hljóðnemasafn,“ segir Bragi Kort sem flytur Sennheiser hljóðnemana inn fyrir Bjögga.

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON: MEÐ EINFALDAN SMEKK OG VILL AÐEINS ÞAÐ BESTA

# Syngur í fokdýra sérinnflutta hljóðnema

Það verður ekkert til sparað þegar Björgvin Halldórsson stígur á svið í Laugardalshöllinni á stórtónleikum sínum síðar í þessum mánuði. Bjöggi mun notast við tvo rándýra hljóðnema sem verða fluttir sérstaklega til landsins vegna tónleikanna.

„Þetta eru æðislega frægir og góðir míkrófónar og passa mér því vel,“ segir Bjöggi og aftekur þó með öllu að um eitthvert snobb sé að ræða. „Ég er bara að hugsa um hljómgæðin. Þetta eru Sennheiser hljóðnemar, þeir dýrustu og vönduðustu í heimi og ég er ákaflega ánægður með að Pfaff hafi gengið í málið og reddað þeim til landsins.“

„Tveir svona hljóðnemar með hljóðnemarásum og öllu tilheyrandi myndu kosta um 1,6 milljónir hjá okkur,“ segir Bragi Kort, sölustjóri hljóðdeildar Pfaff Borgarljósa, um þráðlausa Sennheiser hljóðnemana sem Bjöggi bíður spenntir eftir að syngja í.

„Framleiðandinn liggur með nokkra svona hljóðnema á lager sem umboðsaðilar geta stundum fengið lánaða við sérstök tækifæri. Bjöggi er þekktur fyrir að vilja aðeins það besta og Sennheiser mun aðstoða okkur við að uppfylla þessa ósk hans.“

Bragi segir að hljóðnemarnir verði svo sendir út aftur nema einhver vilji kaupa þá „en markaðurinn fyrir þessa dýru míkrófóna er ekki mjög stór hérna enda ekki margir tilbúnir að stökkva á stykkið fyrir 800 þúsund kall“.

Bragi segir fjölda þekktra listamanna nota þessa tegund hljóðnema og segist til dæmis hafa séð til dívanna Whitney Houston og Norah Jones syngja í þessi tæki. Þá fullyrðir hann að þeir sem noti hljóðnemana fái betri gæði fyrir skildinginn.

„Það má vel heimfæra þetta upp á hljómflutningstæki í heimahúsum. Ef þú ert með góðar græjur færðu betra sánd og ef hljóðkerfið er gott þá skila þessir hljóðnemar sínu út í sal. Við félagarnir í hljóðdeildinni vorum til dæmis mjög ánægðir með hljómburðinn á tónleikum Lou Reed í Laugardalshöll og þegar við fórum, af forvitni, að skoða hvaða tæki hann var með á sviðinu kom í ljós að hann var með þennan búnað.“

Bragi segir græjur af þessari tegund hafa verið notaðar á Mandela tónleikunum í Jóhannesborg og í Eurovision svo einhver dæmi séu nefnd. „Tónleikarnir í Jóhannesarborg voru risavaxnir og það var ótrúlegur fjöldi þráðlausra míkrófóna á sviðinu á sama tíma. Mér skilst að fyrir þá tónleika hafi verið leitað beint til Sennheiser þar sem það þótti ljóst að enginn annar myndi ráða við þetta.“

Það má því ekki minna vera þegar Björgvin stígur á stokk í Höllinni ásamt rúmlega eitthundrað manns, þegar mest lætur; eigin hljómsveit, gestasöngvurum, bakröddum, Karlakórnum Fóstbræðrum og Sinfóníuhljómsveit Íslands. thorarinn@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Allt hefur verið logandi í illdeilum á bloggsíðu **Davíðs Þórs Jónssonar**, deetheejay.blogspot.com, að undanförnu. Davíð skrifaði Bakþanka í Fréttablaðið á sunnudaginn í síðustu viku þar sem hann gagnrýndi skrif Sindra Eldon um tónleika Bubba í Laugardalshöll og skrif Barts Cameron um Rock Star-sjónvarpsþáttinn í tímaritið Grapevine. Í Bakþönkunum lýsti Davíð óánægju með skrif Grapevine-manna og ekki hefur staðið á viðbrögðunum. Davíð hefur meðal annars þurft að verjast einum starfsmanni Grapevine og öðrum sem ekki eru sáttir við hann, en fjölmargir hafa einnig lýst yfir stuðningi við Davíð.



Mikið hefur verið um partíhald í tengslum við IFF-kvikmyndahátíðina sem nú stendur yfir í Reykjavík. Ísleifur Þórhallsson stjórnar hátíðinni og hefur verið duglegur við að fá hingað stórstjörnur en koma þeirra er ætíð tilefni til að halda gott partí. Á föstudagskvöld verður eitt slíkt á Rex, en þá munu **Nick Cave** og Ray Winstone verða aðalgestirnir. Mynd Cave, The Proposition, verður frumsýnd það kvöld en Winstone leikur eitt aðalhlutverkanna í myndinni. Búist er við að aðdáendur Nicks Cave eigi eftir að slást um að komast í partíið enda ekki dónalegt að fá að skemmta sér með kappanum daginn fyrir tónleikana í Höllinni.



Heimildarmyndin Þetta er ekkert mál, um ævi Jóns Páls Sigmarssonar, hefur lagst vel i íslenska bíógesti og stefnir í að hún slái aðsóknarmet. Það er því bjart yfir **Hjalta Úrsus Árnasyni** framleiðenda hennar þessa dagana. Hjalti er auk þess búinn að selja Páli Magnússyni og hans fólki á Sjónvarpinu sýningarréttinn að myndinni, að sögn eftir að Heimir Jónasson og hans fólk á Stöð 2 afþökkuðu myndina. - hdm





550 5000

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

# Björn Ingi ættleiðir Kleópötru

Borgarfulltrúinn Björn Ingi Hrafnsson sýndi nýlega á sér mjúku hliðina þegar hann heimsótti Kattholt. Þar var lítil læða sem beið óþreyjufull eftir nýju heimili en hún hafði fundist vegalaus í vesturbænum. Borgarfulltrúinn sá aumur á henni og tók kettlinginn með sér heim, sonum sínum tveimur til mikillar gleði. Læðan fékk fljótlega nafnið Kleópatra eftir hinni egypsku drottningu sem Elizabeth Taylor gerði ódauðleg skil.

„Ég er alinn upp við að hafa gæludýr á heimilinu,“ segir Björn Ingi þegar Fréttablaðið innti hann eftir ástæðunni yfir komu þessa nýja fjölskyldumeðlims sem Björn segir að hafi ekki síður uppeldislegt gildi en skemmtanagildi. „Ég trúi því að börn læri að umgangast aðra og taka tillit til annarra með gæludýr inni á heimilinu,“ bætir hann við.

Læðan dafnar vel á heimilinu og kvartar helst undan því að synirnir tveir dekri of mikið við hana. „Hún er þó fljót að sakna þeirra þegar þeir fara,“ bætir Björn við og hlær. - fgg



**BJÖRN INGI OG KLEÓPATRA** Var veglaus kettlingur í vesturbænum en býr nú í góðu yfirlæti á heimili borgarfulltrúans.

**Veldu**Explorer 4x4 www.ford.is

Ford

*Nýtt tákn um gæði*

# Áttu brauð?

**Frumsýning**

**Komdu í Brimborg. Bíldshöfða 6.**
**Komdu í kaffi og kleinur.**

Nýr endurhannaður Ford Explorer Sport Trac.

Ford Explorer Sport Trac er flottur og frábær kostur fyrir lífsglatt fólk sem vill auka þægindin og sameina sportið og fjölskylduna. Bara nesti og nýja skó og þið eruð „reddí". Tryggðu fjölskyldunni aukið öryggi í umferðinni og meiri þægindi í vetur á viðráðanlegu verði meðan tækifæri gefst. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford. Komdu í Brimborg í dag. Prófaðu Explorer Sport Trac - nýja pallbílinn frá Ford.

**Prófaðu nýjan og endurhannaðan Ford Explorer Sport Trac. Skiptu um bíl. Núna á undraverði frá 3.390.000 kr. Þrjúþúsund þrjúhundruð og níutíuþúsund! Aðeins og aldrei aftur.**

**SKIPTU UM BÍL**
**NÝ HÖNNUN**
**FRÁBÆRT VERÐ**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




## Prófaðu nýja Explorer pallbílinn frá Ford: Sport Trac

Prófaðu nýjan og endurhannaðan Ford Explorer. Ford tekst það sem mörgum hefur ekki tekist að gera; sameina ólíka og eftirsótta eiginleika alvöru jeppa, lúxus þægindi og flottheit á viðráðanlegu verði! Prófaðu nýtt tákn um gæði - eftirsóttasta jeppa í heimi og berðu hann saman við Land Cruiser.

Núna er Explorer til sem sportlegur pallbíll. Skiptu um bíl. Pallbílarnir frá Ford eru mest seldu bílar í heimi. Vertu flottur. Sameinaðu sportið og fjölskylduna. Veldu Ford Explorer Sport Trac.

*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

Strangt Vegaeftirlit Bandaríkjanna (IIHS) gefur Explorer hæstu einkunn fyrir öryggi. Kynntu þér öryggiskerfi Explorer Sport Trac. Komdu að keyra. Komdu í Brimborg í dag.

- **Stöðugleikastýrikerfi með RSC veltivörn**
- **Tölvustýrt fjórhjóladrif, hátt og lágt drif**
- **Ný sjálfstæð fjöðrun**
- **ISS skynvætt öryggiskerfi**

**Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu tilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

## Skoðaðu úrval 4x4 bíla Ford í bílaverslun Ford á Íslandi





**Ford** Explorer Sport Trac XLT Sport 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.490.000 kr.
Bílasamningur 43.100 kr.
Rekstrarleiga 67.900 kr.



**Ford** Explorer Sport Trac Limited 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.640.000 kr.
Bílasamningur 44.900 kr.
Rekstrarleiga 70.600 kr.



**Ford** Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.540.000 kr.
Bílasamningur 56.100 kr.
Rekstrarleiga 92.900 kr.



**Ford** Explorer Limited 4x4
5 dyra 4,6i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 5.190.000 kr.
Bílasamningur 64.100 kr.
Rekstrarleiga 98.700 kr.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk. / 50% erl. myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Bíll á aðalmynd: Ford Explorer Sport Trac Limited.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






PAPINOS PIZZA
Sími: 5 9 12345




**BAKÞANKAR**
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Barnabörnin hans Magna*

Af hverju er Magni á móti sólinni? spurði vinur minn og nágranni, níu ára gamall peyi, sem gerir tilveruna í hverfinu okkar skemmtilegri því drengurinn er heimspekingur og svarinn aðdáandi Magna, en þessi afstaða átrúnaðargoðsins til sólarinnar hafði valdið honum vonbrigðum.

**ÉG** flýtti mér að sannfæra minn unga vin um að „Á móti sól“ væri flott nafn á hljómsveit sem síst væri á móti sól.

**HANN** trúði mér þá fyrir því að hann langaði til að flytja til Borgarfjarðar því það væru frábærir menn sem kæmu þaðan: Magni og Snorri Sturluson voru þar efst á blaði. Mér þótti leitt að þurfa að segja honum að Magni væri ekki úr Borgarfirðinum hans Snorra, heldur væri hann frá Borgarfirði eystra.

**BORGARFIRÐI** eystra? Hváði piltur. „Hefur nokkur orðið frægur sem kemur úr Borgarfirði Eystra?“ Ég hélt nú það. Þaðan hefði Jóhannes Kjarval komið og hann hefði orðið frægasti listmálari Íslendinga. Svo leyfði ég honum að skoða Kjarvalsbókina mína og aðdáunarupphrópanir glumdu um stofuna. „Vá, flott maður!“ Sérstaklega voru það myndir Kjarvals af skútum sem staldrað var við. Svo skoðaði hann lengi mynd af Kjarval ungum og fannst hann töff.

**„ÁTTI** hann konu og börn?“ Spurði hann. „Já“ sagði ég. „Konan hans var dönsk og hét Tove, hún reyndi að búa með honum hér á Íslandi, en gat það ekki. Þau voru svo fátæk, og myrkrið var svo mikið í borginni okkar þá. Svo hún skildi við hann og fór með börnin til Danmerkur - en krakkarnir komu til hans á sumrin og fyrst áður en hann varð frægur þá bjuggu þau með pabba sínum í tjaldi á Þingvöllum og lifðu aðallega á hafragraut.“

**„VÁ,“** sagði vinur minn. „Ég hefði samt viljað vera barnið hans. Svo hafa þau orðið forrík, þegar hann dó.“ Ég sagði honum sem satt var að ég hefði verið að lesa í blöðunum að börnin hans Kjarvals og barnabörnin væru komin í mál við Reykjavíkurborg, því ráðamenn borgarinnar væru svo búralegir að vilja ekki borga þeim það sem þeim ber.

**„ÞAÐ** fer ekkert þannig fyrir barnabörnunum hans Magna,“ Sagði vinur minn. „Nú,“ spurði ég. „Af hverju?“ „Af því þá verð ég orðinn borgarstjóri og þá verður það ég sem ræð.“


**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



www.toyota.is

# AUÐVITAÐ HEFUR ÞIG ALLTAF LANGAÐ Í JEPPA

## NÚNA ER TÆKIFÆRIÐ: JEPPADAGAR 1. – 16. SEPT.

Núna standa yfir Jeppadagar hjá Toyota – Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum aðeins jeppa sem hafa staðist strangt gæðamat – Gæðajeppa og Úrvalsjeppa – bíla sem uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.




**Nissan Terrano II Luxury**
Sjsk, dísel
Á götuna: 07.03
Ekinn: 45.000 km
Verð: 2.550.000 kr.
Skr.nr. PO349




**Hyundai Santa FE**
Sjsk, bensín
Á götuna: 10.01
Ekinn: 93.000 km
Verð: 1.620.000 kr.
Skr.nr. PB578




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
Sjsk,bensín
Á götuna: 06.04
Ekinn: 63.000 km
Verð: 4.730.000 kr.
Skr.nr. MP441




**Toyota Rav4 4wd**
5 gíra, bensín
Á götuna: 07.04
Ekinn: 47.000 km
Verð: 2.120.000 kr.
Skr.nr. KJ498




**MMC Pajero langur Int.Turbo New**
Sjsk, dísel
Á götuna: 07.00
Ekinn: 132.000 km
Verð: 1.900.000 kr.
Skr.nr. PA669




**Ford Explorer Limited**
Sjsk, bensín
Á götuna: 08.96
Ekinn: 200.000 km
Verð: 670.000 kr.
Skr.nr. OB177




**Toyota Land Cruiser 90 VX**
Sjsk, bensín
Á götuna: 05.02
Ekinn: 107.000 km
Verð: 2.690.000 kr.
Skr.nr. DX982




**MMC Pajero langur Int.Turbo**
5 gíra, dísel
Á götuna: 12.97
Ekinn: 180.000 km
Verð: 1.050.000 kr.
Skr.nr. KJ809

## Komdu og skoðaðu þessa og fjölmarga aðra jeppa á tilboðsverði.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

- Lengri lánstími – allt að 84 mánuðir
- Allt að 100% fjármögnun
- 50% afsláttur af stofngjaldi

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34028 09/2006